

Námsframboð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1977–2022

Bragi Þorgrímur Ólafsson tók saman

Maí 2025

Formáli

Í þessari skrá er að finna yfirlit yfir námsframboð í sagnfræði við Háskóla Íslands á tímabilinu 1977–2022. Byggt er á lýsingum á námskeiðum í Kennsluskrá Háskóla Íslands frá kennsluárinu 1977–1978 og fram til vormisseris 2022. Þetta tímabil varð fyrir valinu þar sem efnislegar lýsingar á námskeiðum komu fyrst fram í Kennsluskrá skólans fyrir kennsluárið 1977–1978. Áður voru þar einungis birt heiti námskeiða og örstuttar lýsingar á viðfangsefni þeirra. Kennsluskráin var gefin út á prenti fram til 2008 en birtist síðar á rafrænu formi á vef háskólans.

Yfirlitið hefur að geyma 1) yfirlit yfir námskeið frá 1977–2022, 2) námskeið í stafrófsröð og 3) námskeið flokkuð eftir stafrófsröð kennara.

Hafa ber í huga að stundum var námsframboði hnikað til eftir útgáfu Kennsluskrárinnar. Námskeið voru t.d. felld niður ef nemendafjöldi var ekki nægur og í sumum tilfellum átti eftir að finna kennara fyrir einstök námskeið (merkt „N.N.“ í Kennsluskrá). Þá voru nöfn kennara ekki ávallt tilgreind í Kennsluskránni (sjá lista aftast í þessari skrá). Skráin gefur þó vísbendingar um stefnur og strauma innan íslenskrar háskólasagnfræði á tímabilinu.

Í skránni eru kennarar einstaka námskeiða tilgreindir en yfirleitt ekki aðstoðarkennarar. Það fer eftir hvaða upplýsingar birtust í Kennsluskránni hverju sinni. Valnámskeið í öðrum fögum voru alla jafna ekki tekin með í skrána, en þar má finna fjölmörg og fjölbreytt námskeið sem stóðu sagnfræðinemum til boða. Þá ber að hafa í huga að nemendur á meistarastigi hafa getað tekið námskeið á BA-stigi með auknu vinnuframlagi, en slík námskeið eru ekki skráð sérstaklega á framhaldsstigi í þessu yfirliti. Þá var ekki samræmt hér hvort námskeið hétu Mannkynssaga I eða Mannkynssaga 1 o.þ.h.

Drög að skránni voru kynnt á Sögupingi vorið 2022. María Gestsdóttir á skrifstofu Hugvísindasviðs Háskóla Íslands leysti úr ýmsum vafaatriðum í október 2023 og fann þá út nöfn margra kennara sem ekki komu fram í Kennsluskrá. Erlendur Már Antonsson, sérfræðingur á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni aðstoðaði jafnframt við yfirllestur og eru þeim færðar góðar þakkir.

Bragi Þorgrímur Ólafsson, maí 2025

I: Námskeið í tímaröð

1977-1978

Grunnnám

Inngangsfræði (Gunnar Karlsson, Sveinbjörn Rafnsson) 1977-1978

Fræðileg undirstaða sagnfræði, heimildameðferð, hlutlægni, undirstöðuatríði skjalfræði, skjalasöfn kynnt.

Mannkynssaga fornaldar og miðalda (Gunnar Karlsson, Ólafur Ásgeirsson) 1977-1978

Forsaga. Saga Miðjarðarhafsbjóða, saga Grikkja og Rómverja allt til endaloka rómverska heimsveldisins. Áhrif grískrómværkrar menningar á síðari tíma. Evrópsk miðaldasaga til siðaskipta. Félagsleg og efnahagsleg þróun, almenn stjórnmálasaga og kirkjusaga miðalda.

Mannkynssaga 2 (1500-1850) (Ingi Sigurðsson) 1977-1978

Evrópskt þjóðfélag á öndverðri nýöld, þættir úr hugmyndasögu 16. og 17. aldar; tengsl Evrópu við aðrar heimsálfur á 16. og 17. öld; upplýsingin; Bandaríkin 1763-1840; franska stjórnarbyltingin; Bretland 1780-1850; rómantíska stefnan.

Mannkynssaga 3 (1850-1939) (Sigurður Ragnarsson) 1977-1978

Milliríkjamálefni, heimsvaldastefna og nýlendukapphlaup, þróun alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar og fasisminn. Valdir efnisþættir úr sögu nokkurra helstu ríkja Evrópu svo og Bandaríkjanna og annarra heimshluta.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Ólafur Ásgeirsson) 1977-1978

Saga Norðurlanda frá víkingaöld til siðaskipta. Ríkisvald og kirkja; efnahagslegar og félagsfræðilegar forsendur stjórnmálanna. Saga Íslands frá landnámi til siðaskipta, goðaveldið, skattlandið og íslenskt samfélag á síðmiðöldum, yfirráðin yfir Norður-Atlantshafi, og upphaf íslensku landhelginnar.

Íslands- og Norðurlandasaga 1550-1830 (Björn Teitsson) 1977-1978

Fjallað verður um stjórnmálasögu Íslands og Norðurlanda í fyrirlestur, en í umræðu- og verkefnatímum verður reynt að beina athygli að ísl. atvinnu- og efnahagssögu, og tengslum Íslands við hin löndin.

Íslands- og Norðurlandasaga 1830-1940 (Bergsteinn Jónsson) 1977-1978

Stjórnmálasaga, hagsaga, menningarsaga, félagssaga.

Samtímasaga (Árni Indriðason) 1977-1978

Heimsstyrjöldin síðari, kalda stríðið og deilumál stórveldanna, Sovétríkin og Austur-Evrópu, þróun alþjóðlegrar og svæðisbundinnar samvinnu, kínverska byltingin, deilur og átök í Miðausturlöndum og endalok nýlendustefnunnar gömlu. Innanlandsþróun í nokkrum ríkjum. Samtímasaga (Íslandssaga frá 1940): Búsetuþróun, atvinnu- og stéttaþróun, stjórnmálaþróun og efnahagsþróun.

Fornleifafræði [Sveinbjörn Rafnsson] 1977-1978

Saga forngripasafna og upphaf vísindalegrar fornleifafræði. Saga íslenskrar fornleifafræði og minjaverndar. Forsögualdir Skandinavíu og Evrópu. Fornleifafræði Víkingaaldar. Íslensk miðaldaforleifafræði, íslenskir minjastaðir og forngripir.

Listasaga (Björn Th. Björnsson) 1977-1978

Aðferða- og hugmyndafræði. Listir síð-víkingaaldar, rómanska og gotneska tímaskeiðsins, fram að endurreisn; íslensk dæmi. Endurreisnartímabilið, barokk og rókókó, fram að 1789.

Trúarbragðasaga (Jón Hnefill Aðalsteinsson) 1977-1978

Trúarbrögð sem fræðigrein. Rannsóknarsaga trúarbragða, trúarbrögðum skipað í fræðilegt og sögulegt samhengi. Rannsóknaraðferðum trúarbragðafræði. Yfirlit yfir einstök trúarbrögð. Trúarlífssálfræði.

Bandaríkjasaga eftir 1865 (Bergsteinn Jónsson) 1977-1978

Reynt verður að setja fram stutt yfirlit yfir sögu Bandaríkjanna frá lokum borgarastyrjaldar. Þó verður mestum tíma varið til þess að leita dýpra inn í einstaka þætti.

Verkalýðshreyfingin á Íslandi (Ólafur Einarsson) 1977-1978

Þróun íslenskrar verkalýðshreyfingar frá síðustu áratugum 19. aldar og fram á vora daga. Verkalýðshreyfingin með hliðsjón af breytingum á atvinnuháttum og stéttaskiptingu, sérstaklega um samtök verkafólks [og] áhrif þeirra á þjóðfélagsþróun 20. aldar. Pólitískur ágreiningur innan verkalýðshreyfingarinnar, erlend áhrif o.fl.

Þættir úr hagsögu Íslands 1880-1940 (Helgi Skúli Kjartansson) 1977-1978

Yfirlit yfir árferði, framleiðslu og viðskiptakjör; fólksfjölda, búsetu og atvinnuskiptingu; verðlag, bankamál og ríkisbúskap. Valin efni til nánari könnunar: sauðasala á 19. öld; innflutningsverslun 1915-20; landbúnaðarstefna milli heimsstyrjalda; og ýmis viðbrögð við kreppunni til lands og sjávar.

Sagnaritun og söguspeki frá upplýsingu til miðrar 20. aldar (Ingi Sigurðsson) 1977-1978

Sagnaritun frá upplýsingu til miðrar 20. aldar. Íslenskri sagnaritun í samhengi við erlenda strauma og stefnur. Söguspeki, kenningar um söguleg lögmál; tengsl sagnaritunar og hugmyndastefna: upplýsing, rómantík, þjóðernishyggja, frjálslyndisstefna, pósitívismi og sósíalismi. Þróun vísindalegrar sagnaritunar og sagnfræðiiðkana við háskóla.

1978-1979

Grunnnám

Inngangsfræði (Gunnar Karlsson, Sveinbjörn Rafnsson) 1978-1979

Heimildafræði og kenningar um eðli og aðferðir fræðigreinarinnar. Undirstöðuatriði skjalfraði. Kynning á bóka- og skjalasöfnum. Handbókanotkun í íslenskri sögu.

Mannkynssaga 1 (Ingi Sigurðsson) 1978-1979

Þjóðfélagsþróun í Grikklandi og Rómaveldi frá borgríkjum til keisaradæmis; andleg menning hinnar klassísku fornaldar; fall Rómaveldis; víkingar; lénsskipulag hámiðalda; samskipti kristinna manna og Múhameðstrúarmanna á miðöldum; evrópskt samfélag á síðmiðöldum; endurreisnin í Ítalíu; stjórnmálahugsun frá Platóni til Machiavellis.

Mannkynssaga 2 (Bergsteinn Jónsson) 1978-1979

Aðallega verður fengist við Evrópusögu, en aðra heimshluta einkum í tengslum við landaleitir, landnám og nýlendupólitík Evrópuríkja. Landafundir og afleiðingar þeirra. Menntastefnur og lífsskoðanir. Listir og vísindi. Trúarbragðadeilur. Merkantilisminn. Stórveldaátök á átjándu öld. Uppgangur borgarastéttarinnar. Franska byltingin og Napóleonsstyrjaldirnar. Rómantísk lífsskoðun og þjóðernisstefna.

Mannkynssaga 3 (1850-1939) (Sigurður Ragnarsson) 1978-1979

Megindrættir í sambúð ríkja á þessu tímabili. Þróun alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar. Fasisminn. Valdir efnisþættir úr sögu einstakra ríkja bæði í Evrópu og öðrum heimsálfum.

Íslands- og Norðurlandasaga 1 (Björn Teitsson) 1978-1979

Í fyrirlestrum verður fyrst dregið á forsögu Norðurlanda, síðan verður fjallað um víkingatímamann og sögu Íslands frá landnámi til 1550. Einnig verða rakin aðalatriði úr sögu annarra Norðurlanda til siðaskipta. Á semingaræfingum verður lögð áhersla á menningar- og hagsögu.

Íslands- og Norðurlandasaga 2 (Björn Teitsson) 1978-1979

Rakin verður í fyrirlestrum stjórnmála-, kirkju- og hagsaga Íslands 1550-1830 og aðalatriði úr stjórnmálasögu annarra Norðurlanda á svipuðu tímabili. Á seminaræfingum verður m.a. farið í sögu byggðar og mannfjölda á Íslandi.

Íslands- og Norðurlandasaga 3 (Bergsteinn Jónsson) 1978-1979

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórnmálaþróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður reynt að huga að félagssögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Samtímasaga (Jón Guðnason, Sigurður Ragnarsson, Árni Indriðason) 1978-1979

Heimsstyrjöldin síðari, kalda stríðið og deilumál stórveldanna, Sovétríkin og Austur-Evrópa, þróun alþjóðlegrar og svæðisbundinnar samvinnu, kínverska byltingin, deilur og átök í Miðausturlöndum og endalok nýlendustefnunnar gömlu. Búsetu-, atvinnu- og stéttaþróun á Íslandi, svo og stjórnmála- og efnahagsþróun.

Fornleifafræði (Sveinbjörn Rafnsson) 1978-1979

Saga forngripasafna og upphaf vísindalegrar fornleifafræði. Saga íslenskrar fornleifafræði og minjaverndar. Forsögualdir Skandinavíu og Evrópu. Fornleifafræði víkingaaldar. Íslensk miðaldaforaleifafræði, íslenskir minjastaðir og forngripir.

Þjóðháttfræði (Árni Björnsson) 1978-1979

Daglegt líf manna á hinum ýmsu tímum; brýnustu lífsnauðsynjar; mataræði, klæðnaður og húsakostur; atvinnuhættir, verkunnátta og vinnubrögð. Dægrastytting, skemmtanir og hátíðarhöld; helstu viðburðir úr lífi einstaklingsins. Alþýðuvísindi, lækningar og veðurspár. Þjóðtrú.

Listasaga (Björn Th. Björnsson) 1978-1979

Farið verður yfir evrópska listasögu endurreisnartímabilsins, barokk og rókókó, þ.e. frá ca. 1420-1789. Kennslan fer fram í fyrirlestrarformi með skuggamyndum, sérstakri myndskoðun, safn- og sýningarferðum og umræðum.

Trúarbragðasaga (Jón Hnefill Aðalsteinsson) 1978-1979

Trúarbrögð afmörkuð sem fræðigrein og mikilvægustu hugtök skilgreind. Rakin rannsóknarsaga og helstu kenningar um uppruna, eðli og framvindu. Lýst rannsóknaraðferðum og gerð grein fyrir trúarlífssálfræði. Fjallað um flokkun og gefið yfirlit yfir einstök trúarbrögð, eftir því sem tími vinnst til.

Verkalýðshreyfingin á Íslandi (Ólafur R. Einarsson) 1978-1979

Þróun íslenskrar verkalýðshreyfingar frá síðustu áratugum 19. aldar og fram á vora daga. Verkalýðshreyfingin með hliðsjón af breytingum á atvinnuháttum og stéttaskiptingu, sérstaklega um samtök verkafólks og áhrif þess á þjóðfélagsþróun 20. aldar. Pólitískur ágreiningur innan verkalýðshreyfingarinnar, erlend áhrif o.fl.

Hafréttarmál og þorskastríð (Björn Þorsteinsson) 1978-1979

Yfirlit veitt yfir sögu hafréttarmála frá fornöld til nútíðar. Þorskastríðin við Ísland athuguð sérstaklega.

Rómanska Ameríka (Sigurður Hjartarson) 1978-1979

Indíánsk menningarsaga; sköpun og stjórn nýlenduveldis; hin sjálfstæðu lýðveldi á 19. öld og grundvöllur nútíma vanþróunar; stjórnmalasaga einstakra ríkja á 20. öld; tengslin við aðra heimshluta með tilliti til atvinnu- og efnahagsþróunar.

Varnarmál og herstöðvar á Íslandi síðan 1940 (Gunnar Karlsson) 1978-1979

Fjallað er um hernám Íslands og hersetu á landinu á stríðstímum, upphaf og þróun kalda stríðsins í heiminum síðan um stríðslok, Keflavíkursamninginn 1946, Marshallhjálpin á Íslandi, inngönguna í Atlantshafsbandalagið, komu hersins 1951, áhrif hans og deiluna um hann fram á síðustu ár.

Kortalestur og kortagerð (Gylfi Már Guðbergsson) 1978-1979

Að mestu er hér um að ræða tvö námskeið í Verkfræði- og raunvísindadeild, 2 og 3 einingar, sem verður slegið saman lítið breyttum í 5 eininga þátt. Ýmis hagnýt atriði við lestur og gerð margs konar flatarmynda.

Framhaldsnám**Aðferðafræði (Þórhallur Vilmundarson) 1978-1979**

Fjallað verður um þróun sagnaritunar, helstu heimspekikenningar um sögu og heimildafræði. Síðan verður lesin rithandafræði með æfingum.

Þættir úr Íslandssögu eftir siðaskipti (Þórhallur Vilmundarson) 1978-1979

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Miðaldasaga (Björn Þorsteinsson) 1978-1979

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Stjórnmalastarfsemi Íslendinga 1830-1916 (Jón Guðnason) 1978-1979

Fjallað verður um stjórnmalahreyfingar Íslendinga, pólitísk félagasamtök, starfshætti og þjóðfélagshugmyndir.

Íslensk utanríkismál 1918-1944 (Jón Guðnason) 1978-1979

Fjallað verður um samskipti Íslendinga við aðrar þjóðir og stofnun íslenskrar utanríkisþjónustu.

Atvinnumál 1940-1975 (Jón Guðnason) 1978-1979

Lýsing á þróun íslenskra atvinnuvega og atvinnuhátta.

Utanríkis og öryggismál Íslands 1918-1946 (Þór Whitehead) 1978-1979

Lögð verður áhersla á Ísland í síðari heimsstyrjöld, hernám Breta, varnarsamning við Bandaríkjamenn og hernaðargildi landsins. Einnig verður fjallað um átökin um brottför Bandaríkjahers eftir stríð og Keflavíkursamninginn 1946.

Stjórnmalastefnur og stjórnmalakenningar (Ólafur Hansson) 1978-1979

Raktar verða helstu stjórnmalahugmyndir allt frá menningarríkjum fornaldar til vorra daga. Rakið verður samband þessara hugmynda við þau þjóðfélög, sem þær eru sprotnar úr.

Almenn hagsaga (Ólafur Hansson) 1978-1979

Rakin verða helstu atriði í þróun atvinnu- og efnahagsmála allt frá frumstæðustu stigum til tækniþróunar vorra daga. Reynt verður að skýra frá nýjustu rannsóknum á þessu sviði. Reynt verður að tengja íslenska hagsögu hinni almennu hagsögu.

Heimsvaldastefna og nýlendum (Ólafur Hansson) 1978-1979

Rakin verður útpensla Evrópuríkjanna í öðrum heimsálfum og þróun nýlendumála allt frá landafundunum miklu til vorra daga. Reynt verður að setja nýlendumálin í samband við hina almennu efnahags- og stjórnmálaþróun.

Þjóðernisvandamál og þjóðernisminnihlutar (Ólafur Hansson) 1978-1979

Fjallað verður um þjóðernisvandamál og þjóðernisminnihluta bæði í Evrópu og öðrum heimsálfum. Rakin verða áhrif þessara vandamála á stjórnmál.

1979-1980

Grunnnám

Inngangsfræði (Gunnar Karlsson og Sveinbjörn Rafnsson) 1979-1980

a) Aðferðafræði: kynning á heimildanotkun og annarri rannsóknartækni, kenningar um eðli og fræðilegan grundvöll greinarinnar og hlutverk hennar sem kennslugreinar, b) handbókanotkun og kynning á bókasöfnum, c) skjalfræði, helstu undirstöðuatriði og kynning skjalasafna, d) ritgerð um efni í aðferðafræði eða skjalfræði.

Námsmat: Skriflegt próf (aðferðafræði gildir helming, skjalfræði fjórðung og ritgerð fjórðung). Í handbókanotkun þarf að skila ákveðnum fjölda verkefna, en ekki er gefin einkunn fyrir þau.

Mannkynssaga 1 (Ingi Sigurðsson) 1979-1980

Eftirtalin efnissvið í sögu hinnar klassísku fornaldar og miðalda verða tekin til meðferðar: þjóðfélagsþróun í Grikklandi og Rómaveldi frá borgríkjum til keisaradæmis, andleg menning á hinnar klassísku fornöld, fall Rómaveldis, rómversk-kaþólska kirkjan á miðöldum, samskipti kristinna manna og múhameðstrúarmanna á miðöldum, víkingar, lénsskipulag á hámiðöldum, evrópsk samfélög á síðmiðöldum, endurreisnin á Ítalíu, stjórnmálahugsun frá Platóni til Machiavellis.

Tveir fyrirlestrar á viku og tveir umræðutímar. Umræðutímum er ætlað að tengja saman fyrirlestra annars vegar og heimaritgerðir og próf hins vegar. Námsmat: eftir samkomulagi kennara og nemenda, t.d. val á milli a) skriflegs prófs og heimaritgerðar og b) heimaritgerðar og framlags í umræðutímum.

Mannkynssaga 2 (Ingi Sigurðsson) 1979-1980

Eftirtalin efnissvið á sögu tímabilsins 1500-1850 verða tekin til meðferðar: evrópsk þjóðfélög á öndverðri nýöld, tengsl Evrópu og annarra heimsálfa á 16. og 17. öld, siðskiptin, Holland á 17. öld, upplýsingin, Rússland frá Pétri mikla til Alexanders II., Bandaríkin 1763-1840, franska stjórnarbyltingin, Bretland 1780-1850, stéttir og stjórnmálaviðhorf í evrópskum þjóðfélögum á fyrri helmingi 19. aldar.

Tveir fyrirlestrar á viku og tveir umræðutímar. Umræðutímum er ætlað að tengja saman fyrirlestra annars vegar og heimaritgerðar og próf hins vegar. Námsmat: eftir samkomulagi kennara og nemenda, t.d. val á milli a) skriflegs prófs og heimaritgerðar og b) heimaritgerðar og framlags í umræðutímum.

Mannkynssaga 3 (Sigurður Ragnarsson) 1979-1980

Megindrættir í sambúð ríkja á tímabilinu 1850-1939. Þættir úr þróun alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar. Fasisminn og nasisminn. Valdir þættir úr sögu einstakra ríkja.

Tveir fyrirlestrar á viku og tveir umræðutímar. Námsmat: skriflegt próf og heimaritgerð.

Íslands- og Norðurlandasaga 1 (Björn Teitsson) 1979-1980

Í fyrirlestrum verður fyrst dregið á forsögu Norðurlanda, síðan verður fjallað um víkingatímamann og rakin aðalatriði úr norrænni stjórnmálasögu allt til siðskipta á 16. öld. Sérstök áhersla verður lögð á íslenska stjórnmála-, kirkju- og hagsögu. Í æfingatímum verður gefinn gaumur að ýmsum helstu heimildum að íslenskri sögu tímabilsins og vikið nánar að einstökum þáttum menningar- og hagsögu.

Tveir fyrirlestrar á viku og tveir umræðutímar. Námsmat: skriflegt próf og heimaritgerð.

Íslands- og Norðurlandasaga 2 (Björn Teitsson) 1979-1980

Í fyrirlestrum verður annars vegar rætt um stjórnmálasögu Norðurlanda 1537—1830, og hins vegar verða rakin ýmis atriði úr íslenskri stjórnmála-, kirkju- og hagsögu á svipuðu tímabili. Í æfingatímum verður fjallað um heimildir að íslenskri sögu á þessu skeiði, og væntanlega verður þar sérstaklega vikið að sögu byggðar og mannfjölda.

Tveir fyrirlestrar á viku og tveir umræðutímar. Námsmat: skriflegt próf og heimaritgerð.

Íslands- og Norðurlandasaga 3 (Bergsteinn Jónsson) 1979-1980

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórnmálaþróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður reynt að huga að félagssögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Tveir fyrirlestrar á viku og tveir umræðutímar. Námsmat: skriflegt próf og heimaritgerð.

Samtímasaga (Jón Guðnason og Árni Indriðason) 1979-1980

Heimstyrjöldin síðari, kalda stríðið og deilumál stórveldanna, Sovétríkin og Austur-Evrópa, þróun alþjóðlegrar og svæðisbundinnar samvinnu, kínverska byltingin, deilur og átök í Miðausturlöndum og endalok nýlendustefnunnar gömlu. Búsetu-, atvinnu-, og stéttapróun á Íslandi, stjórnmála- og efnahagsþróun.

Námsmat: skriflegt próf og heimaritgerð

Þjóðháttufræði (Árni Björnsson) 1979-1980

Fjallað verður um daglegt líf manna á hinum ýmsu tímum: brýnustu lífsnauðsynjar, mataræði, klæðnað og húsakost, atvinnuhætti, vinnubrögð og verkunnáttu og tengsl þessa við almenna efnahags-, verslunar- og stjórnmálasögu. Þá er vikið að dægrastyttingu, skemmtunum og hátíðarhöldum, bæði árstíðarbundnum, trúarlegum og í tengslum við atvinnulífið, og reynt að grafast fyrir um uppruna þeirra. Helstu viðburðir úr lífi einstaklingsins svo sem fæðing, brúðkaup og andlát. Alþýðuvísindi, lækningar og veðurspá. Þjóðtrú varðandi alla þessa þætti.

Námsmat: skriflegt próf og heimaritgerð.

Trúarbragðasaga (Jón Hnefill Aðalsteinsson) 1979-1980

Trúarbrögð afmörkuð sem fræðigrein, mikilvægustu hugtök þeirra skilgreind og staða greinarinnar metin með hliðsjón af skyldum námsgreinum. Rannsóknarsaga trúarbragða rakin og lýst helstu kenningum sem settar hafa verið fram um eðli þeirra, inntak og framvindu. Lýst rannsóknaraðferðum trúarbragðafræði á hlutlægan, fordómalausan hátt. Yfirlit gefið um helstu trúarbrögð. Trúarlífssálarfræði kynnt og dregin fram dæmi.

Námsmat: skriflegt próf og heimaritgerð.

Saga Rómönsku Ameríku (Sigurður Hjartarson) 1979-1980

Helstu þættir indíanískrar menningarsögu, sköpun og stjórn nýlenduveldis, efnahagsþróun nýlendanna, sjálfstæðisbaráttan, hin sjálfstæðu lýðveldi á 19. öld og grundvöllur nútíma vanþróunar,

stjórnmálasaga einstakra ríkja á 20. öld, tengslin við aðra heimshluta með hliðsjón af atvinnu- og efnahagsþróun.

Þrír fyrirlestrar og tveir umræðutímar á viku. Umræðutímum er ætlað að tengja saman lestrarefni annars vegar og heimaritgerðir og próf hins vegar. Námsmat: Eftir samkomulagi kennara og nemenda, t.d. val á milli a) skriflegs prófs og heimaritgerðar og b) heimaritgerða og framlags í umræðutímum.

Listasaga II (Björn Th. Björnsson) 1979-1980

Farið verður yfir almenna evrópska listasögu frá lokum 18. aldar til þessa dags: nýklassík, rómantík, raunsæi, impressionisma, expressionisma, kúbisma, súrrealisma, óhlutbundna myndlist og helstu stefnur í samtíðarlist.

Tveir fyrirlestrar og tveir myndskoðunartímar á viku. Námsmat: skriflegt próf og heimaritgerð.

Þættir úr sögu Rómar, lýðveldistímabilið (Sigurður Pétursson) 1979-1980

Leitast verður við að gefa mönnum yfirsýn yfir þróun Rómarríkis á fyrstu öldum þess. Megináhersla verður lögð á þróun þjóðfélags á 2. og 1. öld f. Kr. og breytingar í valdatíð Ágústusar.

Námsmat: skriflegt próf eða heimaritgerð, eftir nánara samkomulagi.

Víkingaöld (Sveinbjörn Rafnsson) 1979-1980

Fjallað verður um tímabilið frá því um 800 til 1100 í norður-evrópski sögu (einkum Norðurlanda) og nokkur klassísk söguleg vandamál tengd því. Farið verður í nokkrar helstu ritheimildir tímabilsins og einkenni þeirra. Enn fremur verður fjallað um efnalega menningu tímabilsins út frá fornleifum.

Námsmat: eftir samkomulagi kennara og nemenda

Saga hinna þýskumælandi ríkja 1648-1945 (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1979-1980

Fjallað verður um pólitíska sögu þýsku furstadæmanna, hins sameinaða Þýskalands, Austurríkis og þeirra ríkja er tilheyrðu veldi Habsborgara á þessu tímabili, jafnframt því sem félags- og hagsögu verður nokkur gaumur gefinn. Lögð verður áhersla á innbyrðis samskipti þessara ríkja, breytingar á valdahlutföllum innan þessara landfræðilegu marka og afstöðu þessara ríkja til evrópskra deilumála tímabilsins. Megináhersla verður lögð á tímabilið eftir 1815, einkum með tilliti til stjórnmála- og stjórnfarslegrar þróunar, félagslegra breytinga og utanríkisstefnu hins sameinaða Þýskalands.

Námsmat: eftir samkomulagi kennara og nemenda, t.d. val á milli a) skriflegs prófs og heimaritgerðar og b) heimaritgerða og framlags í umræðutímum.

Frjálslyndisstefna í ljósi hagsögu 19. aldar (Ögmundur Jónasson) 1979-1980

Þróun frjálslyndisstefnu (liberalismus) í Evrópu og sérstaklega á Íslandi á 19. öld og öndverðri 20. öld. Frjálslyndisstefnan birtist víðast hvar sem hugmyndafræði borgarastéttar og verður grafist fyrir um með hvaða hætti hún best hingað til lands og skýtur rótum í íslensku þjóðfélagi. Leitast verður við að gera hinum ýmsu þáttum frjálslyndisstefunnar nokkur skil. Til grundvallar verða lagðar breytingar sem urðu á atvinnu- og verslunarháttum og á skipan félagsmála.

Námsmat: eftir samkomulagi kennara og nemenda.

Hugmyndasaga 19. og 20. aldar (Þorsteinn Gylfason) 1979-1980

Fáeinir þættir úr hugmyndasögu 19. og 20. aldar, eins og hún birtist í mannfræðum, náttúruvísindum og bókmenntum, með sérstöku tilliti til trúar fólks á vísindi og framfarir vegna vísinda. Sérstök áhersla verður lögð á að tengja viðfangsefni námskeiðsins við íslenska hugmyndasögu.

Framhaldsnám

Aðferðafræði (Þórhallur Vilmundarson) 1979-1980

Fjallað verður um þróun sagnaritunar, helstu heimspekikenningar um sögu og heimildafræði. Síðan verður lesin rithandafræði með æfingum.

Þættir úr Íslandssögu eftir siðaskipti (Þórhallur Vilmundarson) 1979-1980

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Júníus Kristmundsson) 1979-1980

Kynning á íslenskum skjalasöfnum, skipulagi þeirra og helstu heimildaflokkum sem þar eru geymdir.

Íslenskur sjávarútvegur eftir 1870 (Heimir Þorleifsson) 1979-1980

Þróunarsaga íslensks sjávarútvegs frá árabátatíma til vélvæðingar nútímans. Fjallað um útgerð við Faxaflóa á síðasta fjórðungi 19. aldar. Farið yfir helstu einkenni í útvegsmálum á hverjum áratug 20. aldar. Sérstök viðfangsefni af ýmsu tagi.

Íslensk utanríkis- og öryggismál. Yfirlit: frá landnámi til NATO-aðildar (Þór Whitehead) 1979-1980

Leitast verður við að finna helstu orsakavalda í sögu íslenskra utanríkismála. Lýst verður mikilvægustu samskiptum Íslands við erlend ríki og gerð verður grein fyrir stöðu landsins á áhrifasvæðum þeirra. Ætlunin er að veita þátttakendum fyllri innsýn í sígild viðfangsefni í íslenskum utanríkis- og öryggismálum.

1980-1981

Grunnnám

Inngangsfræði. (Gunnar Karlsson) 1980-1981

a) Aðferðafræði: kynning á heimildanotkun og annarri rannsóknartækni, um kenningar um eðli og fræðilegan grundvöll greinarinnar og hlutverk hennar sem kennslugreinar. B) Handbókanotkun og kynning á bókasöfnum. C) Skjalfræði, helstu undirstöðuatriði og kynning skjalasafna d) Ritgerð um efni í aðferðafræðum eða skjalfræði. Námsmat: Aðferðafræði gildir helming, skjalfræði fjórðung og ritgerð fjórðung. Í handbókanotkun þarf að skila ákveðnum fjölda verkefna, en ekki er gefin einkunn fyrir þau.

Mannkynssaga 1. (Sveinbjörn Rafnsson) 1980-1981

Yfirlit um forsögualdir mannkyns, fornaldarsögu Miðausturlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit um evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénsríkjum til þjóðríkja. Tveir fyrirlestrar á viku og tveir umræðutímar.

Mannkynssaga 2. (Bergsteinn Jónsson) 1980-1981

Aðallega verður fengist við Evrópusögu, en aðra heimshluta, einkum í tengslum við landaleitir, landnám og nýlendupólitík Evrópuríkja. Landafundir og afleiðingar þeirra. Menntastefnur og lífsskoðanir. Listir og vísindi. Trúarbragðadeildur. Merkantilisminn. Stórveldaátök á átjándu öld. Uppgangur borgarastéttarinnar. Franska byltingin og Napóleonsstyrjaldirnar. Rómantísk lífsskoðun og þjóðernisstefna.

Mannkynssaga 3. (Sigurður Ragnarsson) 1980-1981

Megindrættir í sambúð ríkja á tímabilinu 1850-1939. Þættir úr þróun alþjóðlegar verkalýðshreyfingar. Fasisminn og nasisminn. Valdir þættir úr sögu einstakra ríkja. Tveir fyrirlestrar á viku og tveir umræðutímar.

Íslands- og Norðurlandasaga 1. (Helgi Þorláksson) 1980-1981

Fjallað er um tímenn frá 9. öld til miðrar 16. aldar. Kennsla fer fram í tveimur umræðu- og tveimur fyrirlestrartímum á viku. Efni fyrirlestra er m.a.: landnám, uppruni Íslendinga, goðaveldi og goðakirkja, byggð og atvinnuhættir, konungsvald og þingvald, staðamál, skattlandið, ensk og þýsk áhrif á 15. og 16. öld og siðbreyting. Í umræðutímum er oftast lagt til grundvallar umræðuframlag nema. Áhersla er lögð á atvinnu- og hagsögu en ekki fjallað verulega um sögu annarra norrænna landa en Noregs.

Íslands- og Norðurlandasaga 2. (Helgi Þorláksson) 1980-1981

Fjallað er um tímenn frá miðri 16. öld til um 1830. Kennsla fer fram í tveimur umræðu- og tveimur fyrirlestartímum á viku. Efni fyrirlestra er m.a.: siðskipti og breytingar í kjölfar þeirra, efling konungsvalds, einokun, einveldi, rétttrúnaður, atvinnuvegir og þjóðhagir, efnahagsleg afturför og framfaraviðleitni á 18. öld, upplýsing. Í umræðutímum er oftast lagt til grundvalar umræðuframlag nema. Áhersla er lögð á atvinnu- og hagsögu en ekki fjallað verulega um sögu annarra norrænna landa en Danmerkur nema hún tengist mikilvægum þáttum í sögu Íslands.

Íslands- og Norðurlandasaga 3 (Bergsteinn Jónsson) 1980-1981

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórnmálaþróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður reynt að huga að félagsögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum. Tveir fyrirlestrar á viku og tveir umræðutímar.

Samtímasaga (Jón Guðnason) 1980-1981

Fjallað verður um heimsstyrjöldina síðari og baráttuna um nýskipan heimsmála að henni lokinni, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn fornra heimsvalda. Rakin verður stjórnmálasaga Íslands og lýst þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum eftir 1940.

Þjóðháttufræði (Árni Björnsson) 1980-1981

Fjallað verður um daglegt líf manna á hinum ýmsu tímum: brýnustu lífsnauðsynjar, mataræði, klæðnað og húsakost, atvinnuhætti, vinnubrögð og verkunnáttu og tengsl þessa við almenna efnahags-, verslunar- og stjórnmálasögu. Þá er vikið að dægrastyttingu, skemmtunum og hátíðarhöldum, bæði árstíðabundnum, trúarlegum og í tengslum við atvinnulífið, og reynt að grafast fyrir um uppruna þeirra. Helstu viðburðir úr lífi einstaklingsins svo sem fæðing, brúðkaup og andlát. Alþýðuvísindi, lækningar og veðurspá. Þjóðtrú varðandi alla þessa þætti.

Listasaga I. (Björn Th. Björnsson) 1980-1981

Farið verður yfir evrópska myndlistarsögu frá lokum víkingaaldar, um tímabil rómanskrar og gotneskrar listar, endurreisnar og barokk. Kennsla fer fram í fyrirlestrum með skuggamyndum, sérstakri myndskoðun, sem og safn- og sýningarferðum eftir því sem tilefni gefast.

Verkalýðshreyfingin á Íslandi (Ólafur Einarsson) 1980-1981

Þróun íslenskrar verkalýðshreyfingar frá síðustu áratugum 19. aldar og fram á vora daga. Verkalýðshreyfingin með hliðsjón af breytingum á atvinnuháttum og stéttaskiptingu, sérstaklega um samtök verkafólks [og] áhrif þeirra á þjóðfélagsþróun 20. aldar. Pólitískur ágreiningur innan verkalýðshreyfingarinnar, erlend áhrif o.fl.

Sagnaritun og söguspeki frá upplýsingu til samtímans (Ingi Sigurðsson) 1980-1981

Viðfangsefni námskeiðsins er saga sagnaritunar frá upplýsingu til samtímans, og er m.a. gerð grein fyrir megindráttum í þróun söguspeki á þessu tímabili. Fjallað er um íslenska sagnaritun í samhengi við erlenda strauma og stefnur. Gerð er grein fyrir tengslum sagnaritunar og ýmissa hugmyndastefna, svo sem upplýsingar, rómantíkur, þjóðernishyggju, sósíalisma og pósítívisma. Þá er sérstaklega fjallað um

sagnfræðiiðkanir við háskóla. Lesnir eru valdir kaflar úr sagnaritum, íslenskum og erlendum, frá umræddu tímabili.

Hafréttarmál og þorskastríð (Björn Þorsteinsson) 1980-1981

Yfirlit veitt yfir sögu hafréttarmála frá fornöld til nútíðar. Þorskastríðin við Ísland athuguð sérstaklega.

Þættir úr sögu Afríku (Björn Þorsteinsson) 1980-1981

Yfirlit um íbúa og dreifingu þeirra ásamt stuttri landfræðilegri lýsingu álfunnar, atvinnuhættir, og náttúruauðlindir. Saga fornríkja í álfunni, menning, tungumál og þjóðflokkaskipting. Tímabil þrælaverslunar og nýlendusöfnun Evrópumanna. Saga Afríku frá fyrri heimsstyrjöldinni og fram yfir 1945. Frelsisbarátta Afríkuríkjanna og upplausn nýlenduvelðisins. Saga og þróun einstakra frjálsra ríkja Afríku.

Bandaríkin 1600-1870 (Sæmundur Rögnvaldsson) 1980-1981

Áætlað er að fara yfir helstu atburði frá upphafi landnáms fram yfir borgarastyrjöldina. Einkum verður lögð áhersla á nýlendubýggðina, mismunandi forsendur hennar og þróun; frelsisbaráttuna og upphaf hennar og þróun; frelsisbaráttuna og upphaf sjálfstæðs ríkis; þenslu Bandaríkjanna í vesturátt; þrælahald, borgarastyrjöld og afleiðingar hennar. Þrír fyrirlestrar og tveir umræðutímar á viku.

Samfélag, hugmyndafræði og spænska borgarastyrjöldin (Ingi Sigurðsson) 1980-1981

Fjallað er um spænskt þjóðfélag á 3. og 4. áratug þessarar aldar, og er höfuðáhersla lögð á þær þjóðfélagshræringar sem tengjast spænsku borgarastyrjöldinni. Þessi umfjöllun er sett í evrópskt samhengi. Teknar eru til meðferðar ýmsar hugmyndastefnur, sem setja svip á spænsku borgarastyrjöldina, og þróun þeirra athuguð í evrópsku samhengi. Lesnir eru valdir kaflar úr ritum, þ. á m. íslenskum, frá styrjaldarárunum og könnuð þau viðhorf til átakanna sem þar koma fram.

Íslensk utanríkis- og öryggismál. Yfirlit frá landnámi til NATO-aðildar (Þór Whitehead) 1980-1981

Leitast verður við að finna helstu orsakavalda í sögu íslenskra utanríkismála. Lýst verður mikilvægustu samskiptum Íslands við erlend ríki og gerð verður grein fyrir stöðu landsins á áhrifasvæðum þeirra. Ætlunin er að veita þátttakendum fyllri innsýn í sígild viðfangsefni í íslenskum utanríkis- og öryggismálum.

Saga Austur-Asíu (Kristján Guðlaugsson) 1980-1981

Námskeiðið tekur yfir sögu hins kínverska menningarsvæðis allt frá tímum mongólska heimsvelðisins á 14. öld og fram á vora daga. Rakin verður saga evrópskrar nýlendustefnu og baráttu landanna í Austur-Asíu fyrir sjálfstæði. Reynt verður að gera hugmynda- og menningarsögu Austur-Asíu skil, eftir því sem tími vinnst. Megináhersla verður lögð á stjórnmalasögu seinni tíma.

Ísland og umheimurinn (Anna Agnarsdóttir) 1980-1981

Fjallað verður um sögu Íslands í tengslum við sögu umheimsins einkum frá stjórn mála- og hagsögulegu sjónarmiði. Megináhersla verður lögð á samskipti Íslands við Bretland og Danmörku. Áhrif Napóleonsstyrjalda á Íslandsmál verða tekin til meðferðar, t.a.m. enska verslunin, ráðagerðir erlendra aðila um breytingar á réttarstöðu Íslands og Jörundarþáttur. Ýmsar heimildir tímabilsins kannaðar. Nemendum á kandiðatsstigi er einnig frjálst að sækja þetta námskeið.

Ísland í fyrri heimsstyrjöld (Sólrún Jensdóttir) 1980-1981

Áhrif fyrri heimsstyrjaldar á Íslandi voru fyrst og fremst á viðskiptasviði og verður því lögð áhersla á hagsögu fyrstu áratuga 20. aldar. Samhengi við atburði úti í heimi verður rakið og gerð grein fyrir samskiptum við Breta, sem höfðu allt ráð Íslands í hendi sér á styrjaldarárunum. Einnig verður fjallað um þann áfanga sjálfstæðisbaráttunnar sem náðist með sambandslagasamningnum 1918. Nemendum á kandiðatsstigi er einnig heimilt að sækja þetta námskeið.

Framhaldsnám

Aðferðafræði (Þórhallur Vilmundarson) 1980-1981

Fjallað verður um þróun sagnaritunar, helstu heimspekikenningar um sögu og heimildafræði. Síðan verður lesin rithandarfræði með æfingum.

Þættir úr Íslandssögu eftir siðaskipti (Þórhallur Vilmundarson) 1980-1981

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Júníus Kristinsson) 1980-1981

Kynning á íslenskum skjalasöfnum, skipulagi þeirra og helstu heimildaflokkum sem þar eru geymdir.

Gissur Ísleifsson og íslenska miðaldahagkerfið (Björn Þorsteinsson) 1980-1981

Tíundarlögin, forsendur þeirra og lénskir stjórnarhættir á Íslandi.

Þættir úr Íslandssögu 20. aldar (Jón Guðnason) 1980-1981

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Upphaf heimssögulegs efnahagskerfis í Evrópu 1500-1800 (Sveinbjörn Rafnsson) 1980-1981

Fjallað verður um evrópsk samfélög og áhrif landafunda og nýlenduverslunar á þau. Enn fremur um landbúnað og hráefnaöflun í evrópskum nýlendum á tímabilinu. Einkum verður fjallað um efnahags- og samfélagssöguleg atriði og umræðu fræðimanna um þau.

Fjölskyldusaga og fjölskylduskipan fyrr á tíð (Sveinbjörn Rafnsson) 1980-1981

Fjallað verður m.a. um nýjar rannsóknir og viðhorf í fjölskyldusögu, hin flóknu tengsl erfða og ætta, heimila og skyldmenna í sögulegri rás og um þróun fjölskyldumála á Vesturlöndum frá 16. öld.

1981-1982

Grunnnám

Inngangsfræði (Gunnar Karlsson og Sveinbjörn Rafnsson) 1981-1982

a) Aðferðafræði: kynning á heimildanotkun og annarri rannsóknartækni, kenningar um eðli og fræðilegan grundvöll b) Sögukenntla: kynning á hlutverki sögu sem kennslugreinar og aðferðum við sögukenntlu, c) handbókanotkun og kynning á bókasöfnum, d) skjalfræði, helstu undirstöðuatriði og lestur gamallar skriftar, e) ritgerðaræfing, þjálfun í að vinna að fræðiritgerð.

Mannkynssaga 1 (Sveinbjörn Rafnsson) 1981-1982

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns, fornaldarsögu Mið austurlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénsríkjum til þjóðríkja.

Mannkynssaga 2 (Bergsteinn Jónsson) 1981-1982

Aðallega verður fengist við Evrópusögu, en aðra heimshluta, einkum í tengslum við landaleitir, landnám og nýlendupólitík Evrópuríkja. Landafundir og afleiðingar þeirra. Menntastefnur og lífsskoðanir. Listir og vísindi. Trúarbragðadeilur. Merkantilisminn. Stórveldaátök á átjándu öld. Uppgangur borgarastéttarinnar. Franska byltingin og Napóleonsstyrjaldirnar. Rómantísk lífsskoðun og þjóðernisstefna.

Mannkynssaga 3 (Sigurður Ragnarsson) 1981-1982

Megindrættir í sambúð ríkja á tímabilinu 1850-1939. Ættir úr þróun alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar. Fasisminn og nasisminn. Valdir Ættir úr sögu einstakra ríkja.

Íslands- og Norðurlandasaga 1 (Helgi Þorláksson) 1981-1982

Fjallað er um tímann frá 9. öld til miðrar 16. aldar. Efni fyrirlestra er m.a.: landnám, uppruni Íslendinga, goðaveldi og goðakirkja, byggð og atvinnuhættir, konungsvald og þingvald, staðamál, skattlandið, ensk og þýsk áhrif á 15. og 16. öld og siðbreyting. Áhersla er lögð á atvinnu- og hagsögu en ekki fjallað verulega um sögu annarra norrænna landa en Noregs.

Íslands- og Norðurlandasaga 2 (Anna Agnarsdóttir) 1981-1982

Fjallað er um tímann frá miðri 16. öld til um 1830. Efni fyrirlestra er m.a.: siðskipti og breytingar í kjölfar þeirra, efling konungsvalds, einokun, einveldi, rétttrúnaður, atvinnuvegir og þjóðhagir, efnahagsleg afturför og framfaraviðleitni á 18. öld, upplýsing. Áhersla er lögð á atvinnu- og hagsögu en ekki fjallað verulega um sögu annarra norrænna landa en Danmerkur nema hún tengist mikilvægum þáttum í sögu Íslands.

Íslands- og Norðurlandasaga 3 (Bergsteinn Jónsson) 1981-1982

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórn málaþróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður reynt að huga að félagssögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Samtímasaga (Jón Guðnason) 1981-1982

Fjallað verður um heimsstyrjöldina síðari og baráttuna um nýskipan heimsmála að henni lokinni, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn fornra heimsvalda. Rakin verður stjórn málasaga Íslands og lýst þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum eftir 1940.

Þjóðháttufræði (Frosti F. Jóhannsson) 1981-1982

Reynt verður að draga upp mynd af verk- og félagsmenningu hins íslenska samfélags frá landnámi og fram til 1900. Einkum verður fjallað um húsakost, fjölskylduna og heimilið, atvinnuhætti, vinnubrögð og verkunnáttu, klæðaburð og ýmsa siði í tengslum við helstu viðburði lífsins. Þá verður vikið að dægrastyttingu fólks, hátíðarhöldum, kirkju- og trúarlífi. Veitt verður yfirlit yfir sögu og aðferðir þjóðháttufræðinnar. Auk þess flytur Hörður Ágústsson, listmálari, 8 fyrirlestra á námskeiðinu um íslenska húsagerðarsögu.

Trúarbragðasaga (Jón Hnefill Aðalsteinsson) 1981-1982

Yfirlit verður veitt yfir helstu trúarbrögð heims og ýmsa þætti trúarlífssálfræði. Einnig er vikið sérstaklega að kristindómnum og fjallað um Nýja testamentið sem sögulega og trúarsögulega heimild.

Bandaríkjasaga eftir 1865 (Sæmundur Rögnvaldsson) 1981-1982

Fjallað verður um helstu viðburði í sögu Bandaríkjanna frá lokum borgarastyrjaldar til okkar daga. Einkum verður lögð áhersla á efnahags- og stjórn mála. Reynt verður eftir föngum að fjalla sérstaklega um Bandaríki nútímans.

Almenn hagsaga 19. og 20. aldar (Rósmundur Guðnason) 1981-1982

Rakin verður almenn hagsaga 19. og 20. aldar. Sérstaklega verður fjallað um hagsögu Evrópu og Ameríku á 20. öld. Einnig verða raktar samhliða helstu hagfræðikenningar sem tengjast þessu tímabili. Fjallað verður m.a. um þróun fólksfjölda, efnahagslíf, efnahagspólitík, alþjóðaverslun og fjármagnshreyfingar. Jafnhliða verða kynnt helstu hugtök og aðferðir í tölfræði og þjóðhagfræði sem tengjast úrvinnslu á hagsögulegu efni.

Ættir úr hagsögu Íslands (Hallgrímur Snorrason) 1981-1982

Einkum er fjallað um hagsögu 19. og 20. aldar. Leitast verður við að gefa yfirlit yfir hagþróun þessa tíma, m.a. þróun fólksfjölda og búsetu, atvinnuskiptingu og atvinnuhætti, framleiðslu og atvinnuvegi, tekjur, verðlag og lífskjör, utanríkisverslun, búskap hins opinbera og peningastofnanir, félagsmál o.fl. Jafnframt verður fjallað um notkun tiltækra gagna og úrvinnslu úr þeim.

Hafréttarmál og þorskastríð (Björn Þorsteinsson) 1981-1982

Yfirlit veitt yfir sögu hafréttarmála frá fornöld til nútíðar. Þorskastríðin við Ísland athuguð sérstaklega.

Listasaga II (Björn Th. Björnsson) 1981-1982

Farið verður yfir almenna evrópska listasögu frá lokum 18. aldar til þessa dags: nýklassík, rómantík, raunsæi, impressionisma, expressionisma, kúbisma, súrrealisma, óhlutbundna myndlist og helstu stefnur í samtíðarlist.

Þættir úr sögu Rómar, lýðveldistímabilið (Sigurður Pétursson) 1981-1982

Leitast verður við að gefa mönnum yfirsýn yfir þróun Rómarríkis á fyrstu öldum þess. Megináhersla verður lögð á þróun þjóðfélags á 2. og 1. öld f. Kr. og breytingar í valdatíð Ágústusar.

Þættir úr sögu þýsku ríkjanna 1815—1945 (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1981-1982

Fjallað verður um pólitíska sögu þýsku furstadæmanna, hins sameinaða Þýskalands, Austurríkis og þeirra ríkja er tilheyrðu veldi Habsborgara á þessu tímabili, jafnframt því sem félags- og hagsögu verður nokkur gaumur gefinn. Lögð verður áhersla á innbyrðis samskipti þessara ríkja, breytingar á valdahlutföllum innan þessara landfræðilegu marka og afstöðu þessara ríkja til evrópskra deilumála tímabilsins. Megináhersla verður lögð á stjórn mála- og stjórnfarslega þróun, félagslegar breytingar og utanríkisstefnu hins sameinaða Þýskalands.

Samfélag, hugmyndafræði og spænska borgarastyrjöldin (Ingi Sigurðsson) 1981-1982

Fjallað er um spænskt þjóðfélag á 3. og 4. áratug þessarar aldar, og er höfuðáhersla lögð á þær þjóðfélagshræringar sem tengjast spænsku borgarastyrjöldinni. Þessi umfjöllun er sett í evrópskt samhengi. Teknar eru til meðferðar ýmsar hugmyndastefnur, sem setja svip á spænsku borgarastyrjöldina, og þróun þeirra athuguð í evrópsku samhengi. Lesnir eru valdir kaflar úr ritum, þ. á m. íslenskum, frá styrjaldarárunum og könnuð þau viðhorf til átakanna sem þar koma fram.

Sovétríkin 1917—1964 (Arnór Hannibalsson) 1981-1982

Farið verður yfir helstu áfanga í sögu Sovétríkjanna á þessu tímabili: Byltinguna 1917 og aðdraganda hennar, lok fyrri heimsstyrjaldar, borgarastyrjöld, stríðið við Pólverja, sósíalisma í einu landi, samyrkjubúskap, Sovétríkin í seinni heimsstyrjöld, niðurstöður styrjaldarinnar, nítjándi flokksþingið og stjórnartímabil Khrúsjoffs.

Framhaldsnám

Aðferðafræði (Þórhallur Vilmundarson) 1981-1982

Fjallað verður um þróun sagnaritunar, helstu heimspekikenningar um sögu og heimildafræði. Síðan verður lesin rithandafræði með æfingum.

Þættir úr Íslandssögu eftir siðaskipti (Þórhallur Vilmundarson) 1981-1982

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Fræðslumál á Íslandi 1875-1946 (Jón Guðnason) 1981-1982

Lýsing á uppbyggingu fræðslu- og skólakerfis á Íslandi 1875-1946 og samhengi hennar við þróun íslensks þjóðfélags á öðrum sviðum og hvaða markmiðum hún átti að þjóna.

Ritheimildir miðalda (Sveinbjörn Rafnsson) 1981-1982

Fjallað verður um hinar ýmsu tegundir ritheimilda frá evrópskum miðöldum, flokkun þeirra og tilurð, geymd þeirra og útgáfur. Stefnt verður að því að lýsa samspili íslenskrar og annarrar evrópskrar þróunar í þessum efnum. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Sveitabúskapur á miðöldum (Sveinbjörn Rafnsson) 1981-1982

Fjallað verður um nokkra efnahags- og samfélagslega þætti evrópskra og íslenskra miðalda.

Þjóðarbúskapur Íslendinga á síðari hluta 18. aldar (Gunnar Karlsson og Gísli Gunnarsson) 1981-1982

Á haustmisseri verður farið yfir helstu fræðirit um efnið og leitað að heimildum um það. Stefnt er að því að nemendur fái gróft yfirlit yfir það sem vitað er um efnið og hvaða heimildir eru til sem má nota til að afla frekari fróðleiks. Á vormisseri verður áhersla lögð á verslun og verðlagsmál.

Íslandssaga eftir 1880 sem kennsluefni háskóla (Gunnar Karlsson) 1981-1982

Aðalviðfangsefni námskeiðsins verður að kanna Íslandssögu tímabilsins með tilliti til þess hvað sé heppilegt að nota í kennsluefni fyrir framhaldsskóla og þjálfar nemendur í að setja efni fram til kennslu. Áhersla verður lögð á síðustu áratugi 19. aldar og haldið áfram yfir á 20. öld eftir því sem tími leyfir. Í upphafi námskeiðsins verður lesið efni um kenningar um sögukennslu og síðan reynt að hafa gagn af þeim við framhaldið – Námskeiðið telst að hálfu leyti til aðferðanáms.

Skiptar skoðanir innan ísl. sagnfræði á tímabilinu fyrir 1300 (Björn Þorsteinsson) 1981-1982

Fjallað um misjafnar skoðanir á helstu heimildum og vandamálum íslenskrar sögu fyrir 1300 og ný sjónarmið rædd.

1982-1983

Grunnnám

Aðferðir I (Ingi Sigurðsson) 1982-1983

Námskeiðið greinist í þrjá þætti: a) aðferðafræði. Fjallað verður um grundvallaratriði í söguspeki, heimildanotkun og stöðu sagnfræði í samtímanum, b) ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum, sem að ritgerðasmíð lúta, og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða, c) handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1982-1983

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns, fornaldarsögu Mið austurlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénsríkjum til þjóðríkja.

Mannkynssaga II (Bergsteinn Jónsson) 1982-1983

Aðallega Evrópusaga, en aðrir heimshlutar eingöngu í tengslum við hana. Lönd, ríki og þjóðir Evrópu. Landafundir og afleiðingar þeirra. Siðskipti og trúarstýrjaldir. Menntastefnur og lífsskoðanir. Kaupauðgisstefna, búauðgisstefna, iðnbylting. Stórveldaátök. Franska byltingin 1789 og Napoleonsstyrjaldirnar. Rómantík og þjóðernisstefnur. Afturhald og atburðir ársins 1830.

Mannkynssaga III (Sigurður Ragnarsson) 1982-1983

Megindrættir í sambúð ríkja á tímabilinu 1850-1939. Þættir úr þróun alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar. Fasisminn og nasisminn. Valdir þættir úr sögu einstakra ríkja.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 1982-1983

Fjallað er um tímann frá 9. öld til miðrar 16. aldar. Efni fyrirlestra er m.a.: landnám, uppruni Íslendinga, goðaveldi og goðakirkja, byggð og atvinnuhættir, konungsvald og þingvald, staðamál, skattlandið, ensk og þýsk áhrif á 15. og 16. öld og siðbreyting. Áhersla er lögð á atvinnu- og hagsögu en ekki fjallað verulega um sögu annarra norræna landa en Noregs.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Anna Agnarsdóttir) 1982-1983

Námskeiðið nær yfir tímabilið 1550-1830. Í fyrirlestrum verður fjallað m.a. um þróun stjórnarfars og samfélags, atvinnu- og hagsögu, menningu og menntamál. Í umræðutímum verða tekin fyrir afmörkuð viðfangsefni, t.d. einveldishyllingin, Tyrkjaránið, galdramálin, endalok Alþingis og valdarán Jörgensens. Áhersla verður lögð á það, að nemendur kynnist frumheimildum tímabilsins. Einn tími í viku fer í skjalfraði og þá einkum þjálfun í lestri fljótaskriftar.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Bergsteinn Jónsson) 1982-1983

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórn málaþróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður reynt að huga að félagssögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Samtímasaga (Jón Guðnason) 1982-1983

Fjallað verður um heimsstyrjöldina síðari og baráttuna um nýskipan heimsmála að henni lokinni, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn fornra heimsveldi. Rakin verður stjórn málasaga Íslands og lýst þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum eftir 1940.

Þjóðháttafræði (Frosti F. Jóhannsson) 1982-1983

Reynt verður að draga upp mynd af verk- og félagsmenningu hins íslenska samfélags frá landnámi og fram til 1900. Einkum verður fjallað um húsakost, fjölskylduna og heimilið, atvinnuhætti, vinnubrögð og verkunnáttu, klæðaburð og ýmsa siði í tengslum við helstu viðburði lífsins. Þá verður vikið að dægrastyttingu fólks, hátíðarhöldum, kirkju- og trúarlífi. Veitt verður yfirlit yfir sögu og aðferðir þjóðháttafræðinnar.

Listasaga (Björn Th. Björnsson) 1982-1983

Farið verður yfir evrópska myndlistarsögu frá lokum víkingaaldar, um tímabil rómanskrar og gotneskrar listar, endurreisnar og barokk. Kennsla fer fram í fyrirlestrum með skuggamyndum, sérstakri myndskoðun, sem og safn- og sýningarferðum eftir því sem tilefni gefast.

Fornleifafræði (Inga Lára Baldvinsdóttir og Magnús Þorkelsson) 1982-1983

Yfirlit yfir helstu atriði sem varða fornleifafræði í Evrópu og hérlandis, þ.e. skilgreining á fræðigreininni, sögu hennar og helstu hugtökum og aðferðum, sem beitt er innan hennar. Yfirlit yfir fornleifafræði Evrópu á forsögulegum tímum og miðöldum. Íslensk fornleifafræði, saga hennar og meginviðfangsefni. Hugað verður að nokkrum innlendum og erlendum rannsóknum. Kennsla fer fram í fyrirlestrum, og farin verður ein námsferð.

Almenn hagsaga 19. og 20. aldar (Rósmundur Guðnason) 1982-1983

Rakin verður almenn hagsaga 19. og 20. aldar. Sérstaklega verður fjallað um hagsögu Evrópu og Ameríku á 20. öld. Einnig verða raktar samhliða helstu hagfræðikenningar sem tengjast þessu tímabili. Fjallað verður m.a. um þróun fólksfjölda, efnahagslíf, efnahagspólitík, alþjóðaverslun og fjármagnshreyfingar.

Þættir úr hagsögu Íslands (Hallgrímur Snorrason) 1982-1983

Einkum er fjallað um hagsögu 19. og 20. aldar. Leitast verður við að gefa yfirlit yfir hagþróun þessa tíma, m.a. þróun fólksfjölda og búsetu, atvinnuskiptingu og atvinnuhætti, framleiðslu og atvinnuvegi,

tekjur, verðlag og lífskjör, utanríkisverslun, búskap hins opinbera og peningastofnanir, félagsmál o.fl. Jafnframt verður fjallað um notkun tiltækra gagna og úrvinnslu úr þeim.

Saga Austur-Asíu (Ragnar Baldursson) 1982-1983

Fjallað verður um kínverska sögu frá því að síðasta keisaraættin, Quing, komst til valda, þar til Alþýðulýðveldið Kína var stofnað. Hefðbundnar kenningar um söguþróun í Kína og seinni tíma kenningar. Samskipti Kínverja við aðrar þjóðir. Ópíumstríðið, Taiping-uppreisnin, Boxarauppreisnin, Byltingin 1911, 4. maí hreyfingin, Kína og heimsstyrjaldirnar, andjapanska stríðið. Samskipti Kuomintang og kommúnistaflokks Kína, sigur kommúnista. Stjórnarfar, verslun, atvinnuvegir, menning, heimspeki. Nýlendur Evrópuríkja í suðaustur-Asíu.

Miðlun sagnfræðiefnis (Gunnar Karlsson og Gísli Gunnarsson) 1982-1983

Meginviðfangsefni verður vinna með sagnfræðilega texta og þjálfun í að skrifa létt og skiljanlega fyrir margs konar vettvang. Kennsluhluti Gísla Gunnarssonar mun snúast um talnanotkun.

Þriðji heimurinn eftir stríð (Þorsteinn Helgason) 1982-1983

Hvernig þriðji heimurinn kemur fram sem pólitískt afl og efnahagsleg heild upp úr kalda stríðinu. Samtök þróunarrikja og kröfur þeirra, m.a. um nýja hagskipan í heiminum. Skýringar á vanþróun og leiðum til úrbóta. Dæmi.

Myndun og þróun þéttbýlis á 19. öld (Helgi Þorláksson og Jón Þ. Þór) 1982-1983

Fjallað verður um myndun og þróun þéttbýlis í Reykjavík, á Ísafirði og á Akureyri, grafist fyrir um orsakir, kannað hvað er sameiginlegt og hvað ólíkt í þéttbýlismyndun og -þróun á þessum stöðum. Til samanburðar verður hugað að nokkrum þéttbýlistöðum, sem ekki náðu eins miklum vexti og viðgangi. Í umfjöllun um Reykjavík verður athygli einkum beint að tómthúsmanastéttinni, atvinnu hennar, framfærslumálum, réttindum og skyldum, pólitískri baráttu og breytingum á stöðu hennar og högum á skútuöld.

Þjóðfélag og menning í Bretlandi 1750-1939 (Ingi Sigurðsson) 1982-1983

Á námskeiðinu verður fjallað um valda þætti úr sögu þjóðfélags og menningar í Bretlandi um 1750-1939 með sérstakri áherslu á Skotland. Í upphafi námskeiðsins [verður] rætt um tengsl einstakra þátta. Byggt verður að talsverðu leyti á frumheimildum, bæði greinargerðum um þjóðfélagsástand og bókmenntatextum. Eftirtalin svið verða tekin til meðferðar: skoskt þjóðfélag á síðari helmingi 18. aldar og skoska upplýsingin, félagsleg áhrif iðnbyltingarinnar og félagslegt efni í bókmenntum þess tíma, þjóðfélagsbreytingar í skosku Hálöndunum á 19. öld

Uppruni Íslendinga og þjóðmenningar þeirra (Gunnar Karlsson) 1982-1983

Farið verður í ýmis rit um efnið, svo sem eftir Barða Guðmundsson, Benedikt Gíslason, Árna Óla, Einar Pálsson. Viðfangsefnið verður að nokkru leyti þekkingarfræðilegt: Hvers konar heimilanotkun er leyfileg? Hvaða kröfum gerum við til kenningar, svo að við tökum mark á henni?

Upplýsingin (Ingi Sigurðsson) 1982-1983

Námskeiðið verður haldið í samvinnu almennrar bókmenntafræði, heimspeki, íslensku og sagnfræði. Á námskeiðinu verður fjallað um upplýsinguna í Evrópu í hugmyndasögulegu samhengi. Nokkuð verður vikið að upplýsingunni á Íslandi. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda. Námskeiðið skiptist í þrjá nokkurn veginn jafna hluta: sagnfræðilegan, heimspekilegan og bókmenntafræðilegan, en leitast er við að láta hlutana þrjá mynda eina heild.

Framhaldsnám

Þættir úr Íslandssögu eftir siðskipti (Þór Whitehead) 1982-1983

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Jón Böðvarsson, Aðalgeir Kristjánsson og Grímur M. Helgason) 1982-1983

Hlutverk og staða skjalasafna í stjórnsýslu og sem heimiladaforðabúr. Saga skjalasafna, stjórnkerfið og varðveitt söfn þess. Skjalavarsla, bréfalyklar, flokkun, röðun og grisjun. Rithandarfræði, saga og þróun skriftar og lestraræfingar.

Fjölskyldusaga og fjölskylduskipan á fyrri tíð (Sveinbjörn Rafnsson) 1982-1983

Fjallað verður m.a. um nýjar rannsóknir og viðhorf í fjölskyldusögu, hin flóknu tengsl erfða og ætta, heimila og skyldmenna í sögulegri rás og um þróun fjölskyldumála á Vesturlöndum frá 16. öld.

Fræðslumál á Íslandi 1875-1946 (Jón Guðnason) 1982-1983

Lýsing á uppbyggingu fræðslu- og skólakerfis á Íslandi 1875-1946 og samhengi hennar við þróun íslensks þjóðfélags á öðrum sviðum og hvaða markmiðum hún átti að þjóna.

Sagnfræðin og kalda stríðið (Þór Whitehead) 1982-1983

Fjallað verður um aðdraganda og gang kalda stríðsins fram til 1956. Farið verður yfir helstu rit um ágreining Austur- og Vesturveldanna og gerð grein fyrir heimildum þessara rita og skiptum skoðunum höfunda.

Kvennasaga (Sigríður Th. Erlendsdóttir) 1982-1983

Sérstök áhersla lögð á tímabilið 1880-1920 í íslenskri kvennasögu. Efni mætti skipta í fernt. Í fyrsta þætti yrði fjallað um kenningar um kvennasögu og um stöðu kvennasögu innan sagnfræði. Lesið efni eftir norræna sagnfræðinga og fleiri, sem fremstir eru á því sviði. Í öðrum þætti yrði fjallað um þjóðfélagslega stöðu ísl. kvenna á tímabilinu, uppeldismál, menntun, kosningarétt, kjörgengi og atvinnustöðu. Þar yrði uppistaða allar lagasetningar, sem á einhvern hátt snerta konur og umræður á Alþingi. Í þriðja þætti yrði fjallað um félagsshreyfingar kvenna og í fjórða lagi um atvinnustöðu. Lögð áhersla á að útskýra, hvernig félagsleg og efnahagsleg þróun hefur í för með sér breytta stöðu kvenna. Í því sambandi yrði lesið efni frá Norðurlöndum, Bandaríkjunum, Bretlandi og víðar.

Víkingasaga (Sveinbjörn Rafnsson) 1982-1983

Fjallað verður um hinar margþættu heimildir og rannsóknaraðferðir sem notaðar hafa verið til þess að varpa ljósi á sögu Víkingaaldar (þ.e. sögu Norður-Evrópu frá því um 800 til um 1100).

Sambandsmál Íslendinga og Dana 1874-1944 (Þór Whitehead) 1982-1983

Námskeiði þessu er ætlað að vera framhald af Íslands- og Norðurlandasögu III og gefa nemendum fyllri innsýn í sambandsmálin. Farið verður yfir sem flest rit um það efni og fjallað um baráttuna fyrir endurskoðun stjórnarskrárinnar, upphaf flokkaskiptingar, stjórnmaladeilur á heimastjórnartímanum, sambandslagasamninginn og aðdraganda lýðveldisstofnunarinnar.

Minjafraði íslensk, einkum fram til siðaskipta (Kristján Eldjárn)* 1982-1983

Minjafraði í rýmstu merkingu er fræðigrein um allar áþreifanlegar mannaminjar frá liðnum öldum. Þetta er víðtæk grein, en unnt er með skilgreiningu að deila henni niður í margar afmarkaðar einingar. Reynt mun verða að skýra stuttlega einkenni, stefnumörkun og vinnubrögð fræðigreinarinnar. Einkum munu þó verða teknir fyrir ýmsir þættir íslenskrar minjafraði, þ.e. um fastar og lausar minjar, kennt að þekkja þær og meta að menningarsögulegu gildi.

* Kristján féll frá 13.9.1982.

Lífsviðhorf og siðfræði íslenskra miðaldamanna (Gunnar Karlsson) 1982-1983

Menn hefur greint á um hvort Íslendingasögur lýsi hetjudýrkun eða séu kristilegar dæmisögur um ófarir þeirra sem sýna ofdirfsku. Í námskeiðinu verður fyrst lesið um þessar ólíku skoðanir (Sigurður Nordal,

Hermann Pálsson o.fl.). Síðan verður leitað í frumheimildum að svörum við þessari spurningu og öðrum sem vakna um lífsviðhorf og gildismat miðaldamanna einkum í Sturlunga sögu. Að baki námskeiðinu býr sú hugmynd að Sturlunga sé vannýtt heimild um þessi efni.

Neysluhættir á miðöldum (Björn Þorsteinsson) 1982-1983

Neysluhættir stétta, líkamlegir og félagslegir, forsendur þeirra og áhrif á samfélagsskipan.

1983-1984

Grunnnám

Aðferðir I (Ingi Sigurðsson) 1983-1984

Námskeiðið greinist í þrjá þætti: a) aðferðafræði. Fjallað verður um grundvallaratriði í söguspeki, heimildanotkun og stöðu sagnfræði í samtímanum, b) ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum, sem að ritgerðasmíð lúta, og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða, c) handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1983-1984

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns, fornaldarsögu Mið austurlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénríkjum til þjóðríkja.

Mannkynssaga II (Bergsteinn Jónsson) 1983-1984

Aðallega Evrópusaga, en aðrir heimshlutar eingöngu í tengslum við hana. Lönd, ríki og þjóðir Evrópu. Landafundir og afleiðingar þeirra. Siðskipti og trúarstýrjaldir. Menntastefnur og lífsskoðanir. Kaupaðgisstefna, búauðgisstefna, iðnbylting. Stórveldaátök. Franska byltingin 1789 og Napóleonsstýrjaldirnar. Rómantík og þjóðernisstefnur. Afturhald og atburðir ársins 1830.

Mannkynssaga III (Sigurður Ragnarsson) 1983-1984

Megindrættir í sambúð ríkja á tímabilinu 1850-1939. Þættir úr þróun alþjóðlegrar verkalýðshreyfingar. Fasisminn og nasisminn. Valdir þættir úr sögu einstakra ríkja.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 1983-1984

Fjallað er um tímarn frá 9. öld til miðrar 16. aldar. Efni fyrirlestra er m.a.: landnám, uppruni Íslendinga, goðaveldi og goðakirkja, byggð og atvinnuhættir, konungsveldi og þingveldi, staðamál, skattlandið, ensk og þýsk áhrif á 15. og 16. öld og siðbreyting. Áhersla er lögð á atvinnu- og hagsögu en ekki fjallað verulega um sögu annarra norræna landa en Noregs.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Anna Agnarsdóttir) 1983-1984

Námskeiðið nær yfir tímabilið 1550-1830. Í fyrirlestrum verður fjallað m.a. um þróun stjórnarfars og samfélags, atvinnu- og hagsögu, menningu og menntamál. Í umræðutímum verða tekin fyrir afmörkuð viðfangsefni, t.d. einveldishyllingin, Tyrkjaránið, galdramálin, endalok Alþingis og valdarán Jörgensens. Áhersla verður lögð á það, að nemendur kynnist frumheimildum tímabilsins. Einn tími í viku fer í skjalfærð og þá einkum þjálfun í lestri fljótaskrifta.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Bergsteinn Jónsson) 1983-1984

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórn málaþróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður reynt að huga að félagssögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Samtímasaga (Jón Guðnason) 1983-1984

Fjallað verður um heimsstyrjöldina síðari og baráttuna um nýskipan heims mála að henni lokinni, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn fornra heimsveldi. Rakin verður stjórnmálasaga Íslands og lýst þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum eftir 1940.

Aðferðir II (Gunnar Karlsson og Gísli Gunnarsson) 1983-1984

Í kennsluhluta Gunnars verður fengist við markmið sagnfræði og miðlun sögulegs efnis. Farið verður yfir stefnumarkandi rit um aðferðir og markmið, lesið um sögukennslu, sýnishorn sagnfræðitexta greind og rædd, æft að skrifa sögu fyrir alþýðlegan vettvang (börn). Kennsluhluti Gísla mun snúast um talnanotkun og skyld efni (tölfræði, gröf, landaurareikninga, fólksfjöldafræði).

Þjóðháttfræði II – íslensk þéttbýlismenning (Frosti Jóhannsson) 1983-1984

Rætt verður um mismunandi fræðikenningar og rannsóknaraðferðir innan þjóðháttfræðinnar. Gefið verður yfirlit um valda þætti verk- og félagsmenningar þéttbýlis um og upp úr síðustu aldamótum. Höfð verður hliðsjón af sveitameningu. Nokkur áhersla verður lögð á að þjálfar nemendur í söfnun munnlegra heimilda og úrvinnslu þeirra ásamt notkun skriflegra heimilda.

Listasaga II (Björn Th. Björnsson) 1983-1984

Farið verður yfir almenna evrópska listasögu frá lokum 18. aldar til þessa dags: nýklassík, rómantík, raunsæi, impressionisma, expressionisma, kúbisma, súrrealisma, óhlutbundna myndlist og helstu stefnur í samtíðarlist.

Þættir úr hagsögu Íslands (Gísli Gunnarsson) 1983-1984

Einkum er fjallað um hagsögu Íslands á 19. og 20. öld, en umræða um hana verður tengd almennri hagsögu á sama tímabili og hugmyndum og kenningum úr hagfræði, félagsfræði og hagrænni mannfræði. Útskýrð verða ýmis hugtök, sem almennt eru notuð í hagfræði. Fjallað verður stuttlega um helstu einkenni gamla íslenska samfélagsins og sagan síðan rakin frá þeim tíma þegar vistaböndin brustu og launavinnustétt skapaðist. Sérstök áhersla verður lögð á hagsöguna frá 1940. Meðal viðfangsefna verður fólksfjöldaþróun, breytingar á framleiðslu- og viðskiptaháttum, launakjörum og neysluvenjum, húsnaðismál, lána- og fjárfestingarmál, þróun í landbúnaði og sjávarútvegi, orku- og stóriðjumál, efnahagsaðgerðir stjórnvalda.

Sagnaritun og söguspeki frá upplýsingum til miðrar 20. aldar (Ingi Sigurðsson) 1983-1984

Viðfangsefni námskeiðsins er saga sagnaritunar frá upplýsingum til samtímans, og er m.a. gerð grein fyrir meginráttum í þróun söguspeki á þessu tímabili. Fjallað er um íslenska sagnaritun í samhengi við erlenda strauma og stefnur. Gerð er grein fyrir tengslum sagnaritunar og ýmissa hugmyndastefna, svo sem upplýsingar, rómantíkur, þjóðernishyggju, frjálslyndisstefnu, sósíalisma og pósitívisma. Þá er sérstaklega fjallað um sagnfræðiiðkanir við háskóla. Lesnir eru valdir kaflar úr sagnaritum, erlendum og íslenskum, frá umræddu tímabili.

Þættir úr sögu Rómar, keisaraveldið (Sigurður Pétursson) 1983-1984

Fjallað verður um tímabilið frá valdatöku Ágústusar til hruns vest-rómverska ríkisins á þann hátt að leitast verður við að taka til nánari umfjöllunar einstaka þætti og hliðar þessa skeiðs og þá með því að beita frumheimildum þar sem því verður við komið.

Bandaríkin 1600-1870 (Sæmundur Rögnvaldsson) 1983-1984

Áætlað er að fara yfir helstu atburði frá upphafi landnáms fram yfir borgarastyrjöldina. Einkum verður lögð áhersla á nýlendubýggðina, mismunandi forsendur hennar og þróun: frelsisbaráttuna og upphaf hennar og þróun; frelsisbaráttuna og upphaf sjálfstæðs ríkis; þenslu Bandaríkjanna í vesturátt; þrælahald, borgarastyrjöld og afleiðingar hennar.

Ísland í fyrri heimsstyrjöld (Sólrun Jensdóttir) 1983-1984

Áhrif fyrri heimsstyrjaldarinnar á Íslandi voru fyrst og fremst á viðskiptasviði og verður því lögð áhersla á hagsögu fyrstu áratuga 20. aldar. Samhengi við atburði úti í heimi verður rakið og fjallað ítarlega um samskipti við Breta, sem höfðu allt ráð Íslands í hendi sér á styrjaldarárunum. Einnig verður fjallað um þann áfanga sjálfstæðisbaráttunnar sem náðist með sambandslagasamningnum 1918.

Ísland og heimsstyrjöldin síðari (Þór Whitehead) 1983-1984

Fjallað verður um samskipti Íslendinga við styrjaldarþjóðirnar, hernám Breta og hvernd Bandaríkjamanna. Rætt um áhrif ófriðarins á utanríkisstefnu Íslendinga.

Námsferð til útlanda (Ingi Sigurðsson) 1983-1984

Námsferðin verður farin til Skotlands í lok vormisseris og tekur tólf daga. Farið verður um söguslóðir, en nemendur verja tíma sínum að verulegu leyti til að heyja sér efni í ritgerðir, byggðar á frumheimildum, sem þeir hefja vinnu við í upphafi vormisseris og skila nokkru eftir ferðina.

Útgáfunámskeið (Helgi Þorláksson) 1983-1984

Unnið verður að útgáfu blaðs um tiltekið þema úr Reykjavíkursögu. Verkefnið er þrífalt: a) Þemahefti rætt og afmarkað í hópvinnu, b) Samning efnis, stíll og framsetning, c) Uppsetning efnis, útgáfutækni og ýmsir þættir útgáfumála almennt.

Kirkjusaga Íslands á miðöldum (Björn Þorsteinsson) 1983-1984

Í fyrirlestrum verður fjallað um helstu heimildir um sögu íslensk-norrænnar kirkju fyrir siðskipti, en í umræðutímum um einstaka heimildaflokka: Ara, tíundarlög, kristinna laga þátt o.s.frv., og áhrif kirkjulegra stofnana á samfélagið. Í æfingatímum verða sérstök vandamál tekin til athugunar, t.a.m. fastan og áhrif hennar á atvinnulífið.

Þættir úr sögu Mexíkó og Mið-Ameríku (Sigurður Hjartarson) 1983-1984

Teknir verða fyrir helstu þættir efnahags- og stjórnmálaþróunar frá nýlendutíma til nútímans með megináherslu á 19. og 20. öld. Saga þessa svæðis verður skoðuð með sérstakri hliðsjón af tengslum ríkjanna við aðra heimshluta. Frumheimildir verða nýttar sem kostur er.

Fólksfjöldasaga og skyldar greinar (Gísli Gunnarsson) 1983-1984

Helstu grundvallaratriði fólksfjöldafræðinnar verða rakin með aðstoð tölfræðilegra heimilda og nemendur æfðir á ýmsum breytum fólksfjöldafræðinnar. Farið verður yfir bæði almenna og íslenska fólksfjöldasögu síðustu aldirnar með sérstakri hliðsjón af breytingum á frjósemi, giftingartíðni, dánartíðni og dánarorsökum og þessir þættir tengdir almennri þróun í efnahags-, félags- og heilbrigðismálum. Í tengslum við fólksfjöldasöguna verður fjallað lauslega um nokkur atriði í mannfræði og þróun mannsins. Einnig verður fjallað um ættfræði og hvernig nýta megir hana í sagnfræði, einkum félags- og fólksfjöldasögu.

Fjölskylduhættir og félagsleg vandamál frá miðri 18. öld til öndverðrar 20. aldar (Ingi Sigurðsson, Loftur Guttormsson og Lýður Björnsson) 1983-1984

Námskeiðið verður haldið í samvinnu heimspekideildar og félagsskorar Kennaraháskóla Íslands. Fjögur meginefni á námskeiðinu verða þessi: Inngangur að félagssögu, viðfangsefni og aðferðir; fjölskylduferli og heimilisgerð á Íslandi um 1750-1880; félagsleg vandamál í Skotlandi á tímum iðnbyltingar; viðbrögð íslenskra bæjar- og sveitastjórna við byggðaröskun og þéttbýlismyndun um og eftir aldamótin 1900. Áhersla verður lögð á notkun frumheimilda, og verða verkefni nemenda að miklu leyti byggð á þeim grunni.

Pólland 1772-1982 (Arnór Hannibalsson) 1983-1984

Farið verður yfir helstu áfanga í nútímasögu Póllands: Skiptingar Póllands 1772-1795, uppreisnirnar 1831 og 1863, endurreisn Póllands 1918, stríðið við Rússa 1920, valdataka Pilsudskos 1926, utanríkis- og innanríkispolítík Póllands fyrir seinni heimsstyrjöld, Pólland í seinni heimsstyrjöld, valdatíð Gomúlka

(hið fyrra) og Bieruts 1946-1956, uppreisnin 1956 og afturkoma Gomúlka til valda, fjödamorðin í desember 1970, valdatímabil Giereks, hrun pólska ríkisins, uppreisn verkamanna og Samstaða 1980-1982.

Íslensk kvennasaga 1880-1920 (Sigríður Th. Erlendsdóttir) 1983-1984

Þjóðfélagsleg staða íslenskra kvenna á tímabilinu 1880-1920. Fjallað verður um uppeldismál, menntunarmál, réttindamál og atvinnustöðu kvenna.

Hugmyndasaga 19. og 20. aldar (Vilhjálmur Árnason) 1983-1984

Fáeinir þættir úr hugmyndasögu 19. og 20. aldar eins og hún birtist í mannfræðum, náttúruvísindum og bókmenntum. Sérstök áhersla verður lögð á að tengja viðfangsefni námskeiðsins við íslenska hugmyndasögu.

Rómantíska stefnan (Hallfreður Örn Eiríksson, Ingi Sigurðsson, Kristján Árnason, Páll Skúlason og Vésteinn Ólason) 1983-1984

Námskeiðið verður haldið í samvinnu almennrar bókmenntafræði, heimspeki, íslensku og sagnfræði. Fjallað verður um rómantísku stefnuna í Evrópu í lok 18. aldar og á 19. öld í hugmyndasögulegu samhengi. Rómantísku stefnunni meðal Íslendinga verða gerð nokkur skil. Áhersla verður lögð á notkun frumheimilda. Námskeiðið skiptist í þrjá hluta, sagnfræðilegan, heimspekilegan og bókmenntafræðilegan, en leitast verður við að láta hlutana þrjá mynda eina heild.

Framhaldsnám

Þættir úr Íslandssögu eftir siðskipti (Þór Whitehead) 1983-1984

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Fræðslumál á Íslandi 1875-1946 (Jón Guðnason) 1983-1984

Lýsing á uppbyggingu fræðslu- og skólakerfis á Íslandi 1875-1946 og samhengi hennar við þróun íslensks þjóðfélags á öðrum sviðum og hvaða markmiðum hún átti að þjóna.

Sveitabúskapur á miðöldum (Sveinbjörn Rafnsson) 1983-1984

Fjallað verður um nokkra efnahags- og samfélagslega þætti evrópskra og íslenskra miðalda.

Skiptar skoðanir innan íslenskrar sagnfræði á tímabilinu fyrir 1300 (Þór Whitehead) 1983-1984

Fjallað um misjafnar skoðanir á helstu vandamálum og heimildum íslenskrar sögu fyrir 1300.

Umhverfismál í sagnaritun samtímans (Sveinbjörn Rafnsson) 1983-1984

Fjallað verður um nokkur meginrit nýrra hugmynda í sagnaritun samtímans (eftir m.a. F. Braudel, E.J. Jones og M. Harris) um umhverfisþætti í náttúrunni til mótunar menningarsamfélaga og tilraunir til að skýra evrópska útpenslu á nýöld á þeim forsendum. Rætt verður um hneigðir og skýringartilraunir sem ganga í sömu átt í íslenskri sögu.

05.61.35 Kennsluefni um íslenska miðaldasögu?

1984-1985

Grunnnám

Aðferðir I (Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Magnússon) 1984-1985

Námskeiðið greinist í þrjá þætti: a) aðferðafræði. Fjallað verður um grundvallaratriði í söguspeki, heimildanotkun, stöðu sagnfræði í samtímanum og heimildanotkun, b) ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum, sem að ritgerðasmíð lúta, og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra

ritgerða, c) handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1984-1985

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns, fornaldarsögu Mið austurlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénsríkjum til þjóðríkja.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir) 1984-1985

Námskeiðið nær yfir tímabilið 1500—1850. Aðallega Evrópusaga. Yfirlit yfir þróun stjórnarfars og ríkja, hag- og félagssögu og pólitíska hugmyndafræði tímabilsins. Til sérstakrar umfjöllunar verða teknar forsendur og afleiðingar landafundanna, siðaskiptanna, frönsku stjórnarbyltingarinnar og iðnbyltingarinnar svo dæmi séu nefnd.

Mannkynssaga III (Sigurður Hjartason og Ögmundur Jónasson) 1984-1985

Tímabilið 1850-1939. Sex þemu tekin til meðferðar: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (ÖJ), iðnaður og verkafólk í Evrópu (SH), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (SH), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), Rómanska Ameríka (SH), Bretland (ÖJ). Í öllum þemunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 1984-1985

Fjallað er um tímann frá 9. öld til miðrar 16. aldar. Efni fyrirlestra er m.a.: landnám, uppruni Íslendinga, goðaveldi og goðakirkja, byggð og atvinnuhættir, konungsveldi og þingveldi, staðamál, skattlandið, ensk og þýsk áhrif á 15. og 16. öld og siðbreyting. Áhersla er lögð á atvinnu- og hagsögu en ekki fjallað verulega um sögu annarra norræna landa en Noregs.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Helgi Þorláksson) 1984-1985

Námskeiðið nær yfir tímabilið 1550-1830. Í fyrirlestrum verður fjallað m.a. um þróun stjórnarfars og samfélags, atvinnu- og hagsögu, menningu og menntamál. Tekin verða fyrir afmörkuð viðfangsefni, t.d. einveldishyllingin, Tyrkjaránið, galdramálin, endalok Alþingis og valdarán Jörgensens. Áhersla verður lögð á það, að nemendur kynnist frumheimildum tímabilsins. Einn tími í viku fer í skjalfærð og þá einkum þjálfun í lestri fljótaskrifta.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Bergsteinn Jónsson) 1984-1985

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórnmalapróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður reynt að huga að félagssögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Samtímasaga (Bergsteinn Jónsson og Jón Þ. Þór) 1984-1985

Fjallað verður um heimsstyrjöldina síðari og baráttuna um nýskipan heimsmála að henni lokinni, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn fornra heimsvalda. Rakin verður stjórnmalasaga Íslands og lýst þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum eftir 1940.

Aðferðir II (Gunnar Karlsson og Gísli Gunnarsson) 1984-1985

Í kennsluhluta Gunnars verður fengist við markmið sagnfræði og miðlun sögulegs efnis. Farið verður yfir stefnumarkandi rit um aðferðir og markmið, lesið um sögukennslu, sýnishorn sagnfræðitexta greind og rædd, æft að skrifa sögu fyrir alþýðlegan vettvang (börn). Kennsluhluti Gísla mun snúast um talnanotkun og skyld efni (tölfræði, gröf, landaureikninga, fólksfjöldafræði).

Þjóðháttufræði I – íslensk sveitamenning (Gunnlaugur Haraldsson) 1984-1985

Gefið verður stutt yfirlit yfir sögu og aðferðir þjóðháttasfræðinnar. Námskeiðið afmarkast einkum við 18. og 19. öldina. Fjallað verður um húsakost, atvinnuhætti, klæðnað, fjölskyldu- og heimilishætti, ýmsa siði í tengslum við helstu merkisdaga mannsævinnar og almanaksiði.

Listasaga I (Björn Th. Björnsson) 1984-1985

Farið verður yfir evrópska myndlistarsögu frá lokum víkingaaldar, um tímabil rómanskrar og gotneskar listar, endurreisnar og barokk. Kennsla fer fram í fyrirlestrum með skuggamyndum, sérstakri myndskoðun, sem og safn- og sýningarferðum eftir því sem tilefni gefast.

Almenn hagsaga síðari alda (Gísli Gunnarsson) 1984-1985

Fjallað verður um almenna hagsögu frá seinni hluta 18. aldar, einkum hagsögu Evrópu og Norður-Ameríku, þó einnig annarra heimsálfa. Kannað verður samspil samfélags- og hugmyndaþróunar, einkum í hagfræði. Fjallað verður um nokkur grundvallaratriði í hagfræði. Meðal viðfangsefna verður upphaf iðnfjármagns, vöxtur launavinnustétta, tækniþróun, nýlendustefnan, efnahagsþróun á 20. öld í mismunandi þjóðfélagsgerðum. Með tilliti til Íslands verður fjallað um alþjóðlega þróun fiskveiða og fiskiðnaðar.

Þriðji heimurinn eftir stríð (Þorsteinn Helgason) 1984-1985

Hvernig þriðji heimurinn kemur fram sem pólitískt afl og efnahagsleg heild upp úr kalda stríðinu. Samtök þróunarrikja og kröfur þeirra, m.a. um nýja hagskipan í heiminum. Skýringar á vanþróun og leiðum til úrbóta. Dæmi.

Fjölskyldusaga (Gísli Gunnarsson) 1984-1985

Rakin verður saga fjölskyldunnar á mismunandi tíma bæði við framleiðslu og endurframleiðslu í samfélaginu og jafnframt hvernig samskipti kynjanna endurspegluðust í fjölskyldumyndinni. Fjallað verður um viðhorf til barna og stöðu þeirra í fjölskyldunni. Fjallað verður um stöðu konunnar í sem víðtækustu samhengi, þótt megináhersla verði lögð á að kanna stöðu hennar sem móður. Megináhersla verður lögð á íslenska fjölskyldusögu allt frá tímum Grágásar til okkar daga. Samhliða verður fjallað um almenna fjölskyldusögu, einkum sögu evrópsku fjölskyldunnar.

Íslenskur sjávarútvegur á 20. öld (Jón Þ. Þór) 1984-1985

Fjallað verður um tækni og atvinnuþróun í sjávarútvegi, mikilvægi hans og áhrif á samfélagið. Lýst verður m.a. upphafi vélvæðingar í sjávarútvegi, uppbyggingu og þróunar fiskveiðiflotans, ólíkum veiðiaðferðum, fiskimiðum, fiskiverkun og áhrif markaða og markaðsbreytinga á veiðar og framleiðslu sjávarafurða. Jafnframt verður lögð áhersla á áhrif sjávarútvegsins á byggð í landinu.

Íslensk verkalýðshreyfing (Þorleifur Friðriksson) 1984-1985

Rakin verður þróun íslenskrar verkalýðshreyfingar á þessari öld og hún skoðuð í samhengi við þróun verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu. Athuguð verða tengsl íslenskrar verkalýðshreyfingar við verkalýðshreyfingar erlendis. Einstök baráttumál verkalýðshreyfingarinnar verða tekin fyrir og fjallað um valda- og hugmyndabaráttu innan hreyfingarinnar.

Jón Sigurðsson og sjálfstæðisbaráttan (Gunnar Karlsson) 1984-1985

Tilraun til endurmats á Jóni Sigurðssyni sem stjórnámamanni og sjálfstæðisbaráttunni, meðan hún var háð undir forystu hans, um 1840-1874.

Þjóðsögur og sagnfræði (Guðmundur Magnússon og Hallfreður Örn Eiríksson) 1984-1985

Fjallað verður um tengsl sagnfræði og þjóðsagna, gildi og takmarkanir munnmælasagna fyrir sögurannsóknir. Námskeiðið greinist í tvo þætti: Annars vegar verður athyglinni beint að íslenskum munnmælasögum úr sögu lands og þjóðar og rakin dæmi um gagnkvæm áhrif þessara sagna og sagnarita. Ennfremur verður rætt um áhrif munnmælasagna á rómantíska sagnaritun norrænna þjóða.

Hins vegar verður fjallað um hugmyndaheim þjóðsagna, heimildarýni og munnmælasagnir, fyrirburði og rökhyggju.

Valnámskeið

Náttúrustefna á 19. öld og viðbrögð við henni (Páll Skúlason og Guðmundur Magnússon) 1984-1985

Fjallað verður um uppruna, þróun og eðli náttúrustefnu á 19. öld í samhengi við almenna evrópska hugmyndasögu og félagssögu. Þá verða viðbrögð við stefnunni tekin til meðferðar. Margvíslegar frumheimildir verða greindar. Kennarar leggja til, að námsmat verði byggt á verkefnum úr frumheimildum.

Framhaldsnám

Þættir úr Íslandssögu eftir siðskipti (Þór Whitehead) 1984-1985

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Efnaleg menning og kapítalism á nýöld 1500-1800 (Sveinbjörn Rafnsson) 1984-1985

Fjallað verður um evrópsk samfélög og áhrif landafunda og nýlenduverslunar á þau. Enn fremur um landbúnað og hráefnaöflun í evrópskum nýlendum á tímabilinu. Einkum verður fjallað um efnahags- og samfélagssöguleg atriði og umræðu fræðimanna um þau.

Ritheimildir miðalda (Sveinbjörn Rafnsson) 1984-1985

Fjallað verður um hinar ýmsu tegundir ritheimilda frá evrópskum miðöldum, flokkun þeirra og tilurð, geymd þeirra og útgáfur. Stefnt verður að því að lýsa samspili íslenskrar og annarrar evrópskrar þróunar í þessum efnum.

Sagnfræðin og kalda stríðið (Þór Whitehead) 1984-1985

Fjallað verður um aðdraganda og gang kalda stríðsins fram til 1956. Farið verður yfir helstu rit um ágreining Austur- og Vesturveldanna og gerð grein fyrir heimildum þessara rita og skiptum skoðunum höfunda.

Lífsviðhorf íslenskra miðaldamanna (Gunnar Karlsson) 1984-1985

Efni námskeiðsins hefur hingað til einkum verið rætt í bókmenntasögu; menn hefur greint á um hvort Íslendingasögur lýsi hetjudýrkun af heiðinni ætt eða kristilegri fordæmingu á ofdirfsku. Fyrst verður lesið um þessar ólíku skoðanir (Sigurður Nordal, Hermann Pálsson o.fl.). Könnuð verða einhver erlend rit um hugmyndasögu miðalda. Síðan verður leitað, m.a. í frumheimildum, svara við spurningum um lífsviðhorf, siðfræði, gildismat: Voru menn örlagatrúar? Var hefndin dyggð, skylda eða löstur? Var betra að deyja með sæmd en lifa við skömm? Giltu sömu siðaboð fyrir konur og karla?

Semínar um miðlun sögu til almennings (Gunnar Karlsson) 1984-1985

Semínarið er einkum vettvangur fyrir þá sem eru að vinna einstaklingsverkefni til að bera saman bækur sínar, segja frá verkefnum sínum og taka við gagnrýni og ráðleggingum. Einnig verður leitast við að fá stöku sinnum aðkomumenn til að hafa framsögn og sitja fyrir svörum, t.d. reynda útvarpsmenn, kennslubókahöfunda eða alþýðufræðimenn.

1985-1986

Grunnnám

Aðferðir I (Ingi Sigurðsson og Anna Agnarsdóttir) 1985-1986

Námskeiðið greinist í þrjá þætti: a) aðferðafræði. Fjallað verður um grundvallaratriði í söguspeki, heimildanotkun og stöðu sagnfræði í samtímanum og heimildanotkun, b) ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum, sem að ritgerðasmíð lúta, og nemendur þjálfaðir í samningu fræðilegra ritgerða, c) handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Gísli Gunnarsson) 1985-1986

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénsríkjum til þjóðríkja.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir) 1985-1986

Námskeiðið nær yfir tímabilið 1500–1850. Aðallega Evrópusaga. Yfirlit yfir þróun stjórnarfars og ríkja, hag- og félagssögu og pólitíska hugmyndafræði tímabilsins. Til sérstakrar umfjöllunar verða teknar forsendur og afleiðingar landafundanna, siðaskiptanna, frönsku stjórnarbyltingarinnar og iðnbyltingarinnar svo dæmi séu nefnd.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson, Sigurður Hjartason og Ögmundur Jónasson) 1985-1986

Tímabilið 1850-1939. Sex þemu tekin til meðferðar: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (ÖJ), iðnaður og verkafólk í Evrópu (IS), landbúnaður og bændafólk í Evrópu (IS), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (SH), þættir úr sögu stjórnmálahugmynda (ÖJ), Rómanska Ameríka (SH), Bretland, með áherslu á menningarsögu (IS). Í öllum þemunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 1985-1986

Fjallað er um tímann frá 9. öld til miðrar 16. aldar. Efni fyrirlestra er m.a.: landnám, uppruni Íslendinga, goðaveldi og goðakirkja, byggð og atvinnuhættir, konungsveldi og þingveldi, staðamál, skattlandið, ensk og þýsk áhrif á 15. og 16. öld og siðbreyting. Áhersla er lögð á atvinnu- og hagsögu en ekki fjallað verulega um sögu annarra norræna landa en Noregs.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Helgi Þorláksson) 1985-1986

Tímabilið 1550-1830. Efni sem tekin verða til meðferðar eru m.a. siðskipti og breytingar í kjölfar þeirra, aukning konungsvelds, einokun, einveldi, rétttrúnaður, atvinnuvegir og þjóðhagir, efnahagsleg afturför og framfaraviðleitni á 18. öld, upplýsing. Einna mest verður dvalist við atriði í atvinnu og hagsögu en ekki gefinn sérlegur gaumur að sögu annarra norræna landa en Danmerkur og Noregs. Áhersla er lögð á að nemendur leggi sjálfir fram efni til umræðu og athugunar. Einum tíma á viku verður varið til skjalfraði.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Bergsteinn Jónsson) 1985-1986

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórnmálaþróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður reynt að huga að félagssögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Samtímasaga (Jón Guðnason) 1985-1986

Fjallað verður um heimsstyrjöldina síðari og baráttuna um nýskipan heimsmála að henni lokinni, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn fornra heimsvalda. Rakin verður stjórnmálasaga Íslands og lýst þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum eftir 1940.

Aðferðir II (Gunnar Karlsson og Gísli Gunnarsson) 1985-1986

Í kennsluhluta Gunnars verður fengist við markmið sagnfræði og miðlun sögulegs efnis. Farið verður yfir stefnumarkandi rit um aðferðir og markmið, lesið um sögukennslu, sýnishorn sagnfræðitexta

greind og rædd, æft að skrifa sögu fyrir alþjóðlegan vettvang (börn). Kennsluhluti Gísla mun snúast um talnanotkun og skyld efni (tölfræði, gröf, landaurareikninga, fólksfjöldafræði).

Listasaga II (Björn Th. Björnsson) 1985-1986

Farið verður yfir almenna evrópska listasögu frá lokum 18. aldar til þessa dags: nýklassík, rómantík, raunsæi, impressionisma, expressionisma, kúbisma, súrrealisma, óhlutbundna myndlist og helstu stefnur í samtíðarlist.

Þjóðháttafræði II – íslensk þéttbýlismyndun (Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Mjöll Snæsdóttir) 1985-1986

Fjallað verður um myndun og þróun þéttbýlis á Íslandi. Aðaláhersla verður lögð á tímabilið eftir 1870. Gefið verður yfirlit yfir valda þætti verk- og félagsmenningar þéttbýlis um og upp úr síðustu aldamótum. Rætt verður um mismunandi fræðikenningar og rannsóknaraðferðir í þjóðháttafræði. Nokkur áhersla verður lögð á að þjálfar nemendur í að safna munnlegum heimildum og vinna úr þeim, ásamt notkun skriflegra heimilda.

Fornleifafræði (Magnús Þorkelsson) 1985-1986

Fjallað verður um fræðigreinina; hún skilgreind og saga hennar rakin. Einnig verður fjallað um aðferðir og hugtök greinarinnar. Íslensk fornleifafræði verður aðalviðfangsefni námskeiðsins, saga hennar og helstu verkefni. Litið verður til nokkurra rannsókna og reynt að tengja fornleifafræði fósturjarðarinnar við það sem gerst hefur erlendis. Litið verður á hjávisindi, farnar náms- og safnaferðir eftir því sem aðstæður leyfa.

Hagsaga 20. aldar (Gísli Gunnarsson) 1985-1986

Útskýrð verða nokkur grundvallarhugtök í hagfræði og fjallað um sögu hagfræðikenninga á 20. öld. Fjallað verður bæði um íslenska og erlenda hagsögu á 20. öld. Meðal viðfangsefna verður fólksfjöldaþróun og breytingar á framleiðslu- og viðskiptaháttum. Launakjör og neysluvenjur. Þróun í atvinnumálum, lána- og fjárfestingarmálum. Efnahagssveiflur, efnahagsaðgerðir stjórnvalda. Alþjóðleg samvinna í efnahagsmálum, þ. á m. hlutverk alþjóðastofnana, fríverslunar- og efnahagsbandalaga. Efnahagsþróun utan Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Íslenski hagsögubátturinn er 50% af heildarvægi námskeiðsins.

Sovétríkin 1917-1964 (Arnór Hannibalsson) 1985-1986

Farið verður yfir helstu áfanga í sögu Sovétríkjanna á þessu tímabili: Byltinguna 1917 og aðdraganda hennar, lok fyrri heimsstyrjaldar, borgarastyrjöld, stríðið við Pólverja, sósíalisma í einu landi, samyrkjubúskap, Sovétríkin í seinni heimsstyrjöld, niðurstöður styrjaldarinnar, nítjándi flokkspingið og stjórnartímabil Khrúsjoffs.

Þættir úr sögu Mexíkó og Mið-Ameríku (Sigurður Hjartarson) 1985-1986

Teknir verða fyrir helstu þættir efnahags- og stjórnmálaþróunar frá nýlendutíma til nútímans með megináherslu á 19. og 20. öld. Saga þessa svæðis verður skoðuð með sérstakri hliðsjón af tengslum ríkjanna við aðra heimshluta. Frumheimildir verða nýttar sem kostur er.

Íslensk kvennasaga 1880-1920 (Sigríður Th. Erlendsdóttir) 1985-1986

Þjóðfélagsleg staða íslenskra kvenna á tímabilinu 1880-1920. Fjallað verður um uppeldismál, menntunarmál, réttindamál og atvinnustöðu kvenna.

Íslensk blöð og blaðamennska til 1920 (Bergsteinn Jónsson) 1985-1986

Reynt verður að gefa yfirlit yfir helstu blöð og tímarit frá upphafi, ritstjóra og aðra blaðamenn og hlutverk þeirra. Ennfremur þróun blaðamennsku og gagnkvæm áhrif hvors á annað, blaðanna og samfélagsins. Auk eigin samantektar verður stuðst við eldri ritgerðir um þessi efni, t.d. eftir Hannes Þorsteinsson, Halldór Hermannsson og Vilhjálm Þ. Gíslason. Við þetta tengist lauslega íslensk

prentsmiðjusaga. Einhver hliðsjón verður höfð af sambærilegri þróun í nálægum löndum, einkum Danmörku. Síðari tímamörkin eru sett þar um bil, þegar veldi dagblaða er að hefjast og málgögn stjórnmálaflokkanna verða alls ráðandi á blaðamarkaðinum.

Bandaríkjasaga eftir 1865 (Sæmundur Rögnvaldsson) 1985-1986

Fjallað verður um helstu viðburði í sögu Bandaríkjanna frá lokum borgarastyrjaldar til okkar daga. Einkum verður lögð áhersla á efnahags- og stjórnmál. Reynt verður eftir föngum að fjalla sérstaklega um Bandaríki nútímans.

Austurveldin á fyrri hluta miðalda (Helgi Skúli Kjartansson) 1985-1986

Miklagarðsríki frá Heraklíosi til fjórðu krossferðar, Serkjaveldi og Garðaríki frá upphafi til herhlaups Mongóla. Stefnt er að yfirlitsþekkingu um viðgang og sambúð ríkja og í minna mæli um félags- og hagsögu. Athugaðar verða skýringar sagnfræðinga á nokkrum völdum álitamálum. Munnleg og skrifleg verkefni nemenda verða mörg og smá, leit að vissum upplýsingum eða athugun á röksemdafærslu í ritgerðum og bókaköflum. Notuð verða fræðirit, ekki frumheimildir.

Valnámskeið sameiginleg öðrum námskeiðum:

Upplýsingin (Ingi Sigurðsson, Kristján Árnason, Páll Skúlason) 1985-1986

Fjallað verður um upplýsinguna í Evrópu í hugmyndasögulegu samhengi og áhrif hennar á ýmsum sviðum tekin til meðferðar. Upplýsingunni á Íslandi verða gerð nokkur skil. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda. Námskeiðið skiptist í þrjá nokkurn veginn jafna hluta: sagnfræðilegan, heimspekilegan og bókmenntafræðilegan, en leitast er við að láta hlutana þrjá mynda eina heild.

Þjóðfélag og menning í Skotlandi frá 1707 til samtímans (Ingi Sigurðsson og J.M.D'Arcy) 1985-1986

Fjallað verður um valda þætti úr sögu þjóðfélags og menningar í Skotlandi frá 1707 til samtímans. Í upphafi verður veitt yfirlit yfir sögu Skotlands á tímabilinu. Byggt verður að talsverðu leyti á frumheimildum: greinargerðum um þjóðfélagsástand og textum sem varða menningarsögu. Eftirtalin svið verða tekin til meðferðar: stjórnmál og trúmál um 1707-1746, skoskt þjóðfélag á síðari helmingi 18. aldar og skoska upplýsingin, áhrif iðnbyltingarinnar á þjóðfélag og menningu, þjóðfélagsbreytingar á Hálöndunum frá öndverðri 19. öld til samtímans, þjóðernishyggja á 20. öld og „skoska endurreisnin.“

Þjóðfélag og menning á Norðurlöndum 1870-1939 (Umsjón: Þorleifur Friðriksson. Kennarar: Lisa Schmalensee, Ingibjörg Hafstað, Peter Rasmussen, Þorleifur Friðriksson) 1985-1986

Kynning á þjóðfélagi og menningu á Norðurlöndum 1870-1939 með áherslu á eftirtalda þætti: 1. Breytingar á skilningi fólks á tíma, rúmi og manngildi (LS), 2. Líf kvenna í ljósi uppeldis, menntunar, starfs og sköpunar (LS, IH), 3. Fólksflutningar úr sveit í þéttbýli og hugarfarsbreytingar í tengslum við þá (PR). 4. Skandinavísk verkalyðshreyfing (ÞF). Námskeiðið er haldið í samvinnu sagnfræði, dönsku og norsku. Kennarar kenna hver á sínu móturmáli; nemendur geta valið um tungumál við lausn verkefna. Kennst verður í fyrirlestrum, umræðum og könnunarverkefnum. Byggt verður að nokkru leyti á frumheimildum.

Framhaldsnám

Skjalasöfn og skjalavarsla (Jón E. Böðvarsson og Kristjana Kristinsdóttir) 1985-1986

Hlutverk og staða skjalasafna í stjórnsýslu og sem heimildir fyrir sagnfræði. Saga skjalasafna, stjórnkerfið og varðveitt söfn þess. Dagleg skjalavarsla, bréfalyklar, flokkun, röðun og grisjun. Frágangur og varðveisla í skjalasafnsstofnunum. Gert er ráð fyrir að nemendur séu læsir á eldri rithendur. Ætlast er til virkrar þátttöku nemenda, og má gera ráð fyrir að þeir verði látnir leysa verkefni sem verða metin sem hluti af prófi.

Fræðslumál á Íslandi 1875-1946 (Jón Guðnason) 1985-1986

Lýsing á uppbyggingu fræðslu- og skólakerfis á Íslandi 1875-1946 og samhengi hennar við þróun íslensks þjóðfélags á öðrum sviðum og hvaða markmiðum hún átti að þjóna.

Sjávarútvegur og utanríkisverslun Íslendinga til síðari hluta 19. aldar (Gísli Gunnarsson) 1985-1986

Vistfræðileg skilyrði sjávarútvegs Íslendinga við mismunandi tæknistig. Tæknisaga sjávarútvegsins. Samfélagsleg skilyrði, einkum tengslin við landbúnaðinn. Verslunarsaga, einkum tími einokunarverslunarinnar og upphafs fríhöndlunar. Sérstök áhersla er lögð á að kanna samspil verslunar og sjávarútvegs í íslenskum þjóðarbúskap. Efnispungi námskeiðsins er seinni hluti 18. aldar, en til samanburðar verða önnur tímabil könnuð, allt frá miðöldum til loka 19. aldar. Einnig verður fjallað til samanburðar um önnur forn (arkaísk) samfélög en það íslenska.

Íslensk utanríkisverslun á miðöldum (Helgi Þorláksson) 1985-1986

Reynt verður að svara hversu mikilvæg utanríkisverslunin var fyrir afkomu hins íslenska miðaldarþjóðfélags. Athygli verður m.a. beint að helstu inn- og útflutningavörum, framboði og framleiðsluháttum, verðmyndun og verðlagsþróun, ekki síst upphafi og þróun landaurakerfisins svonefnda. Verður höfð hliðsjón af samsvarandi kerfum annars staðar og hagsögulegum kenningum sem tengjast þeim. Gaumur verður gefinn hagsmunum erlendra Íslandskaupmanna og skipseigenda, einkum í Björgvin fram til 1430 og athuguð þau þáttaskil sem urðu við siglingar Englendinga og síðar Þjóðverja til Íslands á 15. og 16. öld. Áhersla verður lögð á að kynna nýlegar rannsóknir verslunarsögu Vestur- og Norður-Evrópu á miðöldum og tengja þær efni námskeiðsins.

Þjóðernisstefna og þjóðernisvitund Íslendinga (Gunnar Karlsson) 1985-1986

Megináhersla námskeiðsins verður á þjóðernishreyfingu Íslendinga á 19. öld. Lesin verða rit um hana sjálfa og auk þess leitast við að dýpka skilning á henni með því að sækja í þrjár ólíkar áttir: 1) Til rita um þjóðernishreyfingu almennt (Ernest Gellner o. fl.). 2) Í vitneskju um þjóðernishreyfingar í grannlöndum (Færeyjum, Finnlandi og hugsanlega Bretlandseyjum). 3) Til rita um þjóðernisvitund Íslendinga fyrir á tímum (Kirsten Hastrup).

1986-1987

Grunnnám

Aðferðir I (Ingi Sigurðsson og Anna Agnarsdóttir) 1986-1987

A) aðferðafræði. Fjallað verður um grundvallaratriði í söguspeki, sögu sagnfræðinnar, stöðu hennar í samtímanum og heimildanotkun. B) ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum, sem að ritgerðasmíð lúta, og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða. C) handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1986-1987

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénsskipulagi til þjóðríkja.

Mannkynssaga II (Guðmundur Hálfðanarson) 1986-1987

Tímabilið 1500-1850. Aðallega Evrópusaga. Fimm til sex þemu, valin í samráði við nemendur, verða tekin til umfjöllunar. Dæmi: Gullöld og hnignun Spánar, hugmyndafræði tímabilsins, þjóðfélagsleg uppbygging, Rússland á 18. öld, franska stjórnarbyltingin. Áhersla verður lögð á notkun frumheimilda.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson og Helgi Skúli Kjartansson) 1986-1987

Tímabilið 1850—1939. Eftirtalin meginsvið verða tekin til meðferðar: Stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (IS), iðnaður og verkafólk í Evrópu (HSK), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (IS), þættir úr sögu stjórnmálahugmynda (HSK). Rómanska Ameríka (IS), Spánn (IS). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Gunnar Karlsson) 1986-1987

Fjallað verður um tímann frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi. Helstu efnisþættir eru: Landnám á Íslandi, heiðið þjóðfélag, kristni, Sturlungaöld, staða Íslands í veldi Noregskonungs, enska öldin, siðskipti.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Helgi Þorláksson) 1986-1987

Tímabilið 1550—1830. Efni sem tekin verða til meðferðar eru m.a.: Siðskipti og breytingar í kjölfar þeirra, aukning konungsvalds, einokun, einveldi, rétttrúnaður, atvinnuvegir og þjóðhagir, efnahagsleg afturför og framfaraviðleitni á 18. öld, upplýsing. Einna mest verður dvalist við atriði í atvinnu- og hagsögu en ekki gefinn sérlegur gaumur að sögu annarra norræna landa en Danmerkur og Noregs. Áhersla er lögð á að nemendur leggi sjálfir fram efni til umræðu og athugunar. Einum tíma á viku verður varið til skjalfraði.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Bergsteinn Jónsson) 1986-1987

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórnmálaþróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður hugað að félagssögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Samtímasaga (Jón Guðnason og Jón Þ. Þór) 1986-1987

Fjallað verður um heimsstyrjöldina síðari og baráttuna um nýskipan heimsmála að henni lokinni, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn fornra heimsvalda. Rakin verður stjórnmálasaga Íslands og lýst þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum eftir 1940.

Aðferðir II (Gunnar Karlsson og Gísli Gunnarsson) 1986-1987

Í kennsluhluta Gunnars verður fengist við markmið sagnfræði og miðlun sögulegs efnis. Farið verður yfir stefnumarkandi rit um aðferðir og markmið, lesið um sögukennslu, sýnishorn sagnfræðitexta greind og rædd, æft að skrifa sögu fyrir alþýðlegan vettvang, t.d. handa börnum eða til útvarpsflutnings. Kennsluhluti Gísla mun snúast um talnanotkun og skyld efni (tölfræði, gröf, landaurareikninga, fólksfjöldafræði).

Listasaga III (Björn Th. Björnsson) 1986-1987

Farið verður yfir íslenska myndlist frá 1860-1980. Gerð verður grein fyrir helstu stefnum og listamönnum þessa tímabils á sviði málverka, höggmynda og annarra sjónlista. Kennslan fer fram í fyrirlestrum með listskuggamyndum, en einnig safna- og sýningarferðum, eftir því sem við á og ástæður leyfa.

Þjóðháttufræði I – íslensk sveitamenning (Gunnlaugur Haraldsson) 1986-1987

Gefið verður stutt yfirlit yfir sögu og aðferðir þjóðháttufræðinnar. Námskeiðið afmarkast einkum við 18. og 19. öldina. Fjallað verður um húsakost, atvinnuhætti, klæðnað, fjölskyldu- og heimilishætti, ýmsa siði í tengslum við helstu merkisdaga mannsævinnar og almanaksiði. Við gerð verkefna verða notaðar frumheimildir.

Hagsaga fram að 1900 (Gísli Gunnarsson) 1986-1987

Fjallað verður um valda þætti úr almenningi hagsögu og íslenskri hagsögu frá hámiðöldum til loka 19. aldar, m.a. með hliðsjón af kenningum í hagfræði og hagrænni mannfræði, og hagfræðikenningar tímabilsins verða raktar. Meðal viðfangsefna er lénsskipulagið, eðli og hlutverk verslunar, upphaf kapítalískra framleiðsluhátta, iðnbyltingin, hagþróun á 19. öld, nýlendustefnan og heimsvaldastefnan.

Meðal sérstakra viðfangsefna í hagsögu Íslands á tímabilinu má nefna eignaskiptingu og stéttaskiptingu, landskuld, leigur og kvaðir, innanríkisverslun, utanríkisverslun og fiskveiðar. Íslenski hagsögubátturinn er 50% af heildarvægi námskeiðsins.

Afríkusaga (Þorsteinn Helgason) 1986-1987

Leitast verður við að gefa hugmynd um umfang afrískrar sögu allt frá frumbyggð manns í álfunni til þurrkatímanna síðustu árin. Athugað verður hver sérstaða Afríku er í landfræðilegu tilliti og hvernig sagan hefur mótast af þessu. Gætt er að hve fjölbreyttar heimildir eru um þessa sögu. Sérstaklega verður staldrað við landnám í álfunni, konungsveldi og verslun, samskipti við Evrópumenn, áhrif þrælasölu og nýlendutíma, aðdraganda aðskilnaðarstefnu í Suður-Afríku og efnahags- og búskaparvanda nútímans.

Útgáfunámskeið (Helgi Þorláksson) 1986-1987

Unnið verður að útgáfu blaðs um tiltekið þema. Verkefnið er þrípætt: a) Þemaefni rætt og afmarkað í hópvinnu. b) Samnings efnis, stíll og framsetning. c) Uppsetning efnis, útgáfutækni og ýmsir þættir útgáfumála almennt.

Fólksfjöldasaga og skyldar greinar (Gísli Gunnarsson) 1986-1987

Helstu grundvallaratriði fólksfjöldafræðinnar verða rakin með aðstoð tölfræðilegra heimilda og nemendur æfðir á ýmsum breytum hennar. Farið verður yfir bæði almenna og íslenska fólksfjöldasögu síðustu aldirnar með sérstakri hliðsjón af breytingum á frjósemi, giftingartíðni, dánartíðni og dánarorsökum og þessir þættir tengdir almennri þróun í efnahags-, félags- og heilbrigðismálum. Í tengslum við fólksfjöldasöguna verður fjallað lauslega um nokkur atriði í mannfræði og þróun mannsins. Einnig verður fjallað um ættfræði og hvernig nýta meggi hana í sagnfræði, einkum félags- og fólksfjöldasögu.

Íslenskur sjávarútvegur á 20. öld (Jón Þ. Þór) 1986-1987

Fjallað verður um tækni og atvinnuþróun í sjávarútvegi, mikilvægi hans og áhrif á samfélagið. Lýst verður m.a. upphafi vélvæðingar í sjávarútvegi, uppbyggingu og þróunar fiskiflotans, ólíkum veiðiaðferðum, fiskimiðum, fiskverkun og áhrif markaða og markaðsbreytinga á veiðar og framleiðslu sjávarafurða. Jafnframt verður lögð áhersla á áhrif sjávarútvegsins á byggð í landinu.

Íslensk samgöngumál 1776-1938 (Bergsteinn Jónsson) 1986-1987

Leitast verður við að fá yfirlit yfir helstu áfanga í sögu íslenskra samgöngumála frá 1776, þegar fyrst var gefin út tilskipun um póstpjónustu í landinu, til 1938, þegar Flugfélag Akureyrar hóf störf. Meðal helstu viðfangsefna verða vegagerð, þar með taldar brúarsmíðar, vita- og hafnarmál, strandmælingar og sjúkortagerð, samgöngur til annarra landa og strandferðir.

Samvinnuhreyfingin á Íslandi á fyrri hluta 20. aldar (Helgi Skúli Kjartansson) 1986-1987

Þróun samvinnuhreyfingarinnar á Íslandi u.þ.b. 1905-55 og samhengi hennar við atvinnu- og viðskiptasögu landsins. Jafnframt kynntir ýmsir handhægustu heimildaflokkar þeirrar sögu og vandamál sem notkun þeirra eru samfara.

Vesturferðir af Íslandi 1855-1914 (Bergsteinn Jónsson) 1986-1987

Fólksflutningar til Utah frá 1855, þegar fyrstu íslensku mormónarnir héldu þangað. Brasilíuferðir og félagsskapur um þær 1859-1873. Flutningar til Bandaríkjanna frá 1870 og Kanada frá 1872. Leitin að Nýja-Íslandi til 1875. Tilraunir til íslenskrar nýlendustofnunar í Wisconsin, Ontario, Nova Scotia, Nebraska, Minnesota, Manitoba, Norður-Dakota og víðar. Landkönnun í Alsak. Kirkjumál. Blaðaútgáfa. Deilur og önnur samskipti við Íslendinga heima.

Hefð og frjálshyggja á Íslandi á síðari hluta 19. aldar (Guðmundur Hálfðanarson) 1986-1987

Fjallað verður um þær róttæku samfélagsbreytingar sem hófust á Íslandi á síðari hluta 19. aldar. Lögð verður áhersla á að kanna samspil hugmyndafræði og félagsþróunar á tímabilinu og þá sérstaklega þau átök sem urðu um framtíðarskipulag í íslensku efnahagslífi. Reynt verður að leita samanburðar í samsvarandi þróun í öðrum löndum og höfð verður hliðsjón af kenningum í félagssögu. Lesin verða bæði innlend og erlend fræðirit auk frumheimilda.

Bandarískt þjóðfélag 1940—1980 (Thomas Howell) 1986-1987

Fjallað verður um meginþætti í bandarískri þjóðfélagssögu frá síðari heimsstyrjöld og þar til Ronald Reagan var kjörinn forseti. Vikið verður að stjórnmálum og efnahagsmálum, þar sem við á. Frumheimildir verða talsvert notaðar.

Valnámskeið

Þjóðfélag og menning á Norðurlöndum 1870-1939 (Umsjón: Þorleifur Friðriksson. Kennarar: Lisa Schmalensee, Ingibjörg Hafstað, Peter Rasmussen, Þorleifur Friðriksson) 1986-1987

Kynning á þjóðfélagi og menningu á Norðurlöndum 1870-1939 með áherslu á eftirtalda þætti: 1. Breytingar á skilningi fólks á tíma, rúmi og manngildi (LS), 2. Líf kvenna í ljósi uppeldis, menntunar, starfs og sköpunar (LS, IH), 3. Norræn verkalyðshreyfing (ÞF). 4. Finnskar þjóðernishugmyndir, þjóðernisvandi og menntakerfi í Finnlandi 1860-1940 (TK). 5. Stjórnmálaþróun í Danmörku 1870-1920 (LB). Námskeiðið er haldið í samvinnu sagnfræði, dönsku, finnsku, norsku og e.t.v. sænsku. Kennarar kenna hver á sínu máli; nemendur geta valið um tungumál við lausn verkefna. Kennt verður í fyrirlestrum, umræðum og könnunarverkefnum. Byggt verður að nokkru leyti á frumheimildum.

Framhaldsnám

Fræðslumál á Íslandi 1875-1946 (Jón Guðnason) 1986-1987

Lýsing á uppbyggingu fræðslu- og skólakerfis á Íslandi 1875-1946 og samhengi hennar við þróun íslensks þjóðfélags á öðrum sviðum og hvaða markmiðum hún átti að þjóna.

Ritheimildir miðalda (Sveinbjörn Rafnsson) 1986-1987

Fjallað verður um hinar ýmsu tegundir ritheimilda frá evrópskum miðöldum, flokkun þeirra og tilurð, geymd þeirra og útgáfur. Stefnt verður að því að lýsa samspili íslenskrar og annarrar evrópskrar þróunar í þessum efnum. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Umhverfismál í sagnaritun samtímans (Sveinbjörn Rafnsson) 1986-1987

Fjallað verður um hugmyndir í sagnaritun samtímans um náttúrulegt umhverfi, viðhorf til þess og áhrif þess í menningarsögu, m.a. tilraunir til að skýra evrópska útpenslu á nýöld á þeim forsendum. Um vistfræðisögu. Rætt verður um hneigðir og skýringartilraunir af svipuðu tagi í íslenskri sögu.

Kennsluefni um íslenska miðaldasögu (Gunnar Karlsson) 1986-1987

Eitthvað verður lesið um aðferðir við sögukennslu. En meginviðfangsefnið er að semja kennsluefni um íslenska miðaldasögu fyrir framhaldsskóla og prófa það í kennslu. Farið verður yfir námsefni sem var skrifað í sama námskeiði á vormisseri 1984, það endurbætt og aukið við það. Þar sem ekki er kostur á framhaldsskólabekk til tilraunakennslu verður námsefnið prófað í námskeiðinu Íslands- og Norðurlandasaga I.

Þættir úr viðhorfasögu (Ingi Sigurðsson) 1986-1987

Viðfangsefni námskeiðsins verður viðhorf fólks til ákveðinna efna í tímans rás, en rannsóknir af þessu tagi mynda sérstaka undirgrein sagnfræðinnar. Fyrst verður gerð grein fyrir þróun þessarar undirgreinar (viðhorfasögu) og aðferðafræði hennar. Mestum tíma verður varið til að fjalla um viðhorf á nokkrum völdum sviðum. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda, einkum íslenskra. Eftirtalin

svið verða m.a. tekin til meðferðar: viðhorf Íslendinga til annarra þjóða, viðhorf til einstakra byggðarlaga á Íslandi og íbúa þeirra og viðhorf til einstakra hópa í íslensku þjóðfélagi.

Mannréttindahreyfingin í Bandaríkjunum síðan 1945 (Thomas Howell) 1986-1987

Fjallað verður um uppruna baráttuhreyfingarinnar fyrir mannréttindum blökkumanna í Bandaríkjunum (civil rights movement) og helstu áfanga í sögu hennar á tímabilinu. Gerð verður grein fyrir því hvert hún sótti styrk sinn, og metið hvaða áhrif hún hafði. Áhersla verður lögð á notkun frumheimilda.

1987-1988

Grunnnám

Aðferðir I (Ingi Sigurðsson og Anna Agnarsdóttir) 1987-1988

A) aðferðafræði. Fjallað verður um grundvallaratriði í söguspeki, sögu sagnfræðinnar, stöðu hennar í samtímanum og heimildanotkun. B) ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum, sem að ritgerðasmíð lúta, og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða. C) handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1987-1988

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Miðausturlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénríkjum til þjóðríkja.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir) 1987-1988

Námskeiðið nær yfir tímabilið 1500-1850. Fimm til sex þemu, valin í samráði við nemendur, verða tekin til umfjöllunar. Dæmi: Gullöld og hnignun Spánar, hugmyndafræði tímabilsins, þjóðfélagsleg uppbygging, Rússland á 18. öld, franska stjórnarbyltingin. Áhersla verður lögð á notkun frumheimilda.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson og Sigurður Hjartarson) 1987-1988

Tímabilið 1850-1939. Eftir talin meginsvið verða tekin til meðferðar: Stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (IS), landbúnaður og bændafólk í Evrópu (IS), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (SH), þættir úr hugmyndasögu (IS), Rómanska Ameríka (SH), Spánn (IS). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Gunnar Karlsson) 1987-1988

Fjallað verður um tímann frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Námsfni fjallar um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar og tæknilegan frágang ritgerða, og er því nauðsynlegt að þátttakendur lesi Aðferðir I samhliða, ef þeir hafa ekki lokið því áður.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Helgi Þorláksson) 1987-1988

Tímabilið 1550-1830. Efni sem tekin verða til meðferðar eru m.a.: Siðskipti og breytingar í kjölfar þeirra, aukning konungsvalds, einokun, einveldi, rétttrúnaður, atvinnuvegir og þjóðhagir, efnahagsleg afturför og framfaraviðleitni á 18. öld, upplýsing. Einna mest verður dvalist við atriði í atvinnu- og hagsögu en ekki gefinn sérlegur gaumur að sögu annarra norrænna landa en Danmerkur og Noregs. Áhersla er lögð á að nemendur leggi sjálfir fram efni til umræðu og athugunar. Einum tíma á viku verður varið til skjalfraði.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Jón Þ. Þór) 1987-1988

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórnmalabróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður hugað að félagsögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Samtímasaga (Jón Guðnason og Jón Þ. Þór) 1987-1988

Fjallað verður um heimsstyrjöldina síðari og baráttuna um nýskipan heimsmála að henni lokinni, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn fornra heimsveldi. Rakin verður stjórnmalasaga Íslands og lýst þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum eftir 1940.

Aðferðir II (Helgi Skúli Kjartansson og Gísli Gunnarsson) 1987-1988

Í kennsluhluta Helga Skúla verður fengist við miðlun sögulegs efnis. Lesið verður um sögukennslu, athugað sýnishorn sagnfræðitexta, æft að semja ýmsar gerðir af sögulegum textum (útvarpsþætti, nemendaefni, ritdóma, þýðingar o.fl.). Kennsluhluti Gísla mun snúast um talnanotkun og skyld efni (tölfræði, gröf, landaurareikninga, fólksfjöldafræði).

Listasaga I (Björn Th. Björnsson) 1987-1988

Farið verður yfir evrópska myndlistarsögu frá lokum víkingaaldar, um tímabil rómanskrar og gotneskar listar, endurreisnar og barokk. Kennsla fer fram í fyrirlestrum með skuggamyndum, sérstakri myndskoðun, sem og safn- og sýningarferðum eftir því sem tilefni gefast.

Þjóðháttufræði II – íslenskir sjávarhættir (Gunnlaugur Haraldsson) 1987-1988

Gefið verður yfirlit yfir daglegt líf fólks sem bjó við sjávarsíðuna og sérstök áhersla lögð á sjávarhætti ýmiss konar, svo sem fisk-, hákarla- og selveiðar og fuglanyttjar. Námskeiðið afmarkast við tímabilið frá upphafi landnáms fram til þéttbýlismyndunar á Íslandi, en aðaláhersla verður lögð á 18. og 19. öldina.

Hagsaga 20. aldar (Gísli Gunnarsson) 1987-1988

Útskýrð verða nokkur grundvallarhugtök í hagfræði og fjallað um sögu hagfræðikenninga. Fjallað verður bæði um íslenska og erlenda hagsögu á 20. öld. Meðal viðfangsefna verður fólksfjöldaþróun og breytingar á framleiðslu- og viðskiptaháttum. Launakjör og neysluvenjur. Þróun í atvinnumálum, lána- og fjárfestingarmálum. Efnahagssveiflur, efnahagsaðgerðir stjórnvalda. Alþjóðleg samvinna í efnahagsmálum, þ. á m. hlutverk alþjóðastofnana, fríverslunar- og efnahagsbandalaga. Efnahagsþróun utan Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Íslenski hagsögubátturinn er 50% af heildarvægi námskeiðsins.

Íslensk kvennasaga 1880-1920 (Sigríður Th. Erlendsdóttir) 1987-1988

Þjóðfélagsleg staða íslenskra kvenna á tímabilinu 1880-1920. Fjallað verður um uppeldismál, menntunarmál, réttindamál og atvinnustöðu kvenna.

Íslensk utanríkis- og öryggismál síðan 1945 (Þór Whitehead) 1987-1988

Ætlunin er að kanna ástæður þess, að Íslendingar hurfu frá hlutleysisstefnu og skipuðu sér í sveit með vestrænum ríkjum í utanríkis- og öryggismálum. Þetta verður einkum gert með því að fjalla um Keflavíkursamninginn 1946, Marshallhjálpin á Íslandi, inngönguna í Atlantshafsbandalagið 1949, varnarsamninginn 1951 og hernaðarmikilvægi Íslands.

Samfélag, hugmyndafræði og spænska borgarastyrjöldin (Ingi Sigurðsson) 1987-1988

Fjallað verður um spænskt þjóðfélag á 3. og 4. áratug þessarar aldar, og verður höfuðáhersla lögð á þær þjóðfélagshræringar sem tengjast spænsku borgarastyrjöldinni. Þessi umfjöllun verður tengd almennri Evrópusögu. Teknar verða til meðferðar ýmsar hugmyndastefnur sem settu svip á spænsku borgarastyrjöldina og þróun þeirra athuguð í evrópsku samhengi. Lesnir verða valdir kaflar úr ritum, þá á m. íslenskum, frá styrjaldarárunum og könnuð þau viðhorf til átakanna sem þar koma fram.

Reykjavík nútímans – Saga höfuðstaðarins síðan 1940 (Eggert Þór Bernharðsson) 1987-1988

Yfirlit yfir þróun og sögu Reykjavíkur síðan 1940 og þær breytingar sem einkennt hafa líf og starf íbúa höfuðstaðarins á þeim tíma. Námskeiðið skiptist í tvo meginhluta. Í þeim fyrri verður hugað að þróun og sögu borga almennt, farið í helstu drætti í sögu og þróun Reykjavíkur fyrir 1940, dregnar upp heildarlínur í þróun bæjarins/borgarinnar síðan 1940 og reynt að skýra hvaða kraftar hafa ráðið mestu um þróunina á þeim tíma, fjallað um aðferða- og heimildafræðileg vandamál sem tengjast könnun á sögu Reykjavíkur síðan 1940, svo sem atvinnumál, breytta atvinnuhætti, verkaskiptingu, verkalýðsbaráttu, fjölskylduna, heimilið, félagsmál, fólksfjölgun, ólíka aldurshópa, uppruna Reykvíkinga, skemmtanir, menningarmál, skipulag, dreifingu byggðar, húsnæðismál, framkvæmdir, vöxt bæjarins og stjórnmál.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir og Ólafur Ásgeirsson) 1987-1988

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræði. Um skjalasöfn (saga-þróun-hlutverk). Ferill skjala frá pappírurum í skrifstofu í dag og yfir í sagnfræðilegar heimildir. Þjóðskjalasafn Íslands, kynning á hlutverki þess og starfi. Hvernig finna má heimildir í skjalasöfnum. Æfingaverkefni á Þjóðskjalasafni.

Hafréttarmál og fiskveiðideilur (Jón Þ. Þór) 1987-1988

Farið verður yfir sögu hafréttarmála Íslendinga frá því á miðöldum og fram á okkar daga, en megináhersla lögð á tímabilið frá 1890. Stuðst verður við ýmsar bækur, tímaritsgreinar, skýrslur og annað prentað efni, en ekki síður við ýmsar frumheimildir, innlendar og erlendar, m.a. mikið af breskum skjalagögnum.

Fjölskyldusaga (Gísli Gunnarsson) 1987-1988

Rakin verður saga fjölskyldunnar á mismunandi tíma bæði við framleiðslu og endurframleiðslu í samfélaginu og jafnframt hvernig samskipti kynjanna endurspegluðust í fjölskyldumyndinni. Fjallað verður um viðhorf til barna og stöðu þeirra. Fjallað verður um stöðu konunnar í sem víðtækustu samhengi, þótt megináhersla verði lögð á að kanna stöðu hennar sem móður. Megináhersla verður lögð á íslenska fjölskyldusögu allt frá tímum Grágásar til okkar daga. Samhliða verður fjallað um almenna fjölskyldusögu.

Íslensk verkalýðshreyfing (Þorleifur Friðriksson) 1987-1988

Rakin verður þróun íslenskrar verkalýðshreyfingar á þessari öld og hún skoðuð í samhengi við þróun verkalýðshreyfingarinnar á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. Athuguð verður tengsl íslenskrar verkalýðshreyfingar við verkalýðshreyfingar erlendis. Einstök baráttumál verkalýðshreyfingarinnar verða tekin fyrir og fjallað um valda- og hugmyndabaráttu innan hreyfingarinnar.

Framhaldsnám

Þættir úr Íslandssögu eftir siðskipti (Þór Whitehead) 1987-1988

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Fræðslumál á Íslandi 1875-1946 (Jón Guðnason) 1987-1988

Lýsing á uppbyggingu fræðslu- og skólakerfis á Íslandi 1875-1946 og samhengi hennar við þróun íslensks þjóðfélags á öðrum sviðum og hvaða markmiðum hún átti að þjóna.

Víkingasaga (Sveinbjörn Rafnsson) 1987-1988

Fjallað verður um hinar margþættu heimildir og rannsóknaraðferðir sem notaðar hafa verið til þess að varpa ljósi á sögu Víkingaaldar (þ.e. sögu Norður-Evrópu frá því um 800 til um 1100).

Íslensk vinstrihreyfing 1939-56 (Þór Whitehead) 1987-1988

Fjallað verður um stefnu Alþýðuflokks og Sósíalistasflokks í innanríkis- og utanríkismálum, átök flokkanna m.a. í verkálýðshreyfingunni, klofning þeirra, þátttöku í ríkisstjórnnum og gengi þeirra almennt.

Þættir úr íslenskri kirkjusögu á miðöldum (Sveinbjörn Rafnsson) 1987-1988

Fjallað verður um sögulegar heimildir og vandamál tengd trúboðssögu, kristnitöku, kirkjustjórn og kirkjulegum stofnunum á Íslandi á miðöldum.

1988-1989

Grunnnám

Aðferðir I (Anna Agnarsdóttir, Jón Viðar Sigurðsson, Kristján Guðmundsson) 1988-1989

- a) Aðferðafræði. Fjallað verður um grundvallaratriði í söguspeki.
- b) Aðferðafræði. Fjallað verður um sögu sagnfræðinnar, stöðu hennar í samtímanum og heimildanotkun.
- c) Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum, sem að ritgerðasmíð lúta, og nemendur þjálfaðir í samningu fræðilegra ritgerða.
- d) Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1988-1989

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénsríkjum til þjóðríkja.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir) 1988-1989

Tímabilið 1500—1850. Aðallega Evrópusaga. Fimm til sex þemu, valin í samráði við nemendur, verða tekin til umfjöllunar. Dæmi: Gullöld og hnignun Spánar, hugmyndafræði tímabilsins, þjóðfélagsleg uppbygging, Rússland á 18. öld, franska stjórnarbyltingin. Áhersla verður lögð á notkun frumheimilda.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 1988-1989

Tímabilið 1850-1939. Eftirtalin meginsvið verða tekin til meðferðar: Stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (IS), landbúnaður og bændafólk í Evrópu (IS), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), Rómanska Ameríka (IS), Bretland (ÖJ). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Gunnar Karlsson) 1988-1989

Fjallað verður um tímann frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Námsfni fjallar um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar og tæknilegan frágang ritgerða, og er því nauðsynlegt að þátttakendur lesi Aðferðir I samhliða, ef þeir hafa ekki lokið því áður.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Helgi Þorláksson) 1988-1989

Tímabilið 1550-1830. Fjallað verður um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, húsændur og hjú, hjáleigubændur og fiskimenn, eignaskiptingu og stéttaskiptingu, landskuld, leigur og kvaðir. Verslunarsaga verður sérstaklega rakin. Áhersla verður lögð á að kanna þá lífssýn, sem hélt samfélagsvefnum saman, einkum lúterskan rétttrúnað, forlagahyggju og hjátrú, enn fremur skynsemissstefnu og nýsköpunarhugmyndir við lok tímabilsins. Raktir verða helstu stjórnmalaafturðir tímabilsins. Einum tíma í viku verður varið til skjalfærð.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Bergsteinn Jónsson) 1988-1989

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórn málaþróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður hugað að félagssögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Samtímasaga (Jón Guðnason og Jón Þ. Þór) 1988-1989

Fjallað verður um heimsstyrjöldina síðari og baráttuna um nýskipan heimsmála að henni lokinni, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn fornra heimsvalda. Rakin verður stjórn málasaga Íslands og lýst þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum eftir 1940.

Aðferðir II (Helgi Skúli Kjartansson og Gísli Gunnarsson) 1988-1989

Í kennsluhluta Helga Skúla verður fengist við miðlun sögulegs efnis. Lesið verður um sögukennslu, athugað sýnishorn sagnfræðitexta, æft að semja ýmsar gerðir af sögulegum textum (útvarpsþætti, nemendaefni, ritdóma, þýðinga o.fl.). Kennsluhluti Gísla mun snúast um talnanotkun og skyld efni (tölfræði, gröf, landaurareikninga, fólksfjöldafræði, atriði í rekstrar- og þjóðhagfræði).

Listasaga II (Björn Th. Björnsson) 1988-1989

Farið verður yfir almenna evrópska listasögu frá lokum 18. aldar til þessa dags: nýklassík, rómantík, raunsæi, impressionisma, expressionisma, kúbisma, súrrealisma, óhlutbundna myndlist og helstu stefnur í samtíðarlist.

Þjóðháttufræði II – íslenskir sjávarhættir (Gunnlaugur Haraldsson) 1988-1989

Gefið verður yfirlit yfir daglegt líf fólks sem bjó við sjávarsíðuna og sérstök áhersla lögð á sjávarhætti ýmiss konar, svo sem fisk-, hákarla- og selveiðar og fuglanyttjar. Námskeiðið afmarkast við tímabilið frá upphafi landnáms fram til þéttbýlismyndunar á Íslandi, en aðaláhersla verður lögð á 18. og 19. öldina.

Fornleifafræði (Magnús Þorkelsson) 1988-1989

Fornleifafræði verður skilgreind sem fræðigrein og saga hennar rakin. Einnig verður fjallað um aðferðir og hugtök greinarinnar. Íslensk fornleifafræði verður aðalviðfangsefni námskeiðsins, saga hennar og helstu verkefni. Litið verður til nokkurra rannsókna og reynt að tengja fornleifafræði fósturjarðarinnar við það sem gerst hefur erlendis. Litið verður á hjávisindi. Farnar verða náms- og safnaferðir eftir því sem aðstæður leyfa.

Hagsaga fyrir 1900 (Gísli Gunnarsson) 1988-1989

Fjallað verður um valda þætti úr almennri hagsögu og íslenskri hagsögu frá hámiðöldum til loka 19. aldar, m.a. með hliðsjón af kenningum í hagfræði og hagrænni mannfræði. Meðal viðfangsefna eru lénsskipulagið og landbúnaður bæði á akuryrkju- og kvikfjárræktarsvæðum, eðli og hlutverk verslunar, upphaf kapítalískra framleiðsluhátta, iðnbyltingin og umsköpun íslensks atvinnulífs 1880-1920, nýlendustefnan og heimsvaldastefnan. Fjallað verður sérstaklega um eftirfarandi þætti í tengslum við Íslandssöguna: áhættuhræðslu, fátækt, hungursneyð, mataræði, húsnæði og heilsufar.

Austurveldin á fyrri hluta miðalda (Helgi Skúli Kjartansson) 1988-1989

Miklagarðsríki frá Heraklíosi til fjórðu krossferðar. Serkjaveldi og Garðaríki frá upphafi til herhlaups Mongóla. Stefnt er að yfirlitsþekkingu um viðgang og sambúð ríkja og í minna mæli um félags- og hagsögu. Athugaðar verða skýringar sagnfræðinga á nokkrum völdum álitamálum. Munnleg og skrifleg verkefni nemenda verða mörg og smá, leit að vissum upplýsingum eða athugun á röksemdafærslu í ritgerðum og bókaköflum.

Íslensk utanríkis- og öryggismál síðan 1945 (Þór Whitehead) 1988-1989

Ætlunin er að kanna ástæður þess, að Íslendingar hurfu frá hlutleysisstefnu og skipuðu sér í sveit með vestrænum ríkjum í utanríkis- og öryggismálum. Þetta verður einkum gert með því að fjalla um

Keflavíkursamninginn 1946, Marshallhjálpin á Íslandi, inngönguna í Atlantshafsbandalagið 1949, varnarsamninginn 1951 og hernaðarmikilvægi Íslands.

Vesturferðir af Íslandi 1855-1914 (Bergsteinn Jónsson) 1988-1989

Fólksflutningar til Utah frá 1855, þegar fyrstu íslensku mormónarnir héldu þangað. Brasilíuferðir og félagsskapur um þær 1859-1873. Flutningar til Bandaríkjanna frá 1870 og Kanada frá 1872. Leitin að Nýja-Íslandi til 1875. Tilraunir til íslenskrar nýlendustofnunar í Wisconsin, Ontario, Nova Scotia, Nebraska, Minnesota, Manitoba, Norður-Dakota og víðar. Landkönnun í Alsak. Kirkjumál. Bláðaútgáfa. Deilur og önnur samskipti við Íslendinga heima.

Samfélag, hugmyndafræði og spænska borgarastyrjöldin (Ingi Sigurðsson) 1988-1989

Fjallað verður um spænskt þjóðfélag á 3. og 4. áratug þessarar aldar, og verður höfuðáhersla lögð á þær þjóðfélagshræringar sem tengjast spænsku borgarastyrjöldinni. Þessi umfjöllun verður tengd almennri Evrópusögu. Teknar verða til meðferðar ýmsar hugmyndastefnur, sem settu svip á spænsku borgarastyrjöldina og þróun þeirra athuguð í evrópsku samhengi. Lesnir verða valdir kaflar úr ritum, þ. á m. íslenskum, frá styrjaldarárunum og könnuð þau viðhorf til átakanna sem þar koma fram.

Frá bændasamfélagi til borgarlífsmenningar: þættir úr íslenskri félagssögu 1801-1940 (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1988-1989

Fjallað verður um kenningar um þjóðfélagsbreytingar frá bændasamfélagi fyrri alda til tæknisamfélags nútímans. Athugað verður hvort unnt er að skýra ákveðna þætti íslenskrar samfélagsþróunar með skírskotun til þessara kenninga. Einkum verður fjallað um fólksfjöldaþróun, þéttbýlismyndun, breytingar á stéttaskiptingu og kynhlutverkum í þessu sambandi.

Ástir Íslendinga 1550-1900 (Már Jónsson) 1988-1989

Rakin verður þróun hugmynda og reglna um hjónabandið: hverjir máttu giftast og hverjir ekki, hvaða fólk valdist saman og hvernig það bar til. Megináhersla verður þó lögð á óvígðar ástir: blóðskömm, hórdóm og samfarir ógiftra. Stóridómur frá 1564 verður tekinn sérstaklega fyrir og farið í einstök ákvæði hans og framkvæmd þeirra: aftökur, hýðingar og sektir. Hlutfall óskilgetinna fæðinga af öllum fræðingum verður kannað, einkum breytingar á 19. öld. Faðernismál verða tekin fyrir, sem og kjör ógiftra mæðra.

Pólland 1772-1982 (Arnór Hannibalsson) 1988-1989

Helstu áfangar í nútímasögu Póllands: Skiptingar Póllands 1772-1795, uppreisnirnar 1831 og 1863, endurreisn Póllands 1918, stríðið við Rússa 1920, valdataka Pilsudskos 1926, utanríkis- og innanríkispólitík Póllands fyrir seinni heimsstyrjöld, Pólland í seinni heimsstyrjöld, valdatíð Gomúlka (hið fyrri) og Bieruts 1946-1956, uppreisnin 1956 og afturkoma Gomúlka til valda, fjödamorðin í desember 1970, valdatímabil Giereks, hrun pólska ríkisins, uppreisn verkamanna og Samstaða 1980-1982.

Framhaldsnám

Þættir úr Íslandssögu eftir siðskipti (Þór Whitehead) 1988-1989

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Fræðslumál á Íslandi 1875-1946 (Jón Guðnason) 1988-1989

Lýsing á uppbyggingu fræðslu- og skólakerfis á Íslandi 1875-1946 og samhengi hennar við þróun íslensks þjóðfélags á öðrum sviðum og hvaða markmiðum hún átti að þjóna.

Umhverfismál í sagnaritun samtímans (Sveinbjörn Rafnsson) 1988-1989

Fjallað verður um hugmyndir í sagnaritun samtímans um náttúrulegt umhverfi, viðhorf til þess og áhrif þess í menningarsögu, m.a. tilraunir til að skýra evrópska útpenslu á nýöld á þeim forsendum. Um vistfræðisögu. Rætt verður um hneigðir og skýringartilraunir af svipuðu tagi í íslenskri sögu.

Íslensk vinstrihreyfing 1939-56 (Þór Whitehead) 1988-1989

Fjallað verður um stefnu Alþýðuflokks og Sósíalistaflokks í innanríkis- og utanríkismálum, átök flokkanna m.a. í verkalýðshreyfingunni, klofning þeirra, þátttöku í ríkisstjórnun og gengi þeirra almennt.

Frásagnir og sagnfræði (Gunnar Karlsson) 1988-1989

Kannað verður hlutverk frásagnarinnar í sagnfræði og fjallað um atriði í söguspeki sem einkum tengjast því.

Ást og kynhlutverk í sögu Íslendinga (Gunnar Karlsson) 1988-1989

Efnið verður kannað í völdum frumheimildum með hliðsjón af útlendum fræðiritum, væntanlega. Að hluta til verður námskeiðið tilraun til að skrifa viðhorfasögu af því tagi sem franskir sagnfræðingar hafa einkum stundað.

1989-1990

Grunnnám

Aðferðir I (Gunnar Þór Bjarnason (þáttur b), Eggert Þór Bernharðsson (þættir c og d) og Ingi Sigurðsson (þáttur a)) 1989-1990

- Aðferðafræði. Fjallað verður um grundvallaratriði í söguspeki.
- Aðferðafræði. Fjallað verður um sögu sagnfræðinnar, stöðu hennar í samtímanum og heimildanotkun.
- Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðasmíð lúta og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða.
- Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1989-1990

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénsríkjum til þjóðríkja.

Mannkynssaga II (Þórunn Valdimarsdóttir) 1989-1990

Tímabilið 1500-1850. Aðallega Evrópusaga. Fimm til sex þemu, valin í samráði við nemendur, verða tekin til umfjöllunar. Dæmi: Gullöld og hnignun Spánar, hugmyndafræði tímabilsins, þjóðfélagsleg uppbygging, Rússland á 18. öld, franska stjórnarbyltingin. Áhersla verður lögð á notkun frumheimilda.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson, Sigurður Hjartarson og Ögmundur Jónasson) 1989-1990

Tímabilið 1850-1939. Sex meginsvið verða tekin til meðferðar. Í tveimur tilvikum getur nemendahópurinn valið á milli tveggja kosta. Þessi svið eru: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (IS), landbúnaður og bændafólk í Evrópu eða samgöngur á Vesturlöndum (IS), tengsl Bandaríkjanna og Rómönsku Ameríku (SH), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), Afríka eða Austur-Asía (IS), Bretland (ÖJ). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Gunnar Karlsson) 1989-1990

Fjallað verður um tímann frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Námsefni fjallar um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar og tæknilegan frágang ritgerða, og er því nauðsynlegt að þátttakendur lesi Aðferðir I samhliða, ef þeir hafa ekki lokið því áður.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson) 1989-1990

Tímabilið 1550-1830. Fjallað verður um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskyldurnar og lögbýlið, húsbændur og hjú, hjáleigubændur og fiskimenn, eignaskiptingu og stéttaskiptingu, landskuld, leigur og kvaðir. Verslunarsagan verður sérstaklega rakin. Áhersla verður lögð á að kanna þá lífssýn, sem hélt samfélagsvefnum saman. Einkum lúterskan rétttrúnað, forlagahyggju og hjátrú, enn fremur skynsemissstefnu og nýsköpunarhugmyndir við lok tímabilsins. Raktar verða helstu stjórn málaatburðir tímabilsins.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Bergsteinn Jónsson) 1989-1990

Reynt verður í samtölum, æfingum og fyrirlestrum að ná fram yfirliti yfir stjórn málaþróun, menningarsögu og hagsögu tímabilsins 1830-1940, einkum á Íslandi, en einnig í hinum löndunum. Þá verður hugað að félagssögu aldarinnar og samskiptum ríkja og þjóða á Norðurlöndum.

Samtímasaga (Jón Guðnason og Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1989-1990

Fjallað verður um heimsstyrjöldina síðari og baráttuna um nýskipan heimsmála að henni lokinni, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn fornra heimsvelða. Rakin verður stjórn málasaga Íslands og lýst þeim breytingum sem orðið hafa á íslenskum atvinnuháttum eftir 1940.

Aðferðir II (Gísli Gunnarsson (þáttur a), Gísli Ágúst Gunnlaugsson (þáttur b), Gunnar Karlsson (þáttur c). 1989-1990

- a) talnanotkun og skyld efni (tölfræði, gröf, landaurareikningar, fólksfjöldafræði, atriði í rekstrar- og þjóðhagfræði).
- b) heimildafræði og söguspeki
- c) miðlun sögulegs efnis.

Listasaga III (Björn Th. Björnsson) 1989-1990

Farið verður yfir íslenska myndlist frá 1860-1980. Gerð verður grein fyrir helstu stefnum og listamönnum þessa tímabils á sviði málverka, höggmynda og annarra sjónlista. Kennslan fer fram í fyrirlestrum með listskuggamyndum, en einnig safna- og sýningarferðum, eftir því sem við á og ástæður leyfa.

Íslensk kvennasaga 1880-1920 (Sigríður Th. Erlendsdóttir) 1989-1990

Þjóðfélagsleg staða íslenskra kvenna á tímabilinu 1880-1920. Fjallað verður um uppeldismál, menntunarmál, réttindamál og atvinnustöðu kvenna.

Afríkusaga (Þorsteinn Helgason) 1989-1990

Leitast verður við að gefa nokkurt yfirlit yfir langa sögu Afríku frá upphafi mannabyggðar til þessa dags, svo og stöðu rannsókna og sagnaritunar. Hugað verður að landfræðilegum og vistfræðilegum forsendum fyrir byggðinni. Síðan verður einkum staðnæmst við þessa þætti: landnám í álfunni, átrúnað og þjóðskipulag með frumstæðum hætti, verslun og ríkjamyndun á miðöldum, samskipti við Evrópumenn og nýlendutímenn, þróun kynþáttaaðskilnaðar í Suður-Afríku og ekki síst nútíðarvanda í búskap, efnahag, stjórnarháttum og hugmyndaheimi.

Fólksfjöldasaga og skyldar greinar (Gísli Gunnarsson) 1989-1990

Helstu grundvallaratriði fólksfjöldafræðinnar verða rakin með aðstoð tölfræðilegra heimilda og nemendur æfðir á ýmsum breytum hennar. Farið verður yfir bæði almenna og íslenska fólksfjöldasögu síðustu aldirnar með sérstakri hliðsjón af breytingum á frjósemi, giftingartíðni, dánartíðni og

dánarorsökum og þessir þættir tengdir almennri þróun í efnahags-, félags- og heilbrigðismálum. Í tengslum við fólksfjöldasöguna verður fjallað lauslega um nokkur atriði í mannfræði og þróun mannsins. Einnig verður fjallað um ættfræði og hvernig nýta megir hana í sagnfræði, einkum félags- og fólksfjöldasögu.

Reykjavík nútímans – Saga höfuðstaðarins síðan 1940 (Eggert Þór Bernharðsson) 1989-1990

Yfirlit yfir þróun og sögu Reykjavíkur síðan 1940 og þær breytingar sem einkennt hafa líf og starf íbúa höfuðstaðarins á þeim tíma. Námskeiðið skiptist í tvo meginhluta. Í þeim fyrri verður hugað að þróun og sögu borga almennt, farið í helstu drætti í sögu og þróun Reykjavíkur fyrir 1940, dregnar upp heildarlínur í þróun bæjarins/borgarinnar síðan 1940 og reynt að skýra hvaða kraftar hafa ráðið mestu um þróunina á þeim tíma, fjallað um aðferða- og heimildafræðileg vandamál sem tengjast könnun á sögu Reykjavíkur síðan 1940, svo sem atvinnumál, breytta atvinnuhætti, verkaskiptingu, verkalyðsbaráttu, fjölskylduna, heimilið, félagsmál, fólksfjölgun, ólíka aldurshópa, uppruna Reykvíkinga, skemmtanir, menningarmál, skipulag, dreifingu byggðar, húsnæðismál, framkvæmdir, vöxt bæjarins og stjórnmál.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir og Ólafur Ásgeirsson) 1989-1990

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræði. Um skjalasöfn (saga-þróun-hlutverk). Ferill skjala frá pappírnum í skrifstofu í dag og yfir í sagnfræðilegar heimildir. Þjóðskjalasafn Íslands, kynning á hlutverki þess og starfi. Hvernig finna má heimildir í skjalasöfnum. Æfingaverkefni á Þjóðskjalasafni.

Glæpur og refsing á 18. og 19. öld (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1989-1990

Lesin verða erlend sagnfræðirit um tímaritsgreinar er birta niðurstöður rannsókna þar sem glæpir og refsingar eru notuð sem mælikvarði á ríkjandi þjóðfélagsviðhorf á ýmsum sviðum. Erlendi þáttur námskeiðsins miðar að því að kanna kenningar, aðferðir, heimildir og helstu niðurstöður þeirra sagnfræðinga sem fengist hafa við rannsóknir af þessu tagi. Meginviðfangsefni íslenska hluta námskeiðsins er spurningin: Hvað geta eðli og tegundir afbrota og refsinga sagt okkur um íslenska samfélagsgerð á fyrri öldum?

Orsakir og aðdragandi síðari heimsstyrjaldar (Þór Whitehead) 1989-1990

Fjallað verður um samskipti stórveldanna á tímabilinu 1919-1939, einkum með tilliti til utanríkisstefnu Þýskalands frá 1933 og áhrifa hennar á sambúð Norðurálfveldanna.

Saga landbúnaðar á 20. öld (Ingi Sigurðsson) 1989-1990

Meirihluta námskeiðsins verður varið til að fjalla um sögu íslensks landbúnaðar, en almennri landbúnaðarsögu verða gerð veruleg skil og íslensk landbúnaðarsaga tengd henni. Meðal efnispáttar sem teknir verða til meðferðar eru: breyttir búskaparhættir, staða landbúnaðar sem atvinnuvegar, tækniþróun í landbúnaði, stefna stjórnvalda í landbúnaðarmálum, kjör bændafólks, þróun sveitasamfélagsins, félagsshreyfingar bænda, búnaðarfræðsla, bændamenning. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda, lesnar slíkar ritsmiðar um ýmis efni og farið fyrir skýrsluefni.

Upplýsingin á Íslandi (Ingi Sigurðsson) 1989-1990

Fjallað verður um áhrif upplýsingarinnar, hinnar alþjóðlegu hugmyndastefnu, á Íslandi, með skírskotun til íslensks þjóðfélags á því tímabili sem nefnt hefur verið upplýsingaröld. Eðli og áhrif stefnunnar hér á landi verða borin saman við það sem gerðist í öðrum löndum. Gerð verða skil áhrifum hennar á tilteknum sviðum, svo sem á stefnu stjórnvalda í Íslandsmálum, atvinnumál, fræðslu- og uppeldismál, menningarstarfsemi af ýmsu tagi og iðkun ýmissa fræðigreina. Þá verður arfleifð upplýsingarinnar tekin til meðferðar. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda, og verða lesnar ritsmiðar eftir íslenska upplýsingarmenn um margvísleg efni.

Sjálfsævisögur og samtalsbækur (Bergsteinn Jónsson) 1989-1990

Fjallað verður um heimildagildi íslenskra sjálfsævisagna og samtalsbóka einkum síðustu mannsaldra.

Íslensk verkalyðshreyfing (Stefán F. Hjartarson) 1989-1990

Fjallað verður um myndun og starfsemi verkalyðsfélaga, einkum utan höfuðborgarsvæðisins. Rætt verður um klofninginn innan verkalyðshreyfingarinnar, styrkleikahlutföll vinstri flokkanna og kenningar um hlut verkalyðsfélaga í samfélagsþróun. Nokkrar frumheimildir verða kynntar og fjallað um munnlegar frásagnir.

Framhaldsnám

Þættir úr Íslandssögu eftir siðskipti (Þór Whitehead) 1989-1990

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Fræðslumál á Íslandi 1875-1946 (Jón Guðnason) 1989-1990

Lýsing á uppbyggingu fræðslu- og skólakerfis á Íslandi 1875-1946 og samhengi hennar við þróun íslensks þjóðfélags á öðrum sviðum og hvaða markmiðum hún átti að þjóna.

Ritheimildir miðalda (Sveinbjörn Rafnsson) 1989-1990

Fjallað verður um hinar ýmsu tegundir ritheimilda frá evrópskum miðöldum, leifar og frásagnir, trúarlegar og veraldlegar, um tilurð þeirra, geymd og útgáfur. Lýst verður að nokkru sérstöðu og sérkennum íslenskra ritheimilda miðalda.

Íslensk vinstrihreyfing 1916-1939 (Þór Whitehead) 1989-1990

Fjallað verður um upphaf Alþýðuflokksins og átök sósíaldemókrata og kommúnista í flokksnum og verkalyðshreyfingunni. Rætt verður um stofnun Kommúnistaflokks Íslands og Sósíalistaflokksins og ágreininga þessara flokka við Alþýðuflokkinn.

Þættir úr íslenskri kirkjusögu á miðöldum (Sveinbjörn Rafnsson) 1989-1990

Fjallað verður um sögulegar heimildir og vandamál tengd trúboðssögu, kristnitöku, kirkjustjórn og kirkjulegum stofnunum á Íslandi á miðöldum.

Yfirlitsritun um Íslandssögu síðmiðalda (Gunnar Karlsson) 1989-1990

Dæmin sanna að okkur Íslendingum gengur illa að semja yfirlitsrit um sögu okkar. Námskeiðinu er ætlað að stuðla að endurbótum á þessu á tvennan hátt: a) Með því að kanna yfirlitsrit á gagnrýninn hátt, athuga og ræða einkenni þeirra. b) Með því að gera einhverja nemendur sem eru langt komnir í námi kunnuga síðmiðaldasögu og sjálfbjarga að vinna í henni. Þannig er hugmyndin að stuðla að því að einhverjir sérhæfi sig í tímabili sem afar fáir hafa sinnt og erfitt hefur reynst að fjalla um í yfirlitsritum.

1990-1991

Grunnnám

Aðferðir I (Anna Agnarsdóttir (þáttur b), Eggert Þór Bernharðsson (þættir c og d) og Ingi Sigurðsson (þáttur a)) 1990-1991

Námskeiðið greinist í fjóra þætti:

- Grundvallaratriði í söguspeki og saga sagnfræðinnar.
- Heimildafræði, þ. á m. skjalfræði.
- Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum, sem að ritgerðasmíð lúta og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða.
- Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1990-1991

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Miðausturlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénssríkjum til þjóðríkja.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir) 1990-1991

Tímabilið 1500-1850. Aðallega Evrópusaga. Fimm til sex þemu, valin í samráði við nemendur, verða tekin til umfjöllunar. Dæmi: Gullöld og hnignun Spánar, hugmyndafræði tímabilsins, þjóðfélagsleg uppbygging, Rússland á 18. öld, franska stjórnarbyltingin. Áhersla verður lögð á notkun frumheimilda.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 1990-1991

Tímabilið 1850-1939. Sex meginsvið verða tekin til meðferðar. Í tveimur tilvikum getur nemendahópurinn valið á milli tveggja kosta. Þessi svið eru: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (ÖJ), landbúnaður og bændafólk í Evrópu eða samgöngur á Vesturlöndum (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (IS), Austur-Asía eða Rómanska Ameríka (IS), Bretland (ÖJ). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 1990-1991

Fjallað verður um tímann frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Námsfni fjallar um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar og tæknilegan frágang ritgerða, og er því nauðsynlegt að þátttakendur lesi Aðferðir I samhliða, ef þeir hafa ekki lokið því áður.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson) 1990-1991

Tímabilið 1550-1830. Fjallað verður um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, húsbændur og hjú, hjáleigubændur og fiskimenn, eignaskiptingu og stéttaskiptingu, landskuld, leigur og kvaðir. Verslunarsagan verður sérstaklega rakin. Áhersla verður lögð á að kanna þá lífssýn, sem hélt samfélagsvefnum saman. Einkum lúterskan rétttrúnað, forlagahyggju og hjátrú, enn fremur skynsemissstefnu og nýsköpunarhugmyndir við lok tímabilsins. Raktar verða helstu stjórnmalaaatburðir tímabilsins. Einum tíma á viku verður varið í rithandafræði.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson) 1990-1991

Fjallað verður um meginatriði í stjórnámálum, atvinnusögu og félagssögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku, eftir því sem tilefni eru til.

Samtímasaga (Gísli Ágúst Gunnlaugsson og Gísli Gunnarsson) 1990-1991

Fjallað verður um innlenda og erlenda sögu eftir 1940. Áhersla verður lögð á baráttuna um nýskipan heimsmála að lokinni heimsstyrjöldinni síðari, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn „fornra“ heimsvelda. Fjallað verður um valda þætti úr stjórn mála-, félags- og hagsögu Íslands og þeir tengdir og bornir saman við þróun samfélags og stjórn mála í öðrum löndum.

Aðferðir II (Gunnar Karlsson (þáttur a), Helgi Þorláksson (þáttur b), Magnús S. Magnússon (þáttur c). 1990-1991

- miðlun sögulegs efnis; leikni í að skrifa sögulegan texta og miða hann við ákveðinn vettvang, t.d. börn eða útvarpsflutning.
- söguspeki og heimildafræði
- talnanotkun og skyld efni (tölfræði, gröf, landaurareikningar, fólksfjöldafræði, atriði í rekstrar- og þjóðhagfræði).

Listasaga I (Björn Th. Björnsson) 1990-1991

Farið verður yfir evrópska myndlistarsögu frá lokum víkingaaldar, um tímabil rómanskrar og gotneskar listar, endurreisnar og barokk. Kennsla fer fram í fyrirlestrum með skuggamyndum, sérstakri myndskoðun, sem og safn- og sýningarferðum eftir því sem tilefni gefast.

Fornleifafræði (Magnús Þorkelsson) 1990-1991

Fornleifafræði verður skilgreind sem fræðigrein og saga hennar rakin. Einnig verður fjallað um aðferðir og hugtök greinarinnar. Íslensk fornleifafræði verður aðalviðfangsefni námskeiðsins, saga hennar og helstu verkefni. Litið verður til nokkurra rannsókna og reynt að tengja fornleifafræði fósturjarðarinnar við það sem gerst hefur erlendis. Litið verður á hjávisindi. Farnar verða náms- og safnaferðir eftir því sem aðstæður leyfa.

Hagsaga 20. aldar (Gísli Gunnarsson) 1990-1991

Útskýrð verða nokkur grundvallarhugtök í hagfræði og hagsögu og rakin verður í stórum dráttum saga hagfræðikenninga og hagsögukenninga. Fjallað verður bæði um íslenska og erlenda hagsögu á 20. öld. Meðal viðfangsefna verða framleiðslu- og viðskiptahættir, fólksfjöldi og vinnuafli, hagvöxtur og hagsveiflur, launaþróun, verðlag og neysla, þróun og vöxtur helstu atvinnugreina, peninga- og fjármál, búskapur hins opinbera og efnahagsstjórnun, alþjóðleg efnahagssamvinna (alþjóðastofnanir, fríverslunar- og efnahagsbandalög).

Íslensk samgöngumál 1776-1938 (Bergsteinn Jónsson) 1990-1991

Leitast verður við að fá yfirlit yfir helstu áfanga í sögu íslenskra samgöngumála frá 1776, þegar fyrst var gefin út tilskipun um póstpjónustu í landinu, til 1938, þegar Flugfélag Akureyrar hóf störf. Meðal helstu viðfangsefna verða vegagerð, þar með talda brúarsmíðar, vita- og hafnarmál, strandmælingar og sjúkortagerð, samgöngur til annarra landa og strandferðir.

Frá bændasamfélagi til borgarlífsmenningar: þættir úr íslenskri félagssögu 1801-1940 (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1990-1991

Fjallað verður um kenningar um þjóðfélagsbreytingar frá bændasamfélagi fyrri alda til tæknisamfélags nútímans. Athugað verður hvort unnt er að skýra ákveðna þætti íslenskrar samfélagsþróunar með skírskotun til þessara kenninga. Einkum verður fjallað um fólksfjöldaþróun, þéttbýlismyndun, breytingar á stéttaskiptingu og kynhlutverkum í þessu sambandi.

Ástir Íslendinga 1550-1900 (Már Jónsson) 1990-1991

Rakin verður þróun hugmynda og reglna um hjónabandið: hverjir máttu giftast og hverjir ekki, hvaða fólk valdist saman og hvernig það bar til. Megináhersla verður þó lögð á óvígðar ástir: blóðskömm, hórdóm og samfarir ógiftra. Stóridómur frá 1564 verður tekinn sérstaklega fyrir og farið í einstök ákvæði hans og framkvæmd þeirra: aftökur, hýðingar og sektir. Hlutfall óskilgetinna fæðinga af öllum fræðingum verður kannað, einkum breytingar á 19. öld. Faðernismál verða tekin fyrir, sem og kjör ógiftra mæðra.

Sagnfræðin og kalda stríðið (Þór Whitehead) 1990-1991

Fjallað verður um aðdraganda og gang kalda stríðsins fram til 1956. Farið verður yfir helstu rit um ágreining Austur- og Vesturveldanna og gerð grein fyrir heimildum þessara rita og skiptum skoðunum höfundar.

Saga Austur- og Mið-Evrópu (Gunnar Þór Bjarnason) 1990-1991

Rakinn verður sögulegur aðdragandi þeirra atburða sem nú eru að gerast í Austur- og Mið-Evrópu. Þetta verður fyrst og fremst saga 20. aldar. Megináhersla verður lögð á að kanna hvernig þau ríki sem nú eru á þessu svæði urðu til og hver þróunin var á millistríðsárunum. Síðan verður athyglinni beint að árunum eftir seinni heimsstyrjöld. Sérstaklega verður hugað að sambúðinni við Sovétríkin. Ennfremur verður tekið fyrir Þýskalandsmálið (sameining Þýskalands, sambúð þýsku ríkjanna, Berlínarmúrinn).

Þættir úr Bandaríkjasögu 1877-1941 (Bergsteinn Jónsson) 1990-1991

Farið verður í fyrirlestrum, æfingum og samtölum yfir ýmsa helstu þætti umræddrar sögu. Þá verður dregið á helstu hugtök, sem sérkennandi mega teljast, þegar fjallað er um gang mála í Bandaríkjum Norður-Ameríku eftir borgarastyrjöldina og fram til árásarinnar á Pearl Harbour.

Ísland og heimsstyrjöldin síðari (Þór Whitehead) 1990-1991

Fjallað verður um samskipti Íslendinga við styrjaldarþjóðirnar, hernám Breta og hvernd Bandaríkjamanna. Rætt um áhrif ófriðarins á utanríkisstefnu Íslendinga.

Þættir úr kvennasögu (Sigríður Th. Erlendsdóttir) 1990-1991

Feminískar kenningar, söguleg yfirsýn og þróun undanfarinna áratuga.

Annálahreyfingin í Frakklandi (Einar Már Jónsson og Loftur Guttormsson) 1990-1991

Fjallað verður almennt um aðferðafræði Annálahreyfingarinnar og um hugmyndir Annálamannanna um sagnfræði og deilur þeirra við fræðimenn ólíkra hefða. Rætt verður um stöðu sagnfræðinnar á ýmsum skeiðum Annálahreyfingarinnar og á hvern hátt hreyfingin endurspeglar sagnfræðilega þróun síðan 1920. Lesin verða verk nokkurra klassískra Annálamanna á helstu þrem skeiðum hreyfingarinnar, t.d. Marc Bloch, Fernand Braudel og Le Goff.

Byltingar á 17. og 18. öld (Anna Agnarsdóttir) 1990-1991

Fjallað verður um helstu byltingar Vesturlanda á 17. og 18. öld: ensku byltingarnar 1642-60 og 1688, amerísku byltinguna 1776 og þá frönsku 1787-99, og þær bornar saman. Ef tími vinnst til má skoða aðrar byltingarhræringar í Evrópu á seinni hluta 18. aldar. Almennt verður fjallað um byltingar sem hreyfiafl í sögunni, hugtakið skilgreint og ýmsar kenningar fræðimanna teknar til athugunar. Eftirfarandi þættir verða teknir til umræðu: hugmyndafræði, forsendur, orsakir, afleiðingar, stéttabáttaka, stéttabarátta, byltingarskeið og byltingarmenn. Áhersla verður lögð á notkun frumheimilda, bæði skjala og skrifa byltingarmanna sjálfra.

Höfðingjar og bændur í fábreyttu samfélagi (Helgi Þorláksson) 1990-1991

Notaðar verða ýmsar hugmyndir og kenningar í mannfræði um fábreytt samfélög til að skýra þróun valdakerfis á Íslandi á bilinu 1100-1400. Einkum er miðað við hugmyndir um gagngjöf og endurveitingar og um stórmenni og foringja. Áhersla verður lögð á samþættingu hagrænna og félagslegra þátta, könnuð afstaða til auðs og gróða, gjafa og endurgjafa. Sérstaklega verða gaumgæfðar breytingar sem urðu um 1200 þegar völd söfnuðust á hendur fárra ætta og við lok 13. aldar þegar gæta tók erlends valds á Íslandi. Íslendingasögur verða notaðar sem heimildir ekki síður en samtímasögur.

Viðhorfasaga: aðferðir og valin efni (Ingi Sigurðsson) 1990-1991

Viðfangsefni námskeiðsins er viðhorf fólks til ákveðinna efna í tímans rás, en rannsóknir af þessu tagi mynda sérstaka undirgrein sagnfræðinnar. Fyrst verður gerð grein fyrir þróun þessarar undirgreinar (viðhorfasögu) og aðferðum sem þar er beitt. Mestum tíma verður varið til að fjalla um viðhorf á nokkrum völdum sviðum. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda, einkum íslenskra. Í nokkrum tilvikum verða borin saman íslensk og erlend viðhorf til hliðstæðra efna. Eftirtalin svið verða m.a. tekin til meðferðar: viðhorf Íslendinga til annarra þjóða, viðhorf til einstakra byggðarlaga á Íslandi og íbúa þeirra, viðhorf til einstakra stétta og hópa í íslensku þjóðfélagi og viðhorf til íslensks landbúnaðar.

Þættir úr sögu Skotlands (Ingi Sigurðsson) 1990-1991

Fjallað verður um valda þætti úr sögu Skotlands á því tímabili sem um er að ræða. Í upphafi námskeiðsins verður veitt yfirlit yfir sögu Skotlands á tímabilinu. Áhersla verður lögð á að fást við viðfangsefnið í samhengi við almenna Evrópusögu. Byggt verður að talsverðu leyti á frumheimildum, þ. á m. greinargerðum um þjóðfélagsástand og bókmenntatextum. Meðal þátta sem teknir verða til meðferðar eru þessir: skoskt þjóðfélag á 18. öld og skoska upplýsing, skoskur landbúnaður, þjóðfélagsbreytingar í skosku Hálöndunum á 19. og 20. öld (með sérstöku tilliti til byggðastefnu og

vanda strjálbýlla landsvæða), iðnbyltingin og félagsleg áhrif hennar, skosk þjóðernishyggja, skosk menning á 20. öld, samskipti Skota og Íslendinga.

Framhaldsnám

Ritheimildir miðalda (Sveinbjörn Rafnsson) 1990-1991

Fjallað verður um hinar ýmsu tegundir ritheimilda frá evrópskum miðöldum, leifar og frásagnir, trúarlegar og veraldlegar, um tilurð þeirra, geymd og útgáfur. Lýst verður að nokkru sérstöðu og sérkennum íslenskra ritheimilda miðalda.

Umhverfismál í sagnaritun samtímans (Sveinbjörn Rafnsson) 1990-1991

Fjallað verður um hugmyndir í sagnaritun samtímans um náttúrulegt umhverfi, viðhorf til þess og áhrif þess í menningarsögu, m.a. tilraunir til að skýra evrópska útpenslu á nýöld á þeim forsendum. Um vistfræðisögu. Rætt verður um hneigðir og skýringartilraunir af svipuðu tagi í íslenskri sögu.

Þjóðerni Íslendinga (Gunnar Karlsson) 1990-1991

Áhersla verður lögð á að rekja hvernig þjóðernishugmyndir Íslendinga hafa þróast frá miðöldum og fram á 20. öld. Til samanburðar verður leitað til útlendra kenninga um eðli þjóðernis (Ernest Gellner, Anthony D. Smith o.fl.) og þjóðernishreyfinga í grannlöndum okkar (Færeyinga, Grænlandinga, smáþjóða Bretlandseyja).

1991-1992

Grunnnám

Aðferðir I (Anna Agnarsdóttir (þáttir b og d), Eggert Þór Bernharðsson (þáttur c) og Ingi Sigurðsson (þáttur a) 1991-1992

Námskeiðið greinist í fjóra þætti:

- a) Grundvallaratriði í söguspeki og saga sagnfræðinnar.
- b) Heimildafræði, þ. á m. skjalfræði.
- c) Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðasmíð lúta og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða.
- d) Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1991-1992

Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar. Upphaf og útbreiðsla íslams á miðöldum. Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: landbúnaður og lénsskipulag, kirkja og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menning, frá lénssríkjum til þjóðríkja.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir) 1991-1992

Tímabilið 1500-1850. Aðallega Evrópusaga. Sex til sjö meginsvið tekin til umfjöllunar. Dæmi: Gullöld og hnignun Spánar, afleiðingar siðaskipta, hugmyndafræði tímabilsins, þjóðfélagsgerð, Holland á 17. öld, Rússland á 18. öld, franska stjórnarbyltingin. Áhersla verður lögð á notkun frumheimilda.

Mannkynssaga III (Guðmundur Hálfðanarson og Ögmundur Jónasson) 1991-1992

Tímabilið 1850-1939. Sex meginsvið verða tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (GH), landbúnaður og bændafólk í Evrópu (GH), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), Rómanska Ameríka (GH), Bretland (ÖJ) og Frakkland (GH). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 1991-1992

Fjallað verður um tímann frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Námsefni fjallar um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar og tæknilegan frágang ritgerða, og er því nauðsynlegt að þátttakendur hafi lokið Aðferðum I.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson) 1991-1992

Tímabilið 1550-1830. Fjallað verður um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn og stjórnarfar. Einum tíma á viku verður varið til æfinga í rithandarfræði.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson) 1991-1992

Fjallað verður um meginatriði í stjórnámum, atvinnusögu og félagsögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku, eftir því sem tilefni eru til.

Samtímasaga (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1991-1992

Fjallað verður um innlenda og erlenda sögu eftir 1940. Áhersla verður lögð á baráttuna um nýskipan heims mála að lokinni heimsstyrjöldinni síðari, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn „fornra“ heimsvelda. Fjallað verður um valda þætti úr stjórnmála-, félags- og hagsögu Íslands og þeir tengdir og bornir saman við þróun samfélags og stjórnmála í öðrum löndum.

Aðferðir II (Helgi Þorláksson og N.N.) 1991-1992

- miðlun sögulegs efnis; leikni í að skrifa sögulegan texta og miða hann við ákveðinn vettvang, t.d. börn eða útvarpsflutning.
- söguspeki og heimildafræði
- talnanotkun og skyld efni (tölfræði, gröf, landaurareikningar, fólksfjöldafræði, atriði í rekstrar- og þjóðhagfræði).

Listasaga II (Björn Th. Björnsson) 1991-1992

Farið verður yfir almenna evrópska listasögu frá lokum 18. aldar til þessa dags: nýklassík, rómantík, raunsæi, impressionisma, expressionisma, kúbisma, súrrealisma, óhlutbundna myndlist og helstu stefnur í samtíðarlist.

Hagsaga 20. aldar (N.N.) 1991-1992

Útskýrð verða nokkur grundvallarhugtök í hagfræði og hagsögu og rakin verður í stórum dráttum saga hagfræðikenninga og hagsögukenninga. Lesefni námskeiðsins fjallar aðallega um erlenda hagsögu en skrifa skal ritgerð um íslenskt viðfangsefni og þá gjarnan í tengslum við erlent lesefni.

Íslensk blöð, tímarit og blaðamenn til 1910 (Bergsteinn Jónsson) 1991-1992

Helstu blöð og tímarit á Íslandi eða á íslensku máli til 1910. Helstu blaðamenn og blaðstjórar tímabilsins, hlutverk þeirra og blaðanna í íslensku þjóðlífi og menningu.

Bandaríkjasaga 1600-1877 (Bergsteinn Jónsson) 1991-1992

Frá komu Evrópumanna, þangað sem síðar urðu Bandaríki Norður-Ameríku og fram fyrir borgarastyrjöldina 1861-65. Upphaf nýlendanna og þróun þeirra, samskiptin við Indíánana, styrjaldir við aðvífandi Evrópuveldi, frelsisbaráttan og útpensla ríkjanna fram að borgarastyrjöldinni. Borgarastyrjöldin og viðreisnin eftir hana.

Hefð og frjálshyggja á Íslandi á síðari hluta 19. aldar (Guðmundur Hálfðanarson) 1991-1992

Fjallað verður um þær róttæku samfélagsbreytingar sem hófust á Íslandi á síðari hluta 19. aldar. Lögð verður áhersla á að kanna samspil hugmyndafræði og félagsþróunar á tímabilinu og þá sérstaklega þau

átök sem urðu um framtíðarskipulag í íslensku efnahagslífi. Reynt verður að leita samanburðar í samsvarandi þróun í öðrum löndum og höfð verður hliðsjón af kenningum í félagssögu. Lesin verða bæði innlend og erlend fræðirit auk frumheimilda.

Glæpur og refsing á 18. og 19. öld (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1991-1992

Lesin verða erlend sagnfræðirit þar sem glæpir og refsingar eru notuð sem mælikvarði á ríkjandi þjóðfélagsviðhorf. Kannaðar verða kenningar, aðferðir og helstu niðurstöður þeirra sem fengist hafa við þessar rannsóknir. Meginviðfangsefni námskeiðsins er spurningin: Hvað geta afbrot og refsingar sagt okkur um íslenska samfélagið á fyrri öldum?

Upplýsingin á Íslandi (Ingi Sigurðsson) 1991-1992

Fjallað verður um áhrif upplýsingarinnar, hinnar alþjóðlegu hugmyndastefnu, á Íslandi, með skírskotun til íslensks þjóðfélags á því tímabili sem nefnt hefur verið upplýsingaröld. Eðli og áhrif stefnunnar hér á landi verða borin saman við það sem gerðist í öðrum löndum. Þá verður arfleifð hennar tekin til meðferðar. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda, og verða lesnar ritsmíðar eftir íslenska upplýsingarmenn um margvísleg efni.

Íslenskt blóðhefndarsamfélag (Helgi Þorláksson) 1991-1992

Viðfangsefni eru svonefnd blóðhefnd og ætluð hefndarskylda á þjóðveldistíma (fram til 1264) og einnig verður fyrirbrigðið ættarsamfélag á dagskrá. Atburðir Sturlungaaldar verða rýndir í þessu ljósi og vitnisburðir laga, Íslendingasagna og samtímasagna um hefnd verða bornir saman. Mikið verður sótt í smíðju mannfræðinga.

Þjóðríki Evrópu (Guðmundur Hálfðanarson) 1991-1992

Fjallað verður um uppruna og þróun þjóðríkja frá miðri 18. öld fram til okkar tíma. Rætt verður um þær breytingar sem urðu á uppbyggingu ríkisins og á samskiptum jaðarsvæða við ríkisvaldið með tilkomu miðstýrðra þjóðríkja. Reynt verður að spá fyrir um framtíð þjóðríkisins eftir væntanlegan samrúma Evrópubandalagsins og þá ekki síst með tilliti til pólitískrar stöðu smáþjóða og þjóðarbrotá.

Trúarbragðasaga (Dagur Þorleifsson) 1991-1992

Veitt verður yfirlit yfir sögu helstu trúarbragða að kristni undanskilinni. Gerð verður grein fyrir ýmsum grundvallaratriðum er varða trúarbrögð almennt og síðan tekin til meðferðar einstök trúarbrögð að fornu og nýju.

Norður-Írland: Sögulegt baksvið (Andrés Eiríksson) 1991-1992

Athuguð verða átök og vandamál Norður-Írlands í sögulegu ljósi. Rakin verður saga Írlands og sambandsmála Írlands og Bretlands með megináherslu á þá þætti er varpa ljósi á þjóðfélagsgerð og stjórnsmál Norður-Írlands samtímans.

Endimörk sögulegrar orðræðu (Már Jónsson) 1991-1992

Fengist verður við spurninguna: Hvers er sagnfræðin megnug í leit að liðinni tíð? Metið verður hvort aðferðir skáldskapar geta orðið sagnfræðingum að gagni. Fyrst og fremst verða þó lesin sagnfræðirit af ýmsum toga, með hliðsjón af umræðum um tengsl frásagnar og raunveruleika innan sagnfræði, heimspeki og bókmenntafræði undanfarin ár.

Pólitískar erjur í íslenskri verkalýðshreyfingu á 20. öld (Þorleifur Friðriksson) 1991-1992

Lögð verður áhersla á að skýra pólitíska straua og átök í verkalýðshreyfingunni frá aldamótum til 1956. Íslensk verkalýðshreyfing verður í forgrunni en hliðsjón höfð af nágrannalöndunum og alþjóðlegri þróun.

Sögulegar skáldsögur og sagnfræði (Einar Már Jónsson) 1991-1992

Samanburður á aðferðum, söguhugsun og mynd af fortíðinni í verkum höfunda sem reynt hafa að beita sagnfræðilegum vinnubrögðum við ritun sögulegra skáldsagna.

Saga Þýskalands 1871-1939 (Þór Whitehead) 1991-1992

Áhersla verður lögð á stjórnmálasögu Þýskalands og einkum fjallað um orsakir og afleiðingar þýskrar heimsvaldastefnu og samskipti Þjóðverja við stórveldi Evrópu.

Framhaldsnám

Ritheimildir miðalda (Sveinbjörn Rafnsson) 1991-1992

Fjallað verður um hinar ýmsu tegundir ritheimilda frá evrópskum miðöldum, leifar og frásagnir, trúarlegar og veraldlegar, um tilurð þeirra, geymd og útgáfur. Lýst verður að nokkru sérstöðu og sérkennum íslenskra ritheimilda miðalda.

Umhverfismál í sagnaritun samtímans (Sveinbjörn Rafnsson) 1991-1992

Fjallað verður um hugmyndir í sagnaritun samtímans um náttúrulegt umhverfi, viðhorf til þess og áhrif þess í menningarsögu, m.a. tilraunir til að skýra evrópska útpenslu á nýöld á þeim forsendum. Um vistfræðisögu. Rætt verður um hneigðir og skýringartilraunir af svipuðu tagi í íslenskri sögu.

Íslensk vinstrihreyfing 1939-56 (Þór Whitehead) 1991-1992

Fjallað verður um stefnu Alþýðuflokks og Sósíalistasflokks í innanríkis- og utanríkismálum, átök flokkanna m.a. í verkalyðshreyfingunni, klofning þeirra, þátttöku í ríkisstjórnnum og gengi þeirra almennt.

1992-1993

Grunnnám

Aðferðir I (Anna Agnarsdóttir, Eggert Þór Bernharðsson, Ingi Sigurðsson) 1992-1993

Námskeiðið greinist í fernt:

- a. Grundvallaratriði í söguspeki og saga sagnfræðinnar.
- b. Heimildafræði, þ. á m. skjalfræði
- c. Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmíð lúta og nemendur þjálfaðir í samningu fræðilegra ritgerða.
- d. Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.

Til þess að standast próf þarf nemandi að hljóta lágmarkseinkunn fyrir hvern eftirtalinna þriggja prófþátta: skriflegt próf (úr liðum a) og b)), ritgerð (lið c) og handbókanotkun (lið d).

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1992-1993

Námskeiðið greinist í þrjá prófþætti:

- a) Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Miðausturlanda, Grikklands og Rómar.
- b) Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénsskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénríkjum til þjóðríkja.
- c) Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.

Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófþátta til þess að standast próf í námskeiðinu.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir) 1992-1993

Tímabilið 1500-1830. Aðallega Evrópusaga. Eftirfarandi meginvið tekin til umfjöllunar: landafundir, gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England 1500-1830, einveldi og upplýsing, þjóðfélagið í Austur-Evrópu, franska stjórnarbyltingin og Napóleon. Áhersla lögð á lestur frumheimilda. Stúdentar þurfa að standast alla prófbætti námskeiðsins.

Mannkynssaga III (Guðmundur Hálfðanarson, Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 1992-1993

Tímabilið 1850-1939. Sex meginvið verða tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (GH), landbúnaður og bændafólk í Evrópu (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), Rómanska Ameríka (IS), stríð og friður (GH) og Frakkland og Þýskaland (GH). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Gunnar Karlsson) 1992-1993

Tímabilið frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Námsefni fjallar um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar og tæknilegan frágang ritgerða.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson) 1992-1993

Tímabilið 1550-1830. Fjallað verður um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði. Námsmat: rithandarfræði, ritgerð og skriflegt aðalpróf. Í síðasttalda prófbættinum þurfa stúdentar að hljóta lágmarkseinkunn.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Guðmundur Hálfðanarson) 1992-1993

Meginatriði í stjórnmalum, menningu og atvinnu- og félags sögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku, eftir því sem þurfa þykir.

Samtímasaga (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1992-1993

Innlenda og erlend saga eftir 1940. Áhersla lögð á baráttuna um nýskipan heims mála að lokinni heimsstyrjöldinni síðari, m.a. um kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn „fornra“ heimsvelða. Fjallað um valda þætti úr stjórnmála-, félags- og hagsögu Íslands og þeir tengdir og bornir saman við þróun samfélags og stjórnmála í öðrum löndum. Stúdentar þurfa að standast alla prófbætti námskeiðsins.

Aðferðir II (Gunnar Karlsson (þáttur b), Helgi Þorláksson (þáttur a) og Magnús S. Magnússon (þáttur c)) 1992-1993

- a) miðlun sögulegs efnis; leikni í að skrifa sögulegan texta og miða hann við ákveðinn vettvang, t.d. tímaritið *Sagnir*, börn, útvarpsflutning eða sjónvarp.
- b) söguheimspeki.
- c) talnanotkun og lýsandi tölfræði (töflugerð, myndræn framsetning, hagnýt tölfræði, íslenskar tölfræðiheimildir, fólksfjöldafræði, vísitölur o.fl.).

Stúdentar þurfa að standast alla prófbætti námskeiðsins, a, b og c.

Listasaga III (Björn Th. Björnsson) 1992-1993

Farið verður yfir íslenska myndlist frá 1860-1980. Gerð verður grein fyrir helstu stefnum og listamönnum þessa tímabils á sviði málverka, höggmynda og annarra sjónlista. Kennslan fer fram í fyrirlestrum með listskuggamyndum, en einnig safna- og sýningarferðum, eftir því sem við á og ástæður leyfa.

Fornleifafræði (Magnús Þorkelsson) 1992-1993

Vísindagreinin fornleifafræði kynnt, aðferðir, kostir og gallar. Fjallað um íslenska fornleifafræði, aðferðafræði, lykilhugtök, vettvang íslenskra fornleifafræðinga og kenningar þeirra.

Hagsaga fram að 1900 (Gísli Gunnarsson) 1992-1993

Valdir þættir úr almenntri hagsögu með skírskotun til íslenskrar hagsögu frá hámiðöldum til loka 19. aldar, m.a. með hliðsjón af kenningum í samfélagsfræðum, einkum í hagfræði.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir og Ólafur Ásgeirsson) 1992-1993

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræði. Um skjalasöfn (saga, þróun, hlutverk). Ferill skjala frá pappírnum í skrifstofu í dag og yfir í sagnfræðilegar heimildir. Þjóðskjalasafn Íslands, kynning á hlutverki þess og starfi. Hvernig finna má heimildir í skjalasöfnum. Æfingaverkefni á Þjóðskjalasafni.

Íslensk verkalýðshreyfing (Stefán F. Hjartarson) 1992-1993

Myndun og starfsemi verkalýðsfélaga. Klofningur innan verkalýðshreyfingarinnar, styrkleikahlutföll vinstri flokkanna og kenningar um hlut verkalýðsfélaga í samfélagsþróun. Þáttur Alþýðusambands Íslands. Nokkrar frumheimildir verða kynntar og fjallað um munnlegar heimildir.

Þættir úr kvennasögu (Sigríður Th. Erlendsdóttir) 1992-1993

Rannsóknir femínískra fræðimanna og kenningar varðandi kvennasögu frá 15. öld til okkar daga. Tímabilið 1880-1920 í íslenskri kvennasögu, uppeldi, menntun og breytingar á réttarstöðu.

Annálahreyfingin í Frakklandi (Einar Már Jónsson) 1992-1993

Aðferðafræði Annálahreyfingarinnar, hugmyndir annálunga um sagnfræði og afstaða þeirra gagnvart öðrum straumum. Könnuð verður staða fræðigreinarinnar og hvernig hreyfingin speglar sagnfræðilega þróun frá 1920.

Viðhorfasaga: aðferðir og valin efni (Ingi Sigurðsson) 1992-1993

Viðfangsefni námskeiðsins er viðhorf fólks til ákveðinna efna í tímans rás, en rannsóknir af þessu tagi mynda sérstaka undirgrein sagnfræðinnar. Gerð grein fyrir þróun þessarar undirgreinar (viðhorfasögu) og aðferðum sem þar er beitt. Mestum tíma varið til að fjalla um viðhorf á nokkrum völdum sviðum. Áhersla lögð á könnun frumheimilda, einkum íslenskra. Eftirtalin svið verða m.a. tekin til meðferðar: viðhorf Íslendinga til annarra þjóða, viðhorf til einstakra byggðarlaga á Íslandi og íbúa þeirra, viðhorf til einstakra stétta og hópa í íslensku þjóðfélagi og viðhorf til íslensks landbúnaðar.

Þættir úr sögu Skotlands (Ingi Sigurðsson) 1992-1993

Í upphafi verður veitt yfirlit yfir sögu Skotlands á tímabilinu. Áhersla lögð á að fjalla um viðfangsefnin í samhengi við almenna Evrópusögu. Byggt verður að talsverðu leyti á frumheimildum, þ. á m. greinargerðum um þjóðfélagsástand og bókmenntatextum. Meðal þátta: skoskt þjóðfélag á 18. öld og skoska upplýsingin, skoskur landbúnaður, þjóðfélagsbreytingar í skosku Hálöndunum á 19. og 20. öld (með sérstöku tilliti til byggðastefnu og vanda strjálbýlla landsvæða), iðnbyltingin og félagsleg áhrif hennar, skosk þjóðernishyggja, skosk menning á 20. öld, samskipti Skota og Íslendinga.

Þættir úr sögu kirkjunnar á Íslandi 1300-1500 (Sveinbjörn Rafnsson) 1992-1993

Fjallað um sögulegar heimildir, vandamál og rannsóknir sem tengjast kirkjustjórn og kirkjulegum stofnunum á Íslandi á miðöldum. Rætt verður um alþjóðleg tengsl kirkjunnar á Íslandi, þróun og breytilegt hlutverk hennar í ljósi þeirra.

Ísland og umheimurinn 1400-1830 (Anna Agnarsdóttir) 1992-1993

Utanríkis saga Íslands. Samskipti Íslendinga við Englendinga, Þjóðverja, Hollendinga, Tyrki og Spánverja, bæði hér á landi og erlendis. Mest fjallað um síðari hluta tímabilsins, einkum 1770-1830. Könnuð almenn þekking Íslendinga á umheiminum. Mikil áhersla lögð á lestur frumheimilda.

Galdur og hjátrú (Helgi Þorláksson) 1992-1993

Svonefnt galdrafár á Íslandi, orsakir þess, ris á 17. öld og hnig um 1700. Vestur- og Norður-evrópsk tengsl og samanburður. Ólíkar trúarhugmyndir lærðra og leikra. Félagslegar ástæður galdramála. Leiðbeint verður um notkun frumheimilda við ritgerðarsmíð.

Nýtrúarbrögð (Dagur Þorleifsson) 1992-1993

Trúarbrögð sem hafa orðið til á 19. og 20. öld í ýmsum heimshlutum. Meginstraumar í trúarhneigingum á þessu tímabili.

Efnahagsstefna á Íslandi 1870-1940 (Guðmundur Jónsson) 1992-1993

Efnahagsstefna stjórnvalda á þeim tíma þegar gamla samfélagið breyttist og við tók kapítalískt hagvaxtasamfélag 20. aldar. Markmið og leiðir stjórnvalda og afstaða þeirra til atvinnuvega. Fjárstjórn og umfang ríkisbúskapar. Utanríkisverslun og vanþróun atvinnuvega. Metinn verður hlutur ríkisvaldsins í „íslensku iðnbyltingunni“, hvort og þá að hve miklu leyti megi rekja breytingar í efnahagslífi á þessu tímabili til aðgerða stjórnvalda.

Þéttbýlisþróun og borgarsamfélag (Eggert Þór Bernharðsson) 1992-1993

Íslensk þéttbýlisþróun, einkum eftir 1940, helstu einkenni og samanburður við þróun erlendis. Vöxtur Reykjavíkur og staða í íslensku þjóðfélagi. Samanburður á lífinu í höfuðstaðnum og kaupstöðum landsins. Þjóðlífsbreytingar og hvernig almenningi og yfirvöldum gekk að aðlagast þeim. Togstreita milli ólíkra samfélagshátta, reynt að meta hvenær tala megi um íslenskt „borgarsamfélag“ og hvernig það verður ráðandi á Íslandi.

Framhaldsnám

Frásagnarheimildir íslenskra miðalda (Sveinbjörn Rafnsson) 1992-1993

Rakin rannsóknasaga nokkurra sígilda vandamála í sagnfræðilegri heimildarýni varðandi íslenskar frásagnarheimildir frá miðöldum. Fjallað um gerðfræði (týpólógíu) íslenskra frásagnarheimilda í ströngum skilningi (stricto sensu) í ljósi nýrra sagnfræðilegra rannsóknarita um evrópska sagnaritun á miðöldum. Nokkur skilningur á latínu er nauðsynlegur.

Sagnaritun í félags- og hagsögu (Gísli Gunnarsson) 1992-1993

Lesin verða tiltekin rit í félags- og hagsögu í samráði við kennara.

1993-1994

Grunnnám

Aðferðir I (Eggert Þór Bernharðsson, (þættir b, c og d)), og Ingi Sigurðsson (þáttur a)) 1993-1994

Námskeiðið greinist í fernt:

- a) Grundvallaratriði í söguspeki og saga sagnfræðinnar.
- b) Heimildafræði, þ.á m. skjalfræði.
- c) Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmíð lúta og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða.
- d) Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1993-1994

Námskeiðið greinist í þrjá prófþætti:

- a) Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar.

b) Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénsskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénsríkjum til þjóðríkja.

c) Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson) 1993-1994

Tímabilið 1500-1830, aðallega Evrópusaga. Hugsanleg meginsvið tekin til umfjöllunar: landafundir, gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England 1500-1830, einveldi og upplýsing, þjóðfélagið í Austur-Evrópu, franska stjórnarbyltingin og Napóleon. Áhersla lögð á lestur frumheimilda.

Mannkynssaga III (Guðmundur Hálfðanarson, Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 1993-1994

Tímabilið 1830–1939. Sex meginsvið tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (GH), landbúnaður og bændafólk í Evrópu (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), Rómanska Ameríka (IS), stríð og friður (GH) og Frakkland og Þýskaland (GH). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 1993-1994

Tímabilið frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Námsefni er um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar og tæknilegan frágang ritgerða.

Íslands og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson og Gunnar Karlsson) 1993-1994

Tímabilið 1550-1830. Fjallað um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins: fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði. Námsmat: rithandarfræði, ritgerð og skriflegt aðalpróf.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Guðmundur Hálfðanarson) 1993-1994

Meginatriði í stjórnmalum, menningu og atvinnu- og félagssögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku, eftir því sem þurfa þykir.

Samtímasaga (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1993-1994

Innlend og erlend saga eftir 1940. Áhersla lögð á baráttuna um nýskipan heimsmála að lokinni heimsstyrjöldinni síðari, ma. kalda stríðið, þjóðfrelsisbaráttu og upplausn „fornra“ heimsveldi. Fjallað um valda þætti úr stjórnmála-, félags- og hagsögu Íslands og þeir tengdir og bornir saman við þróun samfélags og stjórnmála í öðrum löndum.

Aðferðir II (Gunnar Karlsson (þáttur b)), Helgi Þorláksson, (þáttur a)) og Magnús S. Magnússon (þáttur c). 1993-1994

a) miðlun sögulegs efnis; leikni í að skrifa sögulegan texta og miða hann við ákveðinn vettvang, t.d. tímaritið *Sagnir*, börn, útvarpsflutning eða sjónvarp.

b) söguheimspeki: fræðilegur grundvöllur sagnfræði og hlutverk hennar.

c) talnanotkun og lýsandi tölfræði (tölflugerð, myndræn framsetning, hagnýt tölfræði, íslenskar tölfræðiheimildir, fólksfjöldafræði, vísitölur o.fl.).

Listasaga I (Björn Th. Björnsson) 1993-1994

Farið verður yfir evrópska myndlistarsögu frá lokum víkingaaldar, um tímabil rómanskrar og gotneskar listar, endurreisnar og barokk. Kennsla fer fram í fyrirlestrum með skuggamyndum, sérstakri myndskoðun, sem og safn- og sýningarferðum eftir því sem tilefni gefast.

Saga landbúnaðar á 20. öld (Ingi Sigurðsson) 1993-1994

Meirihluta námskeiðsins verður varið til að fjalla um sögu íslensks landbúnaðar, en almennri landbúnaðarsögu verða gerð veruleg skil og íslensk landbúnaðarsaga tengd henni. Meðal efnispáttar

eru: breyttir búskaparhættir, staða landbúnaðar sem atvinnuvegar, tækniþróun í landbúnaði, stefna stjórnvalda í landbúnaðarmálum, kjör bændafólks, þróun sveitasamfélagsins, félagshreyfingar bænda, búnaðarfræðsla, bændamenning. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Sagnfræðin og kalda stríðið (Þór Whitehead) 1993-1994

Fjallað verður um aðdraganda og gang kalda stríðsins fram til 1956. Farið verður yfir helstu rit um ágreining Austur- og Vesturveldanna og gerð grein fyrir heimildum þessara rita og skiptum skoðunum höfundar.

Íslensk verkalýðshreyfing (Stefán F. Hjartarson) 1993-1994

Myndun og starfsemi verkalýðsfélaga. Klofningur innan verkalýðshreyfingarinnar, styrkleikahlutföll vinstri flokkanna og kenningar um hlut verkalýðsfélaga í samfélagsþróun. Þáttur Alþýðusambands Íslands. Nokkrar frumheimildir kynntar og fjallað um munnlegar heimildir.

Ísland og heimsstyrjöldin síðari (Þór Whitehead) 1993-1994

Fjallað um samskipti Íslendinga við styrjaldarþjóðirnar, hernám Breta og hvernd Bandaríkjamanna. Rætt um áhrif ófriðarins á utanríkisstefnu Íslendinga.

Fjölskylda, heimili, félagstengsl (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1993-1994

Fjallað verður um þróun fjölskyldu- og heimilisgerða héraðs og erlendis frá 18. öld til samtímans. Sérstök áhersla verður lögð á fjölskylduna sem uppeldisstofnun og vettvang félagslegrar samhjálpar fyrir á tíð og kannað hvernig hlutverk hennar hefur breyst með iðnvæðingu og þéttbýlismyndun.

Höfðingjar, bændur og blóðhefnd (Helgi Þorláksson) 1993-1994

Notaðar verða ýmsar hugmyndir og kenningar í mannfræði um blóðhefndarsamfélög til að Notaðar verða ýmsar hugmyndir og kenningar í mannfræði um blóðhefndarsamfélög til að undir norskri stjórn (1262-1320). Vitnisburður laga, Íslendingasagna og samtímasagna verða bornir saman.

Þjóðerni Íslendinga (Gunnar Karlsson) 1993-1994

Rakið verður hvernig þjóðernishugmyndir Íslendinga hafa þróast síðan á miðöldum og fram á 20. öld. Til samanburðar verður leitað til útlendra kenninga um eðli þjóðernis og til þjóðernishreyfinga í grannlöndum Íslendinga.

Konur og börn í Evrópu 1500–1830 (Anna Agnarsdóttir) 1993-1994

Fjallað verður um stöðu og lífskjör kvenna og barna, bæði innan fjölskyldunnar og í evrópsku samfélagi á tímabilinu 1500–1830. Reynt verður að gera sem flestum stéttum þjóðfélagsins skil og samanburður gerður á stöðu kvenna í Vestur- og Austur-Evrópu. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda og ævisögur verða lesnar.

Sagnfræði, sannleiki og skáldskapur (Gunnar Karlsson) 1993-1994

Rætt verður um kenningar um eðlismun og skyldleika sagnfræði og skáldskapar. Kannað verður efni á mörkum sagnfræði og skáldskapar, söguþættir, þjóðlegur fróðleikur, sögulegar og þjóðfélagslegar skáldsögur.

Sagnfræði, kvikmyndir, sjónvarp (Eggert Þór Bernharðsson) 1993-1994

Saga kvikmyndanna, kvikmyndagerð á Íslandi og „bíómenning“ Íslendinga. Sjónvarp og heimildarmyndir. Efnistöð og framsetning sögulegs efnis í leiknum myndum og heimildarþáttum og viðhorf til fortíðarinnar. Kvikmyndir sem „spiegel“ þjóðfélagsþróunar og -breytinga. Heimildagildi lifandi mynda, varðveisla þeirra og notkun við kennslu og sagnfræðirannsóknir.

Framhaldsnám

Ritheimildir miðalda (Sveinbjörn Rafnsson) 1993-1994

Fjallað verður um hinar ýmsu tegundir ritheimilda frá evrópskum miðöldum, leifar og frásagnir, trúarlegar og veraldlegar, um tilurð þeirra, geymd og útgáfur. Lýst verður að nokkru sérstöðu og sérkennum íslenskra ritheimilda miðalda.

Íslensk vinstrihreyfing 1916-39 (Þór Whitehead) 1993-1994

Fjallað verður um upphaf Alþýðuflokksins og átök sósíaldemókrata og kommúnista í floknum og verkalyðshreyfingunni. Rætt verður um stofnun Kommúnistaflokks Íslands og Sósíalistaflokksins og ágreining þessara flokka við Alþýðuflokkinn.

Þættir úr hugmyndasögu 1700-1918 (Ingi Sigurðsson) 1993-1994

Fjallað verður um valda þætti úr hugmyndasögu tímabilsins. Einkum verða teknar til athugunar ýmsar fjölþjóðlegar hugmyndastefnur. Eðli þeirra verður greint og áhrif þeirra skoðuð. Áhrifum þeirra meðal Íslendinga verða gerð sérstök skil. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Verslun og Evrópuleiðir 1500-1800 (Gísli Gunnarsson) 1993-1994

Fjallað verður um almenna en þó einkum evrópska verslunarsögu tímabilsins. Skipulag verslunar og hugmyndir um hana, tollamál og verslunarleiðir. Verslun með íslenska útflutningsvöru og annarra fiskveiðipjóða við Norður-Atlantshaf verður könnuð sérstaklega allt fram til 1900.

1994-1995

Grunnnám

Aðferðir (Anna Agnarsdóttir, (þættir b og d)), Eggert Þór Bernharðsson (þáttur c)), Gísli Gunnarsson (þáttur e)) og Ingi Sigurðsson (þáttur a)) 1994-1995

Námskeiðið greinist í fimm þætti:

- a) Grundvallaratriði í söguspeki og saga sagnfræðinnar.
- b) Heimildafræði, þ.á m. skjalfræði.
- c) Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmíð lúta og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða.
- d) Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.
- e) Stutt yfirlit yfir notkun talna og tölfræðiheimilda í sagnfræði.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1994-1995

Námskeiðið greinist í þrjá prófþætti:

- a) Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar.
- b) Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénsskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénsríkjum til þjóðríkja.
- c) Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson) 1994-1995

Tímabilið 1500-1830. Eftirfarandi meginsvið verða tekin til umfjöllunar: gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England 1500-1830, einveldi og upplýsing, fjölskyldan og staða kvenna, einveldi og upplýsing, þjóðfélagið í Austur-Evrópu, ameríska byltingin, franska stjórnarbyltingin, frjálslyndisstefnan og iðnbylting. Áhersla lögð á lestur frumheimilda.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 1994-1995

Tímabilið 1830–1939. Sex megin svið tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (ÖJ), landbúnaður og bændafólk í Evrópu (IS), Spánn (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (IS), Rómanska Ameríka (IS). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 1994-1995

Tímabilið frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Náms efni er um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar og tæknilegan frágang ritgerða.

Íslands og Norðurlandasaga II (Anna Agnarsdóttir, Gísli Gunnarsson og Gunnar Karlsson) 1994-1995

Tímabilið 1550-1830. Fjallað um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins: fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði. Námsmat: rithandarfræði, ritgerð og skriflegt aðalpróf.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson) 1994-1995

Meginatriði í stjórnmálum, menningu og atvinnu- og félags sögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku. Kynnt verður yfirlitssöguritun um tímabilið, og nemendur þjálfaðir í henni.

Samtímasaga (Eggert Þór Bernharðsson, Magnús S. Magnússon og Þór Whitehead) 1994-1995

Innlend og erlend saga eftir 1940. Áhersla lögð á kalda stríðið og nýskipan heims mála að lokinni heimsstyrjöldinni síðari. Fjallað um valda þætti úr stjórnmála-, félags- og hagsögu Íslands.

Listasaga II (Auður Ólafsdóttir) 1994-1995

Samtímalistasaga. Farið verður yfir tímabilið frá umbrotum móðernismans undir lok síðustu aldar fram til okkar tíma (1994). Frá impressjónisma í gegnum helstu framúr stefnuhreyfingar 20. aldar í myndlist. Sérstök áhersla á hugmyndafræðilegar forsendur myndlistar og tengsl við samtímasögu. Kennslan fer fram með fyrirlestur, litskyggunumyndum, myndböndum sem og safna- og sýningaferðum eftir því sem tilefni gefast.

Fornleifafræði og minjavarsla (Margrét Hallgrímsdóttir, Sveinbjörn Rafnsson og Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson) 1994-1995

Yfirlit yfir sögu og aðferðir vísindalegrar fornleifafræði, þættir úr evrópskri og íslenskri fornleifafræði miðalda og síðari alda. Minjastaðir, forngripir og minjavarsla.

Hagsaga 20. aldar og aðferðir í hagsögu (Magnús S. Magnússon) 1994-1995

Útskýrð verða grundvallaratriði í hagfræði og hagsögu. Rakin verður í stórum dráttum saga hagfræði- og hagsögukenninga. Lesnir verða textar úr völdum erlendum og innlendum hagsöguritum.

Sagnfræðiheimspeki (Gunnar Karlsson) 1994-1995

Nýlegar kenningar um fræðilegan grundvöll sagnfræði og grundvöll hennar.

Málstofa um stjórnmálasögu (Gunnar Karlsson) 1994-1995

Eldri og yngri kenningar um stjórnmál. Saga stjórnmálasöguritunar og stjórnmál sem sagnfræðilegt viðfangsefni.

Falsbréf (Helgi Þorláksson) 1994-1995

Um falsbréf almennt og íslenska falsbréfastærð á siðskiptaöld sérstaklega (1530-1630). Farið verður yfir falsbréf frá þessum tíma, einkenni þeirra og tilurð könnuð.

Miðlun (Helgi Þorláksson) 1994-1995

Um leikni í að skrifa sögulegan texta og miða hann við ákveðinn vettvang, t.d. tímaritið Sagnir, börn, útvarpsflutning eða sjónvarp.

Heimildafræði (Helgi Þorláksson) 1994-1995

Haldið áfram þar sem frá var horfið í Aðferðum. M.a. glímt við sérvalin heimildavandamál, munnlegar heimildir og myndir sem heimildir.

Málstofa um félagssögu (Guðmundur Hálfðanarson) 1994-1995

Fjallað verður um sögu félagssögunnar og notkun kenninga um samfélagsþróun í sagnfræði. Lesnir verða valdir textar fræðimanna sem varpa ljósi á þróun, viðfangsefni og skýringaraðferðir félagssögunnar.

Evrópsk menning 1830-1914 (Ingi Sigurðsson) 1994-1995

Fjallað verður um ýmsa meginstrauma í evrópskri menningu á tímabilinu. Aðallega verður hugað að áhrifum ákveðinna fjölþjóðlegra hugmyndastefna og þá einkum skoðað hvernig þau birtust í stjórnmálum, sagnfræði og bókmenntum. Áhrif stefnanna í Danmörku, Noregi og Færeyjum verða athuguð sérstaklega. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Ísland 1807-1814 (Anna Agnarsdóttir) 1994-1995

Rannsóknarnámskeið, tilraun til „heildar“ sögu (total history). Leitast verður við að fá heildarsýn yfir lífsskjör á Íslandi á árum Napóleonsstyrjalda. Einnig verða viðbrögð Íslendinga við erfiðleikum styrjaldaráranna könnuð. Nemendur velja sér rannsóknarverkefni á grundvelli frumheimilda.

Evrópsk sjóferða- og siglingasaga tengd Íslandi (Trausti Einarsson) 1994-1995

Siglingar frá Evrópu sem tengja má Íslandi með einum eða öðrum hætti: fiskveiðar, hvalveiðar, verslun. Athuguð er tilhöggun siglinga: eigendur, fjármagn, sjómenn, skipasmíðar, seglskip, eimskip, kaupskip, herskip, hafnir. Fjallað verður um sögu sjóferða og siglinga í Bretlandi, Hollandi og Noregi.

Hafréttarmál og fiskveiðideilur (Jón Þ. Þór) 1994-1995

Saga hafréttarmála við Ísland með sérstöku tilliti til fiskveiða. Landhelgismál Íslendinga. Landhelgin og gæsla hennar eftir 1800. Sameiginleg nýting Íslendinga og útlendinga á fiskistofnum og áhrif veiða á stofnana. Deilur sem hlutust af veiðum útlendinga hér við land og af útfærslu fiskveiðilögsögunnar. Þróun hafréttarmála á alþjóðavettvangi.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir og Ólafur Ásgeirsson) 1994-1995

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræði. Um skjalasöfn (saga, hlutverk, þróun). Ferill skjala frá pappírnum í skrifstofu yfir í sagnfræðilegar heimildir. Íslensk skjalasöfn, kynning á hlutverki þeirra og starfi. Hvernig finna á heimildir í skjalasöfnum. Æfingarverkefni á Þjóðskjalasafni.

Norrænar félagssögu- og hugarfarssögurannsóknir (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1994-1995

Lesið verður úrval nýlegra rita og tímaritsgreina sem varpa ljósi á helstu viðfangsefni og brjóta til mergjar kenningalegar forsendur þessara rannsókna, þær aðferðir sem einkum eru notaðar og heimildir sem þær byggja á. Einkum verður fjallað um rannsóknir sem varða kvennasögu, samskipti kynjanna, fjölskylduna, læsi, breytingar á samfélagsgerð, stéttavitund og stéttaviðhorf.

Íslam – saga trúarhreyfingar (Dagur Þorleifsson) 1994-1995

Fjallað verður um uppruna íslams, áhrif frá öðrum trúarbrögðum, þróun trúarbragða þessara frá upphafi til þessa dags, hinar ýmsu greinar þeirra, þátt þeirra í mótun þjóðfélaga, menningar og

viðhorfa. Þýðing íslams á okkar tímum, bókstafshyggjan (fundamentalisminn) og aðrar stefnur sem komið hafa fram síðan á 18. öld.

Þættir úr sögu kirkjunnar á Íslandi 1300-1500 (Sveinbjörn Rafnsson) 1994-1995

Fjallað um sögulegar heimildir, vandamál og rannsóknir sem tengjast kirkjustjórn og kirkjulegum stofnunum á Íslandi á miðöldum. Rætt verður um alþjóðleg tengsl kirkjunnar á Íslandi, þróun og breytilegt hlutverk hennar í ljósi þeirra.

Framhaldsnám

Þættir úr Íslandssögu eftir siðaskipti (Þór Whitehead) 1994-1995

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Víkingasaga – heimildir og rannsóknaraðferðir (Sveinbjörn Rafnsson) 1994-1995

Fjallað verður um hinar margþættu heimildir og rannsóknaraðferðir sem notaðar hafa verið til þess að varpa ljósi á sögu Víkingaaldar (þ.e. sögu Norður-Evrópu frá því um 800 til um 1100).

Þættir úr hugmyndasögu frá 1918 til samtímans (Ingi Sigurðsson) 1994-1995

Fjallað verður um valda þætti úr hugmyndasögu tímabilsins. Einkum verða teknar til athugunar ýmsar fjölþjóðlegar hugmyndastefnur. Eðli þeirra verður greint og áhrif þeirra skoðuð. Áhrifum þeirra meðal Íslendinga verða gerð sérstök skil. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Áherslur í evrópskum og norður-amerískum félagssögurannsóknum (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1994-1995

Lesin verða og rædd nýleg rit og ritgerðir er varpa ljósi á viðfangsefni og aðferðir í nýlegum félagssögurannsóknum. Viðfangsefnin verða valin í samráði við nemendur þannig að þau tengist lokaritgerðum þátttakenda.

1995-1996

Grunnnám

Aðferðir (Anna Agnarsdóttir, (þættir a, b), Eggert Þór Bernharðsson (þáttur c), Gísli Gunnarsson (þáttur e) og Guðmundur Hálfðanarson (þáttur a) 1995-1996

Námskeiðið greinist í fimm þætti:

- Grundvallaratriði í söguspeki og saga sagnfræðinnar.
- Heimildafræði, þ. á m. skjálfræði
- Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmíð lúta og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða.
- Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.
- Stutt yfirlit yfir notkun talna og tölfræðiheimilda í sagnfræði.

Til þess að standast próf þarf nemandi að hljóta lágmarkseinkunn fyrir fjóra fyrstnefndu prófþættina.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1995-1996

Fjallað verður um fornaldar- og miðaldasögu, einkum sögu Mið austurlanda og Evrópu. Áhersla verður lögð á upphaf evrópskrar siðmenningar, sögu Grikklands og Rómar, upphaf og þróun kirkju og kristni, efnahagslíf, menningu og stjórnmál Evrópu á miðöldum.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson) 1995-1996

Tímabilið 1500-1830. Aðallega Evrópusaga. Eftirfarandi meginsvið verða tekin til umfjöllunar: gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England 1500-1830, fjölskyldan og staða kvenna, einveldi og upplýsing, þjóðfélagið í Austur-Evrópu, ameríska byltingin, franska stjórnarbyltingin, frjálslyndisstefnan og iðnbylting. Áhersla lögð á lestur frumheimilda. Stúdentar þurfa að standast alla prófbætti námskeiðsins.

Mannkynssaga III (Guðmundur Hálfðanarson, Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 1995-1996

Tímabilið 1850-1939. Sex meginsvið verða tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (IS), landbúnaður og bændafólk í Evrópu (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), stríð og friður (GH), Bandaríkin og Sovétríkin (GH). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 1995-1996

Tímabilið frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Námsefni er um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson og Guðmundur Hálfðanarson) 1995-1996

Tímabilið 1550-1830. Fjallað um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði. Námsmat: rithandarfræði, ritgerð og skriflegt aðalpróf. Í tveimur síðasttöldu prófpáttunum þurfa stúdentar að hljóta lágmarkseinkunn.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson) 1995-1996

Meginatriði í stjórnámálum, menningu og atvinnu- og félags sögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku, eftir því sem þurfa þykir. Kynnt verður yfirlitssöguritun um tímabilið, og nemendur þjálfaðir í henni.

Mannkynssaga IV (Þór Whitehead) 1995-1996

Fjallað verður um tímabilið eftir 1939 og áhersla lögð á sögu síðari heimsstyrjaldarinnar og kalda stríðsins. Stúdentar þurfa að standast alla prófbætti námskeiðsins.

Íslandssaga IV (Eggert Þór Bernharðsson og Magnús S. Magnússon) 1995-1996

Fjallað verður um valda þætti úr stjórn mála-, menningar-, félags- og hagsögu Íslands eftir 1939.

Listasaga I (Auður Ólafsdóttir) 1995-1996

Yfirlit yfir helstu stíltímabil evrópskrar myndlistarsögu frá seinni hluta miðalda fram undir miðja 19. öld: tímabil rómanskrar og gotneskrar listar, endurreisnar, barokk, rókókó og tímabil rómantísku stefnunnar og raunsæisstefnunnar. Áhersla á listasögu sem hugmyndasögu mynda og leitast við að skoða listsköpun í félagssögulegu samhengi.

Hitler og Stalín, alræðisstefnur (Þór Whitehead) 1995-1996

Fjallað verður um ævi og störf Jóseps Stalíns og Adolfs Hitlers og einkum byggt á riti Alans Bullocks: Hitler and Stalin: Paralell Lives. Einnig verða lesnir valdir kaflar úr ritum einræðisherranna og jafnframt fjallað um uppruna og eðli alræðisstefna.

Sjálfsævisögur og sagnfræði (Sigurður Gylfi Magnússon) 1995-1996

Fjallað verður um gildi og eðli sjálfsævisagna, meðal annars með tilliti til hugmynda erlendra sagnfræðinga. Sjálfsævisögur verða bornar saman við óskyldar og skyldar heimildir, svo sem munnlegar frásagnir og viðtöl, spurningaskrár, almennar ævisögur og einkaskjöl (bréf, dagbækur o.fl.). Þessi umfjöllun verður tengd við þjóðfélagsþróun á 19. og 20. öld. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Franska stjórnarbyltingin (Anna Agnarsdóttir) 1995-1996

Frakkaland á 18. öld (l'Ancien Régime). Orsakir og afleiðingar byltingarinnar. Atburðarásin frá árinu 1787 og fram að valdatöku Napóleons 1799 rakin og greind. Mismunandi túlkanir sagnfræðinga (frá Burke til Furet) ræddar. Áhrif byltingarinnar á evrópskt samfélag. Mikil áhersla verður lögð á lestur frumheimilda.

Málstofa um hugmyndasögu (Guðmundur Hálfðanarson) 1995-1996

Fjallað verður um hugmyndasögu sem undirgrein sagnfræðinnar. Teknar verða til meðferðar kenningar um eðli hennar og sögu hennar gerð skil. Lesin verða ýmis rit, þar sem viðfangsefnið er hugmyndasögulegs eðlis. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Heiður og hefnd (Helgi Þorláksson) 1995-1996

Um frið og fæð, heiður og hefnd, hetjur og góðviljamenn í samfélagi fæðardeilna og blóðhefndar. Stuðst er við Íslendingasögur og Sturlungu og litið til annarra fæðarsamfélaga um samanburð. Athygli er einkum beint að heiðri (sæmd).

Framhaldsnám

Þættir úr Íslandssögu eftir siðaskipti (Þór Whitehead) 1995-1996

Valdir þættir í samráði við nemendur.

Opinbert líf og einkalíf á miðöldum (Helgi Þorláksson) 1995-1996

Athugað verður hvort munur var á opinberu lífi og einkalífi. Fjallað verður um fjölskyldu- og heimilislíf og hugtakið „opið heimili“ kannað með hliðsjón af hóbýlaháttum. Stuðst verður við mannfræðilegar athuganir á samlífi í fábreyttum samfélögum með fastri búsetu og án hennar. Mest verður glímt við íslenskt samfélag fyrir 1300 og heimildir um það.

Ísland og alþjóðahagkerfið 1918-1960 (Guðmundur Jónsson) 1995-1996

Söguleg þróun íslenskrar utanríkisverslunar frá fullveldi til viðreisnarstjórnar: innflutningur, útflutningur, markaðir og viðskiptakjör, erlendar fjárfestingar og vinnuafli. Ísland í ljósi kenninga um samband hagvaxtar og utanríkisviðskipta. Mótun og framkvæmd utanríkisviðskiptastefnu: fríverslun, efnahagsleg þjóðernisstefna, kreppuráðstafanir, „haftatíminn“, uppstokkun viðreisnarstjórnarinnar og aukin alþjóðasamvinna.

Ættartengsl og samhjálp kerfi í evrópskum samfélögum á 18. og 19. öld (Gísli Ágúst Gunnlaugsson) 1995-1996

Lesin verða og greind nýleg rit sem fjalla um mikilvægi ættartengsla og margvíslegra óformlegra samhjálparkerfa í evrópskum samfélögum á fyrri öldum. Leitast verður við að svara spurningum um uppruna slíkra kerfa og athuga hvernig þeim er viðhaldið. Í þessu sambandi verður sjónum einkum beint að samhjálp ættingja, nágranna og vina. Kannað verður hvaða upplýsingar íslenskar heimildir geyma um þessi efni.

1996-1997

Grunnnám

Aðferðir (Anna Agnarsdóttir, (þættir b) og d)), Eggert Þór Bernharðsson (þáttur c)), Gísli Gunnarsson (þáttur e)) og Ingi Sigurðsson (þáttur a)) og N.N. 1996-1997

Námskeiðið greinist í fimm þætti:

- Grundvallaratriði í söguspeki og saga sagnfræðinnar.
- Heimildafræði, þ. á m. skjalfræði

- c. Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmið lúta og nemendur þjálfaðir í samningu fræðilegra ritgerða.
 - d. Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.
 - e. Stutt yfirlit yfir notkun talna og tölfraðiheimilda í sagnfræði.
- Til þess að standast próf þarf nemandi að hljóta lágmarkseinkunn fyrir fjóra fyrstnefndu prófbættina.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1996-1997

- a) Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar.
- b) Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénsskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénríkjum til þjóðríkja.
- c) Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.

Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófpátta til þess að standast próf í námskeiðinu.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson) 1996-1997

Tímabilið 1500-1830. Aðallega Evrópusaga. Eftirfarandi meginsvið verða tekin til umfjöllunar: gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England 1500-1830, fjölskyldan og staða kvenna, einveldi og upplýsing, þjóðfélagið í Austur-Evrópu, ameríska byltingin, franska stjórnarbyltingin, frjálslyndisstefnan og iðnbylting. Áhersla lögð á lestur frumheimilda. Stúdentar þurfa að standast alla prófbætti námskeiðsins.

Mannkynssaga III (Guðmundur Hálfðanarson, Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 1996-1997

Tímabilið 1850-1939. Sex meginsvið tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (IS), Spánn (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), stríð og friður (GH), Bandaríkin og Sovétríkin (GH). Rómanska Ameríka (IS). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson og N.N.) 1996-1997

Tímabilið frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Námsefni er um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson og Már Jónsson) 1996-1997

Tímabilið 1550-1830. Fjallað um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði. Námsmat: rithandarfræði, ritgerð og skriflegt aðalpróf. Í tveimur síðasttöldu prófpáttunum þurfa stúdentar að hljóta lágmarkseinkunn.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson) 1996-1997

Meginatriði í stjórnmalum, menningu og atvinnu- og félagsögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku, eftir því sem þurfa þykir. Kynnt verður yfirlitssöguritun um tímabilið, og nemendur þjálfaðir í henni.

Mannkynssaga IV (Guðni Th. Jóhannesson) 1996-1997

Fjallað verður um tímabilið eftir 1939 og áhersla lögð á sögu síðari heimsstyrjaldarinnar og kalda stríðsins. Stúdentar þurfa að standast alla prófbætti námskeiðsins.

Íslandssaga IV (Eggert Þór Bernharðsson) 1996-1997

Fjallað verður um valda þætti úr stjórnmal-, menningar-, félags- og hagsögu Íslands eftir 1939.

Listasaga II (Auður Ólafsdóttir) 1996-1997

Samtímalistasaga. Farið verður yfir tímabilið frá umbrotum módernismans undir lok síðustu aldar fram til okkar tíma (1996). Frá impressjónisma í gegnum helstu framúrstefnuhreyfingar 20. aldar í myndlist. Sérstök áhersla á hugmyndafræðilegar forsendur myndlistar og tengsl við samtímasögu. Kennsla fer fram með fyrirlestur, litskyggunumyndum, myndböndum sem og safna- og sýningarferðum eftir því sem tilefni gefast.

Hagsaga 20. aldar og aðferðir í hagsögu (Guðmundur Jónsson) 1996-1997

Yfirsýn yfir hagsögu Evrópu á 20. öld. Kynntar rannsóknaraðferðir og sagnaritun í hagsögu. Fjallað verður um hina almennu sögulegu framvindu frá fyrri heimsstyrjöld til níunda áratugarins. Fléttað saman efni og aðferð í hagsögu með því að fjalla um ákveðin viðfangsefni þar sem áhersla er lögð á að tengja íslenska og almenna sögu. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Gildi í sagnfræði (Gunnar Karlsson) 1996-1997

Fjallað verður um nokkur meginatriði í heimspeki og aðferðum sagnfræðinnar og athygli einkum beint að þrenns konar gildum í fræðigreininni, sannleiksgildi, listgildi og hagnýtu gildi, öðru nafni félagslegu hlutverki. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Kirkju- og konungsstjórn 1200-1500 (Sveinbjörn Rafnsson) 1996-1997

Fjallað verður um söguleg vandamál og rannsóknir sem tengjast kirkju- og konungsstjórn á miðöldum og lesnir nokkrir heimildatextar í því sambandi.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir og Ólafur Ásgeirsson) 1996-1997

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræði. Um skjalasöfn (saga-þróun-hlutverk). Ferill skjala frá pappírurum í skrifstofu í dag og yfir í sagnfræðilegar heimildir. Þjóðskjalasafn Íslands, kynning á hlutverki þess og starfi. Hvernig finna má heimildir í skjalasöfnum. Æfingaverkefni á Þjóðskjalasafni.

Samfélag og einstaklingur á 19. öld (Sigurður Gylfi Magnússon) 1996-1997

Kannað verður samspil samfélagsgerðarinnar og einstaklinga og hvaða áhrif formgerð samfélagsins hafði á möguleika fólks til vaxtar og viðgangs. Efnistökunum má skipta í þrjá þætti: Hvernig hafa íslenskir sagnfræðingar fjallað um 19. öldina? Gerð verður kerfisbundin úttekt á samtímaumræðu um málefni sem voru efst á baugi. Nemendur munu vinna með einkaskjöl.

Jörð og samfélag (Árni Daníel Júlíusson) 1996-1997

Gamla íslenska sveitasamfélagið verður skoðað í samhengi við vestur-evrópska landbúnaðar- og félagsögu 1300-1700. Fjallað verður um helstu atriði framleiðslu, félagslegrar lagskiptingar og félagslegra átaka, samspil þessara þátta í ýmsum samfélögum með áherslu á sérstöðu Íslands.

Árni Magnússon og íslensk fornfræði (Már Jónsson) 1996-1997

Fjallað verður um hugmyndir Árna Magnússonar (1663-1730) og vinnubrögð hans. Fræðimennska hans verður metin í samhengi við uppgang íslenskra fræða á 17. öld og skoðuð í ljósi sambærilegra verka erlendis. Nemendur vinna verkefni sem byggja á notkun handrita frá tímabilinu.

Þjóðfélagsþróun og stjórnskipunarbreytingar við siðaskiptin (Vilborg Auður Ísleifsdóttir) 1996-1997

Kynntar verða heimildir um stjórnskipun á Íslandi á siðaskiptatímanum. Biskupsembættinu verður sérstakur gaumur gefinn. Jafnframt verður saga stjórn mála í Norður-Evrópu á þessu tímabili rædd, einkum á Norðurlöndum og í Þýskalandi.

Þættir úr kvennasögu (Sigríður Th. Erlendsdóttir) 1996-1997

Rannsóknir fræðimanna og kenningar varðandi kvennasögu almennt. Sérstaklega verður fjallað um tímabilið 1880-1920 í íslenskri kvennasögu, uppeldi, menntun og breytingar á réttarstöðu.

Stefnur og straumar í frönskri sagnfræði á þessari öld (Einar Már Jónsson) 1996-1997

Aðferðafræði Annálahreyingarinnar, helstu hugmyndasmiðir hreyfingarinnar, einnig ýmsir meistarar í nágreinni hennar. Könnuð verður staða fræðigreinarinnar og áhrif hennar.

Þjóðríki Evrópu (Guðmundur Hálfðanarson) 1996-1997

Fjallað verður um uppruna og þróun þjóðríkja frá árnýöld fram til okkar tíma. Rætt verður sérstaklega um hugtökin þjóð og ríki í evrópsku samhengi út frá nýlegum fræðiritum um þessi efni.

Sagnfræði og kvikmyndir (Eggert Þór Bernharðsson) 1996-1997

Kvikmyndir, spegill samtíðar? Almennt um sagnfræði og kvikmyndir. Miðlun sögu með kvikmyndum. Saga fjölmiðlunar. Fréttir og sannleiksgildi. Tekin verða margvísleg dæmi, m.a. frá Þýskalandi nasismans, Sovétríkjunum, Bandaríkjunum, Finnlandi og Íslandi.

Valnámskeið:**Hugmyndasaga 19. og 20. aldar (Vilhjálmur Árnason) 1996-1997**

Námslýsing í kafla heimspekiskorar

Grísk og rómversk sagnaritun (Sigurður Pétursson) 1996-1997

Námslýsing í kafla skorar rómanskra og slavneskra mála.

Sjávarbyggðri og kynferði (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ólöf Garðarsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir) 1996-1997

Fjalla verður um hvernig kynferði ákvarðar hugmyndir um stöðu einstaklinga í sjávarútvegi. Út frá kenningum um kynferði verður varpað ljósi á stöðu kvenna í sjávarbyggðum í fortíð og nútíð og á samskipti kynjanna í sjávarútvegi. Rætt verður um viðfangsefnið frá þverfaglegu sjónarmiði og stuðst við rannsóknir í sagnfræði, mannfræði og félagsfræði.

Saga uppeldis og menntunar (Loftur Guttormsson, Jón Torfi Jónasson og Guðmundur Hálfðanarson) 1996-1997

Fjallað verður um valda þætti úr sögu uppeldis og menntunar frá 16. öld til samtíma. Sérstök áhersla verður lögð á víxlverkun uppeldis og menntunar og samfélags og menntunarþróunar á Íslandi á 19. og 20. öld. Hver nemandi vinnur sérstök rannsóknarverkefni.

Framhaldsnám**Ritheimildir miðalda (Sveinbjörn Rafnsson) 1996-1997**

Fjallað verður um hinar ýmsu tegundir ritheimilda frá evrópskum miðöldum, leifar og frásagnir, trúarlegar og veraldlegar, um tilurð þeirra, geymd og útgáfur. Lýst verður að nokkru sérstöðu og sérkennum íslenskra ritheimilda miðalda.

Sagnaritun í félags- og hagsögu (Gísli Gunnarsson) 1996-1997

Lesin verða tiltekin rit í félags- og hagsögu í samráði við kennara

Þættir úr hugmyndasögu 1700-1918 (Ingi Sigurðsson) 1996-1997

Fjallað verður um valda þætti úr hugmyndasögu tímabilsins. Einkum verða teknar til athugunar fjölþjóðlegar hugmyndastefnur, þ. á m. uppýsingin, rómantíska stefnan, þjóðernishygga og frjálslyndisstefna. Eðli þeirra verður greint og áhrif þeirra skoðuð. Áhrifum þeirra meðal Íslendinga verða gerð sérstök skil. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

1997-1998

Grunnnám

Aðferðir (Eggert Þór Bernharðsson (þættir b) og c)), Gísli Gunnarsson (þáttur e)), Ingi Sigurðsson (þáttur a)), Már Jónsson (þáttur d)) og N.N. 1997-1998

Námskeiðið greinist í fimm þætti:

- a) Grundvallaratriði í söguspeki og saga sagnfræðinnar.
- b) Heimildafræði, þ. á m. skjalfræði
- c) Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmíð lúta og nemendur þjálfaðir í samningu fræðilegra ritgerða.
- d) Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.
- e) Stutt yfirlit yfir notkun talna og tölfræðiheimilda í sagnfræði.
Til þess að standast próf þarf nemandi að hljóta lágmarkseinkunn fyrir fjóra fyrstnefndu prófþættina.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1997-1998

- a) Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Miðausturlanda, Grikklands og Rómar.
- b) Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénsskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénsríkjum til þjóðríkja.
- c) Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.
Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófþátta til þess að standast próf í námskeiðinu.

Mannkynssaga II (Guðmundur Hálfðanarson og N.N.) 1997-1998

Tímabilið 1500-1830. Efni námskeiðsins verður skipt í nokkur svið sem fjallað verður um í fyrirlestrum og umræðutímum. Eftirfarandi svið verða tekin til meðferðar: evrópskt samfélag og efnahagslíf, gullöld og hnignun Spánar, siðaskiptin, England 1500-1700, einveldi, upplýsingin, franska stjórnarbyltingin, frjálslyndisstefnan og upphaf iðnbyltingar. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda. Stúdentar þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson, Ögmundur Jónasson og N.N.) 1997-1998

Tímabilið 1850-1939. Sex meginsvið tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll á Vesturlöndum (ÖJ), Bretland (IS), Spánn (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (IS), Rómanska Ameríka (IS). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson og N.N.) 1997-1998

Tímabilið frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Náms efni er um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson og Már Jónsson) 1997-1998

Tímabilið 1550-1830. Fjallað um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði. Námsmat: rithandarfræði, ritgerð og skriflegt aðalpróf. Í tveimur síðasttöldu prófþáttunum þurfa stúdentar að hljóta lágmarkseinkunn.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson og N.N.) 1997-1998

Meginatriði í stjórnámálum, menningu og atvinnu- og félags sögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku, eftir því sem þurfa þykir. Kynnt verður yfirlitssöguritun um tímabilið, og nemendur þjálfast í henni.

Mannkynssaga IV (Guðni Th. Jóhannesson) 1997-1998

Fjallað verður um tímabilið 1939-1991. Áhersla verður lögð á a) valda þætti í stjórnálmásögu: seinni heimsstyrjöld, kalda stríðið og hrun kommúnismans í Austur-Evrópu og Sovétríkjunum, og (b) valda þætti í félags- og menningarsögu Evrópu. Nemendur þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins.

Íslandssaga IV (Eggert Þór Bernharðsson) 1997-1998

Fjallað verður um valda þætti úr stjórnála-, menningar-, félags- og hagsögu Íslands eftir 1939. Stúdentar þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins.

Íslensk listasaga (Auður Ólafsdóttir) 1997-1998

Saga íslenskrar myndlistar frá 1890 til 1997. Sérkenni íslenskrar myndlistarsögu skoðuð í ljósi íslenskrar samfélagsþróunar og samtímasögu. Greining einstakra verka. M.a. fjallað um afstöðu yngri kynslóða myndlistarmanna til íslensks myndlistararfs á hverjum tíma og tengsl íslenskrar myndlistarþróunar við erlendar samtímastefnur. Kennsla fer fram með fyrirlestrum, myndskoðun, bæði skoðun litskyggna og myndbanda, sem og safna- og sýningarferðum.

Fornleifafræði og minjavarsla (Margrét Hallgrímsdóttir, Sveinbjörn Rafnsson og Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson) 1997-1998

Yfirlit yfir sögu og aðferðir vísindalegrar fornleifafræði. Þættir úr evrópskri og íslenskri fornleifafræði miðalda og síðari alda. Minjastaðir, forngripir og minjavarsla.

Miðaldaplágan í Evrópu og á Íslandi (Gunnar Karlsson) 1997-1998

Kannaðar verða frumheimildir og lesin fræðirit um pláguna, bæði erlend rit og íslensk. Grafist verður fyrir um eðli plágunnar, rannsóknarsögu og áhrif á samfélög. Óráðlegt er fyrir algera byrjendur í háskólanámi að velja þetta námskeið.

Íslensk yfirstétt á miðöldum og árnýöld (Árni Daníel Júlíusson) 1997-1998

Fjallað verður um stórbændur og höfðingja frá landnámi fram til um 1800. Athygli verður sérstaklega beint að aðferðum yfirstéttarinnar til að halda sér við og hvernig þær breyttust í tímans rás. M.a. verður fjallað um erfðareglur, eignir, völd, embætti og aðal. Mikið verður byggt á frumheimildum.

Þættir úr sögu Norðurlanda (Árni Daníel Júlíusson, Gestur Guðmundsson og Guðmundur Hálfðanarson) 1997-1998

Fjallað verður um þá þætti sem tengja Norðurlönd innbyrðis, það sem greinir þau frá öðrum löndum og það sem greinir þau hvert frá öðru. Fjallað verður um þessa þætti allt frá miðöldum til samtímans og hugað verður að framtíð Norðurlanda á tímum vaxandi Evrópusamvinnu. Námskeiðið tengist fyrirhugaðri NordSaga-ráðstefnu norrænna sagnfræðinema sem halda á í október 1997.

Lífskjör, stjórnarhættir og samfélagsgerð í upphafi 18. aldar (Már Jónsson) 1997-1998

Námskeiðið tekur til tímabilsins 1690-1720, en um það eru til ríkulegar heimildir sem fæstar hafa verið gefnar út. Farið verður í saumana á sem flestum þáttum mannlífs á Íslandi og gerð tilraun til að öðlast glöggan skilning á kjörum og sjálfsmynd landsmanna. Lögð verður áhersla á samspil hversdagslegrar lífsbaráttu, atferlis embættismanna og opinberrar hugmyndafræði, til dæmis með mati á því hvernig örbirgð almennings mótaðist af hugmyndum ráðamanna og jarðeigenda um hlutverk sitt.

Þjóðernishygga og sagnaritun Íslendinga 1830-1918 (Ingi Sigurðsson) 1997-1998

Fjallað verður um gagnkvæm áhrif þjóðernishyggju og sagnaritunar Íslendinga á tímabilinu, í tengslum við aðra þætti hugmynda- og menningarsögu þess. Viðfangsefnið verður skoðað í erlendu samhengi. Rík áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Menntun og menning alþýðu á Íslandi 1830-1930 (Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson) 1997-1998

Einkum verður fjallað um áhrif menntunar og miðlunar prentaðs og skrifaðs efnis á alþýðumenningu á tímabilinu. Viðfangsefnið verður skoðað í samhengi við félagsgerð og áhrif hugmyndastefna. Kenningum á þessu fræðasviði verða gerð veruleg skil. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda; þar á meðal verða sjálfsævisögur, einkabréf, sveitablöð og fræðsluskýrslur.

Breskt samfélag á síðari hluta 19. aldar (Sigrún Pálsdóttir) 1997-1998

Fjallað verður um breskt samfélag á tímabilinu með því að kanna áhrif hugmynda á efnahagsþróun og stjórnmál, þjóðfélagsgerð og menningu. Lögð verður áhersla á þá mynd sem Bretar drógu upp af samtíma sínum, m.a. með notkun frumheimilda, og síðan hvernig 20. aldar sagnfræðingar hafa skilgreint breskt samfélag í tíð Viktoríu drottningar.

Eystrasaltslöndin á þessari öld (Guðni Th. Jóhannesson) 1997-1998

Fjallað verður um sögu Eista, Letta og Litháa á tímabilinu 1918-1991. Sérstök áhersla verður annars vegar lögð á örlög þjóðanna í seinni heimsstyrjöld og hins vegar á sjálfstæðisbaráttu þeirra árin 1986-1991. Stuðningur Íslands við hana verður einnig tekinn til meðferðar. Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist staðgóða þekkingu á sögu Eystrasaltslandanna á þessari öld, kynnist frumheimildum um hana og þjálfist í að nota slíkar heimildir.

Einsögurannsóknir – merking og möguleikar (Sigurður Gylfi Magnússon) 1997-1998

Kynntar verða einsögurannsóknir (microhistory) eins og þær hafa verið stundaðar víða um lönd. Rakin verður saga þessarar rannsóknarhefðar og annarra sem henni tengjast. Leitað verður merkingar einsögurannsókna með lestri erlendra verka af þessu tagi og möguleikar á slíkum rannsóknum á sviði íslenskrar sagnfræði kannaðir.

Efnahagsleg samskipti við útlönd 1918-1972 (Guðmundur Jónsson) 1997-1998

Efnahagsleg samskipti við útlönd verða skoðuð með hliðsjón af utanríkisverslun og viðskiptum með fjármagn og vinnuafli frá því Íslendingar fengu fullveldi árið 1918 fram til aðildar að EFTA árið 1970. Söguleg þróun utanríkisverslunar. Erlendar fjárfestingar og vinnuafli í íslenskum atvinnugreinum. Fjallað verður um mótun og framkvæmd utanríkisviðskiptastefnu: áhrif fullveldis, kreppuráðstafanir, „haftatímenn“, Marshall-aðstoð, þátttöku í alþjóðlegu efnahagssamstarfi, uppstokkun viðreisnarstjórnar og aðdraganda að EFTA.

Framhaldsnám

Þættir úr hugmyndasögu frá 1918 til samtímans (Ingi Sigurðsson) 1997-1998

Fjallað verður um valda þætti úr hugmyndasögu tímabilsins. Einkum verða teknar til athugunar ýmsar fjölþjóðlegar hugmyndastefnur, þ. á m. sósíalismi, fasismi, tilvistarstefna og kvenréttindastefna. Eðli þeirra verður greint og áhrif þeirra skoðuð. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Opinbert líf og einkalíf á miðöldum (Helgi Þorláksson) 1997-1998

Athugað verður hvort munur var á opinberu lífi og einkalífi. Fjallað verður um fjölskyldu- og heimilislíf og hugtakið „opið heimili“ kannað með hliðsjón af hóbýlaháttum. Stuðst verður við mannfræðilegar athuganir á samlífi í fábreyttum samfélögum með fastri búsetu og án hennar. Mest verður glímt við íslenskt samfélag fyrir 1300 og heimildir um það.

Byltingar 1600-1850 (Anna Agnarsdóttir) 1997-1998

Fjallað verður um helstu byltingar á Vesturlöndum á tímabilinu 1600-1850: ensku byltingarnar tvær á 17. öld, amerísku byltinguna á 18. öld og frönsku byltingarnar á 18. öld og fyrri hluta 19. aldar og þær bornar saman. Einnig verður reynt að skoða aðrar byltingarhræringar í Evrópu á síðari hluta 18. aldar. Fjallað verður um byltingar sem hreyfiafl í sögunni, hugtakið skilgreint og ýmsar kenningar fræðimanna um eðli byltinga teknar til athugunar. Frumheimildir verða lesnar. Sérstök áhersla verður lögð á að ræða áhrif/áhrifaleysi byltinganna á Íslandi.

1998-1999

Grunnnám

Aðferðir (Anna Agnarsdóttir (þáttur b)), Eggert Þór Bernharðsson (þáttur c)), Gísli Gunnarsson (þáttur e)), Már Jónsson (þáttur d)), N.N. (þáttur a)) og N.N. 1998-1999

Námskeiðið greinist í fimm þætti:

- a) Grundvallaratriði í söguspeki og saga sagnfræðinnar.
- b) Heimildafræði, þ. á m. skjalfræði
- c) Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmíð lúta og nemendur þjálfaðir í samningu fræðilegra ritgerða.
- d) Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.
- e) Stutt yfirlit yfir notkun talna og tölfræðiheimilda í sagnfræði.
Til þess að standast próf þarf nemandi að hljóta lágmarkseinkunn fyrir fjóra fyrstnefndu prófþættina.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1998-1999

- a) Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar.
- b) Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénsskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénsríkjum til þjóðríkja.
- c) Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.
Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófþátta til þess að standast próf í námskeiðinu.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson) 1998-1999

Tímabilið 1500-1830. Eftirfarandi verða svið tekin til meðferðar: gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England 1500-1830, fjölskyldan og staða kvenna, einveldi og upplýsing, þjóðfélagið í Austur-Evrópu, ameríska byltingin, franska stjórnarbyltingin, frjálslyndisstefnan og iðnbyltingin. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda. Stúdentar þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins.

Mannkynssaga III (Guðmundur Hálfðanarson, Ögmundur Jónasson og N.N.) 1998-1999

Tímabilið 1830-1939. Sex meginsvið tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll í Evrópu (IS), Spánn (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), stríð og friður (GH), Bandaríkin og Sovétríkin (GH), Rómanska Ameríka (IS). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson og N.N.) 1998-1999

Tímabilið frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Námsefni er um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson og Már Jónsson) 1998-1999

Tímabilið 1550-1830. Fjallað um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði. Námsmat: rithandarfræði, ritgerð og skriflegt aðalpróf. Í tveimur síðasttöldu prófpáttunum þurfa stúdentar að hljóta lágmarkseinkunn.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson og N.N.) 1998-1999

Meginatriði í stjórnámálum, menningu og atvinnu- og félagssögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku.

Mannkynssaga IV (N.N.) 1998-1999

Fjallað verður um tímabilið 1939 til samtímans. Nemendur þurfa að standast alla prófpætti námskeiðsins.

Íslandssaga IV (Eggert Þór Bernharðsson) 1998-1999

Fjallað verður um tímabilið frá 1939 til samtímans. Stúdentar þurfa að standast alla prófpætti námskeiðsins.

Valfrjáls námskeið

Listasaga I (Auður Ólafsdóttir) 1998-1999

Yfirlit yfir helstu stíltímabil evrópskrar myndlistarsögu frá seinni hluta miðalda fram undir miðja 19. öld: tímabil rómanskrar og gotneskrar listar, endurreisnar, barokk, rókókó og tímabil rómantísku stefnunnar og raunsæisstefnunnar. Áhersla á listasögu sem hugmyndasögu mynda og leitast við að skoða listsköpun í félagsögulegu samhengi. Kennsla fer fram í fyrirlestrum með litskyggnumyndum, myndböndum, sérstakri myndskoðun, sem og safna- og sýningaferðum eftir því sem tilefni gefast.

Heimildafræði (Helgi Þorláksson) 1998-1999

Haldið áfram þar sem frá var horfið í Aðferðum. M.a. glímt við sérvalin heimildavandamál, munnlegar heimildir og myndir sem heimildir.

Hefð og frjálshyggja á Íslandi á síðari hluta 19. aldar (Guðmundur Hálfðanarson) 1998-1999

Fjallað verður um þær róttæku samfélagsbreytingar sem hófust á Íslandi á síðari hluta 19. aldar. Lögð verður áhersla á að kanna samspil hugmyndafræði og félagsþróunar á tímabilinu og þá sérstaklega þau átök sem urðu um framtíðarskipulag í íslensku efnahagslífi. Reynt verður að leita samanburðar í samsvarandi þróun í öðrum löndum og höfð verður hliðsjón af kenningum í félagssögu. Lesin verða bæði innlend og erlend fræðirit auk frumheimilda.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir og Ólafur Ásgeirsson) 1998-1999

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræði. Um skjalasöfn (saga-þróun-hlutverk). Ferill skjala frá pappírurum í skrifstofu í dag og yfir í sagnfræðilegar heimildir. Þjóðskjalasafn Íslands, kynning á hlutverki þess og starfi. Hvernig finna má heimildir í skjalasöfnum. Æfingaverkefni á Þjóðskjalasafni.

Upplýsingin á Íslandi (Ingi Sigurðsson) 1998-1999

Fjallað verður um áhrif upplýsingarinnar, hinnar alþjóðlegu hugmyndastefnu, á Íslandi, með skírskotun til íslensks þjóðfélags á því tímabili sem nefnt hefur verið upplýsingaröld. Eðli og áhrif stefnunnar hér á landi verða borin saman við það sem gerðist í öðrum löndum. Þá verður arfleifð hennar tekin til meðferðar. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda, og verða lesnar ritsmíðar eftir íslenska upplýsingarmenn um margvísleg efni.

Konur og börn í Evrópu 1500–1830 (Anna Agnarsdóttir) 1998-1999

Fjallað verður um stöðu og lífskjör kvenna og barna, bæði innan fjölskyldunnar og í evrópsku samfélagi á tímabilinu 1500–1830. Reynt verður að gera sem flestum stéttum þjóðfélagsins skil og samanburður gerður á stöðu kvenna í Vestur- og Austur-Evrópu. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda og ævisögur verða lesnar.

Endurskoðun þjóðar: Saga Bandaríkjanna eftir 1945 (Kim E. Nielsen) 1998-1999

Menningarlegar og efnahagslegar afleiðingar síðari heimsstyrjaldarinnar höfðu víðtæk áhrif á stöðu stétta, kvenna, kynþátta og pólitískrar samlögunar í Bandaríkjunum. Í þessu yfirliti yfir sögu Bandaríkjanna frá 1945 verður reynt að greina hin ýmsu öfl sem hafa átt þátt í að móta þjóðina, og áhrif þau sem þessi barátta hefur haft á bandaríska menningu, félagslíf og stjórnmál.

Saga kvenna í Bandaríkjunum 1890 til samtímans (Kim E. Nielsen) 1998-1999

Fjallað verður um kynþáttavandamál, búsetu, kynferði, stétt, stjórnmál og þjóðerni, og á hvaða hátt þessir þættir hafa mótað líf bandarískra kvenna.

Fleiri valnámskeið voru tilkynnt síðar þegar búið var að ráða í þrjár lausar stöður sem auglýstar voru um þetta leyti (Kennsluskrá, bls. 267).

Framhaldsnám

Víkingasaga – heimildir og rannsóknaraðferðir (Sveinbjörn Rafnsson) 1998-1999

Fjallað verður um hinar margþættu heimildir og rannsóknaraðferðir sem notaðar hafa verið til þess að varpa ljósi á sögu Víkingaaldar (þ.e. sögu Norður-Evrópu frá því um 800 til um 1100).

Sagnaritun í félags- og hagsögu (Gísli Gunnarsson) 1998-1999

Lesin verða tiltekin rit í félags- og hagsögu í samráði við kennara.

Ofbeldi og samfélag 1100-1700 (Helgi Þorláksson) 1998-1999

Um hugtakið ofbeldi frá ýmsum hliðum. Ástæður ofbeldis. Hvað var gert til að halda ofbeldi í skefjum fyrir 1264? Hvað breyttist með norski stjórn? Aukið ríkisvald og ofbeldi eftir 1550.

Fleiri valnámskeið voru tilkynnt síðar þegar búið var að ráða í þrjár lausar stöður sem auglýstar voru um þetta leyti (Kennsluskrá, bls. 268).

1999-2000

Grunnnám

Aðferðir (Anna Agnarsdóttir (þáttur b), Eggert Þór Bernharðsson (þáttur c), Guðmundur Jónsson (þáttur e), Már Jónsson (þáttur d), Loftur Guttormsson (þáttur a). 1999-2000

Námskeiðið greinist í fimm þætti:

- Söguþeki og þróun sagnaritunar.
- Heimildafræði.
- Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmíð lúta og nemendur þjálfaðir í samningu fræðilegra ritgerða.
- Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfar nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.
- Stutt yfirlit yfir notkun talna og tölfræðiheimilda í sagnfræði.

Til þess að standast próf þarf nemandi að hljóta lágmarkseinkunn fyrir fjóra fyrstnefndu prófþættina.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 1999-2000

- a) Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar.
 - b) Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénsskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénssríkjum til þjóðríkja.
 - c) Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.
- Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófþátta til þess að standast próf í námskeiðinu.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson) 1999-2000

Tímabilið 1500-1830. Eftirfarandi svið verða tekin til meðferðar: gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England 1500-1830, fjölskyldan og staða kvenna, einveldi og upplýsing, Rússland 1500-1800, ameríska byltingin, franska stjórnarbyltingin og valdataka Napóleons, frjálslyndisstefnan og iðnbyltingin. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda. Stúdentar þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins.

Mannkynssaga III (Guðmundur Hálfðanarson, Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 1999-2000

Tímabilið 1830-1939. Sex megin svið tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll í Evrópu (IS), Spánn (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), Spánn (IS), stríð og friður (GH), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (IS), Rómanska Ameríka (IS). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Sverrir Jakobsson) 1999-2000

Tímabilið frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Náms efni er um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson og Már Jónsson) 1999-2000

Tímabilið 1550-1830. Fjallað um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði. Námsmat: rithandarfræði, ritgerð og skriflegt aðalpróf. Í tveimur síðasttöldu prófþáttunum þurfa stúdentar að hljóta lágmarkseinkunn.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson) 1999-2000

Meginatriði í stjórnmalum, menningu og atvinnu- og félags sögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku.

Mannkynssaga IV (Valur Ingimundarson) 1999-2000

Fjallað verður um tímabilið 1939 til 1991. Sjónum verður beint að alþjóðakerfinu eftir fyrri heimsstyrjöld, seinni heimsstyrjöld og kalda stríðinu. Áhersla verður lögð á samspil utanríkis- og innanríkismála og farið ofan í saumana á helstu átakamálum þessa tímabils. Sérstaklega verður fjallað um stjórn mála-, efnahags- og þjóðfélagsþróun í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu annars vegar og Sovétríkjunum og Austur-Evrópu hins vegar. Loks verður leitast við að túlka tímabilið sem sögulega heild og gera grein fyrir breyttri heimsmynd.

Íslandssaga IV (Guðmundur Jónsson) 1999-2000

Fjallað verður um valda þætti úr stjórn mála-, menningar-, félags- og hagsögu Íslands frá 1940 til samtímans. Stúdentar þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins.

Valnámskeið

Listasaga II (Auður Ólafsdóttir) 1999-2000

Nútíma- og samtímalistasaga. Sögulegt yfirlit þar sem farið verður yfir tímabilið frá umbrotum módernismans undir lok 19. aldar í gegnum helstu framúrsteftubreytingar 20. aldar fram til þessa dags: Impressjónismi, sýmbólismi, expressjónismi, primitífismi, fauvismi, kúbismi, abstrakt list, fútúrismi, konstrúfismi, dadaismi, súrrealismi, abstrakt-expressjónismi, popplis, nýraunsæi, performansar, konseptlist, minimalismi, vídeolist, land-art, póst-móðernismi, stefnur í aldarlok. Sérstök áhersla á hugmyndafræðilegar forsendur myndlistar og tengsl við samtímasögu. Kennsla fer fram með fyrirlestrum, litskyggunumyndum, myndböndum sem og safna- og sýningarferðum eftir því sem tilefni gefast.

Fornleifafræði og minjavarsla (Margrét Hallgrímsdóttir, Sveinbjörn Rafnsson og NN) 1999-2000

Yfirlit yfir sögu og aðferðir vísindalegrar fornleifafræði, þættir úr evrópskri og íslenskri fornleifafræði miðalda og síðari alda. Minjastaðir, forngripir og minjavarsla.

Sumarið 1809 (Anna Agnarsdóttir) 1999-2000

Aðaláhersla verður lögð á að setja sögu Íslands þetta sumar í alþjóðlegt samhengi. Kannað verður hvað er að gerast í öðrum Evrópulöndum til samanburðar. Leitast verður við að fá heildarsýn yfir lífskjör á Íslandi þetta sumar meðan Napóleonsstýrjaldir geisuðu og verður aðalatburður sumarsins „byltingin“ 1809 skoðuð frá mörgum sjónarhornum. Nemendur velja sér rannsóknarverkefni á grundvelli frumheimilda.

Málstofa um hugmyndasögu (Guðmundur Hálfðanarson) 1999-2000

Fjallað verður um hugmyndasögu sem undirgrein sagnfræðinnar. Teknar verða til meðferðar kenningar um eðli hennar og sögu hennar gerð skil. Lesin verða ýmis rit, þar sem viðfangsefnið er hugmyndasögulegs eðlis. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Saga Noregs 1814-1940 (Ingi Sigurðsson) 1999-2000

Fjallað verður um meginþætti í sögu Noregs á tímabilinu í samhengi við almenna Evrópusögu og sögu Íslands. Eftirtalin efni verða m.a. tekin til meðferðar: stjórnmal, þróun atvinnuvega, byggðaþróun, stéttir og þjóðfélagshópar, menning og áhrif fjölþjóðlegra hugmyndastefna. Samskiptum Norðmanna og Íslendinga verða gerð skil. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Opinbert líf og einkalíf á miðöldum (Helgi Þorláksson) 1999-2000

Athugað verður hvort munur var á opinberu lífi og einkalífi. Fjallað verður um fjölskyldu- og heimilislíf og hugtakið „opið heimili“ kannað með hliðsjón af hóbýlaháttum. Stuðst verður við mannfræðilegar athuganir á samlífi í fábreyttum samfélögum með fastri búsetu og án hennar. Mest verður glímt við íslenskt samfélag fyrir 1300 og heimildir um það.

Þættir úr sögu Frakklands frá 16. öld til seinni heimsstyrjaldar (Guðmundur Hálfðanarson) 1999-2000

Saga Frakklands er að mörgu leyti saga Evrópu í hnotskurn. Franska konungsríkið var fyrirmynd á tímum einveldis og með frönsku byltingunni var lagður grunnur að nútímaríkinu, þar sem samræmd lög og reglur gilda fyrir alla þegna ríkisins og þjóðin á fullveldið í sameiningu. Fjallað verður um uppruna og skipulag einveldis í Frakklandi, stjórnmalahugmyndir upplýsingar, byltingahefð Frakka, deilur um frelsi og jafnrétti, aðskilnað trúar og stjórnmála, og togstreitu hugsjónar um eina og óskipta þjóð og staðbundinna hefða og menningar.

Saga, vefur, net (Már Jónsson) 1999-2000

Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað um þau tækifæri sem sagnfræðinemum og sagnfræðingum bjóðast á netinu: leitarvélar, bókasófn, textabankar, heimildaútgáfur, póstlistar og heimasíður stofnana, samtaka og einstaklinga um afmörkuð viðfangsefni úr fortíðinni. Lögð er áhersla á að greina í sundur gott og vont efni. Nemendur tileinka sér vefmerkingarmálið HTML 4.0 (Hypertext markup language) og búa sér til heimasíðu. Í síðari hluta námskeiðsins verða teknar fyrir aðferðir til að gera sögulegar heimildir og gögn aðgengileg og nothæf á veraldarvefnum. Ræddar verða takmarkanir HTML

þegar að slíku kemur og nytsemi vefmerkingarmálsins XML (Extensible markup language) sem miklar vonir eru bundnar við í þessu samhengi. Verkefni nemenda tengjast bókfræði íslenskrar sögu og innslætti heimilda. Stuðst verður við aðferðir við innslátt sem þróaðar hafa verið á vegum samtakanna TEI (Text encoding initiative).

Þróun velferðarríkisins á Íslandi (Guðmundur Jónsson) 1999-2000

Fjallað verður um myndun og þróun velferðarkerfisins á Íslandi frá lokum 19. aldar fram á síðustu áratugi. Skoðað verður hvernig samfélagið hefur skilgreint og glímt við félagsleg vandamál í kjölfar þjóðfélagsbreytinga síðan á ofanverðri 19. öld. Almannatryggingar og uppbygging velferðarþjónustu á fjórða og fimmta áratug aldarinnar eru tekin til sérstakrar athugunar. Fjallað er um velferðarríkið sem sérstaka samfélagsgerð, afstöðu stjórn málafla til þess og sérstöðu Íslands í samanburði við önnur Norðurlönd.

Fasismi í Evrópu 1919-1945 (Valur Ingimundarson) 1999-2000

Leitað verður í fyrsta lagi skýringa á uppruna og félagslegum bakgrunni fasistaflokka í Evrópu með tilliti til þeirra stjórn mála- og þjóðfélagsbreytinga sem urðu í Evrópu eftir fyrri heimsstyrjöld. Megináhersla verður lögð á Þýskaland og Ítalíu, en sjónum verður einnig beint að öðrum löndum, s.s. Ungverjalandi, Rúmeníu, Spáni og Portúgal. Í öðru lagi verður reynt að skilgreina fasisma á grundvelli stjórn mála- og þjóðfélagsþróunar í Evrópu á árunum 1919-1945 og reynt að svara þeirri spurningu hvort þessi hugmyndastefna hafi verið bundin við þetta eina tímabil eða ekki.

Þéttbýlisþróun á Íslandi á 20. öld og myndun borgarasamfélags (Eggert Þór Bernharðsson) 1999-2000

Gefið verður yfirlit yfir íslenska þéttbýlisþróun á 20. öld og helstu einkenni hennar í samanburði við það sem gerðist annars staðar. Sérstök áhersla verður lögð á tímabilið síðan 1940, á vöxt Reykjavíkur, stöðu bæjarins/borgarinnar í íslensku þjóðfélagi og samanburð á lífinu í höfuðstaðnum og öðrum kaupstöðum landsins. Athugað verður hvernig þjóðfélagsbreytingarnar birtust og hvernig almenningi og yfirvöldum gekk að aðlagast þeim. Hugað verður að byggðatogstreitunni sem og togstreitunni milli ólíkra samfélagshátta, reynt að meta hvenær tala megir um „borgarsamfélag“ og hvernig það verður ráðandi á Íslandi.

Póstmóðernismi í sagnfræði (Sigurður Gylfi Magnússon) 1999-2000

Námskeiðinu verður skipt upp í þrjá meginþætti: Í fyrsta lagi verður hugtakinu gerð sérstök skil og leitað eftir haldgóðri skilgreiningu á póstmóðernismanum. Í öðru lagi verður farið yfir nokkrar sagnfræðirannsóknir þar sem póstmóðernískar aðferðir hafa verið nýttar og dregin fram kostir þeirra og gallar. Í þriðja lagi verður fjallað um póstmóðernismann í hug- og félagsvísindum almennt og gerð grein fyrir orðræðunni eins og hún hefur þróast hér á landi. Í því sambandi verða lögð til grundvallar ýmis rit íslenskra sagnfræðinga sem hafa snert beint eða óbeint þá hugmyndastrauma sem fylgt hafa umræðunni um póstmóðernismann.

Kynferði, frjálshyggja og borgaralegt þjóðfélag (Páll Björnsson) 1999-2000

Markmið námskeiðsins er að greina áhrif kynferðisviðhorfa (*gender*) á frjálshyggju og borgaralegt þjóðfélag á Vesturlöndum. Litið verður til mismunandi sviða samfélagsins, t.d. kaffihússins, almenningsgarðsins, fimleika, hólmgangna og leikhúss, og rætt um að hve miklu leyti viðhorf til kynferðis hafi endurspeglað þjóðfélagsgerðina. Jafnframt verður leitað svara við spurningunni hvaða hlutverki þessi viðhorf gegnu í því að búa til „nýjan einstakling“ en þó fyrst og fremst „nýjan karlmann“. Lesnar verða tímaritsgreinar og valdir bókakaflar, auk þess sem stuðst verður við frumheimildir.

Þættir úr utanlandsverslun Íslendinga 1855-1913 (Halldór Bjarnason) 1999-2000

Námskeiðið byggist upp á þremur meginþáttum. Í upphafi verður hugað að ýmsum kenningum um samband utanlandsverslunar og hagvaxtar og hagþróunar. Síðan verður skoðuð utanríkisverslun Íslands, helstu einkenni hennar og breytingar á tímabilinu. Jafnframt því en einkum í framhaldi af þessu

verður efnahagslíf Íslands tekið til athugunar, m.a. í erlendu ljósi. Markmið námskeiðsins er að nemendur skilji hið nána samband milli efnahagslífs Íslands og utanlandsverslunar þess, og setji hagþróun þess á tímabilinu í alþjóðlegt samhengi.

Evrópskur aðall á 17. og 18. öld (Anna Agnarsdóttir) 1999-2000

Námskeið í samanburðarsagnfræði, en mikil gróska hefur verið í rannsóknum á þessu sviði á undanförunum áratugum. Fjallað verður m.a. um hlutverk aðalsmanna í ríkjum Evrópu, pólitíska, félagslega og efnahagslega stöðu þeirra, menntun, daglegt líf, makaval og félagslegan hreyfanleika. Að lokum verður gerður samanburður við yfirstéttina á Íslandi á tímabilinu.

Framhaldsnám

Viðskiptafrelsi, eignarréttur, menning og sam hjálþ 1776-2000 (Gísli Gunnarsson) 1999-2000

Fjallað er um hagræna hugmyndasögu eins og hún birtist í ritum þekktra vestrænna fræðimanna allt frá tímum upplýsingar til okkar daga. Kannað verður sérstaklega hvað nýklassísk kenning segir og segir ekki um tilgreind efni.

Menntun og menning alþýðu á Íslandi 1830-1930 (Ingi Sigurðsson og Loftur Guttormsson) 1999-2000

Fjallað verður um þróun bæði formlegrar og óformlegrar alþýðumenntunar í kjölfar upplýsingarinnar. Sérstaklega verða könnuð áhrif vaxandi ritmenningar, prentaðs máls og handritaðs efnis, á hugmyndaheim alþýðu, félagslegar hræringar og samtakamyndun á tímabilinu. Áhrif hugmyndastefna verða tekin til meðferðar í því sambandi. Kenningum á þessu fræðasviði verða gerð veruleg skil. Lögð verður áhersla á könnun frumheimilda, s.s. sjálfsævisagna, einkabréfa, sveitablaða og greina í prentuðum blöðum og tímaritum.

Sagnaritun á miðöldum (Sveinbjörn Rafnsson) 1999-2000

Fjallað verður um hlutverk og form söguskyns og sagnaritunar á miðöldum og m.a. tekin dæmi af íslensku efni.

Sagnfræði, vísindi og list (Gunnar Karlsson) 1999-2000

Kannaður verður fræðilegur grundvöllur sagnfræði, einkum í samanburði við skáldskap. Lesin verða fræðirit um greinina, sagnfræðitextar greindir og skáldskapartextar kannaðir til samanburðar. Þátttakendur fá tækifæri til að spreyta sig á að skrifa sögulegan skáldskap og/eða skáldlega sagnfræði.

2000-2001

Grunnnám

Aðferðir (Anna Agnarsdóttir (þáttur b)), Eggert Þór Bernharðsson (þáttur c)), Guðmundur Jónsson (þáttur e)), Már Jónsson (þáttur d)), Loftur Guttormsson (þáttur a)). 2000-2001

Námskeiðið greinist í fimm þætti:

- Söguspeki og þróun sagnaritunar.
- Heimildafræði.
- Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmíð lúta og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða.
- Handbókanotkun. Kennslan miðar að því að þjálfast nemendur í notkun bókasafna og í heimildaleit yfirleitt.
- Stutt yfirlit yfir notkun talna og tölfræðiheimilda í sagnfræði.

Til þess að standast próf þarf nemandi að hljóta lágmarkseinkunn fyrir fjóra fyrstnefndu prófþættina.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 2000-2001

- a) Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar.
- b) Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénsskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénsskipulagi til þjóðríkja.
- c) Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.

Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófpáttanna til þess að standast próf í námskeiðinu.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson) 2000-2001

Tímabilið 1500-1830. Eftirfarandi svið verða tekin til meðferðar: gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England 1500-1830, fjölskyldan og staða kvenna, einveldi og upplýsing, Rússland 1500-1800, ameríska byltingin, franska stjórnarbyltingin og valdataka Napóleons, frjálslyndisstefnan og iðnbyltingin. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda. Stúdentar þurfa að standast alla prófpætti námskeiðsins.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 2000-2001

Tímabilið 1830-1939. Sex megin svið tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll í Evrópu (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), Spánn (IS), samskipti ríkja í Evrópu (IS), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (IS), Rómanska Ameríka (IS). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 2000-2001

Tímabilið frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Náms efni er um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson og Már Jónsson) 2000-2001

Tímabilið 1550-1830. Fjallað um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði. Námsmat: rithandarfræði, ritgerð og skriflegt aðalpróf. Í tveimur síðasttöldu prófpáttunum þurfa stúdentar að hljóta lágmarkseinkunn.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson) 2000-2001

Meginatriði í stjórnmálum, menningu og atvinnu- og félags sögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku.

Íslandssaga IV (Guðmundur Jónsson) 2000-2001

Tímabilið frá 1940 til loka 20. aldar. Fjallað er um þjóðlífsbreytingar á Íslandi í heimsstyrjöldinni síðari og á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: stjórnkerfi og stjórnmálabarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðapróun, lífskjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Mannkynssaga IV (N.N.) 2000-2001

Fjallað verður um tímabilið 1939 til 1991. Sjónum verður beint að alþjóðakerfinu eftir fyrri heimsstyrjöld, seinni heimsstyrjöld og kalda stríðinu. Áhersla verður lögð á samspil utanríkis- og innanríkismála og farið ofan í saumana á helstu átakamálum þessa tímabils. Sérstaklega verður fjallað um stjórnmála-, efnahags- og þjóðfélagsþróun í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu annars vegar og Sovétríkjunum og Austur-Evrópu hins vegar. Loks verður leitast við að túlka tímabilið sem sögulega heild og gera grein fyrir breytttri heimsmynd.

Valfrjáls námskeið

Íslensk listasaga (Auður Ólafsdóttir) 2000-2001

Saga íslenskrar myndlistar frá 1890 til 2000, þ.e. nútíma- og samtímalistasaga. Fjallað verður um einstaka myndlistarmenn og mótandi öfl í íslensku myndlistarlífi á 20. öld, listmenntun, myndlistarumfjöllun í dagblöðum og tímaritum, myndlistararfinn og áhrif hans á yngri myndlistarmenn, tengsl myndmáls og tungumáls o.fl. Leitast verður við að meta sérkenni íslenskrar myndlistar í samhengi við erlenda listþróun, en einnig í ljósi íslenskrar samfélagsþróunar og sögu. Kennsla fer fram með fyrirlestrum, litskyggunumyndum, myndböndum, sem og sýninga- og safnaferðum eftir því sem tilefni gefast.

Málstofa um stjórn málasögu (Gunnar Karlsson) 2000-2001

Kenningar um stjórn mála frá Platón til Ernest Gellners. Saga stjórn málasöguritunar og stjórn mála sem sagnfræðilegt viðfangsefni. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Málstofa um félagsögu (Guðmundur Hálfðanarson) 2000-2001

Fjallað verður um sögu félagsögunnar og notkun kenninga um samfélagsþróun í sagnfræði. Lesnir verða valdir textar fræðimanna sem varpa ljósi á þróun, viðfangsefni og skýringaraðferðir félagsögunnar. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Saga Spánar 1898-1982 (Ingi Sigurðsson) 2000-2001

Fjallað verður um meginþætti í sögu Spánar á tímabilinu í samhengi við almenna Evrópusögu. Eftirtalin efni verða m.a. tekin til meðferðar: stjórn mála, samskipti við önnur ríki, landshagir og þjóðfélagsgerð, menning; sérstakri athygli verður beint að spænsku borgarastyrjöldinni og aðdraganda hennar. Áherzla verður lögð á könnun frumheimilda.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir og Ólafur Ásgeirsson) 2000-2001

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræði. Um skjalasöfn (saga-þróun-hlutverk). Ferill skjala frá pappírnum í skrifstofu í dag og yfir í sagnfræðilegar heimildir. Þjóðskjalasafn Íslands, kynning á hlutverki þess og starfi. Hvernig finna má heimildir í skjalasöfnum. Æfingaverkefni á Þjóðskjalasafni.

Þrælaverslun og þrælahald (Már Jónsson) 2000-2001

Lýst verður upphafi þrælahalds til Ameríku í samhengi við hefðir og aðstæður í Afríku. Umfang þessara flutninga verður tekið fyrir, sem og aðstæður um borð í þrælaskipum, en megináhersla lögð á það hvert þrælar voru fluttir og hvaða hlutverk þeim var ætlað að gegna í áfangastað í nýlendum Englendinga, Spánverja, Portúgala og annarra Evrópuríkja. Metin verða áhrif þrælahalds og þrælasölu á efnahag ríkja í Evrópu en loks tekin fyrir umræða um bann við hvorutveggja og framkvæmd þess.

Erlendir farmenn við Ísland 1400-1700 (Helgi Þorláksson) 2000-2001

Íslendingar áttu fá og loks engin skip í förum á umræddum tíma og landið er afskekkt. En var þjóðin einangruð? Hvað dró erlenda farmenn til Íslands á þessum tíma og hversu mikil samskipti áttu þeir við Íslendinga? Voru Íslendingar háðir aðflutningum þeirra? Höfðu farmennirnir einhver umtalsverð áhrif á íslenskt samfélag og þar með menningu? Voru þeir fúsir til að veita Íslendingum far utan? Hvaða stefnu höfðu dönsk stjórnvöld gagnvart verslun þeirra og fiskveiðum? Hvaða áhrif hafði dönsk verslunareinokun á verslun þeirra og samskipti við landsmenn?

Ófriður á 20. öld. Frá allsherjarstríði til þjóðernisstríða (Valur Ingimundarson) 2000-2001

Greindar verða þær breytingar sem orðið hafa á eðli stríða og stríðsreksturs á 20. öld frá sjónarhóli vestrænna ríkja. Fjallað verður um: 1) „allsherjarstríð“ eins og seinni heimsstyrjöld; 2) „takmörkuð stríð“ eins og Vítanamstríðið, og sálfræðihernað á dögum kalda stríðsins; 3) „þjóðernisstríð“ í Bosnía og Kosovo. Kannaðar verða tilgátur um stríðsrekstur, hugmyndafræði, þjóðerni, herskyldu, stríðsglæpi, fjöldamorð, tæknihyggju og mannfórnir. Markmiðið er að kryfja söguleg tengsl þessara stríða og áhrif þeirra á sjálfsmynd þjóða og þjóðfélagsþróun og -umræðu.

Kristnihald, menntun og lífsviðhorf 1550-1900 (Loftur Guttormsson) 2000-2001

Fjallað verður um meginþætti kristnihalds og kirkjulegrar starfsemi, einkum frá 1700 að telja. Áhersla verður lögð á menntun bæði presta og alþýðu sem og á margþætt samskipti sóknarpresta og safnaða. Gaumgæfð verða m.a. á áhrif þjóðtrúar og síðar upplýsingar á lífsviðhorf manna. Nemendur vinna rannsóknarverkefni, að hluta á grundvelli frumheimilda.

Sagnfræði, kvikmyndir og sjónvarp (Eggert Þór Bernharðsson) 2000-2001

Fjallað verður um sögu kvikmyndanna, kvikmyndagerð á Íslandi og „bíómenningu Íslendinga.“ Sjónvarp og heimildarmyndir. Efnistöð og framsetning sögulegs efnis í leiknum myndum og heimildabáttum og viðhorf til fortíðarinnar. Kvikmyndir sem „spegill“ þjóðfélagsþróunar og samfélagsbreytinga. Heimildagildi lifandi mynda, varðveisla þeirra og notkun við kennslu og sagnfræðirannsóknir.

Framhaldsnám

Íslensk utanlandsverslun frá landnámi til loka 20. aldar (Anna Agnarsdóttir, Gísli Gunnarsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Bjarnason og Helgi Þorláksson) 2000-2001

Yfirlit yfir sögu íslenskrar utanlandsverslunar. Fjallað verður um eftirtalda þætti: Verslun Íslands í alþjóðlegu samhengi. Áhrif utanlandsverslunar á framleiðslu og atvinnulíf. Sjálfsþurft og áhrif verslunar á neysluhegðun og líf almennings. Afstaða Íslendinga til utanlandsverslunar. Frelsi og stýring í verslun í aldanna rás.

Sagnaritun síðustu ára um sögu Evrópu 1700-2000 (Ingi Sigurðsson) 2000-2001

Tekin verða til meðferðar valin rit, sem komið hafa út á síðustu árum um sögu Evrópu á tímabilinu 1700-2000; ritin falla undir mismunandi undirgreinar sagnfræðinnar. Leitast verður við að greina helztu stefnur og strauma í sagnaritun, sem þar koma fram, m.a. með tilliti til álitamála í söguspeki.

Fjölskyldu- og félagssaga 1750-1950 (Loftur Guttormsson) 2000-2001

Kannað verður hvernig almennar þjóðfélagsbreytingar á tímabilinu orkuðu m.a. á fjölskyldumynstur og heimilisgerð, kynhlutverk, stöðu barna og aldraðra, heimilisuppeldi, menntun og félagslegan hreyfanleika. Viðfangsefni tengjast jöfnum höndum íslenskum og erlendum vettvangi. Lögð verður áhersla á könnun frumheimilda.

Ritvæðing íslensks samfélags fram um 1300 (Sveinbjörn Rafnsson) 2000-2001

Fjallað verður um upphaf og hlutverk ritunar á fyrstu öldum Íslandssögunnar með samanburði við erlendar rannsóknir um þróun og hlutverk ritunar í Evrópu á miðöldum. Farið verður í forna heimildatexta ásamt gömlum og nýjum fræðiritum um efnið.

2001-2002

Grunnnám

Aðferðir (Anna Agnarsdóttir, Eggert Þór Bernharðsson, Guðmundur Jónsson og Már Jónsson) 2001-2002

Námskeiðið greinist í fimm þætti:

- Heimildafræði.
- Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmið lúta og nemendur þjálfast í samningu fræðilegra ritgerða.
- Notkun talna og tölfræðiheimilda í sagnfræði.
- Veraldarvefurinn og netið.
- Handbókanotkun.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 2001-2002

- a) Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar.
- b) Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénsskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénssríkjum til þjóðríkja.
- c) Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.

Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófpátta til þess að standast próf í námskeiðinu.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson) 2001-2002

Tímabilið 1500-1830. Eftirfarandi svið verða tekin til meðferðar: gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England á 16. og 17. öld, veldi Habsborgara, Mið-Evrópa, fjölskyldan og staða kvenna, einveldi, upplýsing, Rússland 1500-1800, ameríska byltingin, franska stjórnarbyltingin og valdataka Napóleons. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda. Stúdentar þurfa að standast alla prófpætti námskeiðsins.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 2001-2002

Tímabilið 1830-1939. Sex megin svið tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll í Evrópu (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), Spánn (IS), samskipti ríkja í Evrópu (IS), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (IS), Rómanska Ameríka (IS). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Mannkynssaga IV (Valur Ingimundarson) 2001-2002

Fjallað verður um tímabilið 1939 til 1991. Sjónum verður beint að alþjóðakerfinu eftir fyrri heimsstyrjöld, seinni heimsstyrjöld og kalda stríðinu. Áhersla verður lögð á samspil utanríkis- og innanríkismála og farið ofan í saumana á helstu átakamálum þessa tímabils. Sérstaklega verður fjallað um stjórn mála-, efnahags- og þjóðfélagsþróun í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu annars vegar og Sovétríkjunum og Austur-Evrópu hins vegar. Loks verður leitast við að túlka tímabilið sem sögulega heild og gera grein fyrir breytti heimsmynd.

Íslands- og Norðurlandasaga I (Helgi Þorláksson) 2001-2002

Tímabilið frá 9. öld til miðrar 16. aldar, einkum á Íslandi en nokkuð í Noregi og Danmörku. Náms efni er um stjórnskipun og stjórnarfar, atvinnulíf, menningu og viðhorf. Áhersla verður lögð á heimildagrundvöll sögunnar.

Íslands- og Norðurlandasaga II (Gísli Gunnarsson og Már Jónsson) 2001-2002

Tímabilið 1550-1830. Fjallað um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins; fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn, menningu og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði. Námsmat: rithandarfræði, ritgerð og skriflegt aðalpróf. Í tveimur síðasttöldu prófpáttunum þurfa stúdentar að hljóta lágmarkseinkunn.

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson) 2001-2002

Meginatriði í stjórn málum, menningu og atvinnu- og félagssögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku.

Íslandssaga IV (Guðmundur Jónsson) 2001-2002

Tímabilið frá 1940 til loka 20. aldar. Fjallað er um þjóðlífsbreytingar á Íslandi í heimsstyrjöldinni síðari og á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: stjórnkerfi og stjórn málabaráttan, utanríkismál, atvinnu- og byggðapróun, lífskjör og velferðarkerfið, menntun og menning. Námsmat: Stúdentar þurfa að standast alla prófpætti námskeiðsins.

Valfrjáls námskeið

Listasaga I (Auður Ólafsdóttir) 2001-2002

Yfirlit yfir helstu stíltímabil evrópskrar myndlistarsögu frá seinni hluta miðalda fram undir miðja 19. öld: tímabil rómanskrar og gotneskrar listar, endurreisnar, barokk, rókókó og tímabil rómantísku stefnunnar og raunsæisstefnunnar. Áhersla á listasögu sem hugmyndasögu mynda og leitast við að skoða listsköpun í félagsögulegu samhengi. Kennsla fer fram í fyrirlestrum með litskyggunumyndum, myndböndum, sérstakri myndskoðun, sem og safna- og sýningarferðum eftir því sem tilefni gefast.

Hagsaga 20. aldar og aðferðir í hagsögu (Guðmundur Jónsson) 2001-2002

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum yfirsýn yfir hagsögu Evrópu á 20. öld og kynna þeim rannsóknaraðferðir og sagnaritun í hagsögu. Efni námskeiðsins er þríþætt. Fjallað er um hagsögu sem fræðigreinin, viðfangsefni hennar, kenningar og hugtök. Annar námsþátturinn er hagsaga Evrópu á 20. öld frá fyrri heimsstyrjöld til aldarloka. Í þriðja námsþætti er áhersla lögð á að tengja íslenska og almenna sögu með því að skoða nokkur hagsöguleg viðfangsefni: fólksfjöldaþróun, hagvöxt og hagþróun, formgerð efnahagslífs og vöxt hins opinbera í efnahagslífi. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Ísland og umheimurinn 1770-1830 (Anna Agnarsdóttir og Sumarliði R. Ísleifsson) 2001-2002

Námskeiðið fjallar um íslensk-erlend samskipti á 50 ára skeiði. Hvaða þjóðfélagshópar fóru til útlanda? Hvaða útlendingar (aðallega Frakkar og Bretar) sóttu okkur heim og af hverju? Verslun við útlendinga. Áhrif styrjalda á samskipti þjóða. Viðhorf Íslendinga til umheimsins og viðhorf erlendra manna til Íslands. Erlendir straumar og stefnur. Heimsmynd Íslendinga. Að lokum verður mýtan um einangrun Íslands tekin til umfjöllunar. Mikil áhersla verður lögð á lestur frumheimilda.

Bókmenning 1100-1700 (Már Jónsson og Haraldur Bernharðsson) 2001-2002

Fjallað verður um hönnun, útlit og uppsetningu handrita, skjala og bóka í Evrópu og á Íslandi frá lokum 11. aldar fram á fyrstu ár 18. aldar, þegar Árni Magnússon var í blóma lífsins. Hvernig urðu handrit til og í hvaða tilgangi? Hverjir áttu þau og hvernig voru þau notuð? Hvað var skrifað og hvernig lesið? Meðal atriða sem verða rædd eru verkun á skinni, kveraskipting, bókband, afmörkun leturflatar, lýsingar og skreytingar, leturgerð og línufjöldi, línubil og orðabil, en jafnframt aðferðir skrifara við afritun og hugmyndir þeirra um stafsetningu. Hugað verður að pappírsgerð, innflutningi á pappír til Íslands, upphafi prentunar og samspili prentaðra bóka og handrita eftir miðja 15. öld. Verkefni nemenda felast í athugun á íslenskum efnivið um atriði sem skrifað hefur verið um erlendis en ekki hér á landi enn sem komið er. Nemendur sem eiga erfitt með að lesa forna skrift gera sérstakar æfingar í upphafi námskeiðsins. Námskeiðið telst til aðferðanáms.

Einstaklingur, kyngervi og þjóðerni (Guðmundur Hálfðanarson og Sigríður Matthíasdóttir) 2001-2002

Í námskeiðinu verður fjallað um mótun hugmynda um íslenskt þjóðerni á fyrra helmingi 20. aldar út frá kenningum um eðli einstaklings og sjálfsmynd kynjanna. Þá verður farið í áhrif þessara hugmynda á stöðu karla og kvenna í íslensku samfélagi og rannsakað samspil þjóðernisímynda og nývæðingar á Íslandi.

Sögulegt minni og gleymaska á 20. öld (Valur Ingimundarson) 2001-2002

Fjallað verður um tilraunir til að glíma við „pólitískan fortíðarvanda“ þjóða, eins og með „stjórnkerfishreinsunum“, „gleymsku“, réttarhöldum, sannleiksnefndum og uppfræðslu. Sjónum verður beint að stjórnvaldsathöfnum, sagnfræðiverkum, menningariðnaðinum og kvikmyndum. Lögð verður áhersla á: 1) tilraunir til að stjórna minningunni um glæpi nasismans í Vestur-Þýskalandi; 2) fortíðarvanda Austur-Þjóðverja á kaldastríðstímanum; 3) rússnesku byltinguna og glæpi Stalíns; 4) samvinnu Frakka við Þjóðverja á Vichy-tímabilinu; 5) kjarnorkuárásir Bandaríkjamanna og stríðsreksturinn í Víetnam; 6) togstreituna milli stríðsglæpa Japana og sjálfsmyndar þeirra sem fórnarlamba; 7) aðskilnaðastefnuna í Suður-Afríku; 8) spennuna milli tilrauna til þjóðfélagssáttar og minningarinnar um ofbeldisverk í Chile; 9) sögulegt minni sem tæki til að réttlæta þjóðernishreinsanir á Balkanskaga.

Iðnaður á Íslandi og í Evrópu 1600-1900 (Hrefna Róbertsdóttir) 2001-2002

Námskeiðið fjallar um upphaf og þróun iðnaðar á tímabilinu 1600-1900. Þróunin á Íslandi verður athuguð í samhengi við það sem var að gerast á Norðurlöndunum og í Evrópu. Um helmingur námskeiðsins verður Norðurlanda- og Evrópusaga. Fjallað verður um kenningar um iðnþróun, frumiðnað og ríkisvald. Aðrir þættir eru meðal annars þróun verksmiðjuíðnaðar og sveitaiðnaðar, framleiðslumynstur, breytinga- og framfarahugmyndir, sérleyfi og einkaleyfi, vinnu- og búsetulöggjöf, hugmyndastefnur og hagræn hugsun. Frumheimildir verða mikilvægt heimildaefni. Lögð verður áhersla á að nemendur verði sjálfbjarga í að rata um vegi heimiladaforða tímabilsins.

Sagnfræði, kvikmyndir og sjónvarp (Eggert Þór Bernharðsson) 2001-2002

Fjallað verður um sögu kvikmyndanna, kvikmyndagerð á Íslandi og „bíómenningu Íslendinga.“ Sjónvarp og heimildarmyndir. Efnistöð og framsetning sögulegs efnis í leiknum myndum og heimiladabáttum og viðhorf til fortíðarinnar. Kvikmyndir sem „spegill“ þjóðfélagsþróunar og samfélagsbreytinga. Heimildagildi lifandi mynda, varðveisla þeirra og notkun við kennslu og sagnfræðirannsóknir.

Minnið, sagan og persónulegar heimildir (Sigurður Gylfi Magnússon) 2001-2002

Í fyrsta lagi verður fjallað um helstu tegundir persónulegra heimilda frá 18., 19., og 20. öld og þær greindar: dagbækur, bréf og sjálfsævisögur. Rætt verður um „sköpun heimilda“, það er þá iðju að standa að gerð heimilda og hvaða gildi slíkt hefur fyrir sagnfræðina. Í öðru lagi verður rætt um ýmis aðferðafræðileg hugtök sem tengjast þessari fræðiumræðu, svo sem sögulegt minni, sameiginlegt minni og minningar einstaklinga, og þeim gerð skil í ljósi alþjóðlegra rannsókna. Í þriðja og síðasta lagi munu nemendur fá tækifæri til að velja fyrir sér eðli sagnfræðinnar og á hvers konar minningum sú fortíð byggir sem fræðigreinin gerir sér mat úr. Námskeiðið telst til aðferðafræðináms.

Verkefni í handritalestri 1550-1850 (Már Jónsson) 2001-2002

Nemendur sækja tíma í lestri skjala og handrita í Íslands- og Norðurlandasögu II en vinna jafnframt verkefni sem jafngildir tveggja vikna vinnu og felst í vandaðri uppskrift á áður óbirtum texta eða textum frá tímabilinu.

Framhaldsnám

Sagnaritun í félags- og hagsögu (Gísli Gunnarsson) 2001-2002

Lesin verða tiltekin rit í félags- og hagsögu í samráði við kennara.

Ofbeldi og samfélag 1100-1700 (Helgi Þorláksson) 2001-2002

Um hugtakið ofbeldi frá ýmsum hliðum. Ástæður ofbeldis. Hvað var gert til að halda ofbeldi í skefjum fyrir 1264? Hvað breyttist með norski stjórn? Aukið ríkisvald og ofbeldi eftir 1550.

Almenningsfræðsla og skólahald 1840-1946 (Loftur Guttormsson) 2001-2002

Fjallað verður um bakgrunn skólavæðingar og þróun skyldunáms á Íslandi og í grannlöndunum til loka heimsstyrjaldarinnar síðari. Leitast verður við að kanna skólahald í víðu félags- og menningarsögulegu samhengi. Nemendur fást við verkefni að verulegu leyti á grundvelli frumheimilda.

Lesnámskeið í hugmyndasögu (Guðmundur Hálfðanarson) 2001-2002

Lesnar verða nýútkomnar bækur og nýlegar greinar með áherslu á umdeild atriði frá ýmsum löndum.

2002-2003

Grunnnám

Aðferðir (Anna Agnarsdóttir, Eggert Þór Bernharðsson og Guðmundur Jónsson) 2002-2003

Námskeiðið greinist í fimm þætti:

- Heimildafræði.
- Ritgerðaræfing. Veitt verður tilsögn í tæknilegum atriðum sem að ritgerðarsmíð lúta og nemendur þjálfaðir í samningu fræðilegra ritgerða.
- Notkun talna og tölfræðiheimilda í sagnfræði.
- Veraldarvefurinn og netið.
- Handbókanotkun.

Aðferðir II (Eggert Þór Bernharðsson, Guðmundur Jónsson, Gunnar Karlsson, Helgi Þorláksson) 2002-2003

Námskeiðið skiptist í þrjá þætti:

- Saga sagnritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnritunar frá fornöld til samtímans.
- Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði rædd s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.
- Miðlun sögu og sagnfræði. Kynntar aðferðir við miðlun sögu og menningararfs og hugað að markmiðum. Fjallað um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 2002-2003

- Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Mið austurlanda, Grikklands og Rómar.
- Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénsskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénssríkjum til þjóðríkja.
- Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.

Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófþátta til þess að standast próf í námskeiðinu.

Mannkynssaga II (Guðmundur Hálfðanarson) 2002-2003

Tímabilið 1500-1830. Eftirfarandi svið verða tekin til meðferðar: gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England á 16. og 17. öld, veldi Habsborgara, Mið-Evrópa, fjölskyldan og staða kvenna, einveldi, upplýsing, Rússland 1500-1800, ameríska byltingin, franska stjórnarbyltingin og valdataka Napóleons. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda. Stúdentar þurfa að standast alla prófþætti námskeiðsins.

Mannkynssaga III (Ingi Sigurðsson og Ögmundur Jónasson) 2002-2003

Tímabilið 1830-1939. Sex meginsvið verða tekin til meðferðar. Þau eru: stéttir og valdahlutföll í Evrópu (IS), þættir úr sögu stjórnmalahugmynda (ÖJ), vísindi og tækni (IS), samskipti ríkja í Evrópu (IS), tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta (IS), Rómanska Ameríka (IS). Á öllum sviðunum verður fjallað nokkuð um frumheimildir.

Mannkynssaga IV (Valur Ingimundarson) 2002-2003

Fjallað verður um tímabilið 1939 til 1991. Sjónum verður beint að alþjóðakerfinu eftir fyrri heimsstyrjöld, seinni heimsstyrjöld og kalda stríðinu. Áhersla verður lögð á samspil utanríkis- og innanríkismála og farið ofan í saumana á helstu átakamálum þessa tímabils. Sérstaklega verður fjallað um stjórn mála-, efnahags- og þjóðfélagsþróun í Bandaríkjunum og Vestur-Evrópu annars vegar og Sovétríkjunum og Austur-Evrópu hins vegar. Loks verður leitast við að túlka tímabilið sem sögulega heild og gera grein fyrir breyttri heimsmynd.

Íslands- og Norðurlandasaga I 2002-2003

Ekki kennt 2002-2003

Íslands- og Norðurlandasaga II 2002-2003

Ekki kennt 2002-2003

Íslands- og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson) 2002-2003

Meginatriði í stjórnáttum, menningu og atvinnu- og félagssögu á Íslandi 1830-1940. Borið verður saman við þróun á Norðurlöndum, einkum í Danmörku.

Íslands- og Norðurlandasaga IV (Guðmundur Jónsson) 2002-2003

Tímabilið frá 1940 til loka 20. aldar. Fjallað er um þjóðlífsbreytingar á Íslandi í heimsstyrjöldinni síðari og á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: stjórnkerfi á lýðveldistímanum og stjórnmalabaráttu, utanríkismál, atvinnu- og byggðaþróun, lífskjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Valnámskeið

Listasaga II (Auður Ólafsdóttir) 2002-2003

Nútíma- og samtímalistasaga. Farið verður yfir tímabilið frá umbrotatímum módernismans undir lok 19. aldar í gegnum helstu framúrstefnubreytingar 20. aldar fram til þessa dags. Fjallað verður um tengsl listar við stjórnátt, heimspeki og þjóðfélagsþróun og um róttækt endurmat á fegurðarhugtakinu í listum á 20. öld. Hvernig skila breyttar hugmyndir um tíma og rými sér inn í listina. Einstein, Freud og Nietzsche í samhengi við listsköpun á 20. öld. Hvernig takast ofangreindar listastefnur á við það að raska venjubundinni skynjun manna á umhverfinu og raunveruleikanum. Hvað er „innri veruleiki“ listamanns, þarf myndlist að vera sýnileg? Hver er munur á myndmáli og tungumáli?

Hagsaga fram að 1900 (Gísli Gunnarsson) 2002-2003

Valdir þættir úr almennri hagsögu með skírskotun til íslenskrar hagsögu frá hámiðöldum til loka 19. aldar, m.a. með hliðsjón af kenningum í samfélagsfræðum, einkum í hagfræði.

Heimildaútgáfur (Már Jónsson og Haraldur Bernharðsson) 2002-2003

Heimildarhugtakið verður látið ná yfir sem flestar tegundir heimilda úr fortíð sem sagnfræðingar og aðrir fræðimenn fást við: handrit, skjöl og myndir, örnefni, fornminjar og safngripi. Athugað verður hvernig hægt er og rétt að birta heimildir öðrum til afnota, jafnt til skemmtunar, umhugsunar og rannsókna. Útgáfuhugtakið er oft notað yfir prentaðar útgáfur á textum fyrri alda, en allra síðustu ár yfir stafrænar útgáfur texta líka. Reynt verður á þanþol hugtaksins og metið hvort ekki megi beita því á allar heimildir, einkum með tilliti til stafrænnar myndatöku og veraldarvefs. Spurt verður hvort sýningar og söfn séu ekki í vissum skilningi útgáfa, ennfremur rætt um mörk skráningar og útgáfu.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2002-2003

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Þýðing upprunareglunnar fyrir sagnfræði og ágríp stjórnsýslusögu. Um skjalasöfn (saga, hlutverk, þróun). Ferill skjala frá pappírnum í skrifstofu yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamla og nýjar skjalavistunaraðferðir, rafræn skjalavarsla. Þjóðskjalasafn, kynning á hlutverki þess og starfi. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Æfingarverkefni. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands.

Erlendir farmenn 1400-1700 (Helgi Þorláksson) 2002-2003

Íslendingar áttu fá og loks engin skip í förum á umræddum tíma og landið er afskekkt. En var þjóðin einangruð? Hvað dró erlenda farmenn til Íslands og hversu mikil samskipti áttu þeir við Íslendinga? Voru Íslendingar háðir aðflutningum þeirra? Höfðu farmennirnir einhver umtalsverð áhrif á íslenskt samfélag og menningu? Voru þeir fúsir til að veita Íslendingum far utan? Hvaða stefnu höfðu dönsk stjórnvöld gagnvart verslun þeirra og fiskveiðum? Hvaða áhrif hafði dönsk verslunareinokun á verslun þeirra og samskipti við landsmenn?

Neysluhættir á 19. og 20. öld (Guðmundur Jónsson) 2002-2003

Fjallað verður um breytingar á neysluháttum frá landbúnaðarsamfélagi fyrri tíðar til neyslubjóðfélags nútímans. Sjónum er beint að bæði efnahagslegum og menningarlegum hliðum neyslu á Íslandi og í Evrópu. Neysluvenjur í gamla samfélaginu: matur, búshluti, klæðnaður, munaðarvara.

„Neyslubyltingin“ samfara iðnvæðingu og útbreiðslu markaðsviðskipta. Hvað mótaði neysluhegðun: efnahagur, félagsleg staða, táknveldi, lífsstíll, tíska? Hvernig var neysla tengd kynferði? Rætt verður um tilurð „neyslumenningar“ samtímans og andóf gegn henni.

Sögulegt minni og pólitískur fortíðarvandi á 20. öld (Valur Ingimundarson) 2002-2003

Fjallað verður um tilraunir til að glíma við pólitískan fortíðarvanda þjóða, eins og með „hreinsunum“, valdboði, réttarhöldum, sannleiksnefndum, „þöggun“ og uppfræðslu. Sjónum verður beint að stjórnvaldsathöfnum, sagnfræðiverkum, menningariðnaðinum/kvikmyndum. Lögð verður áhersla á tilraunir til að stjórna sögulegum minningum í ríkjum, eins og Þýskalandi, Rússlandi, Bandaríkjunum, Japan, Frakklandi, Suður-Afríku og Spáni, t.d. með skírskotun til fasisma/nasisma, stalínisma, kalda stríðsins og aðskilnaðarstefnunnar.

Þjóðríki Evrópu (Guðmundur Hálfðanarson) 2002-2003

Fjallað verður um uppruna og þróun evrópskra þjóðríkja frá árnýöld til okkar tíma. Rætt verður sérstaklega um hugtökin þjóð og ríki, sem og um sögu þjóðernisstefnunnar í evrópsku samhengi út frá nýlegum fræðiritum um þessi efni.

Miðlun sögu (Eggert Þór Bernharðsson) 2002-2003

Markmið námskeiðsins er að auka færni og þekkingu nemenda til að miðla sögulegu efni með ólíkum hætti. Mismunandi miðlunarleiðir verða kannaðar og hugað að breytilegri framsetningu sögunnar eftir því hvaða miðill er notaður. Einnig verður reynt að tvinna saman margs konar form, þ.e. kyrrmyndir, hreyfimyndir, hljóð og texta í því augnamiði að koma margbrotnu efni til skila á fjölbreyttan hátt.

Verksmiðjur og iðnaður á heimilum á 17.-19. öld (Hrefna Róbertsdóttir) 2002-2003

Á árnýöld voru gerðar tilraunir til að auka sérhæfða framleiðslu á heimilum og í verksmiðjum. Sum svæði í Evrópu byggðu mikið á hráefnisútlutningi en önnur nýttu bæði eigið efni og aðfengið. Íslendingar voru þátttakendur í þessari þróun bæði sem íbúar Íslands og þegnar Danakonungs. Sjónum verður beint að iðnaði í víðum skilningi sem sérstöku sviði framleiðslunnar og m.a. spurt: Hvernig þróaðist iðnaðarvinnsla og hvað fólst í þeim breytingum sem henni fylgdu á tímabilinu 1600-1900? Hvaða hugmyndir höfðu menn um breytingar og framfarir? Hvaða máli skiptu þessar breytingar fyrir heimilin? Jafnt verður fjallað um sögu Íslands, Norðurlanda og Evrópu. Frumheimildir verða mikilvægt heimildaefni.

Kviksögur, hneykslismál og réttarhöld (Sigurður Gylfi Magnússon) 2002-2003

Í námskeiðinu verða lesnar þekktar sagnfræðilegar rannsóknir úr vestrænni menningarsögu sem fjalla um þýðingu kviksagna, hneykslismála og réttarhalds. Umfjöllun um þessi fyrirbæri verður tengd við nýja strauma innan sagnfræðinnar og gerð verður tilraun til að sýna hvernig sagnfræðingar í upphafi 21. aldar fást við efni af þessu tagi. Umfjöllunin verður sett í hugmyndafræðilegt samhengi og lögð áhersla á að sýna ólík efnistöð sagnfræðinga.

Verkefni í handritalestri 1550-1850 (Már Jónsson) 2002-2003

Nemendur æfa sig í lestri skjala og handrita undir leiðsögn en vinna jafnframt tvö verkefni sem felast í vandaðri uppskrift á áður óbirtum texta eða textum frá vandaðri uppskrift á áður óbirtum texta eða textum frá með samræmdri stafsetningu.

Framhaldsnám

Rannsóknir og kenningar (Már Jónsson) 2002-2003

Álitamál um öflun, úrvinnslu, og meðferð heimilda frá ólíkum tímum með hliðsjón af ólíkum rannsóknarhefðum. Tengsl sagnfræði við aðrar fræðigreinar. Landamæri sagnfræðilegrar umfjöllunar

og skáldskapar. Þekking, túlkun og skilningur. Fjölbreytileg sjónarhorn og söguskoðanir. Notkun og gildi kenninga á helstu sviðum sagnfræðirannsókna. Ábyrgð sagnfræðinga í samtímanum.

Sagnaritun á miðöldum (Sveinbjörn Rafnsson) 2002-2003

Fjallað verður um hlutverk og form söguskyns og sagnaritunar á miðöldum. Lesin verða nýleg innlend og erlend fræðirit á þessu sviði og unnin verkefni í tengslum við íslenskt efni frá miðöldum.

Environmental History and Ecological Change (Charles E. Williams) 2002-2003

This seminar will examine the historical relationships of human society with the natural world using an eco-regional, case-history approach. Major themes will include: the influence of environment on human land-relationships, the changing perceptions of nature by humans through time, and human alteration of the environment and its impact on ecological, social, and economic systems. The value of history in understanding and solving environmental problems will be stressed.

Þættir úr hugmyndasögu 1700-1918 (Ingi Sigurðsson) 2002-2003

Fjallað verður um valda þætti úr hugmyndasögu tímabilsins. Einkum verða teknar til athugunar fjölþjóðlegar hugmyndastefnur, þ. á m. uppýsingin, rómantíska stefnan, þjóðernishyggja og frjálslyndisstefna. Eðli þeirra verður greint og áhrif þeirra skoðuð. Áhrifum þeirra meðal Íslendinga verða gerð sérstök skil. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Valdir þættir úr verslunarsögu (Gísli Gunnarsson) 2002-2003

Fjallað verður um verslun nær og fjær, um upphaf verslunar og eðli, stuttlega rakin verslun í fornöld og á miðöldum en mestur efnispungi verður um verslun frá tímum svonefndra landafunda Evrópuþjóða fram til 1914. Samtímis verða ýmsar kenningar um verslun og þýðingu hennar reifaðar.

Tilfinningaréttur í sögu Íslendinga (Gunnar Karlsson) 2002-2003

Hugtakið tilfinningaréttur verður þróað í vinnu við söguheimildir Íslendinga. Kannað verður í réttarheimildum, skáldskap og persónulegum gögnum að hve miklu leyti fólk hafði rétt til þess á hverjum tíma að njóta tilfinninga sinna, svo sem að lifa kynlífi með þeim sem hver og einn kaus, af sama kyni eða gagnstæðu, ganga í hjónaband með þeim sem maður vildi og ekki öðrum, eignast börn og ala þau upp. Leitað verður að útlendum fagritum um efnið og lesið í þeim eftir því sem tími gefst til.

2003-2004

Engar námskeiðslýsingar birtust í Kennsluskrá Háskóla Íslands fyrir kennsluárið 2003-2004, einungis heiti námskeiðanna.

Grunnnám

Aðferðir I 2003-2004 (Eggert Þór Bernharðsson og Már Jónsson)

Aðferðir II 2003-2004 (Eggert Þór Bernharðsson)

Mannkynssaga I 2003-2004

Mannkynssaga II 2003-2004

Mannkynssaga III 2003-2004

Mannkynssaga IV 2003-2004

Íslands- og Norðurlandasaga I 2003-2004

Íslands- og Norðurlandasaga II 2003-2004

Íslands- og Norðurlandasaga III 2003-2004

Íslands- og Norðurlandasaga IV 2003-2004

Valnámskeið

Inngangur að félags- og hagsögu 2003-2004

Inngangur að hugmynda- og menningarsögu 2003-2004 (Ingi Sigurðsson)

Kvenna- og kynjasaga á Íslandi 1870-1940 (2003-2004)

Fyrri heimsstyrjöldin: Vatnaskil í Evrópu 2003-2004 (Guðmundur Hálfðanarson)

Bókmenning 1100-1700 (2003-2004) (Haraldur Bernharðsson og Már Jónsson)

Stjórnsmál, stríð og sögulegt minni 2003-2004

Evrópskar fæðardeilur á miðöldum 2003-2004

Jón Sigurðsson, lífs og liðinn 2003-2004

Ísland og heimsstyrjöldin síðari 2003-2004 (Þór Whitehead)

Kommúnisminn og áhrif hans á Íslandi 2003-2004

Verkefni í handritalestri 2003-2004 (Már Jónsson)

Ritheimildarýni 2003-2004

Framhaldsnám

Rannsóknir og kenningar 2003-2004 (Gísli Gunnarsson)

Valnámskeið:

Íslensk utanríkis- og öryggismál 1945-1958 (2003-2004)

Stórsaga: heimssaga og mannkynssaga 2003-2004 (Sveinbjörn Rafnsson)

Hnattvæðing í ljósi sögunnar: efnahagslíf, menning og stjórnsmál. 2003-2004 (Guðmundur Jónsson og Valur Ingimundarson)

2004-2005

Engar námskeiðslýsingar birtust í Kennsluskrá Háskóla Íslands fyrir kennsluárið 2004-2005, einungis heiti námskeiðanna.

Grunnnám

Aðferðir I 2004-2005 (Eggert Þór Bernharðsson og Már Jónsson)

Aðferðir II 2004-2005 (Guðmundur Jónsson, Eggert Þór Bernharðsson, Helgi Þorláksson, Már Jónsson, Guðbrandur Benediktsson – aðstoðarkennari)

Mannkynssaga I 2004-2005

Mannkynssaga II 2004-2005

Mannkynssaga III 2004-2005

Mannkynssaga IV 2004-2005

Íslands- og Norðurlandasaga I 2004-2005

Íslands- og Norðurlandasaga II 2004-2005

Íslands- og Norðurlandasaga III 2004-2005

Íslands- og Norðurlandasaga IV 2004-2005

Valnámskeið

Sagnfræði og söfn: heimildafræði og miðlun. 2004-2005

Saga Afríku frá 1880 (2004-2005)

Þorskastríðin: fiskveiðideilur Íslendinga við erlendar þjóðir, 1948-1976. (2004-2005)

Hitler og Stalín, alræðisstefnur 2004-2005 (Þór Whitehead)

Endurminningar úr Víetnamstríðinu 2004-2005 (Joe Pender Gunn)

Verkefni: endurminningar úr Víetnamstríðinu 2004-2005

Íslam og kristni 1450-1620 (2004-2005)

Sagnfræði, sjónvarp og útvarp 2004-2005

Verkefni í handritalestri 1550-1850 (2004-2005) (Már Jónsson)

Framhaldsnám

Rannsóknir og kenningar I (Gísli Gunnarsson og Már Jónsson) 2004-2005

Álitamál um öflun, úrvinnslu og meðferð heimilda frá ólíkum tímum með hliðsjón af ólíkum rannsóknarhefðum. Tengsl sagnfræði við aðrar fræðigreinar. Landamæri sagnfræðilegrar umfjöllunar og skáldskapar. Þekking, túlkun og skilningur. Fjölbreytileg sjónarhorn og söguskoðanir. Notkun og gildi kenninga á helstu sviðum sagnfræðirannsókna. Ábyrgð sagnfræðinga í samtímanum. Þetta námskeið er haldið í tengslum við málstofu MA-nema í sagnfræði.

Rannsóknir og kenningar II (Gísli Gunnarsson og Már Jónsson) 2004-2005

(sama lýsing og Rannsóknir og kenningar I)

Saga Afríku frá hnattrænum sjónarhóli (Elizabeth MacGonagle) 2004-2005

Á málstofunni verður fjallað um söguleg tengsl Afríku við aðra heimshluta á síðustu öldum, einkum samskiptin við Evrópu. Námskeiðið er ætlað nemendum sem hafa áhuga á því að nálgast sögu Afríku með því að beita samanburðaraðferðum. Megináhersla verður lögð á heimsvaldastefnu, nýlendustefnu og postkólóníalisma í Afríku.

Rætur íslenskrar sagnaritunar á 12. og 13. öld (Sveinbjörn Rafnsson) 2004-2005

Fjallað verður um varðveislu og rannsóknir á elstu íslensku sagnaritunum, Íslendingabók, Landnámabók og konungasögum, um hliðstæður og fyrirmyndir, form þeirra og hugsanlegt hlutverk. Einnig um þá mynd sögu sem þau birta og þá söguvitund sem þau bera þannig vitni um. Lesnir verða bæði fornir textar og nýleg fræðirit um þau.

Stríðsátök, friðarferli og kyngervi (Valur Ingimundarson, Kristín Ástgeirsdóttir, Rósa Guðrún Erlingsdóttir, Þórdís Ingadóttir, Magnús Þorkell Bernharðsson) 2004-2005

Í námskeiðinu verður fjallað um stríðsátök og friðarferli. Áhersla verður lögð á kynjafræðileg sjónarhorn. Fjallað verður um verður um þátttöku í styrjöldum, hlutverk kynja í stríðsáróðri, nauðganir sem pólitískt tæki, „þjóðernishreinsanir“, andóf gegn stríði og orðræðu um vígvæðingu og afvopnun. Rætt verður um stríðsglæpi, flóttafólk og ofbeldi út frá nýlegum þverfaglegum kenningum. Aðkoma að alþjóðastofnunum og uppbyggingu eftir stríð, friðarferli, friðargæslu og stríðsglæpadómstólum verða könnuð í ljósi reynslunnar frá Balkanskaga, Afríku, Afganistan og Írak.

Íslensk vinstri hreyfing 1916-1944 (Þór Whitehead) 2004-2005

Fjallað verður um upphaf Alþýðuflokksins og átök jafnaðarmanna og kommúnista í flokknum og verkalyðshreyfingunni. Rætt verður um stofnun Kommúnistaflokks Íslands og Sósíalistaflokksins og ágreining þessara flokka við Alþýðuflokkinn.

Sagnritun í félags- og hagsögu (Gísli Gunnarsson) 2004-2005

Lesin verða tiltekin rit í félags- og hagsögu í samráði við kennara.

2005-2006

Grunnnám

Aðferðir I (Guðmundur Jónsson og Eggert Þór Bernharðsson) 2005-2006

Námskeiðið greinist í fimm þætti: a) Heimildafræði. b) Ritgerðaræfing. c) Notkun talna og tölfræðiheimilda í sagnfræði. d) Veraldarvefurinn og netið. e) Handbókanotkun.

Mannkynssaga I (Sveinbjörn Rafnsson) 2005-2006

a) Fornaldarsaga: Yfirlit yfir forsögualdir mannkyns og fornaldarsögu, einkum Miðausturlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar.

- b) Miðaldasaga: Yfirlit yfir evrasíska en þó einkum evrópska miðaldasögu, um landbúnað og lénskipulag, kirkju og kristni, deilur kirkju og veraldarvalds, verslun og borgir, menntalíf og menningu, þróun frá lénsríkjum til þjóðríkja.
- c) Stutt ritgerð um afmarkað efni í fornaldar- eða miðaldasögu.

Mannkynssaga II (Anna Agnarsdóttir og Guðmundur Hálfðanarson) 2005-2006

Tímabilið 1500-1830. Eftirfarandi svið verða tekin til umfjöllunar: gullöld og hnignun Spánar, siðaskipti, England á 16. og 17. öld, veldi Habsborgara í Mið-Evrópu, einveldi, upplýsing, Rússland 1500-1800, ameríska byltingin, franska stjórnarbyltingin og Napóleon, frjálslyndisstefnan og upphaf iðnbyltingar. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda.

Íslands og Norðurlandasaga II (Már Jónsson og Halldór Bjarnson) 2005-2006

Tímabilið 1550-1830. Fjallað um eðli og skipan gamla íslenska samfélagsins: fjölskylduna og lögbýlið, afkomu, eignir og stéttir, verslun, lífssýn, menningu og stjórnarfar. Æfingar verða í rithandarfræði.

Íslands og Norðurlandasaga III (Gunnar Karlsson) 2005-2006

Stefnt er að yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1830 til 1940, einkum nývæðingu samfélagsins og þjóðríkismyndun. Nemendur læra að tengja Íslandssöguna við sögu Norðurlandanna, einkum Danmerkur, eftir því sem efnið gefur tilefni til. Í verkþjálfun er lögð áhersla á að ræða og meta sögulegt efni og að skrifa ritgerðir skipulega og með tæknilegum frágangi sem var kenndur í inngangsnámskeiðinu Aðferðum I.

Mannkynssaga IV (Valur Ingimundarson) 2005-2006

Fjallað verður um samtímasögu. Sjónum verður beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá lokum fyrri heimsstyrjaldar. Áhersla verður lögð á samspil utanríkis- og innanríkismála í Norður-Ameríku og Evrópu og gert grein fyrir þróun alþjóðamála, einkum áhrif seinni heimsstyrjaldar og kalda stríðsins. Einnig verður farið yfir stjórnmála-, félags- og efnahagsþróun í einstökum ríkjum og fjallað um sagnaritun á tímabilinu. Loks verður leitast við að greina breytta heimsmynd eftir lok kalda stríðsins og ræða samtímadeilur um hnattvæðingu og heimsveldi (Empire).

Íslands- og Norðurlandasaga IV (Guðmundur Jónsson) 2005-2006

Tímabilið frá 1940 til loka 20. aldar. Fjallað er um þjóðlífsbreytingar á Íslandi í heimsstyrjöldinni síðari og á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: stjórnkerfi á lýðveldistímanum og stjórnmalabaráttu, utanríkismál, atvinnu- og byggðaðróun, lífskjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Aðferðir II (Guðmundur Jónsson, Gunnar Karlsson, Helgi Þorláksson og Eggert Þór Bernharðsson) 2005-2006

Námskeiðið skiptist í þrjá þætti: A) Saga sagnritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnritunar frá fornöld til samtímans. B) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði rædd s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar. C) Miðlun sögu og sagnfræði. Kynntar aðferðir við miðlun sögu og menningararfs og hugað að markmiðum. Fjallað um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum.

Inngangur að hugmynda- og menningarsögu (Ingi Sigurðsson) 2005-2006

Fjallað verður um hugmyndasögu og menningarsögu sem undirgreinar sagnfræðinnar. Teknar verða til meðferðar kenningar um eðli þeirra og sögu þeirra gerð skil. Lesnir verða bókakaflar og ritgerðir, þar sem viðfangsefnið er hugmyndasögulegs og menningarsögulegs eðlis.

Evrópsk menning 1830-1914 (Ingi Sigurðsson) 2005-2006

Fjallað verður um nokkra meginstrauma í evrópskri menningu á tímabilinu. Kenningum, sem varða menningarsögu, verða gerð ákveðin skil. Aðallega verður hugað að áhrifum ákveðinna fjölþjóðlegra hugmyndastefna og þá einkum skoðað, hvernig þau birtust í stjórnmálum, sagnfræði og bókmenntum.

Áhrif stefnanna í Danmörku, Noregi og Færeyjum verða tekin til meðferðar sérstaklega. Áherzla verður lögð á könnun frumheimilda.

Þættir úr fjölskyldusögu og sögulegri lýðfræði (Ólöf Garðarsdóttir) 2005-2006

Í námskeiðinu verður lögð áhersla á að nemendur kynnist því helsta sem ritað hefur á sviði lýðfræði og fjölskyldusögu hér á landi og erlendis og greini tengsl íslenskra rannsókna við alþjóðlegar stefnur og strauma. Áhersla verður enn fremur lögð á athugun á frumheimildum sem liggja til grundvallar rannsóknum í lýðfræði og fjölskyldusögu.

Norður-Afríka á 20. öld (Már Jónsson) 2005-2006

Samfélagshættir, stjórnarfar og hagkerfi áður en evrópsk ríki lögðu heimshlutann undir sig: Egyptaland. Líbía. Túnis. Alsír, Marokkó og Vestur-Sahara. Hernám nýlenduvelda og andspyrna innfæddra, en síðan sjálfstæðisbarátta og sjálfstæði, með áherslu á Alsírstríðið 1954-1962. Mestur hluti námskeiðsins verður um síðari helming aldarinnar. Breytileg samskipti ríkjanna innbyrðis og tengsl þeirra annars vegar við ríki sunnan Sahara og hins vegar við önnur Arabaríki. Andstæður þjóðernisvitundar og íslamskrar samkenndar. Menningarleg og samfélagsleg fjölbreytni, einkum með tilliti til Berba. Bræðralög súfista og öfgahreyfingar íslamista. Óbilandi harðstjórn eða lýðræðisþróun á allra síðustu árum? Staða kvenna og mannréttindi. Örbirgð og fólksflótti. Nemendur öðlast yfirsýn yfir viðfangsefnið en kynna sér jafnframt sérhæfðar rannsóknir á afmörkuðum sviðum, auk þess sem lesin verða skáldrit og horft á kvikmyndir.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2005-2006

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Þýðing upprunareglunnar fyrir sagnfræði og ágríp stjórnsýslusögu. Um skjalasöfn (saga, hlutverk, þróun). Ferill skjala frá pappírnum í skrifstofu yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamla og nýjar skjalavistunaraðferðir, rafræn skjalavarsla. Þjóðskjalasafn, kynning á hlutverki þess og starfi. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Kennslan verður bæði fræðileg og verkleg og verður áhersla lögð á að nemendur öðlist af eigin reynslu skilning á viðfangsefnum þeim sem fjallað er um í fyrirlesturum. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands.

Myndin af sveitinni. Íslenska bændasamfélagið 1820-1940 (Árni Daníel Júlíusson og Halldór Bjarnason) 2005-2006

Í námskeiðinu verður fjallað um bændasamfélagið frá tveimur ólíkum hliðum. Fyrri hluti þess snýst um deilurnar um Sjálfstætt fólk milli höfundarins, Halldórs Laxness, og Jónasar Jónssonar frá Hriflu á fjórða áratug 20. aldar. Fjallað verður um þá mynd sem hvor um sig dró upp af lífinu í sveitunum. Í framhaldi af þessu verður farið yfir það hvernig sagnfræðingar á undanförunum 30 árum hafa fjallað um bændasamfélagið frá því snemma á 19. öld og fram á tíma Halldórs og Jónasar.

Saga neysluþjóðfélagsins: menning, stjórnsmál og markaður (Guðmundur Jónsson) 2005-2006

Fjallað er um upptök og útbreiðslu neysluhyggjunnar í nútímasamfélagi, hvaða sögulegu öfl mótuðu hana og hvernig hún hefur mótað líf nútímamanna. Efnahagslíf, menning og stjórnsmál á Íslandi eru skoðuð frá sjónarhóli neyslunnar. Rætt er um „neysluþýlingu“ 18. og 19. aldar og hvernig hún breytti neysluvenjum í mat og drykk, klæðaburði, hóbýlaháttum o.fl. Hvaða þættir mótuðu neysluhegðun: efnahagur, félagsleg staða, siðir og venjur, lífsstíll, tíska? Hvernig er neysla tengd kynferði? Rætt er um neyslumenningu nútímans, neyslu sem lífsstíll og gagnrýni á neysluhyggju.

Ísland og umheimurinn 1770-1830 (Anna Agnarsdóttir) 2005-2006

Námskeiðið fjallar um íslensk-erlend samskipti á hálfri öld. Hvaða þjóðfélagshópar fóru til útlanda? Hvaða útlendingar sóttu okkur heim og af hverju? Utanríkisverslunin. Áhrif styrjalda á samskipti þjóða. Viðhorf Íslendinga til umheimsins og viðhorf erlendra manna til Íslands. Erlendir straumar og stefnur. Heimsmynd Íslendinga. Að lokum verður mýtan um einangrun Íslands tekin til fjöllum. Mikil áhersla verður lögð á lestur frumheimilda.

Fortíðin í kvikmyndum (Anna Agnarsdóttir og Eggert Þór Bernharðsson) 2005-2006

Fjallað verður um endursköpun fortíðar í leiknum kvikmyndum. Teknar verða fyrir valdar myndir, bæði íslenskar og erlendar.

Sagnfræði, sjónvarp og útvarp (Eggert Þór Bernharðsson) 2005-2006

Fjallað verður um ljósvakamiðla og kannaðir miðlunarmöguleikar þeirra á sagnfræðilegu efni. Jafnframt verður hugað að heimildagildi sjónvarps- og útvarpsefnis. Nemendur vinna verkefni fyrir þessa miðla.

Ritheimildarýni (Már Jónsson) 2005-2006

Rætt verður hvernig ritheimildir nýtast fornleifafræðingum við rannsóknir og metnir möguleikar á samspili fornleifa og texta í fræðilegri umfjöllun. Yfirlit yfir helstu atriði í handritafræði, skjalfræði og textafræði. Efahyggja í textarýni. Megináhersla verður á ritheimildir frá miðöldum, jafnt sögur, annála og skjöl, en farið í valdar heimildir frá 16. og 17. öld, einkum máldaga og jarðaskrár, auk lýsinga á fornleifum allt fram á 19. öld.

Framhaldsnám

Rannsóknir og kenningar (kennara ekki getið) 2005-2006

Álitamál um öflun, úrvinnslu og meðferð heimilda frá ólíkum tímum með hliðsjón af ólíkum rannsóknarhefðum. Tengsl sagnfræði við aðrar fræðigreinar. Landamæri sagnfræðilegrar umfjöllunar og skáldskapar. Þekking, túlkun og skilningur. Fjölbreytileg sjónarhorn og söguskoðanir. Notkun og gildi kenninga á helstu sviðum sagnfræðirannsókna. Ábyrgð sagnfræðinga í samtímanum. Þetta námskeið er haldið í tengslum við málstofu MA-nema í sagnfræði.

Stórsaga. Heimssaga og mannkynssaga (Sveinbjörn Rafnsson) 2005-2006

Fjallað verður um nýjar hugmyndir um sögu sem er stór í sniðum og nær til sögulegrar sýnar á bæði heiminn og mannkynið. Lítillega verður fjallað um fornar slíkar hugmyndir, kristilegar o.fl., en einkum verður farið í nýlega evrópska og bandaríska sagnaritun mótaða af félags- og náttúruvísindalegum viðhorfum nútímans um sögu mannkyns.

Society and Sagas (Helgi Þorláksson) 2005-2006

Fjallað verður um fornsögur, einkum Íslendingasögur, og félagslegar formgerðir á bilinu 1100-1400. Um uppruna sagnanna og líklegar ástæður þess að þær urðu til. Birtingarmyndir heiðni, kristni og samfélags. Samtímaspeglar? Samanburður við önnur fábreytt samfélög. Breytingar með norsku konungsvaldi og áhrif á sögur og samfélag. Menningarsögulegar heimildir.

Heimsverslunarsaga, samskipti ólíkra menningarheima frá fornöld til 20. aldar (Gísli Gunnarsson) 2005-2006

Fjallað verður um verslun nær og fjær, um upphaf verslunar og eðli, stuttlega rakin verslun í fornöld og á miðöldum en mestur efnispungi verður um verslun frá tímum svonefndra landafunda Evrópuþjóða fram til 1914. Samtímis verða ýmsar kenningar um verslun og þýðingu hennar reifaðar.

Alþýðumenning á Íslandi 1830-1940 (Ingi Sigurðsson) 2005-2006

Fjallað verður um nokkra grundvallarþætti í sögu alþýðumenningar á Íslandi á tímabilinu. Hugað verður að kenningum, sem varða þetta efnissvið. Vaxandi ritmenningu meðal alþýðu verða gerð skil. Menntun alþýðu, einkum óformleg, verður tekin til meðferðar. Í því viðfangi verður fjallað um útbreiðslu og viðtökur alþýðlegra fræðslurita, starfsemi lestrarfélaga og útgáfu handskrifaðra blaða. Þá verður rætt um starf félagsshreyfinga, sem fengu mikinn hljómgrunn meðal almennings, einkum kvenfélaga og ungmennafélaga. Viðfangsefni námskeiðsins verður skoðað í evrópsku samhengi. Áherzla verður lögð á könnun frumheimilda.

2006-2007

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Eggert Þór Bernharðsson, Guðmundur Jónsson og Már Jónsson) 2006-2007

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimilfræði, meginlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð.

Sagnaritun og söguspeki (Gunnar Karlsson og Guðmundur Jónsson) 2006-2007

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og miðlun sögu (Guðmundur Jónsson, Valur Ingimundarson, Már Jónsson, Helgi Þorláksson, Eggert Þór Bernharðsson og Guðmundur Hálfðanarson) 2006-2007

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að greina sagnfræðileg viðfangsefni og miðla þeim til annarra. Í fyrsta hluta námskeiðsins er markmiðið að örva nemendur til að hugsa um söguna í stóru samhengi og þjálf þá í notkun nokkurra grundvallarhugtaka og hugmynda sem tíðkast í sagnfræðilegri greiningu á samfélögum, menningu, efnahag og stjórnmálalífi. Þau helstu eru: saga og minni, menning, kyngervi, þjóðerni, ríki, stétt og tækni. Í öðrum hluta námskeiðsins er fjallað um miðlun sögu, hverjir móta sögulega þekkingu og hvaða aðferðir eru notaðar við miðlun sögu og menningararfs. Rætt er um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum. Í þriðja hluta námskeiðsins eru nemendum veittar hagnýtar leiðbeiningar um samningu BA-ritgerðar.

Íslandssaga fyrir 1815 (Helgi Þorláksson, Gísli Gunnarsson, Már Jónsson, Anna Agnarsdóttir) 2006-2007

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmenning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Íslandssaga eftir 1815 (Guðmundur Hálfðanarson og Guðmundur Jónsson) 2006-2007

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmálabarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðaðróun, líf skjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Heimssaga fyrir 1815 (Anna Agnarsdóttir, Sveinbjörn Rafnsson, Guðmundur Hálfðanarson) 2006-2007

Prófpættir eru þrír: a) Heimssaga til 1500, b) Heimssaga 1500-1815 og c) Stutt ritgerð um afmarkað efni á öðru hvoru tímabilinu, a) eða b). A) Heimssaga til 1500. Yfirlit yfir forsögualdir og sögu elstu siðmenningarheilda í Evrasíu og Afríku, þ.e. Austurlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar ásamt sögu helstu trúarbragða þar. Enn fremur yfirlit yfir sögu evrópskra miðalda og asískrar og afrískrar sögu á sama tíma. Stutt yfirlit yfir siðmenningu í Ameríku fram til 1500. Sérstaklega verður fjallað um gríska sagnaritun, upphaf keisaraveldis í Róm, og úr evrópskri miðaldasögu um landbúnað og lénsskipulag, deilur kirkju- og veraldarvalds og menntalíf og menningu. B) Heimssaga 1500-1815. Yfirlit yfir

heimssöguna á nýöld. Landafundir og nýlendustefna stórvelda í Ameríku og Asíu. Siðaskiptin og trúardeilur. Islam. Vísindabyltingin og Upplýsingin. Fólksfjöldaþróun, fjölskyldan og stéttir. Stjórnarfar frá einveldi til byltinga lýðræðisins. Stórveldaþróun Evrópu og umheimsins. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda. C) Stutt ritgerð.

Heimssaga eftir 1815 (Valur Ingimundarson, Ingi Sigurðsson, Ögmundur Jónasson) 2006-2007

Þetta inngangsnámskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verða eftirtalin svið tekin til meðferðar með tilliti til tímabilsins 1815-1939: stéttir og þjóðfélagshópar í Evrópu, vísindi og tækni og þættir úr sögu stjórnmálahugmynda. Fjallað verður um tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta með tilliti til tímabilsins 1815-1918. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmálastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelda eins og Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun síðustu ára um sögu Evrópu 1700-2000 (Ingi Sigurðsson) 2006-2007

Tekin verða til meðferðar valin rit, sem komið hafa út á síðustu árum um sögu Evrópu á tímabilinu 1700-2000; ritin falla undir mismunandi undirgreinar sagnfræðinnar. Leitast verður við að greina helztu stefnur og strauma í sagnaritun, sem þar koma fram, m.a. með tilliti til álitamála í söguspeki. Námskeiðið er sérsviðsnámskeið í hugmynda- og menningarsögu.

Franska stjórnarbyltingin (Anna Agnarsdóttir) 2006-2007

Frakkland á 18. öld (l'Ancien Régime). Atburðarásin frá 1787 og fram að valdatöku Napóleons 1799 rakin og greind. Orsakir og afleiðingar byltingarinnar. Mismunandi túlkanir sagnfræðinga ræddar. Áhrif byltingarinnar á evrópskt samfélag. Mikil áhersla verður lögð á lestur frumheimilda.

Ísland og nýlendustefnan (Anna Agnarsdóttir) 2006-2007

Hvað er nýlendustefna? Nýlendur Dana. Var Ísland nýlenda eða hjálenda? Stefna Dana gagnvart Íslandi. Nýlendustefna Dana borin saman við nýlendustefnu evrópskra stórvelda. Hefðu Íslendingar verið betur settir sem hluti af breska heimsveldinu? Ísland og „nýlenda“ þess Grænland.

Frágangur, skráning og varðveisla skjalasafna (Kristjana Kristinsdóttir) 2006-2007

Farið verður yfir þá þætti sem huga þarf að við afhendingu skjalasafna á safn, skráningu skjalasafna jafnt opinberra sem einkaskjalasafna, frágang þeirra til geymslu, gerð geymsluskrár/leiðarvísis yfir safn, aðgengi að söfnum og afgreiðslur. Hentug nemendum sem vilja kynna sér starfsemi inn á skjalavörslustofnun og/eða vilja taka að sér frágang og skráningu skjalasafna fyrir stofnanir eða aðra.

Heimildaleit í skjalasöfnum (Kristjana Kristinsdóttir) 2006-2007

Hvernig finna má heimildir á skjalasöfnum. Litið verður á heimildaforða þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna, aðgengi að honum, möguleika og takmarkanir. Skrár yfir söfn verða skoðaðar auk aðfangabóka. Verkefni að eigin vali. Hentugt nemendum sem undirbúningur BA- eða MA-ritgerða og til annarra fræðiverka auk blaðamennsku.

Handrita- og skjalalestur 1300-1800 (Már Jónsson) 2006-2007

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist færni í að lesa íslenska skrift frá tímabilinu, einkum á 17. og 18. öld. Farið verður í helstu atriði skriftarþróunar, rætt um varðveislu ritheimilda og kynntar aðferðir við útgáfu gamalla texta.

Stjórnskipunarþróun í Þýskalandi og siðaskiptin á Íslandi (Vilborg Auður Ísleifsdóttir) 2006-2007

Í þessu námskeiði verður leitast við að kynna stjórnskipunarþróun á meginlandi Evrópu, einkum í Þýskalandi og Danmörku. Sérstaklega verður hugað að Þýskalandi og Danmörku. Sérstaklega verður hugað að myndun nútímaríkisins undir stjórn landsfurstanna (Territorialfürsten). Þá verður gluggað í stjórnskipunarplögg svo sem Kirkjuordinanzíu Kristjáns III og samkomulagið frá 1536 (Recess) og ef til vill í pólitísk rit Lúthers, ef tiltæk verða. Til umræðu verður íslenskt samfélag fyrir og eftir siðaskiptin, stofnanir þess og verksvið þeirra, svo sem löggæsla, félagsmál og tilhögun kirkju- og skólahalds.

Heimsmynd Íslendinga 1100-1400 (Sverrir Jakobsson) 2006-2007

Hvers vegna töldu íslenskir miðaldasagnaritarar að forfeður þeirra hefðu komið frá Asíu? Hvaða erindi áttu norrænir ferðalangar við stólkonunginn? Hvaða þjóðir þekktu Íslendingar í Austurvegi? Hver voru tengslin milli þeirra og Skrálingja í heimsmynd Íslendinga á miðöldum? Íslendingar skrifuðu um sjálfa sig og aðra og lýstu hvorutveggja lífi bænda á Íslandi og konunga, dýrlinga og fornaldarkappa úti í löndum. Skrif íslenskra miðaldamanna um aðrar þjóðir hafa hlotið minni athygli en vert er, en þau eru þó mikil að vöxtum og fjölbreytt. Hvað segja þau um heimsmynd Íslendinga? Varpa skrif um aðra ljósi á íslenskt þjóðerni á miðöldum? Í þessu námskeiði verður tekið á þessum vandamálum og ýmsum öðrum í íslenskri hugarfarssögu miðalda í ljósi innlendra og erlendra heimilda og rannsókna á þessu sviði.

Byggðasaga (Már Jónsson) 2006-2007

Vitundarvakning um ágæti allra byggðarlaga í landinu andspænis ímynduðum þjóðareinkennum og ofurvaldi höfuðborgarsvæðisins gefur tilefni til nýrra viðhorfa við ritun byggðasögu, sem einkum hefur mótast af opinberri nálgun þar sem saga byggðarinnar er smækkuð mynd nálgun þar sem saga byggðarinnar er smækkuð mynd þjóðarsögunnar. Í námskeiðinu verður fjallað um hefð íslenskrar byggðasöguritar og tegundir hennar, en megináhersla lögð á ný tækifæri sem birtast þegar fortíð afmarkaðs svæðis og íbúa þess er könnuð sem nákvæmast á grundvelli fjölbreyttra heimilda. Fjallað verður um nauðsynleg tengsl byggðasögu við aðrar fræðigreinar svo sem landafræði, fornleifafræði, þjóðfræði, lýðfræði, tæknisögu, umhverfissögu og einsögu. Einnig verða ræddir snertifletir byggðasögu við þjóðlegan, fróðleik, menningartengda ferðaþjónustu og yfirlýsta byggðastefnu ríkisvaldsins.

Þættir úr sögu Skotlands 1707-2007 (Ingi Sigurðsson) 2006-2007

Fjallað verður um valda þætti úr sögu Skotlands á því tímabili, sem um er að ræða. Í upphafi námskeiðsins verður veitt yfirlit yfir sögu Skotlands á tímabilinu. Eftirtalin meginvið verða tekin til meðferðar: skoskt þjóðfélag á 18. öld og skozka upplýsingin. Þjóðfélagsbreytingar í skozku Hálöndunum frá upphafi 19. aldar (með sérstöku tilliti til byggðastefnu og vanda strjálbýlla landsvæða), iðnbyltingin og félagsleg áhrif hennar, skozk þjóðernishyggja, skozk menning frá upphafi 20. aldar, Skotland undir heimastjórn (síðan 1999) og samskipti Skota og Íslendinga. Áhersla verður lögð á að skoða viðfangsefnin í samhengi við almenna Evrópusögu. Byggt verður að talsverðu leyti á frumheimildum, m.a. greinargerðum um þjóðfélagsástand og bókmenntatextum.

Framhaldsnám

Nöfn kennara og námskeiðslýsing ekki getið í kennsluskrá á neti

Rannsóknir og kenningar 2006-2007 (Gísli Gunnarsson, Már Jónsson, Erla Hulda Halldórsdóttir)

Valnámskeið

Ritun sögu: Konungar Íslands 2006-2007

Tilfinningaréttur í sögu Íslendinga 2006-2007

Sagnaritun í félags- og hagsögu 2006-2007

Sagnfræðin og kalda stríðið 2006-2007 (Þór Whitehead)

Þjóðríki og hnattvæðing 2006-2007

Utanríkismál Íslands: Alþjóðasamskipti, þjóðarímyndir, stjórnmalapróun, 1940-2006 (2006-2007)

[2007-2008](#)

Nöfn kennara og námskeiðslýsing ekki getið í kennsluskrá á neti.

[Grunnnám](#)

Sagnfræðileg vinnubrögð 2007-2008

Sagnaritun og söguspeki 2007-2008

Hugtök og miðlun sögu 2007-2008

Íslandssaga fyrir 1815 (2007-2008)

Íslandssaga eftir 1815 (2007-2008)

Heimssaga fyrir 1815 (2007-2008)

Heimssaga eftir 1815 (2007-2008)

[Valnámskeið](#)

Hugarfar og handiðnaður í íslenska 17. og 18. aldar samfélaginu 2007-2008 (Hrefna Róbersdóttir)

Íslenskir kommúnistar og sósíalistar: sjálfsmyndir og tengslin við umheiminn 2007-2008

Franska stjórnarbyltingin 2007-2008

Skjalasöfn og skjalavarsla 2007-2008 (Kristjana Kristinsdóttir)

Frágangur, skráning og varðveisla skjalasafna 2007-2008

Saga Noregs 1814-1940 (2007-2008)

Ísland og heimsstyrjöldin síðari 2007-2008 (Þór Whitehead)

Ritheimildarýni 2007-2008

[Framhaldsnám](#)

Rannsóknir og kenningar 2007-2008 (Már Jónsson, Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon)

Valnámskeið

Ritun sögu: Konungar Íslands 2007-2008

Stórsaga 2007-2008

Society and Sagas 2007-2008 (Helgi Þorláksson)

Stjórnsmál minninga, sjálfsm myndir þjóða og skipulagt ofbeldi 2007-2008 (Valur Ingimundarson)

Íslensk vinstrihreyfing 1916-1944 (2007-2008)

Utanríkismál Íslands: Alþjóðasamskipti, þjóðarímyndir, stjórnsmálþróun, 1940-2006 (2007-2008)

2008-2009

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Halldór Bjarnason og Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2008-2009

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimilfræði, megindlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð.

Íslandssaga fyrir 1815 (Helgi Þorláksson, Anna Agnarsdóttir og Halldór Bjarnason) 2008-2009

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmenning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimssaga fyrir 1815 (Sveinbjörn Rafnsson og Halldór Bjarnason) 2008-2009

Prófbættir eru þrír: a) Heimssaga til 1500, b) Heimssaga 1500-1815 og c) Stutt ritgerð um afmarkað efni á öðru hvoru tímabilinu, a) eða b). a) Heimssaga til 1500 Yfirlit yfir forsögualdir og sögu elstu siðmenningarheilda í Evrasíu og Afríku, þ.e. Austurlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar ásamt sögu helstu trúarbragða þar. Enn fremur yfirlit yfir sögu evrópskra miðalda og asískrar og afrískrar sögu á sama tíma. Stutt yfirlit yfir siðmenningu í Ameríku fram til 1500. Sérstaklega verður fjallað um gríska sagnritun, upphaf keisaraveldis í Róm, og úr evrópskri miðaldasögu um landbúnað og lénsskipulag, deilur kirkju- og veraldarvalds og menntalíf og menningu. b) Heimssaga 1500-1815 Yfirlit yfir heimssöguna á nýöld. Landafundir og nýlendustefna stórvelda í Ameríku og Asíu. Siðaskiptin og trúardeilur. Islam. Vísindabyltingin og Upplýsingin. Fólksfjöldaþróun, fjölskyldan og stéttir. Stjórnarfar frá einveldi til byltinga lýðræðisins. Stórveldiþróun Evrópu og umheimsins. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda. c) Stutt ritgerð. Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófbátta til þess að standast próf í námskeiðinu.

Íslandssaga eftir 1815 (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2008-2009

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnsmálbarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðaðróun, líf skjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Heimssaga eftir 1815 (Valur Ingimundarson, Ingi Sigurðsson, Skafti Ingimundarson, Ögmundur Jónasson) 2008-2009

Þetta inngangsnámskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verða eftirtalin svið tekin til meðferðar með tilliti til tímabilsins 1815-1939: stéttir og þjóðfélagshópar í Evrópu, vísindi og tækni og þættir úr sögu stjórnmálahugmynda. Fjallað verður um tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta með tilliti til tímabilsins 1815-1918. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmálastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelða eins og Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun og söguspeki (Guðmundur Jónsson) 2008-2009

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Valnámskeið

Hagsaga Íslands á 20. öld (Guðmundur Jónsson) 2008-2009

Námskeiðinu er ætlað að auka skilning nemenda á mikilvægum breytingum í efnahagslífi Íslands á 20. öld og hvernig þær hafa mótað þjóðfélag samtímans. Áhersla er lögð á að skoða hagþróun Íslands í alþjóðlegu ljósi. Fjallað verður um efnahagsleg áhrif heimsstyrjaldanna tveggja, heimskreppuna á fjórða áratugnum, "gullöld hagvaxtarins" 1950-1973, Evrópusamrunann og hnattvæðingu efnahagslífs á síðustu áratugum. Rætt verður um hagvöxt og hagþróun á Íslandi í samanburði við önnur Evrópulönd, ris og hnignun ríkisafskipta í efnahagslífi og framrás neytlusamfélagsins. Hagsaga sem fræðigrein verður kynnt, kenningar hennar og aðferðir.

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni (Kristjana Kristinsdóttir) 2008-2009

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni Íslands. Gert er ráð fyrir daglegri viðveru í 2-3 vikur sem fæli í sér: Viðtöl við lykil starfsmenn til kynningar á ákveðnum verkefnum/sviðum þ.e.:

- Skráning skjalasafna.
- Rafræn skjalavarsla.
- Heimsókn í embætti til skoðunar á skjalavörslu þess/eftirlit með skjalavörslu.
- Skoðun á skjalaforða Þjóðskjalasafns.
- Lestrarsalur, viðvera.
- Viðgerðarstofa.
- Óbyggðaverkefni.
- Fyrirspurnafundir.
- Útgáfumál/miðlun.
- Almenn dagleg afgreiðsla á safninu.

Nemendur eiga að kynna sér almennt með viðtölum og vettvangsskoðun öll helstu verksvið Þjóðskjalasafns. Gert er ráð fyrir að nemendur færi dagbók og lýsi þar verkefnum dagsins. Jafnframt eiga nemendur að velja sér ákveðið áhugasvið/málefni innan safnsins til sérstakrar athugunar. Námsmat er byggt á dagbókinni og greinargerð um áhugasviðið/málefnið.

Siðskiptin og aðdragandi þeirra (Vilborg Auður Ísleifsdóttir Bickel) 2008-2009

Í þessu námskeiði verður fjallað um burðargrind (structures) hins íslenska miðaldasamfélags. Hugað verður að þeim samningum frá miðöldum, sem hafa stjórnskipunargildi. Rædd verður sú þróun á meginlandinu, sem hratt siðbreytingunni á stað. Til umræðu verður biskupsembættið á kapólskum tíma og rekstur biskupsstóla og annarra kirkjulegra stofnana. Þá verður stjórn málaástandið í Danmörku á 16. öld rætt og gluggað í Kirkjuordinanzíu Kristjáns III og spáð í þær breytingar á ríki og kirkju, sem hún hrundi af stað.

Bretland á 20. öld (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2008-2009

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum innsýn í fræðilega umræðu um breskt samfélag á 20. öld. Áherslan verður á menningar-, hugmynda- og félagssögu, en einnig verður litið til afmarkaðra þátta breskrar stjórn málaþróunar. Verkaþólk, aðall, menntamenn, millistéttir og konungsfjölskyldan munu koma við sögu en einnig örlög heimsveldisins og áhrif heimsstyrjaldanna, Bítarnir og 68 kynslóðin sem og Þjóðernisstefna Skota, Walesbúa og Íra.

Heimildaleit í skjalasöfnum (Kristjana Kristinsdóttir) 2008-2009

Hvernig finna má heimildir á skjalasöfnum. Litið verður á heimildaforða Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna, aðgengi að honum, möguleika og takmarkanir. Skrár yfir söfn verða skoðaðar auk aðfangabóka. Verkefni að eigin vali. Hentugt nemendum sem undirbúningur BA- eða MA-ritgerða og til annarra fræðiverka auk blaðamennsku.

Skjalavarsla á 20. og 21. öld (Kristjana Kristinsdóttir) 2008-2009

Markmið: að nemendur fræðist um þróun skjalavörslu hjá hinu opinbera frá síðari hluta 20. aldar, kynnist nýjum aðferðum í skjalavörslu og skjalastjórn á 21. öld, kynnist meðferð rafrænna skjala, öðlist skilning á uppbyggingu nútíma skjalasafna, öðlist færni í notkun skjalasafna sem sagnfræðilegra heimilda m.a. í tengslum við lokaritgerðir og fá innsýn í störf skjalastjóra hjá opinberum stofnunum. Inntak/viðfangsefni: Fjallað verður um uppbyggingu nútíma skjalasafna með áherslu á skjalavistunaráætlun, geymsluskrá, málalykill og málaskrá, reglur um grisjun skjala og eftirlitshlutverk Þjóðskjalasafns. Jafnframt verður fjallað um tilkynningar á rafrænum skjalakerfum til safnsins og reglur um afhendingu þeirra auk lýsingar á tilraunaverkefnum sem safnið hefur staðið fyrir vegna rafrænnar skjalavörslu. Kennsluhættir/vinnulag: Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku. Fyrirlestrar verða haldnir og auk þeirra er gert ráð fyrir að nemendur leysi verkefni í hópvinnu og sjálfstætt. Gert er ráð fyrir vettvangsheimsóknum til opinberra stofnana. Námsmat: Símat þar sem verkefni verða metin til einkunnar á móti einkunn úr skriflegu prófi.

Handrita- og skjalalestur 1300-1800 (Már Jónsson) 2008-2009

Markmið námskeiðsins er að nemendur öðlist færni í að lesa íslenska skrift frá tímabilinu, einkum á 17. og 18. öld. Farið verður í helstu atriði skriftarþróunar, rætt um varðveislu ritheimilda og kynntar aðferðir við útgáfu gamalla texta.

Fjölbjóðlegar hugmyndastefnur á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum 1830-1918 (Ingi Sigurðsson) 2008-2009

Fjallað verður um áhrif tiltekinna fjölbjóðlegra hugmyndastefna á Íslandi, sem verður í fyrirrúmi, og annars staðar á Norðurlöndum á tímabilinu 1830-1918. Útbreiðsluleiðir hugmyndastefnanna verða skoðaðar sérstaklega. Eftirtalin hugmyndasvið verða tekin til meðferðar: upplýsingin; frjálslyndisstefna; rómantíska stefnan, hughyggja og þjóðernishyggja; hugmyndafræði ungmenningarshreyfingarinnar; kvenréttindastefna; jafnaðarstefna. Áherzla verður lögð á könnun frumheimilda.

Byggð og samfélag á Íslandi 1500-1800 (Hrefna Róbertsdóttir) 2008-2009

Meginviðfangsefnið er að skoða sögu byggðar og einkenni "gamla samfélagsins" á árnýöld á Íslandi. Áherslan er á tímabilið fyrir sjávarútvegsbyltingu 19. aldar, þ.e. tímarn 1500-1800. Annars vegar verður byggðamynstur ákveðins svæðis á landinu kannað. Skoðuð verða lögbýli, hjáleigur, verslunarstaðir

einokunarkaupmanna og önnur byggðarhverfi til sjávar og sveita. Hvernig var lífið í nærumhverfinu og hvert var samspil mismunandi búsetuforma til sjávar og sveita? Hins vegar verður lögð sérstök áhersla á að kanna vitnisburð um íslenskt samfélag í skjölum landsnefndarinnar fyrri frá 1770-1771, fjölbreyttan vitnisburð um allar hliðar mannlífs þess tíma. Hvaða mynd gefa landsnefndarskjölin af lífinu í landinu? Auk þjálfunar í lestri fljótaskriftar, verður því m.a. fjallað um félagskerfi, vinnulöggjöf, kvaðir, nýbýli, almenninga, þéttbýliskjarna til sjávar og sveita, embættismenn, kaupmenn, lausamenn, vinnuhjú og bændafólk.

Ást, fjölskylda og einkalíf á Íslandi 1600-1900 (Halldór Bjarnason) 2008-2009

Mikil gróska hefur verið í rannsóknum á fjölskylduhögum og einkalífi fólks í Evrópu og víðar á undanförunum áratugum. Hér verður skyggst inn í þessar rannsóknir og í framhaldi af því efnið sett í íslenskt samhengi. Teknar verða fyrir hugmyndir fólks um ástina, birtingarmyndir hennar í raunveruleikanum, makaval og mátt feðravalds. Þá verður rætt um einkenni og samsetningu íslenskra fjölskyldna af ólíku tagi, og lífsferil fólks frá vögu til grafar. Þá rætt um stöðu kvenna, kynhlutverk, barnaupveldi og aga, hugmyndir fólks um einkalíf og siðferði. Auk rannsókna verður stuðst við persónulegar heimildir og skáldskaparrit, dyggðaspeglar, uppeldisleg og siðbætandi rit, trúarrit og fleira.

Nýlendur og þróunarlönd 1500-1950 (Halldór Bjarnason og Árni Daníel Júlíusson) 2008-2009

Skoðaðar verða ýmsar hliðar á sögu nýlendna og þróunarlanda sem Evrópuríki stjórnuðu eða námu með fólksflutningum frá heimalandinu og höfðu mikil áhrif á. Farið verður í aðdragandann að tilurð þeirra, stjórnun þeirra og sambandi við móðurríkin. Teknar verða fyrir kenningar um heimsveldi og óformleg heimsveldi, "gentlemanly capitalism" og nútímavæðingu (modernisation). Einnig verður sú hlið skoðuð sem sneri að sjálfsmynd íbúa nýlendnanna og þróunarlandanna og farið í gagnrýni frá marxistum og eftirnýlendufræði (post-colonialism). Þá verður rýnt í hugtökin "þróun" og "vanþróun", hugmyndafræðina í þróunaraðstoð vestrænna ríkja og upphafið að endalokum formlegra nýlendna um miðja 20. öld.

Framhaldsnám

Rannsóknir og kenningar (Anna Agnarsdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðmundur Hálfðanarson, Guðmundur Jónsson, Guðni Th. Jóhannesson, Helgi Þorláksson, Ólafur Rastrick, Ólöf Garðardóttir, Unnur María Máney Bergsveinsdóttir) 2008-2009

Álitamál um öflun, úrvinnslu og meðferð heimilda frá ólíkum tímum með hliðsjón af ólíkum rannsóknarhefðum. Tengsl sagnfræði við aðrar fræðigreinar. Landamæri sagnfræðilegrar umfjöllunar og skáldskapar. Þekking, túlkun og skilningur. Fjölbreytileg sjónarhorn og söguskoðanir. Notkun og gildi kenninga á helstu sviðum sagnfræðirannsókna. Ábyrgð sagnfræðinga í samtímanum. Þetta námskeið er haldið í tengslum við málstofu MA-nema í sagnfræði.

Valnámskeið

Þjóðernisstefna og fasismi í Evrópu: Hugmyndafræði, framkvæmd og minni, 1919-2008 (Svanhildur Anja Ástþórsdóttir og Valur Ingimundarson) 2008-2009

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að fjalla um stjórn mála-, félags- og hugmyndaþætti í samtímasögu og stjórn málafræði. Sérstök áhersla verður lögð á að auka skilning á eðli þjóðernishyggju, fasisma og hugmyndaáhrifum þessara stefna í samtímanum. Sjónum verður beint að sagnaritun og stjórn mála kenningum um efnið og tengslum sögu og minnis. Að loknu námskeiðinu eiga nemendur að hafa góða yfirsýn yfir sögulega þróun og stefnur og strauma í rannsóknum á viðfangsefninu. Þeir eiga einnig að geta sett fasisma í skýrt samtímasamhengi, annars vegar með tilliti til hugmyndafræði öfga-þjóðernishreyfinga og baráttu þeirra gegn yfirþjóðlegu valdi og hins vegar "minningaframleiðslu" um reynsluna af fasisma í Evrópu. Fjallað verður um uppgang þjóðernisstefnu og þróun fasisma og nasisma á fyrri hluta 20. aldar í Evrópu og áhrif þessara hugmyndastefna í

samtímanum. Áhersla verður lögð á að kryfja ýmis álitamál í rannsóknum á þessu fyrirbæri á sviði sagnfræði og stjórnmálafræði, eins og eðli fasisma/nasisma, hugmyndafræði, kynþáttastefnu, samband fasista við ráðandi stéttir, afstöðu þjóðfélagshópa og kynja til fasisma, nútímavæðingu, utanríkisstefnu og stríðsrekstur. Leitast verður við að skilgreina þessar hugmyndastefnur með því að bera saman fasistastjórnir og -hreyfingar í Evrópu og skýra þann mun sem var á fasísku stjórnaritari og valdboðsstjórnnum. Hugað verður sérstaklega að stjórnmála- og þjóðfélagsþróun í Þýskalandi og Ítalíu, þar sem nasistar/fasistar komust til valda og höfðu mest áhrif, en sjónum verður einnig beint að öðrum löndum. Reynt verður að svara þeirri spurningu, hvort þessi stefna hafi verið bundin við tímabilið 1919-1945 eða hvort ákveðin stjórnmálaöfl á síðustu áratugum eigi eitthvað sameiginlegt með fasistastjórnnum og -hreyfingum á 3., 4. og 5. áratug 20. aldar. Loks verður fjallað um samtímanotkun minninga um fasisma í Evrópuríkjum og fjallað um ný-fasisma og öfga-þjóðernisstefnu.

Konur og stjórnmál 1850-2000 (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2008-2009

Í námskeiðinu verður tekist á við fræðilega umræðu um konur og stjórnmál frá miðri nítjándu öld og til samtímans. Hugmyndir um kosningarétt kvenna, þegnarétt og kvenréttindi á Íslandi verða í forgrunni. Þá verður fjallað um stjórnmálahreyfingar íslenskra kvenna og stöðu kvenna innan fjórflokkakerfisins á tuttugustu öld. Um leið verður lögð áhersla á að kynna erlendar kenningar, rannsóknir og frumtexta sem varða tengsl kvenna og stjórnmála. Í því tilliti verður bæði litið til rannsókna á sviði sagnfræði, stjórnmálafræði og heimspeki.

2009-2010

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2009-2010

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimildafræði, megindlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Íslandssaga fyrir 1815 (Helgi Þorláksson og Anna Agnarsdóttir) 2009-2010

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmennning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimssaga fyrir 1815 (Sveinbjörn Rafnsson) 2009-2010

Prófbættir eru þrír: a) Heimssaga til 1500, b) Heimssaga 1500-1815 og c) Stutt ritgerð um afmarkað efni á öðru hvoru tímabilinu, a) eða b). a) Heimssaga til 1500 Yfirlit yfir forsögualdir og sögu elstu siðmenningarheilda í Evrasíu og Afríku, þ.e. Austurlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar ásamt sögu helstu trúarbragða þar. Enn fremur yfirlit yfir sögu evrópskra miðalda og asískrar og afrískrar sögu á sama tíma. Stutt yfirlit yfir siðmenningu í Ameríku fram til 1500. Sérstaklega verður fjallað um gríska sagnritun, upphaf keisaraveldis í Róm, og úr evrópskri miðaldasögu um landbúnað og lénsskipulag, deilur kirkju- og veraldarvalds og menntalíf og menningu. b) Heimssaga 1500-1815 Yfirlit yfir heimssöguna á nýöld. Landafundir og nýlendustefna stórvelda í Ameríku og Asíu. Siðaskiptin og trúardeilur. Islam. Vísindabyltingin og Upplýsingin. Fólksfjöldaþróun, fjölskyldan og stéttir. Stjórnarfar frá einveldi til byltinga lýðræðisins. Stórveldaþróun Evrópu og umheimsins. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda. c) Stutt ritgerð. Hljóta þarf lágmarkseinkunn (5,0) í hverjum þessara prófbátta til þess að standast próf í námskeiðinu.

Íslandssaga eftir 1815 (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2009-2010

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmálabarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðapróun, lífskjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Heimssaga eftir 1815 (Valur Ingimundarson, Svanhildur Anja Ástþórsdóttir og Ingi Sigurðsson) 2009-2010

Þetta inngangsnámskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verða eftirtalin svið tekin til meðferðar með tilliti til tímabilsins 1815-1939: stéttir og þjóðfélagshópar í Evrópu, vísindi og tækni og þættir úr sögu stjórnmálahugmynda. Fjallað verður um tengsl Evrópu og Norður-Ameríku við aðra heimshluta með tilliti til tímabilsins 1815-1918. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmálastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelda eins og Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Hugtök og miðlun sögu (Guðmundur Jónsson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðbrandur Benediktsson, Már Jónsson, Ólafur Rastrick, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Valur Ingimundarson) 2009-2010

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að greina sagnfræðileg viðfangsefni og miðla þeim til annarra. Í fyrsta hluta námskeiðsins er markmiðið að örva nemendur til að hugsa um söguna í stóru samhengi og þjálf þá í notkun nokkurra grundvallarhugtaka og -hugmynda sem tíðkast í sagnfræðilegri greiningu á samfélögum, menningu, efnahag og stjórnmálalífi. Þau helstu eru: saga og minni, menning, kyngervi, þjóðerni, ríki, stétt og tækni. Í öðrum hluta námskeiðsins er fjallað um miðlun sögu, hverjir móta sögulega þekkingu og hvaða aðferðir eru notaðar við miðlun sögu og menningararfs. Rætt er um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum. Í þriðja hluta námskeiðsins eru nemendum veittar hagnýtar leiðbeiningar um samningu BA-ritgerðar.

Sagnaritun og söguspeki (Guðmundur Jónsson) 2009-2010

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Valnámskeið

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni (Kristjana Kristinsdóttir) 2009-2010

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni Íslands. Gert er ráð fyrir daglegri viðveru í 2-3 vikur sem fæli í sér:

- Viðtöl við lykil starfsmenn til kynningar á ákveðnum verkefnum/sviðum þ.e.: Skráning skjalasafna.
- Rafræn skjalavarsla.
- Heimsókn í embætti til skoðunar á skjalavörslu þess/eftirlit með skjalavörslu.
- Skoðun á skjalaförða Þjóðskjalasafns.
- Lestrarsalur, viðvera.
- Viðgerðarstofa.
- Óbyggðaverkefni.
- Fyrirspurnafundir.
- Útgáfumál/miðlun.
- Almenn dagleg afgreiðsla á safninu.

Nemendur eiga að kynna sér almennt með viðtölum og vettvangsskoðun öll helstu verksvið Þjóðskjalasafns. Gert er ráð fyrir að nemendur færi dagbók og lýsi þar verkefnum dagsins. Jafnframt eiga nemendur að velja sér ákveðið áhugasvið/málefni innan safnsins til sérstakrar athugunar. Námsmat er byggt á dagbókinni og greinargerð um áhugasviðið/málefnið.

Heimildaleit í skjalasöfnum (Kristjana Kristinsdóttir) 2009-2010

Hvernig finna má heimildir á skjalasöfnum. Litið verður á heimildaforða Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafna, aðgengi að honum, möguleika og takmarkanir. Skrár yfir söfn verða skoðaðar auk aðfangabóka. Verkefni að eigin vali. Hentugt nemendum sem undirbúningur BA- eða MA-ritgerða og til annarra fræðiverka auk blaðamennsku.

Frakkland á 18. öld (Anna Agnarsdóttir) 2009-2010

Hvernig var að vera uppi í Frakklandi á 18. öld? Námskeiðið fjallar um sögu Frakklands frá dauða Louis XIV (1715) fram yfir byltingu. Stjórnarfar einveldisins, konungar og hirð, félagsleg uppbygging, utanríkisstefna, stríð og verslun, menning (aðallega heimspeki og bókmenntir), daglegt líf. Í tengslum við frönsku stjórnarbyltinguna verður áherslan lögð á að ræða mismunandi kenningar fræðimanna (debates) um orsakir og eðli byltingarinnar.

Rómarsaga (Sverrir Jakobsson) 2009-2010

Yfirlit yfir stjórn mála- og félags sögu Rómar frá stofnun borgarinnar til falls hennar árið 476. Reynt verður að kryfja stöðu Rómar í mannkynssögunni og áhrifum Rómarveldis á heimsmenningu fyrr og síðar. Einkum verður lögð áhersla á lýðveldistímann og fyrstu áratugi keisaraveldisins, þ. á m. útpenslu Rómar, borgarastríð fyrstu aldar f. Kr. og stjórnartíð Ágústusar. Einnig verður lögð nokkur áhersla á upphaf dominatsins og sigurgöngu kristni innan Rómarveldis.

Uppruni Evrópu: umbylting Evrópu á hámiðöldum (Viðar Pálsson) 2009-2010

Sagnfræðingar síðustu áratuga hafa í verulega auknum mæli tekið að líta á hámiðaldir (11.-13. öld) sem tíma gagnberra breytinga á evrópsku samfélagi í heild sinni, þannig að í raun sé hæpið í flestu tilliti að tala um miðaldir (500-1500) sem heildstætt tímabil, eins og áður þótti eðlilegt. Nú er jafnan litið á hámiðaldir sem undanfara Evrópu nútímans, þegar efnahagsleg, félagsleg, pólitísk og hugmyndasöguleg ásvind álfunnar snerist í þann farveg sem leiddi til Evrópu síðari alda. Með þetta í huga verða eftirfarandi þemu tekin til umfjöllunar: 1) Efling Rómarkirkjunnar og andóf gegn henni; 2) Efling og upphaf villutrúarofsókna kirkjuvaldhafa og ríkisvaldhafa; 3) Umbreyting aristókratíu í aðal; 4) Vöxtur og viðgangur ríkisvalds samfara nýjum hugmyndum um vald, lög og réttlæti; 4) Að auki verður hugtakið miðaldir, og hugmyndafræði tímabilaskiptingar almennt, tekið til nánari skoðunar. Lesefni og forkröfur: Forþekking á atburðasögu hámiðalda er æskileg en ekki nauðsynleg; lesefni er nær allt á ensku, fáeinar frumheimildir en mest eftirheimildir.

Íslam og kristni 600-1700 (Már Jónsson) 2009-2010

Upphaf beggja trúarbragða og útbreiðsla. Fyrstu árekstrar á sjöundu og áttundu öld, með áherslu á Pýreneaskaga og botn Miðjarðarhafs. Krossferðir á miðöldum og útpensla ottómanna sem náðu Konstantínópel á sitt vald árið 1453. Brottrestur síðustu múslimanna frá Spáni árin 1609-1614 og umsátur Tyrkja um Vínarborg árið 1683. Trúarlegar og hugmyndafræðilegar forsendur samskipta eins og þær birtast í ferðalögum og þýðingum, trúboði og landvinningum, verslun og viðskiptum. Nemendur öðlast yfirsýn yfir viðfangsefnið og kynnast sérhæfðum rannsóknum á afmörkuðum sviðum.

Saga, vefur, net (Már Jónsson) 2009-2010

Fjallað verður um þau tækifæri sem sagnfræðinemum og sagnfræðingum bjóðast til öflunar upplýsinga og heimilda á netinu, svo sem leitarvélar, bókasöfn, gagnagrunna, textabrunna og heimildaútgáfur. Jafnframt verða teknar fyrir fræðilegar vefslóðir um afmörkuð viðfangsefni úr fortíðinni. Rætt verður um forsendur vinnubragða, aðferðir við vinnslu og leiðir til að meta gæði góðra verkefna en gagnrýna

ruslsíður og áróðursvefi. Nemendur tileinka sér undirstöðuatriði í HTML (Hypertext markup language) og vinna verkefni á eigin heimasíðu.

Sumarið 1809 (Anna Agnarsdóttir) 2009-2010

Rannsóknarnámskeið í heildarsögu (total history). Hvernig var að búa á Íslandi sumarið 1809, fyrir 200 árum? Leitast verður við að fá heildarsýn yfir lífskjör á Íslandi meðan að Napóleonsstyrjaldir geisuðu. Jafnframt verður saga Íslands þetta sumar sett í alþjóðlegt samhengi. Eftirfarandi verður skoðað: Stjórnarfar, atvinnulíf, fjölsfjöldapróun, stéttaskipting, menntun og menning, daglegt líf, o.s.frv. "Byltingin 1809" verður skoðuð frá mörgum sjónarhornum. Stuðst verður að mestu við frumheimildir og munu nemendur velja sér sérstakt rannsóknarefni m.a. til umræðu í tímum

Menntun kvenna og mótun kyngervis 1850-1920 (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2009-2010

Í námskeiðinu verður fjallað um mótun kyngervis á Íslandi 1850-1903, þá fyrst og fremst kyngervis kvenna þótt karlmennska og kyngervi karla komi einnig við sögu. Jafnframt verður rætt um helstu stefnur og strauma í rannsóknum á sviði kvenna- og kynjasögu. Teknar verða fyrir og ræddar hugmyndir um samfélagslegt hlutverk kvenna við upphaf tímabilsins, hvernig þær breyttust og mótuðust í umræðu og átökum hugmyndafræði og veruleika, og hvernig þeim var hrint í framkvæmd. Sérstaklega verður fjallað um áhrif menntunar á mótun kyngervis, einkum þýðingu kvennaskólanna í því að brjóta upp ríkjandi hugmyndir um samfélagslegt hlutverk en einnig hvernig menntun og hugmyndafræði skólanna styrkti hefðbundin kynhlutverk. Þannig er tekist á við tvær meginspurningar: Annars vegar hvaða áhrif umræða um menntun kvenna og kvennaskólarnir sjálfir höfðu á hugmyndir um kyngervi og samfélagslegt hlutverk kvenna í samfélagi sem var að taka örum breytingum; hins vegar um það hvernig konur sjálfar brugðust við þessari umræðu og hvaða áhrif þær höfðu á hana.

Fátækt fólk (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2009-2010

Í námskeiðinu verður tekist á við fræðilega og pólitíska umræðu um fátækt fólk frá miðri 19. öld og til samtímans. Tímabilið spannar þær breytingar sem urðu á efnahags-, menningar- og stjórnmálalífi á 19. öld, kreppuna miklu, uppbyggingu velferðarkerfis eftir seinna stríð, hnattvæðinguna og hrunið 2008. Fátækir Íslendingar verða í forgrunni, en jafnframt koma við sögu hugmyndir áhrifamikilla kenningasmiða um orsakir fátæktar í heiminum og leiðir til að útrýma henni.

Framhaldsnám

Konungar Íslands (Anna Agnarsdóttir) 2009-2010

Sögufélag hefur ákveðið að gefa út ritið Konungar Íslands frá Gamla sáttmála og fram að lýðveldisstofnunni. Markmiðið er að veita nemendum þjálfun við að skrifa fyrir almenning. Nemendur munu velja sér konunga og skrifi um þá kafla í umræddri bók. Uppbyggingin verður: stutt æviágrip, afrek eða sinnuleysi konunga (og drottningarinnar) varðandi málefni Íslands og í þriðja lagi verður leitast við að setja konungana í sögulegt evrópskt samhengi. Þetta verður því bæði rit sem spannar Íslandssögu og Evrópusögu og er ætlað upplýstum almenningi.

Sagnaritun og lög á miðöldum (Sveinbjörn Rafnsson) 2009-2010

Fjallað verður um lög og sagnaritun á miðöldum, einkum íslensk lög og fornsögur, uppruna, varðveislu, tengsl og rannsóknasögu. Farið verður í nokkra texta þessara sögulegu heimilda.

Þættir úr hugmyndasögu 1700-1918 (Ingi Sigurðsson) 2009-2010

Fjallað verður um valda þætti úr hugmyndasögu tímabilsins. Einkum verða teknar til athugunar fjölþjóðlegar hugmyndastefnur, þ. á m. upplýsingin, rómantíska stefnan, þjóðernishygga og frjálslyndisstefna. Eðli þeirra verður greint og áhrif þeirra skoðuð. Áhrifum þeirra meðal Íslendinga verða gerð sérstök skil. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson) 2010-2011

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimildafræði, meginlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Heimssaga fyrir 1815 (Sveinbjörn Rafnsson) 2010-2011

Stutt yfirlit yfir forsögualdir og sögu elstu siðmenningarheilda í Evrasíu og Afríku, þ.e. Austurlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar ásamt sögu helstu trúarbragða þar, sögu Islams, sögu evrópskra miðalda og asískrar og afrískrar sögu á sama tíma og sömuleiðis siðmenningu í Ameríku fram til 1500. Enn fremur yfirlit yfir sögu evrópskrar endurreisnar, siðaskipta og trúardeilna, einveldis og annarra stjórnháttar fram um 1800, sögu aukinna samskipta á heimsvísu, umskipta í Afríku og Asíu á sama tíma og upphafs nýrrar heimssýnar á Vesturlöndum. Loks verður fjallað um pólitískar byltingar á árunum 1775-1815.

Íslandssaga eftir 1815 (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2010-2011

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmalabarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðapróun, líf skjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Íslandssaga fyrir 1815 (Helgi Þorláksson og Anna Agnarsdóttir) 2010-2011

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmenning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimssaga eftir 1815 (Valur Ingimundarson og Guðmundur Hálfðanarson) 2010-2011

Þetta námskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað [um] sögu tímabilsins frá 1815 fram yfir fyrri heimsstyrjöld, og þá einkum sögu Evrópu. Þar verður fjallað m.a. um uppruna og þróun þjóðríkja, evrópska menningarsögu, sögu iðnbýltingar og stjórnmalahugmynda, nýlendustefnu og aðdraganda og áhrif fyrri heimsstyrjaldar. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmalastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvalda eins og Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun og söguspeki (Sverrir Jakobsson) 2010-2011

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og miðlun sögu (Helgi Þorláksson, Sverrir Jakobsson, Valur Ingimundarson) 2010-2011

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að greina sagnfræðileg viðfangsefni og miðla þeim til annarra. Í fyrsta hluta námskeiðsins er markmiðið að örva nemendur til að hugsa um söguna í stóru samhengi og þjálf þá í notkun nokkurra grundvallarhugtaka og -hugmynda sem tíðkast í sagnfræðilegri greiningu á samfélögum, menningu, efnahag og stjórnmálalífi. Þau helstu eru: saga og minni, menning, kyngervi, þjóðerni, ríki, stétt og tækni. Í öðrum hluta námskeiðsins er fjallað um miðlun sögu, hverjir móta sögulega þekkingu og hvaða aðferðir eru notaðar við miðlun sögu og menningararfs. Rætt er um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum. Í þriðja hluta námskeiðsins eru nemendum veittar hagnýtar leiðbeiningar um samningu BA-ritgerðar.

Valnámskeið

Þættir úr sögu Skotlands 1707-2011 (Ingi Sigurðsson) 2010-2011

Fjallað verður um valda þætti úr sögu Skotlands á því tímabili, sem um er að ræða. Í upphafi námskeiðsins verður veitt yfirlit yfir sögu Skotlands á tímabilinu. Eftirtalin meginvið verða tekin til meðferðar: skozkt þjóðfélag á 18. öld og skozka upplýsingin, þjóðfélagsbreytingar í skozku Hálöndunum síðan í upphafi 19. aldar (með sérstöku tilliti til byggðastefnu og vanda strjálbýlla landsvæða), iðnbyltingin og félagsleg áhrif hennar, skozk þjóðernishyggja, skozk menning síðan í upphafi 20. aldar, Skotland undir heimastjórn (síðan 1999) og samskipti Skota og Íslendinga. Áherzla verður lögð á að skoða viðfangsefnin í samhengi við almenna Evrópusögu. Byggt verður að talsverðu leyti á frumheimildum, m.a. greinargerðum um þjóðfélagsástand og bókmenntatextum.

Austrómverska ríkið (Sverrir Jakobsson) 2010-2011

Saga austrómverska ríkisins spannar meira en ellefu aldir en frá 330 til 1453 var höfuðborg Rómarveldis í Konstantínópel við Sæviðarsund. Lengst af var austrómverska ríkið öflugasta ríki hins kristna heims og Konstantínópel stærsta borg Evrópu. Í námskeiðinu verða raktir höfuðdrættir í sögu ríkisins og farið yfir mikilvægar vörður í þróun þess. Lögð verður áhersla á að greina og túlka menningu og hugarfar í þessu kristna miðaldaríki sem bjó í óvenju ríkum mæli að klassískum menningararfi.

Pólitískar sjálfsmyndir, kyngervi og félagslegar hreyfingar (Hildur Fjóra Antonsdóttir) 2010-2011

Í námskeiðinu verður fjallað um pólitísk málefni, félagslegar hreyfingar og deilur í tengslum við kyn, kyngervi, kynhneigð og kynverund. Skoðaðar verða ýmis konar opinberar stefnur bæði í sögulegu samhengi og í tengslum við kenningar um kyngervi og kynverund. Sérstaklega verður litið til pólitískrar stefnumótunar í Bandaríkjunum í samburði við önnur iðnvædd lýðræðisríki. Fjallað verður um mikilvægi þess að samtvinna sjálfsmyndabreytur á borð við: kynþátt (þjóðerni), stétt, kyn, kyngervi, kynhneigð, kynjaða sjálfsmynd; og hvernig slík samtvinning hefur áhrif á opinber ákvörðunartökuferli, virkjun félagslegra og pólitískra hreyfinga, og stefnumótun á vegum hins opinbera í ólíkum ríkjum. Leitað verður í kenningarsmiðju femínískra- og hinseginfræða til að greina opinbera stefnumótun.

Hitler og þjóðernisjafnaðarstefnan 1918-1945 (Þór Whitehead) 2010-2011

Fjallað verður um ævi, störf og stefnu Adolfs Hitlers og einkum stuðst við ævisögu hans eftir Ian Kershaw. Sérstök áhersla verður lögð á að skýra, hvernig Hitler og nasistar náðu völdum í Þýskalandi og héldu þeim fram til stríðsloka 1945. Þá verður þjóðernisjafnaðarstefnan greind og fjallað um kenningar um eðli hennar og uppruna.

Handrita- og skjalalestur 1300-1800 (Már Jónsson) 2010-2011

Nemendur öðlast færni í að lesa íslenska skrift frá tímabilinu, einkum frá 17. og 18. öld. Farið verður í helstu atriði skriftarþróunar, rætt um varðveislu ritheimilda og kynntar aðferðir við útgáfu gamalla texta.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2010-2011

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræðirannsóknir og ágríp stjórnsýslusögu. Ferill skjala frá pappírnum á skrifstofu í dag yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamlar og nýjar skjalavörsluáferðir, rafræn skjalavarsla. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

Íslensk vinstri hreyfing 1916-1944 (Þór Whitehead) 2010-2011

Fjallað verður um upphaf Alþýðuflokksins og átök jafnaðarmanna og kommúnista í flokknum og verkalyðshreyfingunni. Rætt verður um stofnun Kommúnistaflokks Íslands og Sósíalistaflokksins og ágreining þessara flokka við Alþýðuflokkinn.

Fortíðarvandi þjóða: Stjórnsmál minninga og samtímasaga (Valur Ingimundarson og Svanhildur Anja Ástþórsdóttir) 2010-2011

Fjallað verður um samspil stjórnsmála, menningar og minnis á 20. og 21. öld. Lögð verður áhersla á "fortíðarvanda" þjóða og leiðir til að takast á við hann í samtímanum. Sjónum verður beint að sögulegum áföllum og umfjöllun um þau í ríkjum eins og Þýskalandi (nasisminn), Rússlandi (stalínismi), Bandaríkjunum (Víetnam), Balkanskaga (þjóðernishreinsanir), Rúanda (þjóðarmorð) Japan (hernám), Frakklandi (nýlenduþrið í Alsír/Vichy-stjórnin) og Íslandi (efnahagshrunið). Viðfangsefnið verður greint út frá hugmyndafræði, hugmyndum um "endursköpun sögunnar," "stöðum minninga", hlutverki goðsagna og tákmynda eins og minnismerkja, sannleiksnefndum og stríðsglæparéttarhöldum. Stuðst verður við kenningar í stjórnsmálasögu, um sögulegt minni, sameiginlegar minningar, þjóðerni, alþjóðalög og kynferði.

Menningarsaga (Dávid Ólafsson og Ólafur Rastrick) 2010-2011

Hvað er menning og hvernig hefur hún mótað samfélög og einstaklinga á mismunandi tímum? Hvernig móta listir, heimspeki, siðir, kurteisvenjur o.fl. lífshætti og sjálfsmynd í ólíkum samfélögum ólíkra tíma? Hvernig tengjast stjórnsmál og menning? Hvernig hafa sagnfræðingar skrifað um menningu og sögu hennar? Hvaða hugmyndir um menningarsögu eru í deiglu og hvaða leiðir eru færar í samtímanum til að skrifa menningarsögu? Í námskeiðinu verður rýnt í rannsóknir á menningarsögu frá miðri nítjándu öld til samtímans, með sérstakri áherslu á strauma og stefnur sem eru á döfinni á fyrsta áratugi tuttugustu og fyrstu aldar.

Réttarsaga 1250-1850 (Már Jónsson) 2010-2011

Rakin verður þróun löggjafar frá upphafi konungsvalds til loka einveldis með tilliti til samspils innlendra hagsmuna og erlendra hugmynda. Einkum verður fjallað um helstu umbótaskeið, svo sem Járnsíðu, kristinrétt hinn nýja og Jónsbók árin 1271-1281, Stóradóm og nýja hjónabandslöggjöf árin 1564-1588 og tilraunir til endurskoðunar íslenskra laga frá lokum 17. aldar og út tímabilið sem námskeiðið tekur til. Áhersla verður lögð á refsirétt og refsingar með hliðsjón af siðferðisvitund jafnt yfirvalda sem almennings. Nemendur skrifa væna ritgerð byggða á eigin rannsókn á frumheimildum.

Tækni og saga: Þróun borgarmenningar á Íslandi 1909-2009 (Stefán Pálsson) 2010-2011

Þróun þéttbýlis á Íslandi á tuttugustu öld er nátengd uppbyggingu ýmissa lykiltækni- og byggingarferla, s.s. á sviði samganga og fjarskipta. Þáttur hvers kyns veitukerfa er þar stór (rafmagn, gas, heitt og kalt vatn). Í námskeiðinu verður athyglinni sérstaklega beint að Reykjavík, en þróun veitukerfa hennar hafði talsverð áhrif á með hvaða hætti byggðin óx. Á sama tíma höfðu félags- og menningarlegir þættir áhrif á hvernig íslensku tækni- og byggingarferfin mótuðust. Sérstaklega verður hugað að þróun íslenskra raforkumála frá Edison til Kárahnjúka. Sjónarhornið er í senn alþjóðlegt og íslenskt. Fjallað verður um helstu stefnur og strauma í tæknisögu rannsókna austan hafs og vestan. Námskeiðið er samstarfsverkefni Sagnfræði- og heimspekieildar og Minjasafns Orkuveitu Reykjavíkur.

Bandaríska heimsveldið í Evrópu: Stjórnsmála-, menningar- og efnahagsáhrif, 1945-2009 (Valur Ingimundarson) 2010-2011

Fjallað verður um bandarísk stjórn mála-, hernaðar-, menningar og samfélagsáhrif í Evrópu, þar á meðal Íslandi, frá lokum síðari heimsstyrjaldar til samtímans. Sjónum verður beint að margvíslegum birtingarmyndum bandaríska heimsveldisins í Evrópu og viðbrögðum við bandarískri hugmyndafræði, forræði í alþjóðamálum, "fjölda- og neyslumenningu" og kynjamyndum. Sérstaklega verður vikið að hugtökum sem tengjast "ameríkanísingu" eins og "heimsveldi" (Empire), "forræði" (hegemony), "menningarflutningi" (cultural transfer), "mjúku valdi" (soft power), "heimsvaldastefnu" (imperialism), kalda stríðinu, and-kommúnisma (anti-Communism), "andúð á Bandaríkjunum" (anti-Americanism) og "Fordisma" í efnahagslífinu. Stuðst verður m.a. við kenningar í alþjóðasögu og alþjóðastjórn málum og um heimsveldi, andspyrnu, þverþjóðahyggu (transnationalism), hnattvæðingu, menningarfræði og kynjafræði. Loks verða sýndar heimildamyndir til að varpa frekara ljósi á viðfangsefnið.

Norðurlönd: Saga og samfélag (Auður Hauksdóttir og Sverrir Jakobsson) 2010-2011

Námskeiðið miðar að því að auka þekkingu og skilning nemenda á sögu Norðurlanda frá 19. öld til samtímans og sameiginlegum menningar- og stjórnmálaarfi þeirra. Fjallað er um myndun þjóðríkja á 19. öld, iðnvæðingu og almenna efnahagsþróun, stjórnmál og flokka, Norðurlönd á alþjóðavettvangi frá 19. öld til samtímans og samvinnu norrænu ríkjanna sín á milli. Sérstök áhersla er lögð á að skoða hugtakið norræn samfélagsgerð, den nordiske model, sérkenni norrænu velferðarríkjanna í alþjóðlegum samanburði og sögulega þróun þeirra á 20. öld.

Ísland og konungsvald - frá þjóðveldi til einveldis (Helgi Þorláksson) 2010-2011

Um konungsvald í Noregi. Einkonungdæmi og samkonungdæmi. Um viðhorf á Íslandi til konungsvalds á þjóðveldisöld. Hirð og íslenskir hirðmenn fyrir 1262. Um þingvald og samþykkt (viðtöku) konunga á þingum. Um viðnámsrétt. Jarl og jarlsdæmi. Um rex iustus. Um "völd að neðan, frá fólkinu, og völd að ofan, frá guði (dei gratia)". Konungsvald, konungsríki og veldi Noregskonungs. Þjóðríki, skattland, hjáland, nýlenda. Um ríkisvald og þróun í átt til þess í Noregi á 13. öld. Kjörríki, erfðaríki og primogenitur. Um afstöðu Íslendinga almennt til konungsvalds á 14. og 15. öld og samskipti þeirra við konunga. Embættismenn konungs. Íslenskt aristókrati eða aðall? Veikt konungsvald á 15. öld? Aðferðir við stjórnun. Efling konungsvalds á 16. öld. Ríkisvald og einveldi. Leifar þingvalds?

Alþýðumenning á Íslandi 1830-1930 (Ingi Sigurðsson) 2010-2011

Fjallað verður um nokkra grundvallarþætti í sögu alþýðumenningar á Íslandi á því tímabili, sem um er að ræða. Hugað verður að kenningum, sem varða þetta efnissvið. Vaxandi ritmenningu meðal alþýðu verða gerð skil. Menntun alþýðu, einkum óformleg, verður tekin til meðferðar. Í því viðfangi verður fjallað um útbreiðslu og viðtökur alþýðlegra fræðslurita, starfsemi lestrarfélaga og útgáfu handskrifaðra blaða. Þá verður rætt um starf félagsshreyfinga, sem fengu mikinn hljómgrunn meðal almennings, einkum kvenfélaga og ungmennafélaga. Viðfangsefni námskeiðsins verður skoðað í evrópsku samhengi. Áherzla verður lögð á könnun frumheimilda.

Framhaldsnám

(sjá einnig námskeið í BA-námi)

Nýjar rannsóknir í sagnfræði (Sverrir Jakobsson) 2010-2011

[Námskeiðslýsing ekki í kennsluskrá]

Íslensk utanríkis- og öryggismál 1945-1958 (Þór Whitehead) 2010-2011

Ætlunin er að kanna ástæður þess að Íslendingar hurfu frá hlutleysisstefnu og skipuðu sér í sveit með öðrum vestrænum ríkjum. Þetta verður gert með því að fjalla um helstu ákvarðanir Íslendinga í utanríkis- og öryggismálum á mótunarskeiðinu eftir lok síðari heimsstyrjaldar. Rætt verður um Keflavíkursamninginn, Marshallhjálpinu á Íslandi, inngönguna í Atlantshafsbandalagið, varnarsamninginn við Bandaríkin og áform um endurskoðun samningsins.

Stórsaga: Heimssaga og mannkynssaga (Sveinbjörn Rafnsson) 2010-2011

Fjallað verður um nýjar hugmyndir um sögu sem er stór í sniðum og nær til sögulegrar sýnar á bæði heiminn og mannkynið. Lítillega verður fjallað um fornar slíkar hugmyndir, kristilegar o.fl., en einkum verður farið í nýlega evrópska og bandaríska sagnaritun mótaða af félags- og náttúruvísindalegum viðhorfum nútímans um sögu mannkyns.

2011-2012

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sverrir Jakobsson) 2011-2012

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimilfræði, meginlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Íslandssaga fyrir 1815 (Helgi Þorláksson og Anna Agnarsdóttir) 2011-2012

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggi. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmenning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimssaga fyrir 1815 (Sveinbjörn Rafnsson og Sverrir Jakobsson) 2011-2012

Stutt yfirlit yfir forsögualdir og sögu elstu siðmenningarheilda í Evrasíu og Afríku, þ.e. Austurlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar ásamt sögu helstu trúarbragða þar, sögu Islams, sögu evrópskra miðalda og asískrar og afrískrar sögu á sama tíma og sömuleiðis siðmenningu í Ameríku fram til 1500. Enn fremur yfirlit yfir sögu evrópskrar endurreisnar, siðskipta og trúardeilna, einveldis og annarra stjórnháttar fram um 1800, sögu aukinna samskipta á heimsvísu, umskipta í Afríku og Asíu á sama tíma og upphafs nýrrar heimssýnar á Vesturlöndum. Loks verður fjallað um pólitískar byltingar á árunum 1775-1815.

Íslandssaga eftir 1815 (Ragnheiður Kristjánsdóttir og Vilhelm Vilhelmsson) 2011-2012

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmalabaráttar, utanríkismál, atvinnu- og byggðapróun, lífskjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Heimssaga eftir 1815 (Ólafur Rastrick og Skafti Ingimarsson) 2011-2012

Þetta námskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað [um] sögu tímabilsins frá 1815 fram yfir fyrri heimsstyrjöld, og þá einkum sögu Evrópu. Þar verður fjallað m.a. um uppruna og þróun þjóðríkja, evrópska menningarsögu, sögu iðnbyltingar og stjórnmalahugmynda, nýlendustefnu og aðdraganda og áhrif fyrri heimsstyrjaldar. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmalastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelða eins og Bandaríkjana og Sovétríkjana, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun og söguspeki (Sverrir Jakobsson) 2011-2012

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og miðlun sögu (Helgi Þorláksson, Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðbrandur Benediktsson, Ólafur Rastrick, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Valur Ingimundarson) 2011-2012

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að greina sagnfræðileg viðfangsefni og miðla þeim til annarra. Í fyrsta hluta námskeiðsins er markmiðið að örva nemendur til að hugsa um söguna í stóru samhengi og þjálf þá í notkun nokkurra grundvallarhugtaka og -hugmynda sem tíðkast í sagnfræðilegri greiningu á samfélögum, menningu, efnahag og stjórnmálalífi. Þau helstu eru: saga og minni, menning, kyngervi, þjóðerni, ríki, stétt og tækni. Í öðrum hluta námskeiðsins er fjallað um miðlun sögu, hverjir móta sögulega þekkingu og hvaða aðferðir eru notaðar við miðlun sögu og menningararfs. Rætt er um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum. Í þriðja hluta námskeiðsins eru nemendum veittar hagnýtar leiðbeiningar um samningu BA-ritgerðar.

Valnámskeið

Fjölbjóðlegar hugmyndastefnur á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum 1830-1918 (Ingi Sigurðsson) 2011-2012

Fjallað verður um áhrif tiltekinna fjölbjóðlegra hugmyndastefna á Íslandi, sem verður í fyrirrúmi, og annars staðar á Norðurlöndum á tímabilinu 1830-1918. Útbreiðsluleiðir hugmyndastefnanna verða skoðaðar sérstaklega. Eftirtalin hugmyndasvið verða tekin til meðferðar: upplýsingin; frjálslyndisstefna; rómantíska stefnan, hughyggja og þjóðernishyggja; hugmyndafræði ungmennafélagsshreyfingarinnar; kvenréttindastefna; jafnaðarstefna. Áherzla verður lögð á könnun frumheimilda.

Hvers vegna hófst kalda stríðið? Kenningar og ágreiningur fræðimanna (Þór Whitehead) 2011-2012

Allt frá upphafi kalda stríðsins hefur verið ákaft deilt um orsakir þess og gang mála. Hér verður fjallað um helstu kenningar fræðimanna um þetta efni og farið yfir atburðarásina á einu mesta átakaskeiði kalda stríðsins 1945-1953.

Skjalavarsla á 20. og 21. öld (Kristjana Kristinsdóttir og Njörður Sigurðsson) 2011-2012

Fjallað verður um uppbyggingu nútíma skjalasafna með áherslu á skjalavistunaráætlun, geymsluskrá, málalykil og málaskrá, reglur um grisjun skjala og eftirlitshlutverk Þjóðskjalasafns. Jafnframt verður fjallað um tilkynningar á rafrænum skjalakerfum til safnsins og reglur um afhendingu þeirra auk lýsingar á tilraunaverkefnum sem safnið hefur staðið fyrir vegna rafrænnar skjalavörslu.

Grikklandssaga (Viðar Pálsson) 2011-2012

Fjallað verður um sögu Grikklands frá mínóískum tíma og fram að innlimun grísku borgríkjanna í Rómarveldi. Áhersla verður lögð á klassískan og hellenískan tíma, tilkomu lýðræðis innan borgríkjanna, Persastríðin og Pelopsskagastyrjöldina, heimsveldi Alexanders mikla. Einnig verða rakin örlög arftakaríkjanna í Makedoníu, Sýrlandi og Egyptalandi.

Hagsaga Evrópu og Norður-Ameríku á 19. og 20. öld (Ásgeir Jónsson og Guðmundur Jónsson) 2011-2012

Í námskeiðinu er fjallað um þróun alþjóðahagkerfisins og samspil þess við hagþróun einstakra landa í Evrópu og Norður-Ameríku frá iðnbyltingu til samtímans. Jafnframt eru nemendum kynntar ólíkar aðferðir, hugtök og kenningar í hagsögu. Fjallað er um fjölbreytileg viðfangsefni, m.a. iðnbyltinguna og forystu Brets og síðar Bandaríkjanna í henni, ólíkar hagþróunarleiðir á Vesturlöndum, áhrif iðnvæðingar á stöðu kynjanna, samanburð á hnattvæðingu 19. og 20. aldar, hagsveiflur og

alþjóðakreppur, alþjóðafjármálakerfið, áhrif heimsstyrjaldanna, endurreisn Evrópu og hagvaxtarskeiðið mikla fram um 1970, neyðslusamfélagið og vöxt ríkisins í efnahagslífi á 20. öld.

Bretland á 20. öld (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2011-2012

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum innsýn í fræðilega umræðu um breskt samfélag á 20. öld. Áherslan verður á menningar-, hugmynda- og félags sögu, en einnig verður litið til afmarkaðra þátta breskrar stjórnmálapróunar. Verkaþólk, aðall, menntamenn, millistéttir og konungsfjölskyldan munu koma við sögu en einnig örlög heimsveldisins, áhrif heimsstyrjaldanna, Bítarnir og 68 kynslóðin sem og þjóðernisstefna Skota, Walesbúa og Íra.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2011-2012

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræðirannsóknir og ágrip stjórnsýslusögu. Ferill skjala frá pappírur á skrifstofu í dag yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamlar og nýjar skjalavörsluaðferðir, rafræn skjalavarsla. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

Utanríkisstefna Bandaríkjanna: Hugmyndafræði, sjálfsmyndir og forræði, 1945–2011 (Valur Ingimundarson) 2011-2012

Fjallað verður um mótun og framkvæmd bandarískrar utanríkisstefnu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Sjónum verður beint að pólitískum gildum, menningu, samspili innanríkis- og utanríkismála, almenningssáliti, stöðu forseta og þings, hervaldi, áróðri og sálfræðihernaði og forræði Bandaríkjanna í alþjóðakerfinu. Áhersla verður lögð á landfræðipólitíska nálgun eins og samskiptin við Evrópu, Asíu og „Þriðja heiminn“ – og einstök ríki eins og Sovétríkin/Rússland, Bretland, Þýskaland og Kína – á tímabili kalda stríðsins og frá lokum þess. Utanríkisstefna Bandaríkjanna verður sett í hugmyndafræðilegt samhengi við kalda stríðið, lýðræði, kapitalisma, kommúnisma, mannréttindi, kynþætti, kynjahlutverk og alþjóðalög og -stofnanir. Þá verður fjallað um bandaríska orðræðu um hervald og beitingu þess, eins og í Víetnamstríðinu, Balkanstríðunum, „stríðinu gegn hryðjuverkum“ og hernaðinum í Afganistan og Írak. Stuðst verður við margvíslegar kenningar og hugtök í sagnfræði og alþjóðastjórnmálum í greiningu á viðfangsefninu.

Ameríska byltingin 1763-1776 (Anna Agnarsdóttir) 2011-2012

Nýlendan Ameríka. Tilurð og stjórnarfar. Samfélag nýlendubúa. Orsakir byltingarinnar, Sjónarmið Breta. Sjónarmið nýlendubúa. Atburðarás. Frelsisstríð. Sjálfstæði. Áhersla verður lögð á hugmyndafræði, sagnfræðilega greiningu og lestur frumheimilda.

Háskóli Íslands og íslenskt samfélag (Guðmundur Hálfðanarson) 2011-2012

Í námskeiðinu verður farið yfir helstu þætti í aldarsögu Háskóla Íslands – hvað var kennt við Háskólann, hvernig, hverjir lærðu við skólann, hvað var rannsakað, hvar starfaði skólinn, o.s.frv. Rætt verður um sögu Háskólans í samhengi við sögu sambærilegra stofnana í nágrannalöndunum, evrópska háskólasögu, stúdentalíf, samskipti skólans og íslenskra stjórnvalda og áhrif skólans á íslenskt samfélag – og áhrif samfélagsbreytinga á starf Háskólans.

Stjórnsýsla á fyrri öldum (Már Jónsson) 2011-2012

Rakin verður þróun ríkisvalds og kirkjulegra stofnana frá lögtöku Jónsbókar árið 1281 fram til heimastjórnar árið 1904, með áherslu á embættisfærslu, skjalamyndun og skjalavörslu. Fjallað verður um stjórnkerfi danska konungsríkisins, einkum embætti og stjórnardeildir sem önnuðust íslensk málefni, með samanburði við þróun í öðrum vestrænum ríkjum. Áhrif vaxandi pappírnotkunar á 16. öld verða metin og hugað að tengslum embættismanna við almenning með hliðsjón af læsi, skriftarkunnáttu og skilningi á danskri tungu. Rætt verður um aðferðir við útgáfu á textum. Nemendur kynnast öllum tegundum skjala og embættisbóka frá tímabilinu. Þau vinna sérhæfð verkefni byggð á frumgögnum og kynna niðurstöður á málþingi á lok námskeiðs.

Fjölþjóðlegar hugmyndastefnur á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum 1830-1918 (Ingi Sigurðsson) 2011-2012

Fjallað verður um áhrif tiltekinna fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslandi, sem verður í fyrirrúmi, og annars staðar á Norðurlöndum á tímabilinu 1830-1918. Útbreiðsluleiðir hugmyndastefnanna verða skoðaðar sérstaklega. Eftirtalin hugmyndasvið verða tekin til meðferðar: upplýsingin; frjálslyndisstefna; rómantíska stefnan, hughyggja og þjóðernishyggja; hugmyndafræði ungmennafélagshreyfingarinnar; kvenréttindastefna; jafnaðarstefna. Áherzla verður lögð á könnun frumheimilda.

Forsaga (Kristján Mímisson) 2011-2012

Yfirlit um steinöld, bronsöld og járnöld, um 1.500.000 til 500 f. Kr. Fjallað er um upphaf áhaldagerðar í samhengi við þróun mannsins og útbreiðslu hans um jörðina. Farið er yfir kenningar um samfélagsgerð og efnahagsgrundvöll samfélaga fornsteinaldar og miðsteinaldar. Fjallað er ítarlega um landbúnaðarbyltinguna og fyrstu flóknu samfélögin, í Egyptalandi, Mesópótamíu, Indusdalnum, Kína og Mið-Ameríku. Útbreiðsla landbúnaðar í Evrópu, stórsteinungasamfélög Norður- og Vestur-Evrópu, upphaf málmsmíða í Austurlöndum nær, samfélagsgerð og samfélagsbreytingar á bronsöld og járnöld, einkum í Evrópu og á Norðurlöndum.

Weimar-lýðveldið (Benedikt Hjartarson) 2011-2012

Í námskeiðinu verður sjónum beint að þýskum kvikmyndum og menningu á tímabili þess mikla þjóðfélagsumróts sem kennt er við Weimar-lýðveldið (1918-1933). Horft verður á fjölda kvikmynda, auk þess sem lesnir verða bókmenntatextar og samtímagreinar eftir þýska mennta- og listamenn, þar sem tekist er á við menningu Weimar-tímans. Fengist verður jafnt við kvikmyndir sem eiga rætur í konstrúktífisma, öreigamenningu, afþreyingarmenningu, expressjónisma, „nýrri hlutlægni“ (Neue Sachlichkeit) og germanskri átthagamenningu (þ.á m. kvikmyndir eftir Leni Riefenstahl, Fritz Lang, Slátan Dudow, Walter Ruttmann, og Friedrich W. Murnau). Markmiðið er að nemendur öðlist yfirsýn um fjölbreytta kvikmynda- og menningarframleiðslu tímabilsins, sem ekki er aðeins auðugt að kvikmyndum heldur markar einnig upphaf menningarfræði sem nútímalegrar fræðigreinar.

Sumarið 1809 (Anna Agnarsdóttir) 2011-2012

Rannsóknarnámskeið í heildarsögu (total history). Hvernig var að búa á Íslandi sumarið 1809, fyrir 200 árum? Leitast verður við að fá heildarsýn yfir líf skjör á Íslandi meðan að Napóleonsstyrjaldir geisuðu. Jafnframt verður saga Íslands þetta sumar sett í alþjóðlegt samhengi. Eftirfarandi verður skoðað: Stjórnarfar, atvinnulíf, fólksfjöldapróun, stéttaskipting, menntun og menning, daglegt líf, o.s.frv. "Byltingin 1809" verður skoðuð frá mörgum sjónarhornum. Stuðst verður að mestu við frumheimildir og munu nemendur öðlast færni í fljótaskrift og vinna að útgáfu á frásögn Jörgensens sjálfs af atburðunum á Íslandi sumarið 1809.

Ísland og heimsstyrjöldin síðari (Þór Whitehead) 2011-2012

Fjallað verður um samskipti Íslendinga við styrjaldarþjóðirnar, hernám Breta og hvernd Bandaríkjamanna. Reynt verður að meta hernaðarmikilvægi landsins og áhrif ófriðarins á utanríkisstefnu Íslendinga.

Sagnaritun síðustu ára um sögu Evrópu 1700–2010 (Ingi Sigurðsson) 2011-2012

Fjallað verður um stefnur og strauma í sagnaritun síðustu ára um sögu Evrópu á tímabilinu 1700–2010. Áherzla verður lögð á kerfisbundna greiningu valinna texta, og er þar bæði um að ræða kafla í bókum og greinar í tímaritum. Viðfangsefnin falla undir mismunandi undirgreinar sagnfræðinnar. Höfundar eru frá ýmsum löndum.

Miðaldasaga (Sveinbjörn Rafnsson) 2011-2012

Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: um hnignun Rómarveldis og mótun kristni, um bysanska ríkið, uppkomu íslams og Karlungaríkið. Um evrópskar hámiðildir, efnahagsþróun og samfélagsbreytingar,

pólitísk umbrot og þróun, menningu, bókmenntir og listir. Enn fremur um kreppur, sundurleitni og áhrifamátt í menningu síðmiðalda. Nemendur skrifa stutt verkefni um tiltekið viðfangsefni úr evrópskri miðaldasögu.

Sagnfræðin og kalda stríðið (Þór Whitehead) 2011-2012

Fjallað verður um helstu kenningar sagnfræðinga um orsakir, gang og afleiðingar kalda stríðsins frá upphafi og fram til falls Sovétríkjanna 1991.

Framhaldsnám

Nýjar rannsóknir í sagnfræði (Már Jónsson, Anna Agnarsdóttir, Ólafur Rastrick, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Unnur Birna Karlsdóttir, Viðar Pálsson) 2011-2012

Námskeiðslýsing ekki í Kennsluskrá á neti.

Valnámskeið:

Sögur og samfélag (Helgi Þorláksson) 2011-2012

a. Hvernig nota má sögur frá 12. og fram á 15. öld sem vitnisburði um formgerðir samfélags. b. Hvernig sögur frá umræddum tíma eiga beinlínis að vera framlag til samfélagsumræðu. c. Hvernig textum sagna er breytt í samræmi við þarfir í samtíma eða ný viðhorf. Teknar verða fyrir valdar sögur úr ýmsum flokkum og fræðileg skrif um efnið.

2012-2013

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Ragnheiður Kristjánsdóttir, Anna Agnarsdóttir, Már Jónsson, Sverrir Jakobsson) 2012-2013

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimilðafraði, megindlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Íslandssaga fyrir 1815 (Helgi Þorláksson og Anna Agnarsdóttir) 2012-2013

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmenning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimssaga fyrir 1815 (Sveinbjörn Rafnsson og Sverrir Jakobsson) 2012-2013

Stutt yfirlit yfir forsögualdir og sögu elstu siðmenningarheilda í Evrasíu og Afríku, þ.e. Austurlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar ásamt sögu helstu trúarbragða þar, sögu Íslams, sögu evrópskra miðalda og asískrar og afrískrar sögu á sama tíma og sömuleiðis siðmenningu í Ameríku fram til 1500. Enn fremur yfirlit yfir sögu evrópskrar endurreisnar, siðaskipta og trúardeilna, einveldis og annarra stjórnháttar fram um 1800, sögu aukinna samskipta á heimsvísu, umskipta í Afríku og Asíu á sama tíma og upphafs nýrrar heimssýnar á Vesturlöndum. Loks verður fjallað um pólitískar byltingar á árunum 1775-1815.

Íslandssaga eftir 1815 (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2012-2013

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt

Þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmalabaráttan, utanríkismál, atvinnu- og byggðapróun, lífsskjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Heimssaga eftir 1815 (Valur Ingimundarson og Guðmundur Hálfðanarson) 2012-2013

Þetta námskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað um sögu tímabilsins frá 1815 fram yfir fyrri heimsstyrjöld, og þá einkum sögu Evrópu. Þar verður fjallað m.a. um uppruna og þróun þjóðríkja, evrópska menningarsögu, sögu iðnbyltingar og stjórnmálahugmynda, nýlendustefnu og aðdraganda og áhrif fyrri heimsstyrjaldar. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmálastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelða eins og Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun og söguspeki (Guðmundur Jónsson) 2012-2013

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og miðlun sögu (Ólafur Rastrick, Guðbrandur Benediktsson, Íris Ellenberger, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Valur Ingimundarson) 2012-2013

Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu og færni nemenda á tveimur sviðum sagnfræðinnar. Í fyrsta hluta námskeiðsins er markmiðið að auka færni nemenda til að fjalla um sagnfræðileg viðfangsefni með hjálp hugtaka og kenninga. Nemendur eru örvaðir til að hugsa um söguna í stóru samhengi og þjálfar þá í gagnrýnni notkun nokkurra grundvallarhugtaka og kenninga sem notuð eru í sagnfræðilegri umfjöllun um samfélög, menningu, efnahag og stjórnmálalíf. Meðal þeirra hugtaka sem fjallað verður um í námskeiðinu eru: Tími, formgerð, virkni, minni, sjálfsmynd, þjóðerni, menning og ríkisvald. Fjallað er um hvernig þessi hugtök hafa verið notuð, túlkuð og rædd í sagnfræði. Í öðrum hluta námskeiðsins er markmiðið að auka skilning nemenda á miðlun sögulegrar þekkingar og ólíkum miðlunarleiðum. Fjallað er um mótun sögulegrar vitundar og sögulegrar þekkingar, hverjir koma að miðlun sögu og menningararfs og hvaða aðferðir eru notaðar við miðlun. Rætt er um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum.

Valnámskeið

Upplýsingin á Íslandi (Ingi Sigurðsson) 2012-2013

Fjallað verður um áhrif upplýsingarinnar, hinnar fjölþjóðlegu hugmyndastefnu, á Íslandi, bæði fram til loka þess tímabils, sem oft er nefnt upplýsingaröld, um 1830, og eftir þann tíma. Í þessu viðfangi verður skírskotað til þróunar íslensks þjóðfélags. Eðli stefnunnar og áhrif verða skoðuð í samanburði við það, sem gerðist í öðrum löndum. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda, og verða lesnar ritsmíðar um margvísleg efni eftir höfunda, sem voru undir áhrifum frá upplýsingunni.

Skjalavarsla á 20. og 21. öld (Júlía Pálmadóttir Sighvats, Kristjana Kristinsdóttir, Njörður Sigurðsson) 2012-2013

Fjallað verður um uppbyggingu nútíma skjalasafna með áherslu á skjalavistunaráætlun, geymsluskrá, málalýkil og málaskrá, reglur um grisjun skjala og eftirlitshlutverk þjóðskjalasafns. Jafnframt verður fjallað um tilkynningar á rafrænum skjalakerfum til safnsins og reglur um afhendingu þeirra auk lýsingar á tilraunaverkefnum sem safnið hefur staðið fyrir vegna rafrænnar skjalavörslu.

Saga krossferðanna (Sverrir Jakobsson) 2012-2013

Í námskeiðinu verður fjallað um krossferðir og krossferðatímamann í ljósi nýjustu rannsókna í sagnfræði. Leitast verður við að skilgreina fyrirbærið og greina hugmyndafræðina á bak við krossferðir. Krossferðir verða m.a. settar í samhengi við guðsfriðarhreyfinguna í hinum rómversk-katólska heimi og hugmyndafræði riddaramennsku. Einnig verða þær greindar í samhengi við baráttu heimsvelda, hnignun austrómverska ríkisins og innrásar Tyrkja og Mongóla í lönd islam. Reynt verður að gera grein fyrir ýmsum öðrum þáttum sem tengjast krossferðunum, t.d. viðhorfum múslima til krossferða og þátttöku Íslendinga og norrænna manna í þeim. Áhrif krossferðanna á evrópskt samfélag, stofnanir, hugmyndir og sjálfsmynd verða tekin til sérstakrar athugunar. Bornar verði saman mismunandi aðferðir við að greina samspil menningarheima í ljósi krossferðanna.

Menningarsaga líkamans (Ólafur Ingibergsson, Katrín Dröfn Guðmundsdóttir og Ólafur Rastrick) 2012-2013

Í námskeiðinu er fjallað um líkamann sem sögulegt fyrirbæri, einkum á nítjándu og tuttugustu öld í vestrænum samfélögum með sérstakri skírskotun til íslensks veruleika. Fjallað verður um hvernig vaxandi þekking og hugmyndir s.s. á sviði fagurfræði, líffræði og stjórnmála hafa haft áhrif á afstöðu manna til eigin líkama og líkama annarra. Líkaminn er skoðaður sem svið þekkingar og atferlis - sem vettvangur ögunar, sjálfsmótunar og samfélagsstýringar sem tengir saman ólíka menningarsögulega þræði s.s. sögu fangelsunar, skolplagna, hártísku, læknisfræði og leikfimiæfinga. Meðal viðfangsefna námskeiðsins er (1) hvernig aukin þekking í líffærafræði, heilsuvernd og líkamsrækt mótaði afstöðu til líkamans og eiginleika hans; (2) hvernig framfarir í tækni, húsakosti og hreinlæti breyttu umgengni fólks við eigin líkama; (3) hvernig tíska og viðhorf til persónulegs útlits hefur haft áhrif á hvernig fólk mótar og agar líkamlega sjálfsmynd sína.

Landaleit, nýlenduveldi og samskipti menningarheima (Anna Agnarsdóttir) 2012-2013

Hverjar voru forsendur landaleitar eða landkönnunar? Hvaða afleiðingar höfðu landafundirnir fyrir Evrópubúa? Hvernig urðu nýlenduveldi til? Hrein græðgi völdugra ríkja eða eldheitt trúboð? Samskipti Evrópubúa við nýju heimana, þ.e.a.s. við "hina", friðsamleg og ófriðsamleg. Mikið er nú verið rannsaka samskipti menningarheima. Lestur frumheimilda og nýjustu rannsókna á þessum tengdu sviðum sagnfræðinnar.

Bóksaga Íslands (Davíð Ólafsson) 2012-2013

Bóksaga (e. History of the Book, Fr. Histoire du Livre) er ein þeirra undirgreina sagnfræði sem fæddust og þroskuðust á seinasta fjórðungi tuttugustu aldar undir áhrifum félags- og menningarvendinga (e. social and cultural turn) fræðigreinarinnar. Viðfangsefni hennar er í grófum dráttum saga framleiðslu, dreifingar og neyslu texta, hvort sem er prentaðra eða handritaðra. Þannig dregur hún fram menningar-, félags-, og hagsögu textamiðlunar með áherslu á höfunda, miðlara og neytendur. Hún beinir sjónum jafn að efnislegum þáttum sem og innihaldi bóka og handrita, ytri aðstæðum framleiðslu (t.d. efnahagslegum, menningarlegum og pólitískum) og þekkingarlegum og félagslegum forsendum neyslu (t.d. læsi, menntun, aðgengi). Þrátt fyrir að prenttækni hafi verið flutt til Íslands fáum áratugum eftir að hún tók að ryðja sér til rúms í mið-Evrópu má segja að raunveruleg prentvæðing á Íslandi, með veraldlegri útgáfu prentaðra bóka á markaðsforsendum, hafi ekki átt sér stað fyrr en á síðari hluta nítjándu aldar. Engu að síður er saga textamiðlunar á árnýöld og nýöld víðfeðm og fjölbreytt, ekki síst vegna hinnar gróskumiklu handritamenningar sem þreifst samhliða prentverki. Í námskeiðinu verður leitast við að greina þessa sögu á forsendum menningar- og félags sögu eins og hún hefur verið stunduð undanfarna áratugi, með áherslu á hversdagslega bókmenningu og virka þátttöku fólks af ólíkum stigum í henni.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2012-2013

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræðirannsóknir og ágríp stjórnsýslusögu. Ferill skjala frá pappírur á skrifstofu í dag yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamlar og nýjar skjalavörsluaðferðir, rafræn skjalavarsla. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

Matarsaga Íslendinga (Guðmundur Jónsson) 2012-2013

Viðfangsefni þessa inngangsnámskeiðs er matur sem grundvallarþáttur í sögu Íslendinga og samband mataræðis og annarra sviða samfélagsins s.s. fjölskið, efnahagslífs, menningar og stjórnmála. Fjallað er um meginbreytingar á mataræði allt frá miðöldum til samtímans, fæðutegundir, öflun fæðu, matreiðslu, geymslu og neyslu hennar, matarvenjur s.s. máltíðaskipan og borðvenjur – og hvaða merkingu matur hefur fyrir einstaklinga og samfélag. Matarneysla frá næringarfræðilegum sjónarhóli er skoðuð, þ. á m. næringargildi fæðunnar og áhrif hennar á líf, heilsu og viðkomu þjóðarinnar. Fjallað er um hvaða upplýsingar matarsagan geymir um lífshæðir þjóðarinnar.

Ævisaga sem aðferð (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2012-2013

Í námskeiðinu verður fjallað um hina fræðilegu ævisögu sem aðferð til þess að rannsaka, skrifa og miðla sögu og lífum sem var lífað. Síðustu ár hefur áhugi á hinni (sagn)fræðilegu ævisögu aukist og sífellt fleiri fræðimenn velta fyrir sér þekkingarfræðilegum og aðferðafræðilegum forsendum slíkra rannsókna. Í þessu samhengi er gjarnan talað um „ævisögulega snúninginn“ og „nýju ævisöguna“. Kafað verður ofan í helstu kenningar um fræðilega ævisagnagerð, mismunandi aðferðir, kosti og galla. Rætt verður um mótsagnakennd viðhorf til ævisagnagerðar, um skiptar skoðanir á því hverjir séu þess verðugir að um þá sé skrifað og hvaða áhrif kyn hefur á val á viðfangsefni og aðferðir. Auk kenningarlegs og aðferðafræðilegs efnis verða í námskeiðinu lesnar valdar fræðilegar ævisögur, íslenskar og erlendar.

Hitler og þjóðernisjafnaðarstefnan 1918-1945 (Markús Þ. Þórhallsson og Þór Whitehead) 2012-2013

Fjallað verður um ævi, störf og stefnu Adolfs Hitlers og einkum stuðst við ævisögu hans eftir Ian Kershaw. Sérstök áhersla verður lögð á að skýra, hvernig Hitler og nasistar náðu völdum í Þýskalandi og héldu þeim fram til stríðsloka 1945. Þá verður þjóðernisjafnaðarstefnan greind og fjallað um kenningar um eðli hennar og uppruna.

Skjalalestur 1550-1850 (Már Jónsson) 2012-2013

Nemendur öðlast færni í að lesa íslenska skrift frá tímabilinu, einkum frá 17. og 18. öld. Farið verður í helstu atriði skriftarþróunar, rætt um varðveislu ritheimilda og kynntar aðferðir við útgáfu gamalla texta.

Stórsaga: Heimssaga og mannkynssaga (Sveinbjörn Rafnsson) 2012-2013

Fjallað verður um nýjar hugmyndir um sögu sem er stór í sniðum og nær til sögulegrar sýnar á bæði heiminn og mannkynið. Lítillega verður fjallað um fornar slíkar hugmyndir, kristilegar o.fl., en einkum verður farið í nýlega evrópska og bandaríska sagnaritun mótaða af félags- og náttúruvísindalegum viðhorfum nútímans um sögu mannkyns.

Þorskastríðin: Fiskveiðideilur Íslendinga við erlendar þjóðir frá seinni heimsstyrjöld til okkar daga (Guðni Th. Jóhannesson) 2012-2013

Í námskeiðinu verður fjallað um þorskastríðin svokölluðu milli Íslendinga og Bretar, auk annarra landhelgisdeilna við erlendar þjóðir frá seinni heimsstyrjöld til okkar daga. Saga átakanna verður rakin en líka útskýrð og sett í samhengi. Þá verður stuðst við viðtækar fræðikenningar, einkum um eðli valds í alþjóðasamskiptum, þróun alþjóðalaga og ákvarðanatöku í stjórnkerfum. Einnig verður rýnt sérstaklega í hinar mismunandi tegundir heimilda sem tiltækar eru; endurminningar þeirra sem komu við sögu, rannsóknir fræðimanna og frumheimildir á skjalasöfnum. Loks verður farið yfir hvernig saga þorskastríðanna hefur verið notuð í licesave-deilunni og umræðum um hugsanlega aðild Íslands að ESB.

Sagnfræði á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum frá miðri 19. öld til samtímans (Ingi Sigurðsson) 2012-2013

Fjallað verður um sögu sagnfræði á Íslandi, sem verður í fyrirrúmi, og annars staðar á Norðurlöndum frá miðri 19. öld til samtímans. Saga sagnfræði á Norðurlöndum verður skoðuð í fjölbjóðlegu samhengi,

og verður m.a. hugað að áhrifum fjölbjóðlegra hugmyndastefna á fræðigreinina. Áherzla verður lögð á könnun frumheimilda, og verða lesnir sagnfræðitextar um margvísleg efni.

Norðurlönd: saga og samfélag (Sverrir Jakobsson, Íris Ellenberger og Auður Hauksdóttir) 2012-2013

Námskeiðið miðar að því að auka þekkingu og skilning nemenda á sögu Norðurlanda frá 19. öld til samtímans og sameiginlegum menningar- og stjórnmálaarfi þeirra. Fjallað er um myndun þjóðríkja á 19. öld, iðnvæðingu og almenna efnahagsþróun, stjórnmál og flokka, Norðurlönd á alþjóðavettvangi frá 19. öld til samtímans og samvinnu norrænu ríkjanna sín á milli. Sérstök áhersla er lögð á að skoða hugtakið norræn samfélagsgerð, den nordiske model, sérkenni norrænu velferðarríkjanna í alþjóðlegum samanburði og sögulega þróun þeirra á 20. öld.

Forn íslensk sagnaritun og lög (Sveinbjörn Rafnsson) 2012-2013

Fjallað verður um lög og sagnaritun á miðöldum, einkum íslensk lög og fornsögur, uppruna, varðveislu, tengsl og rannsóknarsögu. Farið verður í nokkra texta þessara sögulegu heimilda.

Konur og stjórnmál 1850-2000 (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2012-2013

Í námskeiðinu verður tekist á við fræðilega umræðu um konur og stjórnmál frá miðri nítjándu öld og til samtímans. Hugmyndir um kosningarétt kvenna, þegnrétt og kvenréttindi á Íslandi verða í forgrunni. Þá verður fjallað um stjórnmálahreifyngir íslenskra kvenna og stöðu kvenna innan fjórflokkakerfisins á tuttugustu öld. Um leið verður lögð áhersla á að kynna erlendar kenningar, rannsóknir og frumtexta sem varða tengsl kvenna og stjórnmála. Í því tilliti verður bæði litið til rannsókna á sviði sagnfræði, stjórnmálafræði og heimspeki.

Evrópsk samtímasaga: Stjórnmál, minningar og fortíðarvandi (Valur Ingimundarson) 2012-2013

Fjallað verður um samspil stjórnmála, menningar og minnis í Evrópu á 20. og 21. öld. Lögð verður áhersla á „fortíðarvanda“ þjóða og leiðir til að takast á við hann í samtímanum. Sjónum verður beint að pólitískum og samfélagslegum áföllum og umfjöllun um þau í ríkjum eins og Þýskalandi (nasisminn), Rússlandi (stalínismi), Ítalía (fasismi), Júgóslavía (þjóðernishreinsanir), Frakkland (nýlendustríð í Alsír/Vichy-stjórnin), Spánn (spænska borgarastyrjöldin og stjórnartíð Francos), Austur-Evrópa (fall kommúnismans) og Íslandi (efnahagshrunið). Viðfangsefnið verður greint út frá stjórnkerfisbreytingum (s.s. frá einræði til lýðræðis) og réttarfarslegum úrræðum á umbreytingatímum (transitional justice), hugmyndafræði, hugmyndum um „endursköpun sögunnar“, „stöðum minninga“, sekt einstaklinga og samfélaga, hlutverki goðsagna og táknmynda (eins og minnismerkja), sannleiksskýrslum, sáttanefndum og stríðsglæparéttarhöldum. Stuðst verður við kenningar og aðferðir í stjórnmálasögu og stjórnmálafræði með áherslu á sögulegt minni, alþjóðastjórnmál, sameiginlegar minningar, þjóðerni, alþjóðalög og kyngervi.

Heimsmýnd Íslendinga á miðöldum (Sverrir Jakobsson) 2012-2013

Hvers vegna töldu Íslenskir miðaldasagnaritarar að forfeður þeirra hefðu komið frá Asíu? Hvaða erindi áttu norrænir ferðalangar við stólkonunginn? Hvaða þjóðir þekktu Íslendingar í Austurvegi? Hver voru tengslin milli þeirra og Skrálingja í heimsmýnd Íslendinga á miðöldum? Íslendingar skrifuðu um sjálfa sig og aðra og lýstu hvorutveggja lífi bænda á Íslandi og konunga, dýrlinga og fornaldarkappa úti í löndum. Skrif Íslenskra miðaldamanna um aðrar þjóðir hafa hlotið minni athygli en vert er, en þau eru þó mikil að vöxtum og fjölbreytt. Hvað segja þau um heimsmýnd Íslendinga? Varpa skrif um aðra ljósi á íslenskt þjóðerni á miðöldum? Í þessu námskeiði verður tekið á þessum vandamálum og ýmsum öðrum í íslenskri hugarfarssögu miðalda í ljósi innlendra og erlendra heimilda og rannsókna á þessu sviði. Markmiðið er að kynna fyrir nemendum helstu rannsóknir og ágreiningsmál, þjálf þá í að meta fræðiumfjöllun um miðaldir á gagnrýnninn hátt, afla sér þekkingar úr ýmsum áttum og koma henni frá sér með markvissum hætti.

Átjándi öldin. Menning, samfélag og evrópsk tengsl (Anna Agnarsdóttir og Hrefna Róbertsdóttir) 2012-2013

Markmið námskeiðsins er að setja Íslandssöguna í samhengi við sögu Evrópu á 18. öld. Fimm tveggja vikna þemu verða tekin fyrir. Í fyrri vikunni verður fjallað um efnið út frá Evrópusögu, í þeirri seinni um Ísland í þeim tilgangi að draga fram samanburð. Fjallað verður um heimsmyndir, samfélags- og fjölskyldugerð, einveldi, menntun og menningu og að lokum landshagi. Mikil áhersla verður lögð á lestur prentaðra frumheimilda, auk fræðigreina. Sem dæmi um íslenskar heimildir sem lesið verður úr má nefna Húsagatilskipunina, ferðasögu Eiríks víðförla Björnssonar um heimsins höf, brúðkaupssiðabók Eggerts Ólafssonar, Einfalt matreiðslukver fyrir heldri manna húsfreyjur, Mannfækkun af hallærum Hannesar Finnssonar, Hagþenki Grunnarvíkur-Jóns, einveldisskuldbindinguna 1662 og dóma um dulsmál og Jón Hreggviðsson. Nemendur lesa síðan samsvarandi evrópskt efni t.d. Radishchev, A Journey from St. Petersburg to Moscow sem lýsir samfélagsgerð Rússlands á 18. öld, The Wealth of Nations eftir Adam Smith og valda kafla franska og breskra hugsuða um kosti og galla einveldis. Áhersla verður lögð á umræður um texta og virka þátttöku nemenda í tímum.

Framhaldsnám

Nýjar rannsóknir í sagnfræði (Sverrir Jakobsson) 2012-2013

Námskeiðslýsing ekki í Kennsluskra á neti.

Sjá valnámskeið á BA-stigi (M)

2013-2014 – öll námskeið merkt 2012-2013

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Anna Agnarsdóttir og Már Jónsson) 2012-2013

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimilðfræði, megindlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Íslandssaga fyrir 1815 (Anna Agnarsdóttir og Sverrir Jakobsson) 2012-2013

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmenning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimssaga fyrir 1815 (Sveinbjörn Rafnsson og Sverrir Jakobsson) 2012-2013

Stutt yfirlit yfir forsögualdir og sögu elstu siðmenningarheilda í Evrasíu og Afríku, þ.e. Austurlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar ásamt sögu helstu trúarbragða þar, sögu Íslams, sögu evrópskra miðalda og asískrar og afrískrar sögu á sama tíma og sömuleiðis siðmenningu í Ameríku fram til 1500. Enn fremur yfirlit yfir sögu evrópskrar endurreisnar, siðaskipta og trúardeilna, einveldis og annarra stjórnhátta fram um 1800, sögu aukinna samskipta á heimsvísu, umskipta í Afríku og Asíu á sama tíma og upphafs nýrrar heimssýnar á Vesturlöndum. Loks verður fjallað um pólitískar byltingar á árunum 1775-1815.

Íslandssaga eftir 1815 (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2012-2013

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og

sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmalabarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðapróun, líf skjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Heimssaga eftir 1815 (Valur Ingimundarson og Guðmundur Hálfðanarson) 2012-2013

Þetta námskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað [um] sögu tímabilsins frá 1815 fram yfir fyrri heimsstyrjöld, og þá einkum sögu Evrópu. Þar verður fjallað m.a. um uppruna og þróun þjóðríkja, evrópska menningarsögu, sögu iðnbýltingar og stjórnmalahugmynda, nýlendustefnu og aðdraganda og áhrif fyrri heimsstyrjaldar. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmalastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelða eins og Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun og söguspeki (Guðmundur Jónsson) 2012-2013

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og miðlun sögu (Guðbrandur Benediktsson, Guðni Th. Jóhannesson, Íris Ellenberger, Ólafur Rastrick, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Valur Ingimundarson) 2012-2013

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að greina sagnfræðileg viðfangsefni og miðla þeim til annarra. Í fyrsta hluta námskeiðsins er markmiðið að örva nemendur til að hugsa um söguna í stóru samhengi og þjálf þá í notkun nokkurra grundvallarhugtaka og -hugmynda sem tíðkast í sagnfræðilegri greiningu á samfélögum, menningu, efnahag og stjórnmalalífi. Þau helstu eru: saga og minni, menning, kyngervi, þjóðerni, ríki, stétt og tækni. Í öðrum hluta námskeiðsins er fjallað um miðlun sögu, hverjir móta sögulega þekkingu og hvaða aðferðir eru notaðar við miðlun sögu og menningararfs. Rætt er um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum. Í þriðja hluta námskeiðsins eru nemendum veittar hagnýtar leiðbeiningar um samningu BA-ritgerðar.

Valnámskeið

Íslenskir kommúnistar og sósíalistar. Sjálfsmýndir og tengslin við umheiminn (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2012-2013

Í upphafi verður fjallað um kenningagrundvöll kommúnismans eins og hann þróaðist í Evrópu á 19. og 20. öld. Þá verður sjónum beint að skrifum og verkum íslenskra kommún-ista og skoðað hvernig þeir skilgreindu kommúnismann, starfið í þágu alþýð-unnar og hlutverk sitt í útbreiðslu stefnunnar á Íslandi. Skoðað verður hvernig Íslendingar sem kynntust kommúnismanum í Evrópu yfirfærðu reynslu sína á íslenskan veruleika. Einnig verður sjónum beint að þeim breytingum sem urðu á sjálfsmýnd rót-tækrar vinstri hreyfingar (og einstaklingum innan hennar) á 20. öld. Í því sambandi verður sérstaklega litið til viðhorfa þeirra til Sovétríkjanna.

Skjalalestur 1550-1850 (Már Jónsson) 2012-2013

Nemendur öðlast færni í að lesa íslenska skrift frá tímabilinu, einkum frá 17. og 18. öld. Farið verður í helstu atriði skriftarþróunar, rætt um varðveislu ritheimilda og kynntar aðferðir við útgáfu gamalla texta.

Þættir úr sögu Skotlands 1707-2014 (Ingi Sigurðsson) 2012-2013

Fjallað verður um valda þætti úr sögu Skotlands á því tímabili, sem um er að ræða. Í upphafi námskeiðsins verður veitt yfirlit yfir sögu Skotlands á tímabilinu. Eftirtalin meginsvið verða tekin til

meðferðar: skozkt þjóðfélag á 18. öld og skozka upplýsingin, þjóðfélagsbreytingar í skozku Hálöndunum síðan í upphafi 19. aldar (með sérstöku tilliti til byggðastefnu og vanda strjálbýlla landsvæða), iðnbyltingin og félagsleg áhrif hennar, skozk þjóðernishyggja, skozk menning síðan í upphafi 20. Aldar, Skotland undir heimastjórn (síðan 1999) og samskipti Skota og Íslendinga. Áherzla verður lögð á að skoða viðfangsefnin í samhengi við almenna Evrópusögu. Byggt verður að talsverðu leyti á frumheimildum, m.a. greinargerðum um þjóðfélagsástand og bókmenntatextum.

Skjalavarsla á 20. og 21. öld (Kristjana Kristinsdóttir og Njörður Sigurðsson) 2012-2013

Fjallað verður um uppbyggingu nútíma skjalasafna með áherslu á skjalavistunaráætlun, geymsluskrá, málalykil og málaskrá, reglur um grisjun skjala og eftirlitshlutverk þjóðskjalasafns. Jafnframt verður fjallað um tilkynningar á rafrænum skjalakerfum til safnsins og reglur um afhendingu þeirra.

Rómarsaga (Sverrir Jakobsson) 2012-2013

Yfirlit yfir stjórnmála- og félagssögu Rómar frá stofnun borgarinnar til falls hennar árið 476. Reynt verður að kryfja stöðu Rómar í mannkynssögunni og áhrifum Rómarveldis á heimsmenningu fyrr og síðar. Einkum verður lögð áhersla á lýðveldistímann og fyrstu áratugi keisaraveldisins, þ. á m. útpenslu Rómar, borgarastríð fyrstu aldar f. Kr. og stjórnartíð Ágústusar. Einnig verður lögð nokkur áhersla á upphaf dominatsins og sigurgöngu kristni innan Rómarveldis.

Stjórnsýsla á fyrri öldum (Már Jónsson) 2012-2013

Rakin verður þróun ríkisvalds og kirkjulegra stofnana frá lögtöku Jónsbókar árið 1281 fram til heimastjórnar árið 1904, með áherslu á embættisfærslu, skjalamyndun og skjalavörslu. Fjallað verður um stjórnkerfi danska konungsríkisins, einkum embætti og stjórnardeildir sem önnuðust íslensk málefni, með samanburði við þróun í öðrum vestrænum ríkjum. Áhrif vaxandi pappírsmáttunnar á 16. öld verða metin og hugað að tengslum embættismanna við almenning með hliðsjón af læsi, skriftarkunnáttu og skilningi á danskri tungu. Rætt verður um aðferðir við útgáfu á textum. Nemendur kynnst öllum tegundum skjala og embættisbóka frá tímabilinu. Þau vinna sérhæfð verkefni byggð á frumgögnum og kynna niðurstöður á málþingi á lok námskeiðs.

Samfélag, hugarfar og handiðnaður á 17. og 18. öld (Hrefna Róbertsdóttir) 2012-2013

Markmið námskeiðsins er að skoða uppbyggingu 17. og 18. aldar samfélagsins á Íslandi, samfélagsgerð, hugarfar og atvinnuvegi og setja í samhengi við það sem átti sér stað annars staðar í dansk-norska ríkinu. Á 18. öld voru gerðar tilraunir til að auka handverksframleiðslu á heimilum og á verkstæðum. Hvernig tengdist það atvinnuháttum sveitasamfélagsins? Hvað getur þróun handiðnaðarframleiðslunnar sagt um breytingar sem voru að verða á samfélaginu á 18. öld? Voru breytingarnar hluti af innri uppbygging „gamla samfélagsins“ eða fyrirboði samfélagsbreytinga 19. aldar? Meðal þeirra þátta sem fjallað verður um eru kenningar um frumiðnað og ríkisvald í Evrópu, viðhorf til samfélagsbreytinga, lögreglutilskipanir, athuganir Landsnefndanna fyrri og síðari í lok 18. aldar, hugmyndastefnur og hagræna hugsun, iðjusemi og lúxus, Innréttingarnar, einkaleyfi til handiðnaðar og verslunar, staða sjávarútvegs og sveitabúskapar, búsetuform og verkaskiptingu milli sjávar og sveita. Hluti námskeiðsins verður Norðurlanda- og Evrópusaga. Frumheimildir eru mikilvægt heimildaefni í námskeiðinu og áhersla verður lögð á að nemendur nái tökum á fljótaskrift, noti skjallegar heimildir í verkefnum og leggi sjálfstætt mat á þær. Stór þáttur er að verða sjálfbjarga í heimildaforða 18. aldarinnar og rata um vegi stjórnsýslu einveldistímans.

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni (Kristjana Kristinsdóttir) 2012-2013

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni Íslands. Gert er ráð fyrir daglegri viðveru í 2-3 vikur sem fæli í sér: Viðtöl við lykil starfsmenn til kynningar á ákveðnum verkefnum/sviðum þ.e.:

- Skráning skjalasafna.
- Rafræn skjalavarsla.
- Heimsókn í embætti til skoðunar á skjalavörslu þess/eftirlit með

- skjalavörslu.
- Skoðun á skjalaforða Þjóðskjalasafns.
- Lestrarsalur, viðvera.
- Viðgerðarstofa.
- Óbyggðaverkefni.
- Fyrirspurnafundir.
- Útgáfumál/miðlun.
- Almenn dagleg afgreiðsla á safninu.

Nemendur eiga að kynna sér almennt með viðtölum og vettvangsskoðun öll helstu verksvið Þjóðskjalasafns. Gert er ráð fyrir að nemendur færi dagbók og lýsi þar verkefnum dagsins. Jafnframt eiga nemendur að velja sér ákveðið áhugasvið/málefni innan safnsins til sérstakrar athugunar. Námsmat er byggt á dagbókinni og greinargerð um áhugasviðið/málefnið.

Íslam og kristni 600-1627 (Már Jónsson) 2012-2013

Upphaf beggja trúarbragða og útbreiðsla. Fyrstu árekstrar á sjöundu og áttundu öld, með áherslu á Pýreneaskaga og botn Miðjarðarhafs. Krossferðir á miðöldum og útpensla ottómána sem náðu Konstantínópel á sitt vald árið 1453. Brottretkur síðustu múslimanna frá Spáni árin 1609-1614. Trúarlegar og hugmyndafræðilegar forsendur samskipta eins og þær birtast í ferðalögum og þýðingum, trúboði og landvinningum, verslun og viðskiptum. Nemendur öðlast yfirsýn yfir viðfangsefnið og kynnast sérhæfðum rannsóknum á afmörkuðum sviðum.

Forsetar Íslands (Guðni Th. Jóhannesson) 2012-2013

Í námskeiðinu verður rakin saga embættis forseta Íslands frá rötum þess í danska konungdæminu til okkar daga. Sérstök áhersla verður lögð á tilurð embættisins í lýðveldisstjórnarskránni, völd og verksvið forseta í gegnum tíðina og möguleika þess sem gegnir embættinu að móta það eftir sínu höfði. Greind verða þau ólíku sjónarmið sem uppi eru og hafa verið um eðli forsetaembættisins. Staða forseta Íslands verður einnig borin saman við stöðu þjóðhöfðingja í öðrum löndum og leitað fanga í rannsóknum innan lögfræði og stjórnmálafræði.

Hvað ef? Sagan sem gæti hafa gerst (Guðni Th. Jóhannesson) 2012-2013

Í námskeiðinu verður tekist á við spurninguna um söguna sem gæti hafa gerst. Þetta sjónarmið má kalla efsögu (virtual history eða counterfactual history á ensku). Fólk hefur lengi haft gaman af því að velta fyrir sér mögulegum vendipunktum í liðinni tíð. Vinsælar spurningar snúast t.d. um það hvað hefði gerst ef Hitler hefði látist í fyrri heimsstyrjöld, suðurríkin haft betur í bandarísku borgarastyrjöldinni eða Persar bugað Grikki til forna. Á hinn bóginn hafa lærðir sagnfræðingar gjarnan haft andúð á hugleiðingum af þessu tagi og gengið svo langt að kalla þær „sagnfræðilegt drit“, Geschichtenscheissenschlopf. Engu að síður má segja að í rannsóknum á liðinni tíð hljótum við að hafa í huga það sem gæti hafa gerst hverju sinni. Í námskeiðinu verða raktir kostir og gallar þess að rannsaka fortíðina með þetta viðhorf sérstaklega í huga. Farið verður yfir fræðileg skrif um efsögu og leitað að mögulegum atvikum í Íslandssögunni sem falla vel að hugleiðingum af þessu tagi. Einnig verður rætt um muninn á efsögu og sögulegum skáldskap. Ætlast verður til þess að nemendur spreyti sig á skrifum um söguna sem gæti hafa gerst.

Íslensk verkalýðshreyfing á 20. öld (Sumarliði R. Ísleifsson) 2012-2013

Í námskeiðinu verður fjallað um sögu verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi með hliðsjón af nýjustu rannsóknum í sagnfræði. Rætt verður um uppruna hreyfingarinnar hér á landi og tengsl hennar við og rætur í verkalýðshreyfingu nágrannalandanna. Kannað verður að hvaða viðfangsefnum hreyfingin beitti sér einkum og hvernig áherslur breyttust, t.d. að því er varðar vinnutíma, tryggingamál, jafnréttismál og húsnæðismál. Einnig líf alþýðufólks og lífshætti. Rætt verður um aðskilnað Alþýðuflokks og Alþýðusambands og hvaða breytingar hann hafði í för mér sér, tengsl hreyfingarinnar við stjórnmálaflokka að öðru leyti og alþjóðatengsl hennar. Gerður verður samanburður á því hvernig

kjarabaráttan þróaðist hér á landi í samanburði við nágrannalöndin, m.a. með tilliti til baráttuaðferða (verkfalla) og með hliðsjón af auknu samráði aðila á vinnumarkaði er leið á 20. öld. Í lokin verður rætt almennt um stöðu verkalýðshreyfingarinnar hér á landi með hliðsjón af nágrannalöndunum og leitað svara við því hvernig á því stendur að óviða, ef nokkurs staðar, er meiri þátttaka í stéttarfélögum en hér á landi.

Framhaldsnám

Fátækt fólk (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2012-2013

Í námskeiðinu verður tekist á við fræðilega og pólitíska umræðu um fátækt fólk frá miðri 19. öld og til samtímans. Tímabilið spannar þær breytingar sem urðu á efnahags-, menningar- og stjórnmálalífi á 19. öld, kreppuna miklu, uppbyggingu velferðarkerfis eftir seinna stríð, hnattvæðinguna og hrúnið 2008. Fátækir Íslendingar verða í forgrunni, en jafnframt koma við sögu hugmyndir áhrifamikilla kenningasmiða um orsakir fátæktar í heiminum og leiðir til að útrýma henni.

Miðaldasaga (Sveinbjörn Rafnsson) 2012-2013

Yfirlit yfir evrópska miðaldasögu: um hnignun Rómaveldis og mótun kristni, um býsanska ríkið, uppkomu íslams og Karlungaríkið. Um evrópskar hámiðaldir, efnahagsþróun og samfélagsbreytingar, pólitísk umbrot og þróun, menningu, bókmenntir og listir. Enn fremur um kreppur, sundurleitni og áhrifamátt í menningu síðmiðalda. Nemendur skrifa stutt verkefni um tiltekið viðfangsefni úr evrópskri miðaldasögu.

Breiðafjörður og Norður-Atlantshafið 1100-1700 (Helgi Þorláksson og Sverrir Jakobsson) 2012-2013

Í þessu námskeiði verður fengist við sögu Breiðafjarðar og Norður-Atlantshafsins, á skjön við venjubundna þjóðarsögu og héraðssögu. Einnig verður rannsökuð langtímaþróun í afmörkuðu rými. Breiðafjörður hefur sérstöðu meðal landshluta á Íslandi, sjávarnytjar hafa löngum haft þar meira vægi í búskapnum en annars staðar í íslenska bændasamfélaginu. Til varð byggð í stórum firði sem tengdi saman mismunandi héruð og síðast en ekki síst eru þar óteljandi eyjar sem buðu upp á búsetu og nytjar. Af þessu leiddi sérstöðu um rými, samskipti og þjóðfélagsmynstur og kallaði á annars konar kerfi en í dæmigerðum íslenskum landbúnaðarhéruðum. Breiðafjörður hefur lengst af Íslandssögunnar verið ein mikilvægasta byggð Íslands og undirstaða fyrir iðju höfðingja, lærdómsmanna og athafnamanna. Í þessu sambandi er eðlilegast að líta á Breiðafjörðinn sem heild þar sem sjórinn var þjóðbraut fremur en farartálmi. Rætt verður um Breiðafjörðinn út frá kerfum og rými, sem hluta af stærri heild Norður-Atlantshafsins en einnig um minni rými innan þessa svæðis. Sérstök áhersla verður lögð á samgöngur, verslunartengsl og valdstjórn á þessu svæði, m.a. í tengslum við konungsvald.

Alþýðumenning á Íslandi 1830-1930 (Ingi Sigurðsson) 2012-2013

Fjallað verður um nokkra grundvallarþætti í sögu alþýðumenningar á Íslandi á því tímabili, sem um er að ræða. Hugað verður að kenningum, sem varða þetta efnissvið. Vaxandi ritmenningu meðal alþýðu verða gerð skil. Menntun alþýðu, einkum óformleg, verður tekin til meðferðar. Í því viðfangi verður fjallað um útbreiðslu og viðtökur alþýðlegra fræðslurita, starfsemi lestrarfélaga og útgáfu handskrifaðra blaða. Þá verður rætt um starf félagshreyfinga, sem fengu mikinn hljómgrunn meðal almennings, einkum kvenfélaga og ungmennafélaga. Viðfangsefni námskeiðsins verður skoðað í evrópsku samhengi. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Íslensk miðaldasaga, rannsóknir (Helgi Þorláksson og Viðar Pálsson) 2012-2013

Gefinn verður gaumur að nýlegum rannsóknum í sögu miðalda (870-1550), einkum í Íslandssögu. Fjallað verður almennt um stefnur og straua í rannsóknum á undanförunum áratugum. Kynnt verða nýleg rannsóknarverkefni og helstu niðurstöður þeirra þar sem við á. Áhersla er á: A) Sérstakan heimildavanda og textafræðilega nálgun á ritheimildir miðalda. B) Athugun á tengslum texta og samfélags út frá félagsfræðilegum og mannfræðilegum viðhorfum. C) Heimsmynd miðalda

(framandleiki miðalda) út frá hugarfarssögu. D) Ísland og lönd og samfélög við N-Atlantshaf, ma. með áherslu á víkinga, verslun og siglingar.

2014-2015

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Anna Agnarsdóttir og Már Jónsson) 2014-2015

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimildafræði, megindlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Íslandssaga fyrir 1815 (Már Jónsson og Sverrir Jakobsson) 2014-2015

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmenning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimssaga fyrir 1815 (Anna Agnarsdóttir og Sverrir Jakobsson) 2014-2015

Stutt yfirlit yfir forsögualdir og sögu elstu siðmenningarheilda í Evrasíu og Afríku, þ.e. Austurlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar ásamt sögu helstu trúarbragða þar, sögu Islams, sögu evrópskra miðalda og asískrar og afrískrar sögu á sama tíma og sömuleiðis siðmenningu í Ameríku fram til 1500. Enn fremur yfirlit yfir sögu evrópskrar endurreisnar, siðaskipta og trúardeilna, einveldis og annarra stjórnháttar fram um 1800, sögu aukinna samskipta á heimsvísu, umskipta í Afríku og Asíu á sama tíma og upphafs nýrrar heimssýnar á Vesturlöndum. Loks verður fjallað um pólitískar byltingar á árunum 1775-1815.

Íslandssaga eftir 1815 (Guðmundur Jónsson og Guðni Th. Jóhannesson) 2014-2015

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmalabarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðapróun, lífskjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Heimssaga eftir 1815 (Valur Ingimundarson og Guðmundur Hálfðanarson) 2014-2015

Þetta námskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað [um] sögu tímabilsins frá 1815 fram yfir fyrri heimsstyrjöld, og þá einkum sögu Evrópu. Þar verður fjallað m.a. um uppruna og þróun þjóðríkja, evrópska menningarsögu, sögu iðnbyltingar og stjórnmalahugmynda, nýlendustefnu og aðdraganda og áhrif fyrri heimsstyrjaldar. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmalastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelda eins og Bandaríkjana og Sovétríkjana, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Hugtök og miðlun sögu (Valur Ingimundarson, Guðmundur Hálfðanarson, Guðmundur Jónsson, Guðni Th. Jóhannesson, Hrefna Róbertsdóttir og Íris Ellenberger) 2014-2015

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að greina sagnfræðileg viðfangsefni og miðla þeim til annarra. Í fyrsta hluta námskeiðsins er markmiðið að örva nemendur til að hugsa um söguna í stóru samhengi og þjálfar þá í notkun nokkurra grundvallarhugtaka og -hugmynda sem tíðkast í sagnfræðilegri

greiningu á samfélögum, menningu, efnahag og stjórnmálalífi. Þau helstu eru: saga og minni, menning, kyngervi, þjóðerni, ríki, stétt og tækni. Í öðrum hluta námskeiðsins er fjallað um miðlun sögu, hverjir móta sögulega þekkingu og hvaða aðferðir eru notaðar við miðlun sögu og menningararfs. Rætt er um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum. Í þriðja hluta námskeiðsins eru nemendum veittar hagnýtar leiðbeiningar um samningu BA-ritgerðar.

Valnámskeið

Fjölþjóðlegar hugmyndastefnur á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum 1830-1918 (Ingi Sigurðsson) 2014-2015

Fjallað verður um áhrif tiltekinna fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslandi, sem verður í fyrirrúmi, og annars staðar á Norðurlöndum á tímabilinu 1830–1918. Útbreiðsluleiðir hugmyndastefnanna verða skoðaðar sérstaklega. Eftirtalin hugmyndasvið verða tekin til meðferðar: upplýsingin; frjálslyndisstefna; rómantíska stefnan, hughyggja og þjóðernishyggja; hugmyndafræði ungmennafélagshreyfingarinnar; kvenréttindastefna; jafnaðarstefna. Áherzla verður lögð á könnun frumheimilda.

Skjalavarsla á 21. öld (Kristjana Kristinsdóttir og Njörður Sigurðsson) 2014-2015

Fjallað verður um uppbyggingu nútíma skjalasafna með áherslu á skjalavistunaráætlun, geymsluskra, málalykil og málaskrá, reglur um grisjun skjala og eftirlitshlutverk þjóðskjalasafns. Jafnframt verður fjallað um tilkynningar á rafrænum skjalakerfum til safnsins og reglur um afhendingu þeirra.

Innflytjendur og fólksflutningar til Íslands 1900–2008 (Íris Ellenberger) 2014-2015

Á námskeiðinu er farið yfir helstu fólksflutningsstrauma sem lágu til landsins á tímabilinu 1900–2008 og þættina sem að mótuðu þá, s.s. alþjóðlegir fólksflutningar, lög og reglur, efnahagsástand o.fl. Félagsleg staða innflytjenda verður skoðuð í ljósi laga, þjóðernishyggju og rasisma. Í því augnamiði verða nemendur kynntir fyrir helstu nálgunum og hugtökum sem notuð eru til að greina samband fólks af erlendum uppruna við búsetuland og upprunaland sitt; aðlögun, samlögun, aðskilnaður, þverþjóðleiki, diaspora o.fl. Farið verður yfir helstu kosti og galla þess að nota slíkar nálganir á fólksflutninga fortíðar. Áhersla verður lögð á að nemendur geri sér grein fyrir því hvernig erlent fólk hefur átt þátt í [að] móta samfélag og menningu Íslands og því verður fjallað um hugtök eins og gagnkvæma aðlögun, hybridity, contact zones o.fl.

Sagan í samfélaginu (Guðni Th. Jóhannesson) 2014-2015

Í námskeiðinu verður sjónum beint að hlutverki sögulegrar þekkingar í samfélagi manna, hér heima og erlendis, fyrr á öldum og um okkar daga. Mest áhersla verður þó lögð á stöðu mála í samtímanum. Við munum ræða um hvernig þekking og skilningur á liðinni tíð skapast og mótast – og ekki síður hvar það gerist (á æðstu stöðum, í skólum, söfnum, fjölmiðlum og víðar). Þá verður glímt við stóru spurninguna um tilgang sagnfræðinnar og í framhaldi af því hvort tilgangurinn sem við finnum helgi öll möguleg meðul. Í því sambandi verður sérstaklega leitast við að greina kosti og galla alþýðlegrar sagnfræði annars vegar og akademískrar sagnfræði hins vegar.

Sagnaritun og söguspeki (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2014-2015

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Uppruni Evrópu: Umbylting Evrópu á hámiðöldum (Viðar Pálsson) 2014-2015

Í námskeiðinu er byggt á nýlegum viðhorfum í sagnfræði sem skoða hámiðaldir (11.–13. öld) sem tíma gagngerra breytinga á evrópsku samfélagi í heild sinni, þannig að í raun sé hæpið í flestu tilliti að tala um miðaldir (500–1500) sem heildstætt tímabil, eins og áður þótti eðlilegt. Nú er jafnan litið á

hámiðaldir sem undanfara Evrópu nútímans, þegar efnahagsleg, félagsleg, pólitísk og hugmyndasöguleg ásýnd álfunnar snerist í þann farveg sem leiddi til Evrópu síðari alda. Með þetta í huga verða eftirfarandi þemu tekin til umfjöllunar í námskeiðinu: 1) Efling Rómarkirkjunnar og andóf gegn henni; 2) Efling og upphaf villutrúarofsókna kirkjuvaldhafa og ríkisvaldhafa; 3) Umbreyting aristókratíu í aðal; 4) Vöxtur og viðgangur ríkisvalds samfara nýjum hugmyndum um vald, lög og réttlæti; 5) Að auki verður hugtakið miðaldir, og hugmyndafræði tímabilaskiptingar almennt, tekið til nánari skoðunar. Lesefni og forkröfur: Forþekking á atburðasögu hámiðalda er hjálpleg en ekki nauðsynleg; lesefni er allt á ensku, nokkrar frumheimildir en mest eftirheimildir.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2014-2015

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræðirannsóknir og ágrip stjórnsýslusögu. Ferill skjala frá pappírur á skrifstofu í dag yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamlar og nýjar skjalavörsluaðferðir, rafræn skjalavarsla. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

Bankahrunið 2008. Þverfagleg og alþjóðleg sýn á íslenska samtímasögu (Guðni Th. Jóhannesson) 2014-2015

Bankahrunið á Íslandi markaði þáttaskil í samtímasögu landsins. Hrunið má hiklaust telja til markverðustu atburða síðustu áratuga. Í námskeiðinu verður aðdragandi þess rakinn og atburðarásin haustið 2008 sömuleiðis, jafnvel frá degi til dags eða enn ítarlegar ef því er að skipta. Sjónum verður sérstaklega beint að þeim vandkvæðum og álitamálum sem við er að eiga þegar nýliðnir atburðir eru teknir til sagnfræðilegrar rannsóknar. Hrunið verður einnig sett í alþjóðlegt samhengi og skoðað frá sjónarhóli annarra fræðagreina. Má þar nefna hagfræði, lögfræði, stjórnmálafræði, alþjóðasamskipti, siðfræði og sálfræði. Gert er ráð fyrir virkri þátttöku gestafyrirlesara, bæði fræðimanna og þeirra sem stóðu í eldlínunni þegar bankarnir hrundu.

Ímyndir Íslands og Grænlands frá miðöldum og fram á 20. öld (Sumarliði R. Ísleifsson) 2014-2015

Í námskeiðinu verða ímyndir Íslands og Grænlands frá síðmiðöldum og fram á 20. öld ræddar. Aðallega verða kannaðar svokallaðar ytri ímyndir þessara tveggja landa og þjóðanna sem þar búa (external images; hetero-stereotypes) þó að óhjákvæmilegt verði að fjalla einnig að vissu marki um sjálfsmyndir þessara svæða (self images; auto-stereotypes). Rætt verður um tilurð og þróun þjóðarímynda landanna tveggja og spurt hvort þær hafi þróast svipað eða hvort þær hafi verið ólíkar. Hvað sameinar og hvað aðgreinir og hvers vegna? Ísland er í forgrunni rannsóknarinnar en Grænland er tekið til samanburðar. Sérstaklega verður kannað hvernig hugmyndir um eyjar og norðrið í tengslum við nýlendustefnu hafi haft áhrif á ímyndir þessara landa. Einnig verður athugað af hvaða ástæðum og hvernig ímyndir landanna tveggja þróuðust á ólíkan hátt eftir að komið er fram á 19. öld. Helstu hugtök sem stuðst verður við eru: þjóðarímyndir, nýlendustefna, eyjar, miðja-jaðar, heterótópía-útópía-dystópía, norðrið.

Fjölþjóðlegar hugmyndastefnur á Íslandi og annars staðar á Norðurlöndum 1830-1918 (Ingi Sigurðsson) 2014-2015

Fjallað verður um áhrif tiltekinna fjölþjóðlegra hugmyndastefna á Íslandi, sem verður í fyrirrúmi, og annars staðar á Norðurlöndum á tímabilinu 1830–1918. Útbreiðsluleiðir hugmyndastefnanna verða skoðaðar sérstaklega. Eftirtalin hugmyndasvið verða tekin til meðferðar: upplýsingin; frjálslyndisstefna; rómantíska stefnan, hughyggja og þjóðernishyggja; hugmyndafræði ungmennafélagshreyfingarinnar; kvenréttindastefna; jafnaðarstefna. Áherzla verður lögð á könnun frumheimilda.

Fasismi og þjóðernisstefna í Evrópu: Hugmyndafræði, framkvæmd og minni, 1919-2014 (Valur Ingimundarson) 2014-2015

Fjallað verður um uppgang og þróun fasisma og nasisma á fyrri hluta 20. aldar í Evrópu og áhrif þessara hugmyndastefna í samtímanum. Áhersla verður lögð á að kryfja ýmis álitamál í rannsóknum á þessu fyrirbæri á sviði sagnfræði og stjórnmálafræði, eins og eðli fasisma/nasisma, tengsl pólitískrar og

efnahagslegrar kreppu við uppgang fasistaflokka, hugmyndafræði, þjóðernisstefnu, kynþáttastefnu, samband fasista við ráðandi stéttir, afstöðu þjóðfélagshópa og kynja til fasisma, nútímavæðingu, utanríkisstefnu og stríðsrekstur. Leitast verður við að skilgreina þessar hugmyndastefnur með því að bera saman fasistastjórnir og -hreyfingar í Evrópu og skýra þann mun sem var á fasísku stjórnarfarum og valdboðsstjórnunum. Hugað verður sérstaklega að stjórn mála- og þjóðfélagsþróun í Þýskalandi og Ítalíu, þar sem nasistar/fasistar komust til valda og höfðu mest áhrif, en sjónum verður einnig beint að öðrum löndum. Reynt verður að svara þeirri spurningu, hvort þessi stefna hafi verið bundin við tímabilið 1919–1945 eða hvort ákveðin stjórn málaöfl á síðustu áratugum eigi eitthvað sameiginlegt með fasistastjórnunum og -hreyfingum á 3., 4. og 5. áratug 20. aldar, eins og t.d. Þjóðernisfylkingin í Frakklandi, Frelsisflokkurinn í Austurríki og flokkurinn Gullin dögurinn í Grikklandi. Loks verður fjallað um samtímanotkun minninga um fasisma og fjallað um ný-fasisma og öfga-þjóðernisstefnu í Evrópu. Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að fjalla um stjórn mála-, félags- og hugmyndaþætti í samtímasögu og stjórn málafræði. Sérstök áhersla verður lögð á að auka sögulegan skilning á fasisma, nasisma og róttækri þjóðernishyggju og áhrifum þessara hugmyndastefna í samtímanum. Sjónum verður beint að sagnaritun og stjórn málaáhrifum um efnið og tengslum sögu og minnis. Að loknu námskeiðinu eiga nemendur að hafa góða yfirsýn yfir sögulega þróun og stefnur og strauma í rannsóknunum á viðfangsefninu. Þeir eiga einnig að geta sett fasisma í skýrt samtímasamhengi, annars vegar með tilliti til hugmyndafræði öfga-þjóðernishreyfinga og baráttu þeirra gegn yfirþjóðlegu valdi og hins vegar „minningaframleiðslu“ um reynsluna af fasisma í Evrópu.

Þættir úr hugmyndasögu 1700-1918 (Ingi Sigurðsson) 2014-2015

Fjallað verður um valda þætti úr hugmyndasögu tímabilsins. Einkum verða teknar til athugunar fjölþjóðlegar hugmyndastefnur, þ. á m. upplýsingin, frjálslyndisstefna, rómantíska stefnan og þjóðernishyggja. Eðli þeirra verður greint og áhrif þeirra skoðuð. Evrópa, að undanskildum Norðurlöndum, verður í brennidepli. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda.

Framhaldsnám

Nýjar rannsóknir í sagnfræði (Viðar Pálsson) 2014-2015

Námskeiðslýsing ekki birt í Kennsluskrá

Íslensk utanríkismál 1200-1700 (Helgi Þorláksson) 2014-2015

Samskipti Íslendinga og Noregskonungs 1200-1262. Gamli sáttmáli. Pólitískir árekstrar Íslendinga og konungs 1270 til 1400. Var Ísland einangrað? Umheimurinn uppgötvar Ísland. Enska öldin, konungsvald og staða Íslands 1400-1450. Ísland í átökum stórvelda 1450-1530. Ísland, konungsvald og Englendingar 1550-1680. Ísland og þýskir kaupmenn, 1530-1600. Erlend menningaráhrif. Ísland og stórveldin 1600-1700; einangrað land og útskúfuð þjóð?

Norðurlönd: Saga og samfélag (Auður Hauksdóttir, Íris Ellenberger, Vilhelm Vilhelmsson) 2014-2015

Námskeiðið miðar að því að auka þekkingu og skilning nemenda á sögu Norðurlanda frá 19. öld til samtímans og sameiginlegum menningar- og stjórn málaarfi þeirra. Fjallað er um myndun þjóðríkja á 19. öld, iðnvæðingu og almenna efnahagsþróun, stjórn mála og flokka, Norðurlönd á alþjóðavettvangi frá 19. öld til samtímans og samvinnu norrænu ríkjanna sín á milli. Sérstök áhersla er lögð á að skoða hugtakið norræn samfélagsgerð, den nordiske model, sérkenni norrænu velferðarríkjanna í alþjóðlegum samanburði og sögulega þróun þeirra á 20. öld.

Þjóðríki Evrópu og Evrópusamruninn (Guðmundur Hálfðanarson) 2014-2015

Markmið námskeiðsins er að kanna sögu þjóðríkja í Evrópu frá síðari hluta 18. aldar til nútímans, kenningarlegan grunn þeirra, hlutverk, pólitískar forsendur og tengsl við vaxandi samvinnu Evrópuríkja á síðustu áratugum. Meðal efna sem rædd verða í námskeiðinu eru hugmyndafræðilegar rætur evrópskar þjóðernisstefnu og áhrif hennar á ríkismyndum í álfunni, kenningar um og viðhorf til

Þjóðernisstefnu og mótun þjóðernislegra sjálfsmynda, togstreitan á milli þjóðernisstefnu og hugmynda um Evrópusamruna eftir síðari heimsstyrjöld. Sérstök áhersla verður lögð á myndun þjóðríkis á Íslandi, hlutverk þjóðarsögu í sköpun íslenskrar þjóðernisstefnu og viðbrögð Íslendinga við Evrópusamruna.

Íslenskar miðaldir, rannsóknir (Helgi Þorláksson og Viðar Pálsson) 2014-2015

Gefinn verður gaumur að nýlegum rannsóknum í sögu miðalda (870-1550), einkum í Íslandssögu. Fjallað verður almennt um stefnur og strauma í rannsóknum á undanförunum áratugum. Kynnt verða nýleg rannsóknarverkefni og helstu niðurstöður þeirra þar sem við á. Áhersla er á: A) Sérstakan heimildavanda og textafræðilega nálgun á ritheimildir miðalda. B) Athugun á tengslum texta og samfélags út frá félagsfræðilegum og mannfræðilegum viðhorfum. C) Heimsmynd miðalda (framandleiki miðalda) út frá hugarfarssögu. D) Ísland og lönd og samfélög við N-Atlantshaf, ma. með áherslu á víkinga, verslun og siglingar.

Þættir úr hugmyndasögu 1700-1918 (Ingi Sigurðsson) 2014-2015

Fjallað verður um valda þætti úr hugmyndasögu tímabilsins. Einkum verða teknar til athugunar fjölþjóðlegar hugmyndastefnur, þ. á m. upplýsingin, frjálslyndisstefna, rómantíska stefnan og þjóðernishyggja. Eðli þeirra verður greint og áhrif þeirra skoðuð. Evrópa, að undanskildum Norðurlöndum, verður í brennidepli. Áhrifa verður lögð á könnun frumheimilda.

2015-2016

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Guðni Th. Jóhannesson og Már Jónsson) 2015-2016

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimildafræði, megindlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Átök og alþýða: Íslandssaga fyrir 1815 (Már Jónsson og Sverrir Jakobsson) 2015-2016

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmenning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimsveldi og byltingar: Heimssaga fyrir 1815 (Anna Agnarsdóttir og Viðar Pálsson) 2015-2016

Stutt yfirlit yfir forsögualdir og sögu elstu siðmenningarheilda í Evrasíu og Afríku, þ.e. Austurlanda, Indlands, Kína, Grikklands og Rómar ásamt sögu helstu trúarbragða þar, sögu Íslams, sögu evrópskra miðalda og asískrar og afrískrar sögu á sama tíma og sömuleiðis siðmenningu í Ameríku fram til 1500. Enn fremur yfirlit yfir sögu evrópskrar endurreisnar, siðaskipta og trúardeilna, einveldis og annarra stjórnhátta fram um 1800, sögu aukinna samskipta á heimsvísu, umskipta í Afríku og Asíu á sama tíma og upphafs nýrrar heimssýnar á Vesturlöndum. Loks verður fjallað um pólitískar byltingar á árunum 1775-1815.

Þjóð, ríki og samfélag: Saga Íslands á 19. og 20. öld (Ragnheiður Kristjánsdóttir og Guðmundur Jónsson) 2015-2016

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmalabaráttan, utanríkismál, atvinnu- og byggðaðróun, líf skjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Vald, hugmyndir og nútíminn: Heimssaga 19. og 20. aldar (Valur Ingimundarson og Vilhelm Vilhelmsson) 2015-2016

Þetta námskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað [um] sögu tímabilsins frá 1815 fram yfir fyrri heimsstyrjöld, og þá einkum sögu Evrópu. Þar verður fjallað m.a. um uppruna og þróun þjóðríkja, evrópska menningarsögu, sögu iðnbyltingar og stjórnmálahugmynda, nýlendustefnu og aðdraganda og áhrif fyrri heimsstyrjaldar. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmálastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvalda eins og Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun og söguspeki (Guðmundur Jónsson) 2015-2016

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og miðlun sögu (Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðmundur Jónsson, Guðni Th. Jóhannesson, Hrefna Róbertsdóttir, Íris Ellenberger, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Valur Ingimundarson) 2015-2016

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að greina sagnfræðileg viðfangsefni og miðla þeim til annarra. Í fyrsta hluta námskeiðsins er markmiðið að örva nemendur til að hugsa um söguna í stóru samhengi og þjálf þá í notkun nokkurra grundvallarhugtaka og -hugmynda sem tíðkast í sagnfræðilegri greiningu á samfélögum, menningu, efnahag og stjórnmálalífi. Þau helstu eru: saga og minni, menning, kyngervi, þjóðerni, ríki, stétt og tækni. Í öðrum hluta námskeiðsins er fjallað um miðlun sögu, hverjir móta sögulega þekkingu og hvaða aðferðir eru notaðar við miðlun sögu og menningararfs. Rætt er um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum. Í þriðja hluta námskeiðsins eru nemendum veittar hagnýtar leiðbeiningar um samningu BA-ritgerðar.

Valnámskeið

Upplýsingin á Íslandi (Ingi Sigurðsson) 2015-2016

Fjallað verður um áhrif upplýsingarinnar, hinnar fjölþjóðlegu hugmyndastefnu, á Íslandi, bæði fram til loka þess tímabils, sem oft er nefnt upplýsingaröld, um 1830, og eftir þann tíma. Í þessu viðfangi verður skírskotað til þróunar íslensks þjóðfélags. Eðli stefnunnar og áhrif verða skoðuð í samanburði við það, sem gerðist í öðrum löndum. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda, og verða lesnar ritsmíðar um margvísleg efni eftir höfunda, sem voru undir áhrifum frá upplýsingunni.

Skjalalestur 1550-1850 (Már Jónsson) 2015-2016

Nemendur öðlast færni í að lesa íslenska skrift frá tímabilinu, einkum frá 17. og 18. öld. Farið verður í helstu atriði skriftarþróunar, rætt um varðveislu ritheimilda og kynntar aðferðir við útgáfu gamalla texta.

Franska stjórnarbyltingin 1787-1799 (Anna Agnarsdóttir) 2015-2016

Frakkland á 18. öld (L'Ancien Régime). Atburðarásin frá 1787 og fram að valdatöku Napóleons 1799 rakin og greind. Orsakir og afleiðingar byltingarinnar. Gangur byltingarinnar. Mismunandi túlkningar sagnfræðinga ræddar. Áhrif byltingarinnar á vestrænt samfélag. Mikil áhersla verður lögð á lestur frumheimilda.

Grikklandssaga (Sverrir Jakobsson) 2015-2016

Fjallað verður um sögu Grikklands frá mínóískum tíma og fram að innlimun grísku borgríkjanna í Rómarveldi. Áhersla verður lögð á klassískan og hellenískan tíma, tilkomu lýðræðis innan borgríkjanna, Persastríðin og Pelopsskagastyrjöldina, heimsveldi Alexanders mikla. Einnig verða rakin örlög arftakaríkjanna í Makedoníu, Sýrlandi og Egyptalandi.

Byggð og samfélag á Íslandi 1500-1800 (Hrefna Róbertsdóttir) 2015-2016

Meginviðfangsefnið er að skoða sögu byggðar og einkenni "gamla samfélagsins" á árnýöld á Íslandi. Áherslan er á tímabilið fyrir sjávarútvegsbyltingu 19. aldar, þ.e. tímenn 1500-1800. Annars vegar verður byggðamynstur ákveðins svæðis á landinu kannað. Skoðuð verða lögbýli, hjáleigur, verslunarstaðir einokunarkaupmanna og önnur byggðarhverfi til sjávar og sveita. Hvernig var lífið í nærumhverfinu og hvert var samspil mismunandi búsetuforma til sjávar og sveita? Hins vegar verður lögð sérstök áhersla á að kanna vitnisburð um íslenskt samfélag í skjölum landsnefndarinnar fyrri frá 1770-1771, fjölbreyttan vitnisburð um allar hliðar mannlífs þess tíma. Hvaða mynd gefa landsnefndarskjölin af lífinu í landinu? Auk þjálfunar í lestri fljótaskriftar, verður því m.a. fjallað um félagskerfi, vinnulöggjöf, kvaðir, nýbýli, almenninga, þéttbýliskjarna til sjávar og sveita, embættismenn, kaupmenn, lausamenn, vinnuhjú og bændafólk.

Endalok sögunnar? Hrun einræðisríkjanna í Austur-Evrópu 1989–1991 (Guðni Th. Jóhannesson) 2015-2016

Mestu tímamót í stjórnmálasögu Evrópu síðustu áratugi urðu árin 1989–1991. Berlínarmúrinn var rifinn niður, einræðisstjórnir kommúnista hrökkluðust frá völdum um gervalla Austur-Evrópu og Sovétríkin liðuðust að lokum í sundur. Kalda stríðinu var lokið. Þetta voru „endalok sögunnar“, sögðu sumir og þóttust sjá að átökunum hefði lyktað með fullum sigri vestræns markaðshagkerfis sem myndi nú breiðast út um heimsbyggðina. Í námskeiðinu verður atburðarásin þessi örlagaár rakin og greind. Einnig verður vikið að sögu Sovétríkjanna og Austur-Evrópu á síðustu öld og sömuleiðis samskiptum risaveldanna undir lok kalda stríðsins. Þetta er því klassísk og íhaldssöm stjórnmálasaga þar sem sjónum verður einkum beint að valdhöfum (körlum) í valdastöðum og samskiptum ríkja. Við munum einmitt fjalla um eðli og inntak stjórnmálasögu. Áhersla verður einnig lögð á kosti og galla þess að rannsaka nýliðna atburði, og horft verður til vægis einstaklinga í mótun sögulegrar þróunar. Kennsla verður einkum í formi fyrirlestra.

Saga kapítalismans á Vesturlöndum (Guðmundur Jónsson og Ásgeir Jónsson) 2015-2016

Í námskeiðinu er fjallað um kapítalismann sem sérstakt þjóðfélagskerfi, og útbreiðslu hans og þróun á Vesturlöndum frá 18. öld til okkar daga. Hagrænar, félagslegar og stjórnmálalegar hliðar kapítalismans verða skoðaðar einkum frá sjónarhorni hagsögu og stjórnmálahagfræði. Helstu efnisþættir: einkenni kapítalisma sem þjóðfélagskerfis; sögulegar rætur kapítalisma og útbreiðsluleiðir; forysturíki og eftirbátar; ólíkar gerðir kapítalisma; alþjóðahagkerfið; hagþróun og samspil hennar við stjórnmál og félagsgerð samfélagsins; tengsl ríkisvalds og hagkerfis, stéttir og stéttabarátta; andóf gegn kapítalisma; kapítalismi á Íslandi.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2015-2016

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræðirannsóknir og ágríp stjórnsýslusögu. Ferill skjala frá pappírnum á skrifstofu í dag yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamlar og nýjar skjalavörsluáferðir, rafræn skjalavarsla. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

Upplýsingin á Íslandi (Ingi Sigurðsson) 2015-2016

Fjallað verður um áhrif upplýsingarinnar, hinnar fjölþjóðlegu hugmyndastefnu, á Íslandi, bæði fram til loka þess tímabils, sem oft er nefnt upplýsingaröld, um 1830, og eftir þann tíma. Í þessu viðfangi verður skírskotað til þróunar íslensks þjóðfélags. Eðli stefnunnar og áhrif verða skoðuð í samanburði við það,

sem gerðist í öðrum löndum. Áhersla verður lögð á könnun frumheimilda, og verða lesnar ritsmíðar um margvísleg efni eftir höfunda, sem voru undir áhrifum frá upplýsingunni.

Skjalalestur 1550-1850 (Már Jónsson) 2015-2016

Nemendur öðlast færni í að lesa íslenska skrift frá tímabilinu, einkum frá 17. og 18. öld. Farið verður í helstu atriði skriftarþróunar, rætt um varðveislu ritheimilda og kynntar aðferðir við útgáfu gamalla texta.

Franska stjórnarbyltingin 1787-1799 (Anna Agnarsdóttir) 2015-2016

Frakkland á 18. öld (L'Ancien Régime). Atburðarásin frá 1787 og fram að valdatöku Napóleons 1799 rakin og greind. Orsakir og afleiðingar byltingarinnar. Gangur byltingarinnar. Mismunandi túlkunar sagnfræðinga ræddar. Áhrif byltingarinnar á vestrænt samfélag. Mikil áhersla verður lögð á lestur frumheimilda.

Grikklandssaga (Sverrir Jakobsson og Þorsteinn Önnuson Vilhjálmsson) 2015-2016

Fjallað verður um sögu Grikklands frá mínóískum tíma og fram að innlimun grísku borgríkjanna í Rómarveldi. Áhersla verður lögð á klassískan og hellenískan tíma, tilkomu lýðræðis innan borgríkjanna, Persastríðin og Pelopsskagastyrjöldina, heimsveldi Alexanders mikla. Einnig verða rakin örlög arftakaríkjanna í Makedoníu, Sýrlandi og Egyptalandi.

Einkaskjalasöfn – varðveisla og notkun þeirra til rannsókna (Kristjana Kristinsdóttir og Njörður Sigurðsson) 2015-2016

Fjallað verður um einkaskjalasöfn, varðveislu þeirra og hvernig þau nýtast sem heimildir um sögu liðinna tíma. Skoðað verður hvaða hlutverk skjalavörslustofnanir hafa í varðveislu einkaskjalasafna og söfnun þeirra, hvernig og hvar einkaskjalasöfn eru varðveitt á Íslandi, m.a. í samanburði við önnur lönd. Jafnframt verður fjallað um hvernig einkaskjalasöfn hafa verið notuð sem heimildir og aðgengi að þeim. Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku. Fyrirlestrar verða haldnir og auk þeirra er gert ráð fyrir að nemendur leysi verkefni í hópvinnu og sjálfstætt. Gert er ráð fyrir heimsóknnum til vörslustofnana sem varðveita einkaskjalasöfn.

Kyngervi í sögulegu ljósi (Erla Hulda Halldórsdóttir og Íris Ellenberger) 2015-2016

Þegar litið er yfir þá hartnær hálfu öld sem liðin er frá því kvennasaga kom fram sem akademískt fagsvið má sjá að hún hefur verið í fararbroddi nýrra hugmynda og hugsunar í sagnfræði. Í upphafi var áhersla lögð á að draga fram gleymdar konur og hlut þeirra í framvindu sögunnar en síðar, m.a. fyrir áhrif póstrúktúralískra kenninga, færðist áherslan yfir á að skoða félagslega mótun kynjanna og hugmyndir um mismunandi hlutverk kvenna og karla í sögulegu ljósi. Þar hafa hugtökin kvenleiki og karlmennska leikið lykilhlutverk. Námskeiðinu er ætlað að gefa yfirsýn yfir fagsviðið en jafnframt verður spurt hvort kvenna- og kynjasögufraeðingum hafi tekist það ætlunarverk sitt að skrifa sögu kvenna og kyngervis inn í hina almennu sögu og breyta því hvernig sagan er rannsökuð og skrifuð. Annars vegar verður farið yfir helstu kenningar og þróun þessa rannsóknasviðs frá því um 1970 og lesin grundvallarverk á þessu sviði, svo sem eftir Joan W. Scott, Gro Hagemann og Natalie Zemon Davis. Hins vegar verður áhersla lögð á íslenskt samhengi og rannsóknir í kvenna- og kynjasögu og skoðaðir þeir fjölbreyttu rannsóknarmöguleikar sem fyrir liggja í kynjasögu Íslands.

Byggð og samfélag á Íslandi 1500-1800 (N.N.) 2015-2016

Meginviðfangsefnið er að skoða sögu byggðar og einkenni "gamla samfélagsins" á árnýöld á Íslandi. Áherslan er á tímabilið fyrir sjávarútvegsbyltingu 19. aldar, þ.e. tímanna 1500-1800. Annars vegar verður byggðamynstur ákveðins svæðis á landinu kannað. Skoðuð verða lögbýli, hjáleigur, verslunarstaðir einokunarkaupmanna og önnur byggðarhverfi til sjávar og sveita. Hvernig var lífið í nærumhverfinu og hvert var samspil mismunandi búsetuforma til sjávar og sveita? Hins vegar verður lögð sérstök áhersla á að kanna vitnisburð um íslenskt samfélag í skjölum landsnefndarinnar fyrri frá 1770-1771, fjölbreyttan vitnisburð um allar hliðar mannlífs þess tíma. Hvaða mynd gefa landsnefndarskjölin af

lífinu í landinu? Auk þjálfunar í lestri fljótaskriftar, verður því m.a. fjallað um félagskerfi, vinnulöggjöf, kvaðir, nýbýli, almenninga, þéttbýliskjarna til sjávar og sveita, embættismenn, kaupmenn, lausamenn, vinnuhjú og bændafólk.

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni (Kristjana Kristinsdóttir) 2015-2016

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni Íslands. Gert er ráð fyrir daglegri viðveru í 2-3 vikur sem fæli í sér: Viðtöl við lykil starfsmenn til kynningar á ákveðnum verkefnum/sviðum þ.e.:

- Skráning skjalasafna.
- Rafræn skjalavarsla.
- Heimsókn í embætti til skoðunar á skjalavörslu þess/eftirlit með skjalavörslu.
- Skoðun á skjalaforða Þjóðskjalasafns.
- Lestrarsalur, viðvera.
- Viðgerðarstofa.
- Óbyggðaverkefni.
- Fyrirspurnafundir.
- Útgáfumál/miðlun.
- Almenn dagleg afgreiðsla á safninu.

Nemendur eiga að kynna sér almennt með viðtölum og vettvangsskoðun öll helstu verksvið Þjóðskjalasafns. Gert er ráð fyrir að nemendur færi dagbók og lýsi þar verkefnum dagsins. Jafnframt eiga nemendur að velja sér ákveðið áhugasvið/málefni innan safnsins til sérstakrar athugunar. Námsmat er byggt á dagbókinni og greinargerð um áhugasviðið/málefnið.

Konur á 20. öld (Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2015-2016

Í námskeiðinu verður fjallað um líf og stöðu íslenskra kvenna á 20. öld. Í því samhengi verður skoðað hvernig þjóðfélagsbreytingar, tækniþróun og nýir menningarstraumar mótuðu og breyttu lífi kvenna. Jafnframt því verður spurt hvernig og að hvaða marki konur tóku þátt að móta þessar breytingar. Sjónum er verður ekki aðeins beint að breytingum á formlegri stöðu þeirra, eins og því þegar konur fengu kosningarétt og kjörgengi. Áherslan verður ekki síður á að skoða hvernig konur nýttu sér breyttar aðstæður til að móta sér líf sem var í grundvallaratriðum öðru vísi en líf formæðra þeirra á 19. öld. Þannig verður leitast við að skoða upplifun og reynslu fjölbreytts hóps kvenna, ólíkra kynslóða sem og kvenna úr mismunandi þjóðfélagshópum. Við sögu koma kvenréttindakonur, menntakonur, óskólagengnar alþýðukonur, íhaldssamar konur og róttækar, konur í peysufötum, þröngum þilsum og mussum, sveitastelpur og borgarpíur, fegurðardísir og pönkstelpur. Lögð er áhersla á að kynna og ræða erlendar kenningar og rannsóknir á þessu sviði og skoða í samhengi við íslenskan veruleika og rannsóknir. Jafnframt því verður nemendum falið að gera litla frumrannsókn á afmörkuðu efni og leggja þannig sitt af mörkum til að búa til sögu sem enn er að miklu leyti óskrifuð.

Evrópsk samtímasaga: Stjórnsmál, minningar og fortíðarvandi (Valur Ingimundarson) 2015-2016

Fjallað verður um samspil stjórnmála, menningar og minnis í Evrópu á 20. og 21. öld. Lögð verður áhersla á „fortíðarvanda“ þjóða og leiðir til að takast á við hann í samtímanum. Sjónum verður beint að pólitískum og samfélagslegum áföllum og umfjöllun um þau í ríkjum eins og Þýskalandi (nasisminn), Rússlandi (stalínismi), Ítalía (fasismi), Júgóslavía (þjóðernishreinsanir), Frakkland (nýlendustríð í Alsír/Vichy-stjórnin), Spánn (spænska borgarastyrjöldin og stjórnartíð Francos), Austur-Evrópa (fall kommúnismans) og Íslandi (efnahagshrunið). Viðfangsefnið verður greint út frá stjórnkerfisbreytingum (s.s. frá einræði til lýðræðis) og réttarfarslegum úrræðum á umbreytingatímum (transitional justice), hugmyndafræði, hugmyndum um „endursköpun sögunnar“, „stöðum minninga“, sekt einstaklinga og samfélaga, hlutverki goðsagna og táknmynda (eins og minnismerkja), sannleiksskýrslum, sáttanefndum og stríðsglæparéttarhöldum. Stuðst verður við kenningar og aðferðir í stjórnmálasögu og stjórnmálafræði með áherslu á sögulegt minni, alþjóðastjórnsmál, sameiginlegar minningar, þjóðerni, alþjóðalög og kyngervi.

Matur á miðöldum: staðreyndir og hugarfar (Andrea Maraschi) 2015-2016

Í þessu námskeiði verður veitt yfirlit yfir almenn og sértæk hugtök varðandi matarsögu miðalda frá þverfaglegu sjónarmiði. Námskeiðið mun veita grundvallarþekkingu bæði á hugarfari og hagnýtri hlið matarframleiðslu og neyslu, m.a. með lestri ýmis konar frumheimilda. Umræðuefnin verða sálfræðileg, hagfræðileg og félagsleg, frá búskap, hungursneyð og mannáti til matseldar og uppskrifta. Þá verður tekist á við algengar ranghugmyndir um matarmenningu og hegðun tengda mat.

Framhaldsnám

Nýjar rannsóknir í sagnfræði (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2015-2016

Námskeiðslýsing ekki birt í Kennsluskrá.

Valnámskeið

Íslenskar miðaldir, rannsóknir (Viðar Pálsson) 2015-2016

Gefinn verður gaumur að nýlegum rannsóknum í sögu miðalda (870-1550), einkum í Íslandssögu. Fjallað verður almennt um stefnur og strauma í rannsóknum á undanförunum áratugum. Kynnt verða nýleg rannsóknarverkefni og helstu niðurstöður þeirra þar sem við á. Áhersla er á: A) Sérstakan heimildavanda og textafræðilega nálgun á ritheimildir miðalda. B) Athugun á tengslum texta og samfélags út frá félagsfræðilegum og mannfræðilegum viðhorfum. C) Heimsmynd miðalda (framandleiki miðalda) út frá hugarfarssögu. D) Ísland og lönd og samfélög við N-Atlantshaf, m.a. með áherslu á víkinga, verslun og siglingar.

2016-2017

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Erla Hulda Halldórsdóttir og Már Jónsson) 2016-2017

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimildafræði, megindlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Átök og alþýða: Íslandssaga fyrir 1815 (Már Jónsson og Sverrir Jakobsson) 2016-2017

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmenning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimsveldi og byltingar: Heimssaga fyrir 1815 (Anna Agnarsdóttir og Viðar Pálsson) 2016-2017

Í fyrri hlutanum verður fjallað um fornríki og siðmenningu handan Evrópu (Egypta, Súmera, Assýringa, Babýlóníumenn og fleiri) og helstu menningarskeið Evrópu í fornöld (Grikki, Rómverja) og á miðöldum. Gætt verður jafnvægis í yfirsýn yfir hagsögu, félagssögu, menningarsögu og valdasögu eftir því sem kostur er og efni standa til. Í seinni hlutanum verður fjallað um tímabilið 1500-1815. Eftirfarandi þemu verða tekin fyrir: Landaleit, nýlenduveldi og samskipti menningarheima; siðaskiptin í Evrópu; efling ríkisvalds, m.a. í Frakklandi, Englandi og Rússlandi; þjóðfélagsstéttir, evrópskt samfélag og staða kvenna; Vísindabyltingin og Upplýsingin; amerísku og frönsku byltingarnar og síðast en ekki síst Napoleon.

Vald, hugmyndir og nútíminn: Heimssaga 19. og 20. aldar (Valur Ingimundarson og Vilhelm Vilhelmsson) 2016-2017

Þetta námskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað [um] sögu tímabilsins frá 1815 fram yfir fyrri heimsstyrjöld, og þá einkum sögu Evrópu. Þar verður fjallað m.a. um uppruna og þróun þjóðríkja, evrópska menningarsögu, sögu iðnbyltingar og stjórnmálahugmynda, nýlendustefnu og aðdraganda og áhrif fyrri heimsstyrjaldar. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmálastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvalda eins og Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun og söguspeki (Guðmundur Jónsson) 2016-2017

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og miðlun sögu (Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðmundur Jónsson, Hrefna Róbertsdóttir, Íris Ellenberger, Ragnheiður Kristjánsdóttir, Valur Ingimundarson) 2016-2017

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að greina sagnfræðileg viðfangsefni og miðla þeim til annarra. Í fyrsta hluta námskeiðsins er markmiðið að örva nemendur til að hugsa um söguna í stóru samhengi og þjálf þá í notkun nokkurra grundvallarhugtaka og -hugmynda sem tíðkast í sagnfræðilegri greiningu á samfélögum, menningu, efnahag og stjórnmálalífi. Þau helstu eru: saga og minni, menning, kyngervi, þjóðerni, ríki, stétt og tækni. Í öðrum hluta námskeiðsins er fjallað um miðlun sögu, hverjir móta sögulega þekkingu og hvaða aðferðir eru notaðar við miðlun sögu og menningararfs. Rætt er um framsetningu sagnfræðilegs efnis í fræðilegum ritgerðum, alþýðlegri sagnfræði, fjölmiðlum, söfnum og sýningum. Í þriðja hluta námskeiðsins eru nemendum veittar hagnýtar leiðbeiningar um samningu BA-ritgerðar.

Valnámskeið

Afrísk nútímasaga (Kirk Arden Hoppe) 2016-2017

In this course, students examine the histories of high modern empire and decolonization on the African continent from the late 19th century to the present. Students are especially urged to consider the contemporary challenges the process of decolonization and neo-imperialisms pose to African peoples and states. I encourage students to view institutions of modern imperialism and independence as unstable and always emergent, always informed by encounters between local people and ideas and global forces, and always contested and negotiated. The course will explore overarching concepts central to scholarly conversations about modern empire and decolonization through the lens of particular local peoples' experiences with power and resistance, and through a variety of historical case studies specific to the African continent.

Breska heimsveldið og „Íslenska byltingin“ (Anna Agnarsdóttir) 2016-2017

Bretar gerðu margar áætlanir varðandi innlimun Íslands í Bretaveldi. Þetta ráðabrigg var aðallega á seinni hluta 18. aldar og fram til ca. 1815. Farið verður í þessar áætlanir, orsakir og eðli þeirra. Í námskeiðinu verður lögð áhersla á eftirfarandi: Vísindaleiðangur Sir Joseph Banks 1772 – en hann var ötullagasti talsmaður innlimunar: tildrög, leiðangurinn sjálfur og árangur. Fyriráætlanir jarlssonarins Johns Cochrane sem vildi gera Ísland að fanganýlendu. Aðaláherslan verður á tímabilið 1807-1814: hertaka Íslandsskipa, og sigling og verslun á stríðsárum. Gilpinsránið 1808. „Íslenska byltingin“ 1809 – hvað gerðist í raun og veru? Áhugi Breta (t.d. Hooker og Mackenzie en margir fleiri) að innlima Ísland í

breska heimsveldið. Hversu raunhæfar voru þessar áætlanir? Viðbrögð Íslendinga við breskum heimsóknum og afkoma þeirra á stríðstímum. Áhersla verður lögð á lestur frumheimilda.

Kvenhetjur Hollywood (Tracey Jean Boisseau) 2016-2017

With the ascendance of new mass media (particularly cinema) and the unprecedented privileging of the visual that accompanied these innovations in the early twentieth century, the meaning and valence attached to seeing and being seen strongly impacted modern American women's entrance into public spaces and spheres. The spectacularization of women in mass culture combined with their status as quintessential spectators—particularly of Hollywood film but also as idealized (and presumably passive) consumers of mass culture more generally—has placed them continuously at the center of volatile discussions over the nature of American popular culture and the impact of American cultural influence abroad. A focus on visibility and the emergence of mass cultural forms of entertainment will provide a useful starting place for productive discussions regarding the importance of the visual in the making of American popular culture and American feminism, as well as in the translations of American culture and feminism within a transnational context.

Sögulegir gerendur og aukapersónur: Kyngervi og sagnritun þjóða(r) (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2016-2017

Í námskeiðinu verður rætt um kyngervi sögu, svo vísað sé til þekktrar bókar Bonnie G. Smith, *The Gender of History*, um sagnritun kvenna og hið karllega sjónarhorn sögunnar. Akademísk sagnfræði hefur til skamms tíma verið rannsökuð og skrifuð út frá viðmiðum hins karllega valds. Konur fengust engu að síður við söguritun bæði sem menntaðir sagnfræðingar en einnig „amatör“ sagnfræðingar löngu fyrir tíma akademískrar kvennasögu um 1970. Skrif þessara kvenna og hlutur þeirra í hinum sögulega kanón þjóða hefur verið til rannsóknar í Evrópu og Bandaríkjunum síðustu 10-20 ár en minna fer fyrir slíkum rannsóknum hér á landi. Í námskeiðinu verður sjónum beint að íslenskri sagnritun og því hvort og hvernig konur reyndu að skrifa sína eigin sögu t.d. í gegnum sjálfsævisögur og á síðum kvennatímarita frá því um aldamótin 1900 þar til uppúr 1980 þegar kvennasaga er fyrst kennd við Háskóla Íslands. Jafnframt verður vikið að jaðarhópum sem ekki hafa talist til sögulegra gerenda. Lesin verða erlend rit og greinar um kynjaða sagnritun, íslensk tímarit, sjálfsævisögur og sagnfræðirit.

Heimur vistarbandsins 1783-1907 (Vilhelm Vilhelmsson) 2016-2017

Í námskeiðinu verður rýnt í heim vistarbandsins á Íslandi á 19. öld og félagsgerð gamla sveitasamfélagsins skoðuð í ljósi þess. Fjallað verður um hugmyndir um feðraveldi, húsbóndavald og vistarskyldu frá síðari hluta miðalda og fram á 19. öld á Íslandi og í Evrópu og þær settar í samhengi við almenna samfélagsþróun og hugmyndastefnur. Þá verður rýnt í löggjöf um vistarskyldu hér á landi með sérstaka áherslu á þau lög sem voru í gildi á 19. öld, eða frá því að bann var sett við lausamennsku árið 1783. Rætt verður um ólíkan reynsluheim vinnumanna og vinnukvenna, ferli vistarráða og vinnumennsku, margslungið samband húsbænda og hjúa þeirra, hlutskipti lausafólks og annarra þjóðfélagshópa sem heyrðu til félagsgerðar sveitasamfélagsins ásamt starfssérhæfingu og hversdagslífi til sveita á Íslandi á 19. öld. Sérstök áhersla verður lögð á að kanna athafnarými vinnuhjú og möguleika þess til að hafa áhrif á stöðu sína og umhverfi. Í því samhengi verður leitað til kenninga um atbeina og hversdagsandóf og þær mátaðar við heim vistarbandsins. Loks verður fjallað um arfleifð vistarbandsins í söguskoðun og sjálfsvitund Íslendinga fram á okkar daga. Nemendur verða kynntir fyrir helstu hugtökum og kenningum sem varða efnið sem og umræðum fræðimanna um álitamál því tengdu. Nemendur munu jöfnum höndum lesa valdar frumheimildir, rannsóknir íslenskra fræðimanna, erlent samanburðarefni og kennilegt efni sem tengist viðfangsefninu.

Ævisaga sem aðferð (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2016-2017

Í námskeiðinu verður fjallað um hina fræðilegu ævisögu sem aðferð til þess að rannsaka, skrifa og miðla sögu og lífum sem var lífað. Síðustu ár hefur áhugi á hinni (sagn)fræðilegu ævisögu aukist og sífellt fleiri fræðimenn velta fyrir sér þekkingarfræðilegum og aðferðafræðilegum forsendum slíkra rannsókna. Í þessu samhengi er gjarnan talað um „ævisögulega snúninginn“ og „nýju ævisöguna“. Kafað verður ofan

í helstu kenningar um fræðilega ævisagnagerð, mismunandi aðferðir, kosti og galla. Rætt verður um mótsagnakennd viðhorf til ævisagnagerðar, um skiptar skoðanir á því hverjir séu þess verðugir að um þá sé skrifað og hvaða áhrif kyn hefur á val á viðfangsefni og aðferðir. Auk kenningarlegs og aðferðafræðilegs efnis verða í námskeiðinu lesnar valdar fræðilegar ævisögur, íslenskar og erlendar.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2016-2017

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræðirannsóknir og ágríp stjórnsýslusögu. Ferill skjala frá pappírnum á skrifstofu í dag yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamlar og nýjar skjalavörsluaðferðir, rafræn skjalavarsla. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

Heimildir um andleg mál og kirkjudómstóla 1275-1874 (Lára Magnúsdóttir) 2016-2017

Lesnar verða heimildir um sakamál sem rekin voru á grundvelli laga um andleg mál frá setningu kristniréttar hins nýja 1275 og þar til trúfrelsi var tryggt með stjórnarskrá árið 1874, svo sem um bannfæringu á síðmiðöldum, bréfabækur biskupa og prestastefnubækur nýaldar. Markmið námskeiðsins er að kynna heimildirnar sem sérstakan heimildaflokk og ræða aðferðir til túlkunar þeirra með tilliti til hugtakanotkunar og málsmeðferðar. Horft verður til heimilda sem skilgreina andleg mál með tilliti til stjórnskipunar, valdsvið kirkju og tengsl hennar við veraldarvald og breytinga sem urðu á því á tímabilinu og kannað með hvaða hætti andleg mál voru tekin fyrir í veraldlegum dómi. Námsmat byggist á verkefni sem nemendur velja í samráði við kennara og skila sem fullunninni fræðigrein í lokin. Í námskeiðinu fá nemendur þjálfun við að fullvinna fræðigreinar, kynna þær og að ritrýna verkefni annarra nemenda. Lögð verður áhersla á flutning fyrirlestra og umræður, sérstaklega um aðferðafræði sem beita má við rannsóknir á heimilda-flokknum. Mætingarskylda er í námskeiðinu því að þátttaka í umræðum verður hluti námsmats. Til greina kemur að námskeiðið verði „ákafanánámskeið“ – að kennsla fari fram í löngum lotum sem fari fram á mánaðar fresti. Stefnt er að því að málstofa um efni námskeiðsins verði haldin að því loknu.

Hvað ef, og hvað með það? Einstaklingar, tilviljanir og hinn þungi straumur sögunnar (Rasmus Dahlberg) 2016-2017

What if Alexander the Great had lived on? What if the Flight to Varennes had been successful? What if Hitler had invaded Britain in 1940? The “What If’s” of history have fascinated, frustrated and provoked historians and readers of history for as long as the discipline itself has existed. Such counterfactual (from the lat., “against the facts”) propositions are often dismissed as ahistorical nonsense or pure fiction, but counterfactualism is just as much about *wie es eigentlich gewesen* as ordinary history claims to be. Counterfactualism should rather be seen as a thought-provoking analytical approach that forces the historian to challenge well-established truths and engages the recipient by exhibiting the contingencies of history – an approach that can and should be integrated into any historical analysis. Counterfactualism addresses the Big Questions in history such as the question of whether it is actors or structures that govern history, thus providing an antidote to determinism, while at the same time equipping the historian with powerful tools for communicating history as engaging narratives. Taking our point of departure in chaos, complexity and computer games we will approach counterfactualism as theory as well as practice by reading and discussing classic cases such as the shots in Sarajevo in June 1914 and the assassination of John F. Kennedy in November 1963, while at the same time writing our own “What If?” scenarios, drawing on existing knowledge and interests. The course, which will be taught intensively over a four week period, aims to engage the participants in, hopefully, heated and informed discussions about what would or could have happened in history – and why. Students will be asked to contribute actively in class, but oral presentation in English is not required to pass. All students must hand in two 5-page assignments – one during and one after the course. The examination will be a 24-hour written home exam where students, in a 5-page essay, must demonstrate their individual understanding of counterfactual theory and carry out a counterfactual historical analysis on their own.

Skjalavarsla á 21. öld (Kristjana Kristinsdóttir og Njörður Sigurðsson) 2016-2017

Fjallað verður um uppbyggingu nútíma skjalasafna með áherslu á skjalavistunaráætlun, geymsluskrá, málalykil og málaskrá, reglur um grisjun skjala og eftirlitshlutverk Þjóðskjalasafns. Jafnframt verður fjallað um tilkynningar á rafrænum skjalakerfum til safnsins og reglur um afhendingu þeirra.

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni (Kristjana Kristinsdóttir) 2016-2017

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni Íslands. Gert er ráð fyrir daglegri viðveru í 2-3 vikur sem fæli í sér: Viðtöl við lykil starfsmenn til kynningar á ákveðnum verkefnum/sviðum þ.e.:

- Skráning skjalasafna.
- Rafræn skjalavarsla.
- Heimsókn í embætti til skoðunar á skjalavörslu þess/eftirlit með skjalavörslu.
- Skoðun á skjalaforða Þjóðskjalasafns.
- Lestrarsalur, viðvera.
- Viðgerðarstofa.
- Óbyggðaverkefni.
- Fyrirspurnafundir.
- Útgáfumál/miðlun.
- Almenn dagleg afgreiðsla á safninu.

Nemendur eiga að kynna sér almennt með viðtölum og vettvangsskoðun öll helstu verksvið Þjóðskjalasafns. Gert er ráð fyrir að nemendur færi dagbók og lýsi þar verkefnum dagsins. Jafnframt eiga nemendur að velja sér ákveðið áhugasvið/málefni innan safnsins til sérstakrar athugunar. Námsmat er byggt á dagbókinni og greinargerð um áhugasviðið/málefnið.

Norðurlönd: Saga og samfélag (Auður Hauksdóttir og Íris Ellenberger) 2016-2017

Námskeiðið miðar að því að auka þekkingu og skilning nemenda á sögu Norðurlanda frá 19. öld til samtímans og sameiginlegum menningar- og stjórnmálaarfi þeirra. Fjallað er um myndun þjóðríkja á 19. öld, iðnvæðingu og almenna efnahagsþróun, stjórnmál og flokka, Norðurlönd á alþjóðavettvangi frá 19. öld til samtímans og samvinnu norrænu ríkjanna sín á milli. Sérstök áhersla er lögð á að skoða hugtakið norræn samfélagsgerð, den nordiske model, sérkenni norrænu velferðarríkjanna í alþjóðlegum samanburði og sögulega þróun þeirra á 20. öld. Kennt er á íslensku og dönsku.

Hagnýtt verkefni í skjalfræði (Kristjana Kristinsdóttir) 2016-2017

Gert er ráð fyrir að nemandi vinni að verkefni sem getur t.d. falið í sér skráningu og frágang á opinberu skjalasafni eða einkaskjalasafni ásamt greinargerð, innslátt á skjölum til notkunar eða birtingar t.d. á netinu, stafræna vinnslu á skjölum eða við hverja þá vinnu sem til fellur á skjalavörslustofnun. Jafnframt er hugsanlegt að vinna við skjalasafn stofnunar eða hjá einkaaðila með greinargerð um þá vinnu t.d. við gerð málalykils, skjalavistunaráætlunar eða við tilkynningu á rafrænu kerfi.

Framhaldsnám

Nýjar rannsóknir í sagnfræði (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2016-2017

Námskeiðslýsing ekki birt á neti.

Valnámskeið

Hugmyndasaga eftir 1750 (Henry Alexander Henrysson) 2016-2017

Hugmyndasaga Vesturlanda eftir 1750 er bæði stórbrotin, áhugaverð og þversagnakennd. Í henni takast á fjölmargir ólíkir þræðir. Skynsemis- og andskynsemishygga, vísindatrú og andleg málefni, fortíðarþrá og fútúrismi, friðarvon og stríðsæsingur eru dæmi um þær andstæður sem einkenna tímabilið. Námskeiðinu er ætlað að veita yfirlit yfir sögu hugmynda Vesturlanda frá upplýsingu til sjötta

áratugar tuttugustu aldar. Sérstök áhersla verður lögð á ofangreinda þætti eins og þeir koma saman í flóknu samspili stjórnmála, vísinda og samfélags. Nemendur verða einnig hvattir til að kynna sér einstök atvik og lykilhugmyndir í þessari sögu sem koma ekki fyrir þegar skimað er hratt yfir tímabilið. Eitt helsta markmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum aðferðir við ritun hugmyndasögu. Kennsla [fer] fram í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Gert er ráð fyrir lifandi umræðum í tímum þar sem nemendur fá tækifæri til að gera grein fyrir áhugasviðum sínum innan vísinda, menningar eða stjórnmála.

Íslenskar miðaldir, rannsóknir (Viðar Pálsson) 2016-2017

Gefinn verður gaumur að nýlegum rannsóknum í sögu miðalda (870-1550), einkum í Íslandssögu. Fjallað verður almennt um stefnur og straua í rannsóknum á undanförunum áratugum. Kynnt verða nýleg rannsóknarverkefni og helstu niðurstöður þeirra þar sem við á. Áhersla er á: A) Sérstakan heimildavanda og textafræðilega nálgun á ritheimildir miðalda. B) Athugun á tengslum texta og samfélags út frá félagsfræðilegum og mannfræðilegum viðhorfum. C) Heimsmynd miðalda (framandleiki miðalda) út frá hugarfarssögu. D) Ísland og lönd og samfélög við N-Atlantshaf, m.a. með áherslu á víkinga, verslun og siglingar.

2017-2018

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Erla Hulda Halldórsdóttir og Már Jónsson) 2017-2018

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimildafræði, meginlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Átök og alþýða: Íslandssaga fyrir 1815 (Hrefna Róbertsdóttir og Sverrir Jakobsson) 2017-2018

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmennning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimsveldi og byltingar: Heimssaga fyrir 1815 (Viðar Pálsson) 2017-2018

Í fyrri hlutanum verður fjallað um fornríki og siðmenningu handan Evrópu (Egypta, Súmera, Assýringa, Babýlóníumenn og fleiri) og helstu menningarskeið Evrópu í fornöld (Grikki, Rómverja) og á miðöldum. Gætt verður jafnvægis í yfirsýn yfir hagsögu, félagssögu, menningarsögu og valdasögu eftir því sem kostur er og efni standa til. Í seinni hlutanum verður fjallað um tímabilið 1500-1815. Eftirfarandi þemu verða tekin fyrir: Landaleit, nýlenduveldi og samskipti menningarheima; siðaskiptin í Evrópu; efling ríkisvalds, m.a. í Frakklandi, Englandi og Rússlandi; þjóðfélagsstéttir, evrópskt samfélag og staða kvenna; Vísindabyltingin og Upplýsingin; amerísku og frönsku byltingarnar og síðast en ekki síst Napóleon.

Þjóð, ríki og samfélag: Saga Íslands á 19. og 20. öld (Erla Hulda Halldórsdóttir, Guðmundur Jónsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2017-2018

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmálabarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðapróun, líf skjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Vald, hugmyndir og nútíminn: Heimssaga 19. og 20. aldar (Valur Ingimundarson og Vilhelm Vilhelmsson) 2017-2018

Þetta námskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað [um] sögu tímabilsins frá 1815 fram yfir fyrri heimsstyrjöld, og þá einkum sögu Evrópu. Þar verður fjallað m.a. um uppruna og þróun Þjóðríkja, evrópska menningarsögu, sögu iðnbyltingar og stjórnmálahugmynda, nýlendustefnu og aðdraganda og áhrif fyrri heimsstyrjaldar. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmálastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelda eins og Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun og söguspeki (Guðmundur Jónsson) 2017-2018

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og kenningar (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2017-2018

Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu og færni nemenda í skilningi og notkun á þeim hugtökum og kenningar sem notuð eru í fræðilegri umfjöllun um samfélög, menningu og stjórnmál. Meðal þeirra hugtaka, sem fjallað verður um í námskeiðinu, má nefna: Þjóðerni, sjálfsmynd/sjálfsvitund, hlutlægni, kyn, minni, ríkið, stéttir og menningu.

Miðlun í sagnfræði (Sumarliði R. Ísleifsson og Hrefna Róbertsdóttir) 2017-2018

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að rita um sagnfræðilegt efni og miðla sögulegri þekkingu með ólíkum miðlunarleiðum. Áhersla er lögð á að veita nemendum hagnýta þekkingu og þjálfun við að vinna með og setja fram sögulegt efni t.d. með texta, myndum, lifandi myndum, á vef og með munnlegum frásögnum. Fjallað er um undirbúning og ritun BA-ritgerðar og náms- og starfsmöguleika að loknu námi.

Valnámskeið

Austrómverska ríkið (Sverrir Jakobsson) 2017-2018

Saga austrómverska ríkisins spannar meira en ellefu aldir en frá 330 til 1453 var höfuðborg Rómarveldis í Konstantínópel við Sæviðarsund. Lengst af var austrómverska ríkið öflugasta ríki hins kristna heims og Konstantínópel stærsta borg Evrópu. Í námskeiðinu verða raktir höfuðdrættir í sögu ríkisins og farið yfir mikilvægar vörður í þróun þess. Lögð verður áhersla á að greina og túlka menningu og hugarfar í þessu kristna miðaldaríki sem bjó í óvenju ríku mæli að klassískum menningararfi.

Galdur og guðlast 1200-1700 (Már Jónsson) 2017-2018

Ræddar verða lýsingar á göldrum í völdum Íslendingasögum og fornaldarsögum, með hliðsjón af ákvæðum í Grágás, kristinrétti Árna frá 1275 og Jónsbók frá 1281. Galdramál og sagnir á næstu öldum verða könnuð, en megináhersla lögð á galdratrú og galdraofsóknir á 17. öld. Var samfella í hugmyndum um áhrifamátt orða og gjörða á tímabilinu? Hvernig tengdust þær kristinni trú, fyrir og eftir siðaskipti um miðja 16. öld? Hvað var alþýðutrú og hvað lærðar hugmyndir erlendis frá? Íslensk galdra- og guðlastmál frá 17. öld verða sett í samhengi við hræringar á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. Hvers vegna hófust ofsóknir á Íslandi ekki fyrr en raun ber vitni? Hvernig stendur á því að hér voru nærri eingöngu karlar brenndir fyrir galdra? Hvað olli því að yfirvöld skyndilega líkt og misstu áhugann? Lesin verða íslensk og erlend fræðirit, en ekki síst frumheildir, birtar sem óbirtar.

Skjalalestur 1550-1850 (Már Jónsson) 2017-2018

Nemendur öðlast færni í að lesa íslenska skrift frá tímabilinu, einkum frá 17. og 18. öld. Farið verður í helstu atriði skriftarþróunar, rætt um varðveislu ritheimilda og kynntar aðferðir við útgáfu gamalla texta.

Losti, græðgi, reiði og sorg – saga tilfinninga (Sigurður Gylfi Magnússon og Sólveig Ólafsdóttir) 2017-2018

Í námskeiðinu verða lesnar þekktar sagnfræðilegar rannsóknir úr vestrænni menningarsögu sem fjalla um þýðingu sögu tilfinninga, en sú fræðilega nálgun hefur átt sífellt vaxandi fylgi að fagna á undanförunum árum. Umfjöllun um fyrirbæri eins og losta, græðgi, reiði og sorg verða sérstaklega skoðuð og þau síðan tengd við nýja strauma innan sagnfræðinnar. Gerð verður tilraun til að sýna hvernig sagnfræðingar í upphafi tuttugustu og fyrstu aldar glíma við efni af þessu tagi. Umfjöllunin verður sett í hugmyndafræðilegt samhengi og lögð verður áhersla á að sýna fram á ólík gímútök sagnfræðinga á tuttugustu öld þegar viðfangsefnið hefur tengst áðurnefndu fræðasviði.

Næring og menning: Mataræði í sögu Íslendinga (Guðmundur Jónsson) 2017-2018

Allir þurfa að borða til þess að fá nauðsynlega næringu en maðurinn fer ólíkar leiðir til að fullnægja þessari þörf. Þar koma náttúrulegar aðstæður, menning, samfélag og alþjóðlegt umhverfi til skjalanna. Í námskeiðinu er fjallað um mataræði Íslendinga frá fyrstu öldum byggðar til samtímans, hvað mótaði matarmenningu þeirra, hvernig þeir öfluðu, matreiddu, neyttu og geymdu fæðu. Matarsagan er skoðuð út frá alþjóðlegum kenningum og hugtökum svo og breytingum í evrópski sögu s.s. landafundum á 16. og 17. öld, „næringarbyltingu“ 19. aldar og fjölmenningu samtímans. Rætt er um mataræði fornanna; matarnýjungar í kjölfar landafunda; matvælaframleiðslu; matargerð og geymsluaðferðir í bændasamfélagi; hungursneyðir og misskiptingu fæðu; hollustubyltinguna eftir 1970; mótun matarsmekks, merkingu sem mat er gefið í menningunni og þátt hans í sjálfsmynd manna. Leitast er við að skoða samspil matar og annarra sviða samfélagsins s.s. heilsu, líf skjara og atvinnuvega.

Fyrstu aldir íslam (Þórir Jónsson Hraundal) 2017-2018

Í þessu námskeiði verður skoðuð saga fyrstu þriggja alda íslam. Tímarammi námskeiðsins tekur til tilurð íslam á dögum Múhameðs, útbreiðslu þess og sögu kalífadæma Rashidun-kalífanna (632–661), Umayyada (661–750) og Abbasíða allt til fyrri hluta tíundu aldar er það tekur að liðast í sundur. Lesin verða nokkur meginfræðiverk um þessi tímabil, en sérstök áhersla verður lögð á að skoða hvernig mynd frumheimildir gefa af þróun mála og hversu vel við getum treyst þeim.

Bretland á 20. öld (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2017-2018

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum innsýn í fræðilega umræðu um breskt samfélag á 20. öld. Áherslan verður á menningar-, hugmynda- og félagssögu, en einnig verður litið til afmarkaðra þátta breskrar stjórnmalapróunar. Verkafólk, aðall, menntamenn, millistéttir og konungsfjölskyldan munu koma við sögu en einnig örlög heimsveldisins og áhrif heimstýrjaldanna, Bítlarnir og 68 kynslóðin sem og þjóðernisstefna Skota, Walesbúa og Íra.

Fríkfræði; afbrigðilegir, úrhrök og jaðarhópar – rannsóknir á hinu óvenjulega (Sigurður Gylfi Magnússon) 2017-2018

Við hvaða aðstæður er fólk jaðarsett, jafnvel úthrópað og þokað til hliðar í samfélaginu – af þeim sem ráða? Í námskeiðinu verður enska hugtakið “normal exception” skoðað en það gerir ráð fyrir að þau sem af ýmsum ástæðum bindi bagga sína öðrum hnútum en samferðamennirnir geti verið í sínu daglega umhverfi bæði velmetnir og fullgildir meðlimir þess geira sem þau tilheyra. Kannað verður hvernig „fríkin“ verða til, hvernig skilgreinir samfélagið á hverjum tíma þá sem eru „öðruvísi“; fatlað fólk, geðsjúkt, blint og eða þá sem búa yfir óvenjulegum hæfileikum sem samfélagið tekur ekki gilda. Hvað ræður útskúfun fólks á hverjum tíma, sérstaklega á 19. og 20. öld?

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2017-2018

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræðirannsóknir og ágríp stjórnsýslusögu. Ferill skjala frá pappírnum á skrifstofu í dag yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamlar og nýjar skjalavörsluaðferðir, rafræn skjalavarsla. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

Austrómverska ríkið (Sverrir Jakobsson) 2017-2018

Saga austrómverska ríkisins spannar meira en ellefu aldir en frá 330 til 1453 var höfuðborg Rómarveldis í Konstantínópel við Sæviðarsund. Lengst af var austrómverska ríkið öflugasta ríki hins kristna heims og Konstantínópel stærsta borg Evrópu. Í námskeiðinu verða raktir höfuðdrættir í sögu ríkisins og farið yfir mikilvægar vörður í þróun þess. Lögð verður áhersla á að greina og túlka menningu og hugarfarir í þessu kristna miðaldaríki sem bjó í óvenju ríkum mæli að klassískum menningararfi.

Námsferð á söguslóðir í Edinborg (Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2017-2018

Námskeiðið er tvíþætt. Á fyrri hluta misseris og fram að verkefnaviku verður lesið námsefni sem tengist sögu Skotlands. Í verkefnaviku verður síðan farið til Edinborgar þar sem kennsla heldur áfram. Stefnt er að því að heimsækja: Edinborgarkastala, Edinborgarháskóla, Leith og skoska þingið. Einnig munu leiðir okkar liggja á skjalasöfn, í kirkjugarða og fleiri staði sem tengjast sögu Íslendinga í borginni.

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni (Kristjana Kristinsdóttir) 2017-2018

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni Íslands. Gert er ráð fyrir daglegri viðveru í 2-3 vikur sem fæli í sér: Viðtöl við lykil starfsmenn til kynningar á ákveðnum verkefnum/sviðum þ.e.:

- Skráning skjalasafna.
- Rafræn skjalavarsla.
- Heimsókn í embætti til skoðunar á skjalavörslu þess/eftirlit með
- skjalavörslu.
- Skoðun á skjalaforða Þjóðskjalasafns.
- Lestrarsalur, viðvera.
- Viðgerðarstofa.
- Óbyggðaverkefni.
- Fyrirspurnafundir.
- Útgáfumál/miðlun.
- Almenn dagleg afgreiðsla á safninu.

Nemendur eiga að kynna sér almennt með viðtölum og vettvangsskoðun öll helstu verksvið Þjóðskjalasafns. Gert er ráð fyrir að nemendur færi dagbók og lýsi þar verkefnum dagsins. Jafnframt eiga nemendur að velja sér ákveðið áhugasvið/málefni innan safnsins til sérstakrar athugunar.

Námsmat er byggt á dagbókinni og greinargerð um áhugasviðið/málefnið.

Frá fasisma til popúlisma: Róttækar þjóðernishreyfingar í Evrópu, 1919–2017 (Valur Ingimundarson) 2017-2018

Uppgangur popúlístaflokka á undanförunum árum hefur vakið áleitnar spurningar um hvar staðsetja þá á hinu pólitíska litrófi og hver skyldleiki þeirra sé við sögulega fasistaflokka. Í námskeiðinu verður fjallað um pólitísk áhrif róttækrar þjóðernisstefnu á 20. og 21. öld með því að beina sjónum að fasisma og nasisma á fyrri hluta síðustu aldar og popúlisma í samtímanum. Þótt megináherslan verði á Evrópu verður einnig fjallað um birtingarmyndir róttækrar þjóðernishyggju í öðrum heimshlutum. Áhersla verður lögð á að kryfja ýmis álitamál, eins og eðli fasisma/nasisma, þjóðernisstefnu og popúlisma, tengsl stjórnmála- og efnahagskreppu við uppgang róttækra þjóðernishreyfinga, sem og aðra þætti eins og vægi kynþáttastefnu, kyngervis, fullveldis, nútímavæðingar, menningar, velferðarhugmynda, kynþáttahyggju og utanríkismála í stefnuskrám fasistaflokka og popúlístaflokka. Leitast verður við að skilgreina fasisma með því að bera saman fasistastjórnir og -hreyfingar í Evrópu og skýra þann mun sem var á fasísku stjórnarfori og valdboðsstjórnnum (authoritarianism). Hugað verður sérstaklega að stjórnmála- og þjóðfélagsþróun í Þýskalandi og Ítalíu, þar sem nasistar/fasistar komust til valda og

höfðu mest áhrif, en sjónum verður einnig beint að öðrum löndum. Í samtímanum verður leitast við að bera saman popúlistaflokka við fasistaflokka fortíðarinnar, greina hugmyndafræði þessara flokka og baráttu gegn Íslam og innflytjendum og meta áhrif stjórnmálafla eins og Þjóðfylkingarinnar í Frakklandi, Kosta fyrir Þýskaland, Frelsisflokksins í Austurríki og Jobbik í Ungverjalandi á stjórnmálaþróun í Evrópu. Loks verður sérstaklega fjallað um bandarískan popúlisma og tengsl við Evrópu.

Menning og blekking – Vald, samfélag, fólk (Sigurður Gylfi Magnússon) 2017-2018

Á síðari árum hefur menningarhugtakið gengið í gegnum miklar breytingar. Fræðimenn, listamenn og almenningur hefur tekið þátt í að endurskilgreina hugtakið og laga að breyttum aðstæðum í heiminum. Í kjölfar hins nýja skilnings á menningarhugtakinu, sem stundum er eignaður póstmódernískum tímum, hafa kenningar um menningu og menningarmiðlun tekið örum breytingum. Fram hefur farið einhver sú áhugaverðasta umræða í langan tíma um fortíð, nútíð og framtíð og hvernig best sé að meta vægi tímans í fræðum, listum og í hversdags lífinu. Mjög eru skiptar skoðanir um ágæti þessara nýju viðhorfa og sannarlega hafa hefðbundin viðhorf enn mikið vægi í hinna menningarlegu umræðu á ýmsum sviðum mannlífsins. Námskeiðið sem hér er til umræðu mun bjóða upp á umræðu um þróun menningarhugtaksins út frá mörgum hliðum sem tengjast samfélagi, fræðum og einstaklingum bæði á 19. og 20. öld.

[Framhaldsnám](#)

Nýjar rannsóknir í sagnfræði (Guðmundur Jónsson og Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2017-2018

Námskeiðinu er ætlað að dýpka þekkingu og skilning nemenda á nýjum rannsóknum í sagnfræði.

[Valnámskeið](#)

Berfættir sagnfræðingar: Heimur menningar á nýöld (Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon) 2017-2018

Á undanförunum árum hafa rannsóknir leitt í ljós hóp fólks frá fyrri tíð sem starfaði á óskilgreindu menningarsvæði í samfélaginu (e. in-between spaces) en hafði gríðarleg áhrif á framvindu ýmissa sviða þjóðlífsins. Þessi hópur verður til umfjöllunar í námskeiðinu en þeir hafa fengið viðurnefnið „berfættu sagnfræðingarnir“. Skoðaðar verða rannsóknir erlendis af svipuðum hópum og þær bornar saman við innlendar rannsóknir og fulltrúa hinna íslensku berfætlinga. Efniviðurinn sem liggur eftir hópinn, sem er af margvíslegum toga, verður lagður til grundvallar í námskeiðinu og hann rannsakaður. Alþýðufræði af ýmsu tagi verða viðfang þessa námskeiðs.

[2018-2019](#)

[Grunnnám](#)

Sagnfræðileg vinnubrögð (Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon) 2018-2019

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimildafræði, megindlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Átök og alþýða: Íslandssaga fyrir 1815 (Hrefna Róbertsdóttir og Sverrir Jakobsson) 2018-2019

Uppruni, landnám og samfélag. Land, fólk og almenn afkoma. Kristni og kirkja. Þjóðveldið og endalok þess. Valdamenn. Konungur, þjóð og þjóðernishyggja. Heiður, hefnd, galdur og vaxandi ríkisvald. Lög og vald um 1250 til 1815. Bókmennning, handrit og tunga. Ísland og umheimurinn. Einokun og Innréttingar. Stjórnun og efnahagsbreytingar eftir 1787.

Heimsveldi og byltingar: Heimssaga fyrir 1815 (Sigurður Gylfi Magnússon og Viðar Pálsson) 2018-2019

Í fyrri hlutanum verður fjallað um fornríki og siðmenningu handan Evrópu (Egypta, Súmera, Assýringa, Babýlóníumenn og fleiri) og helstu menningarskeið Evrópu í fornöld (Grikki, Rómverja) og á miðöldum. Gætt verður jafnvægis í yfirsýn yfir hagsögu, félagssögu, menningarsögu og valdasögu eftir því sem kostur er og efni standa til. Í seinni hlutanum verður fjallað um tímabilið 1500-1815. Eftirfarandi þemu verða tekin fyrir: Landaleit, nýlenduveldi og samskipti menningarheima; siðaskiptin í Evrópu; efling ríkisvalds, m.a. í Frakklandi, Englandi og Rússlandi; þjóðfélagsstéttir, evrópskt samfélag og staða kvenna; Vísindabyltingin og Upplýsingin; amerísku og frönsku byltingarnar og síðast en ekki síst Napóleon.

Þjóð, ríki og samfélag: Saga Íslands á 19. og 20. öld (Guðmundur Jónsson og Magnús Sveinn Helgason) 2018-2019

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmalabarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðaþróun, líf skjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Vald, hugmyndir og nútíminn: Heimssaga 19. og 20. aldar (Valur Ingimundarson og Íris Ellenberger) 2018-2019

Þetta námskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað [um] sögu tímabilsins frá 1815 fram yfir fyrri heimsstyrjöld, og þá einkum sögu Evrópu. Þar verður fjallað m.a. um uppruna og þróun þjóðríkja, evrópska menningarsögu, sögu iðnbyltingar og stjórnmalahugmynda, nýlendustefnu og aðdraganda og áhrif fyrri heimsstyrjaldar. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmalastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelda eins og Bandaríkjana og Sovétríkjana, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun og söguspeki (Guðmundur Jónsson) 2018-2019

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og kenningar (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2018-2019

Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu og færni nemenda í skilningi og notkun á þeim hugtökum og kenningar sem notuð eru í fræðilegri umfjöllun um samfélög, menningu og stjórnmal. Meðal þeirra hugtaka, sem fjallað verður um í námskeiðinu, má nefna: þjóðerni, sjálfsmynd/sjálfsvitund, hlutlægni, kyn, minni, ríkið, stéttir og menningu.

Miðlun í sagnfræði (Sumarliði R. Ísleifsson og Hrefna Róbertsdóttir) 2018-2019

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að rita um sagnfræðilegt efni og miðla sögulegri þekkingu með ólíkum miðlunarleiðum. Áhersla er lögð á að veita nemendum hagnýta þekkingu og þjálfun við að vinna með og setja fram sögulegt efni t.d. með texta, myndum, lifandi myndum, á vef og með munnlegum frásögnum. Fjallað er um undirbúning og ritun BA-ritgerðar og náms- og starfsmöguleika að loknu námi.

Valnámskeið

Er eitthvað á minnið að treysta? Sjálfsbókmenntir og sagnfræði (Sigurður Gylfi Magnússon) 2018-2019

Í lok síðustu aldar átti sér stað ákveðið uppgjör víða um heim um stöðu heimsmenningarinnar við árþúsundaskipti. Slíkt uppgjör kallaði óhjákvæmilega á upprifjanir á atburðum sem einstaklingar, hópar, heilu samfélögin og jafnvel menningarsvæði höfðu hliðrað sér hjá að glíma við, nefnilega dökku hliðar fortíðarinnar. Þessi glíma við fortíðina kallaði einnig á umræðu um hvernig fortíðin verður til, með öðrum orðum, hvernig við tökumst á við fortíðina og rannsökum hana. Umræðan snerti því sjálfan grundvöll sagnfræðinnar og annarra fræðigreina sem fjalla um liðna tíð. Í námskeiðinu verður sérstaklega hugað að því hvaða áhrif sjálfsbókmenntir – sjálfsævisögur, dagbækur, bréfa og önnur einkaskjöl — höfðu áhrif á hugmyndir fólks um sjálft sig og lífið. Hugað verður að því hvernig fræðin hafa unnið úr þessu efni.

Heimur vistarbandsins 1783-1907 (Vilhelm Vilhelmsson) 2018-2019

Í námskeiðinu verður rýnt í heim vistarbandsins á Íslandi á 19. öld og félagsgerð gamla sveitasamfélagsins skoðuð í ljósi þess. Fjallað verður um hugmyndir um feðraveldi, húsbóndavald og vistarskyldu frá síðari hluta miðalda og fram á 19. öld á Íslandi og í Evrópu og þær settar í samhengi við almenna samfélagsþróun og hugmyndastefnur. Þá verður rýnt í löggjöf um vistarskyldu hér á landi með sérstaka áherslu á þau lög sem voru í gildi á 19. öld, eða frá því að bann var sett við lausamennsku árið 1783. Rætt verður um ólíkan reynsluheim vinnumanna og vinnukvenna, ferli vistarráða og vinnumennsku, margslungið samband húsbænda og hjúa þeirra, hlutskipti lausafólks og annarra þjóðfélagshópa sem heyrðu til félagsgerðar sveitasamfélagsins ásamt starfssérhæfingu og hversdagslífi til sveita á Íslandi á 19. öld. Sérstök áhersla verður lögð á að kanna athafnarými vinnuhjúna og möguleika þess til að hafa áhrif á stöðu sína og umhverfi. Í því samhengi verður leitað til kenninga um atbeina og hversdagsandóf og þær mátaðar við heim vistarbandsins. Loks verður fjallað um arfleifð vistarbandsins í söguskoðun og sjálfsvitund Íslendinga fram á okkar daga. Nemendur verða kynntir fyrir helstu hugtökum og kenningum sem varða efnið sem og umræðum fræðimanna um álitamál því tengdu. Nemendur munu jöfnum höndum lesa valdar frumheimildir, rannsóknir íslenskra fræðimanna, erlent samanburðarefni og kennilegt efni sem tengist viðfangsefninu.

Pervertar og piparjúnkur. Hinsegin saga og sagnfræði 1890–2010 (Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Íris Ellenberger og Ásta Kristín Benediktsdóttir) 2018-2019

Á námskeiðinu verður hinsegin saga kynnt fyrir nemendum sem sérstök grein innan sagnfræðinnar. Markmiðið með námskeiðinu er tvíþætt: Annars vegar að kynna fyrir nemendum helstu fræðilegu nálganir á hinsegin sögu í alþjóðlegu samhengi og sýna þeim hvernig hægt er að nota þær til að rannsaka íslensk viðfangsefni. Hins vegar að veita þeim innsýn í sögu hinsegin fólks á Vesturlöndum og víðar. Kastljósinu verður að miklu leyti beint að Íslandi en áhersla verður jafnframt lögð á að setja íslenska hinsegin sögu og sögurannsóknir í alþjóðlegt samhengi og laða þannig fram bæði sérstöðu Íslands og varpi ljósi á stöðu þess innan hins alþjóðlega samhengis. Fjallað verður sérstaklega um sögu hinsegin hreyfinga og samfélaga á Vesturlöndum á 20. öld. Lögð er áhersla á að skoða snertifleti hinsegin hreyfinga við réttindabaráttu annarra jaðarsettra hópa og hvernig kyn, stétt, fötlun, uppruni og litarhaft mótar þessa sögu. Einnig verða ýmis hugtök tekin til gagnrýnnar skoðunar, þ.a.m. þau sjálfsmýndarhugtök sem festu sig í sessi á tuttugustu öld (lesbía, hommi, samkynhneigð, tvíkynhneigð) og hugtakið hinsegin kynnt sem tilraun til að leysa ákveðin vandamál sem þessi hugtök skapa við sögulega umfjöllun.

Kyngervi í sögulegu ljósi (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2018-2019

Þegar litið er yfir þá hartnær hálfu öld sem liðin er frá því kvennasaga kom fram sem akademískt fagsvið má sjá að hún hefur verið í fararbroddi nýrra hugmynda og hugsunar í sagnfræði. Í upphafi var áhersla lögð á að draga fram gleymdar konur og hlut þeirra í framvindu sögunnar en síðar, m.a. fyrir áhrif póststrúktúralískra kenninga, færðist áherslan yfir á að skoða félagslega mótun kynjanna og hugmyndir um mismunandi hlutverk kvenna og karla í sögulegu ljósi. Þar hafa hugtökin kvenleiki og karlmennska leikið lykilhlutverk. Námskeiðinu er ætlað að gefa yfirsýn yfir fagsviðið en jafnframt verður spurt hvort

kvenna- og kynjasögufræðingum hafi tekist það ætlunarverk sitt að skrifa sögu kvenna og kyngervis inn í hina almennu sögu og breyta því hvernig sagan er rannsökuð og skrifuð. Annars vegar verður farið yfir helstu kenningar og þróun þessa rannsóknasviðs frá því um 1970 og lesin grundvallarverk á þessu sviði, svo sem eftir Joan W. Scott, Gro Hagemann og Natalie Zemon Davis. Hins vegar verður áhersla lögð á íslenskt samhengi og rannsóknir í kvenna- og kynjasögu og skoðaðir þeir fjölbreyttu rannsóknamöguleikar sem fyrir liggja í kynjasögu Íslands.

Saga Kína I. Frá fornöld til um 1600 (Sverrir Jakobsson) 2018-2019

Þetta námskeið fjallar um sögu Kína frá goðsögulegum tíma Xia-veldisins á þriðja árþúsundi f.Kr. fram að 1600. Varpað verður ljósi á jafnt þær breytur sem varðað hafa mestu um mótun kínverskrar menningar sem einstaka viðburði í pólitískri og samfélagslegri framvindu þjóðarinnar. Veitt verður yfirlit yfir tilkomu og þróun áhrifamestu kínversku trúarbragða- og hugmyndakerfa, einkum konfúsíanism, daoisma og búddisma. Samskipti Kínverja við aðrar þjóðir verða í öndvegi.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2018-2019

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræðirannsóknir og ágrip stjórnsýslusögu. Ferill skjala frá pappírur á skrifstofu í dag yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamlar og nýjar skjalavörsluáðferðir, rafræn skjalavarsla. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

Kynjaheimur sendibréfsins (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2018-2019

Í námskeiðinu verður rætt um sendibréf frá lokum átjándu aldar til upphafs þeirrar tuttugustu. Sjónum verður beint að sendibréfinu sem sagnfræðilegri heimild og sem vettvangi tjáningar, sköpunar og sjálfsmótunar. Skoðað verður hverjir skrifuðust á og um hvað. Spurt verður um sannleika og lygi í bréfum. Og hvað segja bréf okkur um stétt, stöðu, kyn? Er munur á bréfum kvenna og karla? Lesin verða innlend og erlend fræðirit þar sem fjallað er um kosti og galla sendibréfa sem heimildar. Kynntar verða kenningar og rannsóknir á sviði læsis (skriftarkunnáttu). Einnig verður rætt um „nýju hversdagssöguna“ þar sem lögð er áhersla á alþýðufolk og hið hversdagslega í sendibréfum. Loks verða lesin sendibréf frá þessu tímabili, einkum í útgefnum bréfasöfnum. Gert er ráð fyrir að nemendur vinni rannsóknaritgerð uppúr óbirtum sendibréfum.

Skjalavarsla á 21. öld (Kristjana Kristinsdóttir og Njörður Sigurðsson) 2018-2019

Fjallað verður um uppbyggingu nútíma skjalasafna með áherslu á skjalavistunaráætlun, geymsluskrá, málalykil og málaskrá, reglur um grisjun skjala og eftirlitshlutverk þjóðskjalasafns. Jafnframt verður fjallað um tilkynningar á rafrænum skjalakerfum til safnsins og reglur um afhendingu þeirra.

Ungir sagnfræðingar og gamlir – Nýjar doktorsritgerðir í sagnfræði (Sigurður Gylfi Magnússon) 2018-2019

Á tíunda áratug 20. aldar hófst fyrir alvöru doktorsnám í sagnfræði við Háskóla Íslands. Á síðustu 30 árum hefur talsverður fjöldi sagnfræðinga – ungra fræðimanna – útskrifast úr deildinni og víða annarsstaðar í heiminum. Í námskeiðinu verður gerð tilraun til að meta strauma og stefnur í sagnfræðinni út frá þessum ritgerðum og greina fólkið sem hefur varið sínar ritgerðir. Námskeiðið er aðferðafræðilegt en um leið historiographískt þar sem skoðuð verður sú stefna sem sagnfræðin á Íslandi hefur fylgt.

Utanríkisstefna Bandaríkjanna: Hugmyndafræði, hagsmunir og forræði, 1945–2018 (Valur Ingimundarson) 2018-2019

Fjallað verður um mótun og framkvæmd bandarískrar utanríkisstefnu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Sjónum verður beint að pólitískum gildum, menningu, samspili innanríkis- og utanríkismála, almenningssáliti, stöðu forseta og þings, hervaldi, áróðri og sálfræðihernaði og stöðu Bandaríkjanna í alþjóðakerfinu. Greindar verða margvíslegar birtingarmyndir bandaríska heimsveldisins og viðbrögðum við hugmyndafræði þess, forræði í alþjóðamálum og „fjölda- og neyslumenningu“. Þá verður áhersla

lögð á landfræðipólitíska nálgun eins og samskiptin við Evrópu, Asíu og „Þriðja heiminn“ – og einstök ríki eins og Sovétríkin/Rússland, Bretland, Þýskaland, Frakkland Japan og Kína – á tímabili kalda stríðsins og frá lokum þess. Utanríkisstefna Bandaríkjanna verður sett í hugmyndafræðilegt samhengi við kalda stríðið, lýðræði, kapitalisma, kommúnisma, mannréttindi, kynþætti, kynjahlutverk, alþjóðalög, alþjóðastofnanir og svæðisbundin bandalög. Þá verður fjallað um bandaríska orðræðu um hervald og beitingu þess, eins og í Víetnamstríðinu, í stríðunum í fyrrverandi Júgóslavíu, „stríðinu gegn hryðjuverkum“ og hernaðinum í Afganistan, Írak, Líbíu og Sýrlandi. Stuðst verður við margvíslegar kenningar og hugtök í sagnfræði, alþjóðastjórnámálum og menningarsögu í greiningu á viðfangsefninu.

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni (Kristjana Kristinsdóttir) 2018-2019

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni Íslands. Gert er ráð fyrir daglegri viðveru í 2-3 vikur sem fæli í sér: Viðtöl við lykil starfsmenn til kynningar á ákveðnum verkefnum/sviðum þ.e.:

- Skráning skjalasafna.
- Rafræn skjalavarsla.
- Heimsókn í embætti til skoðunar á skjalavörslu þess/eftirlit með
- skjalavörslu.
- Skoðun á skjalaforða Þjóðskjalasafns.
- Lestrarsalur, viðvera.
- Viðgerðarstofa.
- Óbyggðaverkefni.
- Fyrirspurnafundir.
- Útgáfumál/miðlun.
- Almenn dagleg afgreiðsla á safninu.

Nemendur eiga að kynna sér almennt með viðtölum og vettvangsskoðun öll helstu verksvið Þjóðskjalasafns. Gert er ráð fyrir að nemendur færi dagbók og lýsi þar verkefnum dagsins. Jafnframt eiga nemendur að velja sér ákveðið áhugasvið/málefni innan safnsins til sérstakrar athugunar. Námsmat er byggt á dagbókinni og greinargerð um áhugasviðið/málefnið.

Norðurheimur á miðöldum (Viðar Pálsson) 2018-2019

Sögulegt yfirlit og saga rannsóknarhefðar um valin þemu norrænna miðalda, með áherslu á Ísland og Noreg frá víkingaöld fram til fjórtándu aldar. Þemu telja, m.a.: vald, konungur og ríki; lög og fæðardeilur; kyngervi, mægðir og félagstengsl; trú og hugarfar; kristnitaka, kristni og kirkja; efnahagur. Grunnþekking í atburðasögu tímabilsins er hjálpleg en ekki skilyrði. Leskunnátta í þýsku og norrænum málum er einnig hjálpleg en ekki skilyrði (skyldulesefni er allt á ensku). Nemendur semja eina ritgerð og stýra umræðum; ekkert skriflegt próf.

Norðurlönd: Saga og samfélag (Sumarliði R. Ísleifsson, Ann-Sofie Nielsen Gremaud, Árni Daníel Júlíusson, Guðmundur Jónsson og Eiríkur Bergmann Einarsson) 2018-2019

Námskeiðið miðar að því að auka þekkingu og skilning nemenda á sögu Norðurlanda frá 19. öld til samtímans og sameiginlegum menningar- og stjórnmálaarfi þeirra. Fjallað er um myndun þjóðríkja á 19. öld, iðnvæðingu og almenna efnahagsþróun, stjórnmál og flokka, Norðurlönd á alþjóðavettvangi frá 19. öld til samtímans og samvinnu norrænu ríkjanna sín á milli. Sérstök áhersla er lögð á að skoða hugtakið norræn samfélagsgerð, den nordiske model, sérkenni norrænu velferðarríkjanna í alþjóðlegum samanburði og sögulega þróun þeirra á 20. öld. Kennt er á íslensku og dönsku.

Hagnýtt verkefni í skjalfræði (Kristjana Kristinsdóttir) 2018-2019

Gert er ráð fyrir að nemandi vinni að verkefni sem getur t.d. falið í sér skráningu og frágang á opinberu skjalasafni eða einkaskjalasafni ásamt greinargerð, innslátt á skjölum til notkunar eða birtingar t.d. á netinu, stafræna vinnslu á skjölum eða við hverja þá vinnu sem til fellur á skjalavörslustofnun. Jafnframt er hugsanlegt að vinna við skjalasafn stofnunar eða hjá einkaaðila með greinargerð um þá vinnu t.d. við gerð málalýkils, skjalavistunaráætlunar eða við tilkynningu á rafrænu kerfi.

Framhaldsnám

Nýjar rannsóknir í sagnfræði (Guðmundur Jónsson og Íris Ellenberger) 2018-2019

Námskeiðinu er ætlað að dýpka þekkingu og skilning nemenda á nýjum rannsóknum í sagnfræði.

Valnámskeið

Hugmyndasaga eftir 1750 (Henry Alexander Henrysson) 2018-2019

Hugmyndasaga Vesturlanda eftir 1750 er bæði stórbrotin, áhugaverð og þversagnakennd. Í henni takast á fjölmargir ólíkir þræðir. Skynsemis- og andskynsemishyggja, vísindatrú og andleg málefni, fortíðarþrá og fútúrismi, friðarvon og stríðsæsingur eru dæmi um þær andstæður sem einkenna tímabilið. Námskeiðinu er ætlað að veita yfirlit yfir sögu hugmynda Vesturlanda frá upplýsingu til sjötta áratugar tuttugustu aldar. Sérstök áhersla verður lögð á ofangreinda þætti eins og þeir koma saman í flóknu samspili stjórnmála, vísinda og samfélags. Nemendur verða einnig hvattir til að kynna sér einstök atvik og lykilhugmyndir í þessari sögu sem koma ekki fyrir þegar skimað er hratt yfir tímabilið. Eitt helsta markmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum aðferðir við ritun hugmyndasögu. Kennsla [fer] fram í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Gert er ráð fyrir lifandi umræðum í tímum þar sem nemendur fá tækifæri til að gera grein fyrir áhugasviðum sínum innan vísinda, menningar eða stjórnmála.

2019-2020

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Ragnheiður Kristjánsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon) 2019-2020

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimildafræði, meginlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Átök og alþýða: Íslandssaga fyrir 1815 (Bragi Þorgrímur Ólafsson, Guðrún Harðardóttir og Ryan Eric Johnson) 2019-2020

Í námskeiðinu er fjallað um sögu Íslands frá landnámi til upphafs nítjándu aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað um tímabilið frá landnámi til siðaskipta og er próf úr þeim hluta í október. Í síðari hluta námskeiðs er fjallað um árin frá 1550 – 1815 og unnin heimildaritgerð úr gögnum Landsnefndarinnar fyrir (1770 – 1771). Í fyrri hluta er einkum farið yfir landnámið og uppruna Íslendinga, þjóðveldið, pólitísk innanlandsátök og kerfisbreytingu með Gamla sáttmála. Einnig er farið í samspil og átök veraldlegs valds og kirkjuvalds í mismunandi myndum yfir tímabilið. Helstu viðfangsefni í síðari hluta verða fjölskyldur, húsagi og landsagi, menntun og hugarfar, byggðir og landshagir, upplýsing og framfarir. Þessi viðfangsefni verða sett í samhengi við almenna sagnaritun tímabilsins. Í báðum hlutum er saga Íslands sett í samhengi við umheiminn. Áhersla er lögð á að nemendur vinni með frumheimildir. Kennslan fer fram í fyrirlestrum og í umræðutímum.

Heimsveldi og byltingar: Heimssaga fyrir 1815 (Már Jónsson og Sigurður Gylfi Magnússon) 2019-2020

Í fyrri hlutanum verður fjallað um fornríki og siðmenningu handan Evrópu (Egypta, Súmera, Assýringa, Babýlóníumenn og fleiri) og helstu menningarskeið Evrópu í fornöld (Grikkir, Rómverja) og á miðöldum. Gætt verður jafnvægis í yfirsýn yfir hagsögu, félagssögu, menningarsögu og valdasögu eftir því sem kostur er og efni standa til. Í seinni hlutanum verður fjallað um tímabilið 1500-1815. Eftirfarandi þemu verða tekin fyrir: Landaleit, nýlenduvelldi og samskipti menningarheima; siðaskiptin í Evrópu; efling ríkisvalds, m.a. í Frakklandi, Englandi og Rússlandi; þjóðfélagsstéttir, evrópskt samfélag og staða

kvenna; Vísindabyltingin og Upplýsingin; amerísku og frönsku byltingarnar og síðast en ekki síst Napóleon.

Þjóð, ríki og samfélag: Saga Íslands á 19. og 20. öld (Guðmundur Jónsson, Magnús Sveinn Helgason og Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2019-2020

Veitt er yfirsýn yfir meginatburði í Íslandssögu og þróun íslensks samfélags frá því um 1815 til loka 20. aldar, einkum nývæðingu samfélagsins, þjóðríkismyndun, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja á íslenskt þjóðfélag og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Helstu viðfangsefni eru: þjóðernisstefna og sjálfstæðisbarátta, myndun þjóðríkis, stjórnkerfi og stjórnmalabarátta, utanríkismál, atvinnu- og byggðaðróun, lífskjör og velferðarkerfið, menntun og menning.

Vald, hugmyndir og nútíminn: Heimssaga 19. og 20. aldar (Valur Ingimundarson og Sveinn Máni Jóhannesson) 2019-2020

Þetta námskeið spannar heimssögu frá 1815 til upphafs 21. aldar. Í fyrri hluta námskeiðsins verður fjallað [um] sögu tímabilsins frá 1815 fram yfir fyrri heimsstyrjöld, og þá einkum sögu Evrópu. Þar verður fjallað m.a. um uppruna og þróun þjóðríkja, evrópska menningarsögu, sögu iðnbyltingar og stjórnmalahugmynda, nýlendustefnu og aðdraganda og áhrif fyrri heimsstyrjaldar. Í seinni hluta námskeiðsins verður fjallað um samtímasögu og sjónum beint að þeim breytingum sem orðið hafa á alþjóðakerfinu frá árunum milli heimsstyrjaldanna tveggja. Áhersla verður lögð á stjórnmalastefnur eins og kommúnisma og nasisma/fasisma, þróun velferðarkerfisins í Vestur-Evrópu og Evrópusamrunann, kalda stríðið á heimsvísu og þróun heimsvelða eins og Bandaríkjana og Sovétríkjana, afnám nýlendustefnunnar og afleiðingar hennar í Afríku og Asíu, deilur um hnattvæðingu með skírskotun til sögulegra þátta og kenninga.

Sagnaritun og söguspeki (Guðmundur Jónsson) 2019-2020

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og kenningar (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2019-2020

Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu og færni nemenda í skilningi og notkun á þeim hugtökum og kenningar sem notuð eru í fræðilegri umfjöllun um samfélög, menningu og stjórnmal. Meðal þeirra hugtaka, sem fjallað verður um í námskeiðinu, má nefna: þjóðerni, sjálfsmynd/sjálfsvitund, hlutlægni, kyn, minni, ríkið, stéttir og menningu.

Miðlun í sagnfræði (Sumarliði R. Ísleifsson, Guðmundur Hörður Guðmundsson, Hrefna Róbertsdóttir, Páll Baldvin Baldvinsson og Sigurjón Ólafsson) 2019-2020

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að rita um sagnfræðilegt efni og miðla sögulegri þekkingu með ólíkum miðlunarleiðum. Áhersla er lögð á að veita nemendum hagnýta þekkingu og þjálfun við að vinna með og setja fram sögulegt efni t.d. með texta, myndum, lifandi myndum, á vef og með munnlegum frásögnum. Fjallað er um undirbúning og ritun BA-ritgerðar og náms- og starfsmöguleika að loknu námi.

Valnámskeið

Sögur og samfélag (Sverrir Jakobsson) 2019-2020

Í námskeiðinu verður fjallað um íslenskt samfélag á 12. og 13. öld í ljósi Íslendingasagna og fleiri ritheimilda. Meðal þess sem sérstaklega verður til umræðu eru lýsingar sagnanna á deilumynstri og þeim gildum sem liggja til grundvallar í blóðhefnarsamfélagi þjóðveldisaldar. Einnig verður fjallað um valdakerfi þjóðveldisaldar eins og því er lýst í sögunum, stöðu kynjana og samskipti þeirra á milli og viðhorf til hins framandlega. Sérstaklega verður hugað að stöðu sagnanna sem sagnarita og þeirrar fortíðarsýnar sem birtist í þeim.

Skjalalestur 1550-1850 (Már Jónsson) 2019-2020

Nemendur öðlast færni í að lesa íslenska skrift frá tímabilinu, einkum frá 17. og 18. öld. Farið verður í helstu atriði skriftarþróunar, rætt um varðveislu ritheimilda og kynntar aðferðir við útgáfu gamalla texta.

Íslam og kristni 1450–1850 (Már Jónsson) 2019-2020

Upphaf beggja trúarbragða, helstu kennisetningar og útbreiðsla í fyrstu verða rakin í stuttu máli, en fjórir meginþættir síðan teknir fyrir rækilega: 1) Landvinningar Ottómana frá miðri 14. öld með áherslu á yfirtöku Konstantínópel árið 1453 og útpenslu á Balkanskaga og í Norður-Afríku eftir það. 2) Brottrestur múslima frá Spáni árin 1570–1614 með hliðarspori að Tyrkjaráni á Íslandi sumarið 1627. 3) Trúarlegar og hugmyndafræðilegar forsendur samskipta á 17. og 18. öld eins og þær birtast í ferðalýsingum og þýðingum, landvinningum, verslun og viðskiptum. 4) Frelsisstríð Grikkja undan Tyrkjaveldi á þriðja áratug 19. aldar og úrslitaáhrif Rússa, Englendinga og Frakka, með könnun á því hvernig þessum atburðum var lýst í íslenskum fjölmiðlum. Nemendur öðlast yfirsýn yfir viðfangsefnið og kynnast sérhæfðum rannsóknum á afmörkuðum sviðum, en vinna jafnframt verkefni sem þeir kynna munnlega og skila skriflega.

Grikklandssaga (Sverrir Jakobsson og Geir Þórarinn Þórarinnsson) 2019-2020

Fjallað verður um sögu Grikklands frá mínóískum tíma og fram að innlimun grísku borgríkjanna í Rómarveldi. Áhersla verður lögð á klassískan og hellenískan tíma, tilkomu lýðræðis innan borgríkjanna, Persastríðin og Pelopsskagastyrjöldina, heimsveldi Alexanders mikla. Einnig verða rakin örlög arftakaríkjanna í Makedoníu, Sýrlandi og Egyptalandi.

Nasisminn og „kynþáttaríkið“: Saga, hugmyndafræði, arfleifð 1919–2019 (Valur Ingimundarson) 2019-2020

Fjallað verður um uppgang og þróun nasismans og arfleifð hans 1919–2019. Áhersla verður lögð á að kryfja ýmis álitamál í sagnaritun og rannsóknum á nasisma og tengslum hans við fasisma. Uppgangur Nasistaflokksins í Þýskalandi verður settur í samhengi við fyrri heimsstyrjöld og það kreppuástand sem skapaðist á dögum Weimar-lýðveldisins. Hugað verður að félags- og kynþáttaríkni nasista sem og stöðu kvenna og minnihlutahópa í þriðja ríkinu. Sjónum verður beint að hugmyndalegum þáttum eins og þjóðernishyggju og kynþáttahyggju, hlutverki nútímavæðingar og hefðarhyggju og menningarstefnu og áróðri. Þá verður utanríkisstefna Hitlers greind og fjallað um stríðsrekstur og útrýmingarherferðir. Enn fremur verður nasistastjórnin borin saman við alræðis-, valdboðs- og fasistastjórnir á árunum milli stríða. Loks verður vikið að uppgjöri þjóðverja við nasismann frá lokum síðari heimsstyrjaldar og fjallað um fasísk áhrif í samtímanum, m.a. með vísan í þróun róttækrar hægri þjóðernisstefnu og popúlisma.

Hjónabandið, heimilið og vinnan: Hagsaga íslensku og evrópsku fjölskyldunnar (Guðmundur Jónsson) 2019-2020

Í námskeiðinu er fjallað um líf skjör og lífnaðarhætti fjölskyldunnar á Íslandi á síðustu öldum í samanburði við önnur lönd Norður-Evrópu. Við skoðum fjölskyldulíf í samspili við félagslegar, efnahagslegar og lýðfræðilegar breytingar allt frá tímum bændasamfélags 18. aldar til iðnaðarsamfélags 20. aldar. Rætt er um hjónabandið og efnahagslega þýðingu þess; stærð og gerð fjölskyldunnar í ljósi lýðfræðilegra þátta s.s. giftinga, frjósemi og dánartíðni; og sérkenni heimilisbúskapar í bændasamfélaginu. Fjallað er um áhrif þéttbýlismyndunar og iðnvæðingar á fjölskyldugerð og lífnaðarhætti fjölskyldna, flutning vinnu og framleiðslu frá heimilum til fyrirtækja og leiðir fjölskyldunnar til að afla sér lífsbjargar; nýja verkaskiptingu kynjanna (fyrirvinnukerfið) og „öld húsmóðurinnar“; nýjar hugmyndir um „heimilisrækni“ og hlutverk fjölskyldunnar. Þá er rætt um róttækar breytingar á fjölskyldumynstri og hlutverka- og verkaskiptingu kynjanna eftir 1960 sem að margra áliti boðuðu „kreppu fjölskyldunnar“.

Skjalasöfn og skjalavarsla (Kristjana Kristinsdóttir) 2019-2020

Æfingar í lestri og ráðningu skriftar. Upprunareglan og þýðing hennar fyrir sagnfræðirannsóknir og ágríp stjórnsýslusögu. Ferill skjala frá pappírnum á skrifstofu í dag yfir í sagnfræðilegar heimildir. Gamlar og nýjar skjalavörsluaðferðir, rafræn skjalavarsla. Röðun og skráning skjalasafna. Heimildaleit í skjalasöfnum. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

„Fortíðarvandi“ þjóða og skipulagt ofbeldi: Stjórnsmál minninga, stríðsglæparéttarhöld og sannleiksnefndir á 20. og 21. öld (Valur Ingimundarson) 2019-2020

Fjallað verður um samspil sögu, minnis og stjórnsmálmenningar í tengslum við „fortíðarvanda“ þjóða á 20. og 21. öld. Sjónum verður beint að sögulegum áföllum og skipulögðu ofbeldi og viðbrögðum við þeim í ríkjum eins og Þýskalandi (nasisminn og helförin), Rússlandi (stalínismi), Japan (síðari heimsstyrjöld og afleiðingar kjarnorkuárása), Spánn (borgarastríðið), Bandaríkjunum (Víetnam), Balkanskaga (þjóðernishreinsanir og nauðganir í stríði), Rúanda (þjóðarmorð), Japan (hernám) og Frakklandi (Vichy-stjórnin og nýlendustríð í Alsír). Viðfangsefnið verður m.a. greint út frá hugmyndum um stjórnkerfisbreytingar (s.s. frá einræði til lýðræðis), réttarfarsleg úrræði á umbreytingatímum (transitional justice), „sekt“ samfélaga og einstaklinga, „endursköpun sögunnar“ og „staði minninga“. Enn fremur verður hugað sérstaklega að hlutverki sannleiksskýrslna, sáttanefnda og stríðsglæparéttarhaldna. Stuðst verður við kenningar og aðferðir í stjórnsmálasögu og stjórnsmálafræði með áherslu á sögulegt minni, sameiginlegar minningar, þjóðernishyggju, alþjóðastjórnsmál, alþjóðalög og kyngervi.

Alþýðumenning og hversdagsiðkun læsis 1730-1930 (Davíð Ólafsson og Sigurður Gylfi Magnússon) 2019-2020

Sé litið til formlegrar umgjarðar menntamála og bókmennningar á Íslandi markast tímabilið 1730-1930 af miklum umskiptum. Í upphafi þess voru engir skólar starfræktir innanlands fyrir utan prestaskóla á biskupsstólum og útgáfa prentaðra bóka að mestu bundin við trúarlegt efni undir einokun Hólastóls. Uppfræðsla barna fór fram á grunni konunglegra tilskipanna sem kváðu fyrst og fremst á um að þau öðluðust grunnþekkingu á kristindómi. Í lok þessa skeiðs höfðu fræðslulög verið við lýði í rúma tvo áratugi. Nokkur fjöldi barnaskóla var þá starfræktur í þéttbýlisstöðum og farskólar starfræktir í dreifðari byggðum um lengri eða skemmri tíma. Markaður með ritað mál var kominn vel á legg víða um land og bækur, blöð og tímarit voru gefin út og prentuð í öllum landsfjórðungum. Samhliða þessum umbreytingum sem skráðar eru í fjölmörgum frásögnum af ferð Íslands frá gamla sveitasamfélaginu til nútímans má greina annan söguþráð. Sé sjónum beint að bóklegri menningu alþýðufólks á Íslandi í þeirra hversdagslífi kemur í ljós iðkun á sviði menntunar og miðlunar sem stóð að miklu leyti utan við þá formlegu umgjörð sem rædd er hér að framan. Á undanförunum árum hafa rannsóknir leitt í ljós hóp fólks frá fyrri tíð sem starfaði á óskilgreindu menningarsvæði í samfélaginu (e. in-between spaces) en hafði gríðarleg áhrif á framvindu ýmissa sviða þjóðlífsins. Þessi hópur verður til umfjöllunar í námskeiðinu en þeir hafa fengið viðurnefnið „berfættu sagnfræðingarnir“. Skoðaðar verða rannsóknir erlendis af svipuðum hópum og þær bornar saman við innlendar rannsóknir og fulltrúa hinna íslensku berfætlinga. Efniviðurinn sem liggur eftir hópinn, sem er af margvíslegum toga, verður lagður til grundvallar í námskeiðinu og hann rannsakaður. Námskeiðið er kennt í tveimur greinum og á tveimur númerum, sagnfræði og menningarfræði.

Veruleikar, falsanir og blekkingar – Menningarsaga samtímans (Sigurður Gylfi Magnússon) 2019-2020

Á síðari árum hefur menningarhugtakið gengið í gegnum miklar breytingar. Fræðimenn, listamenn og almenningur hefur tekið þátt í að endurskilgreina hugtakið og laga að breyttum aðstæðum í heiminum. Í kjölfar hins nýja skilnings á menningarhugtakinu, sem stundum er eignaður póstmódernískum tímum, hafa kenningar um menningu og menningarmiðlun tekið örum breytingum. Fram hefur farið einhver sú áhugaverðasta umræða í langan tíma um fortíð, nútíð og framtíð og hvernig best sé að meta vægi tímans í fræðum, listum og í hversdags lífinu. Mjög eru skiptar skoðanir um ágæti þessara nýju viðhorfa og sannarlega hafa hefðbundin viðhorf enn mikið vægi í hinni menningarlegu umræðu á ýmsum sviðum mannlífsins. Námskeiðið sem hér er til umræðu mun bjóða upp á umræðu um þróun

menningarhugtaksins út frá mörgum hliðum sem tengjast samfélagi, fræðum og einstaklingum bæði á 19. og 20. öld.

Fátækt fólk (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2019-2020

Í námskeiðinu verður tekist á við fræðilega og pólitíska umræðu um fátækt fólk frá miðri 19. öld og til samtímans. Tímabilið spannar þær breytingar sem urðu á efnahags-, menningar- og stjórnmálalífi á 19. öld, kreppuna miklu, uppbyggingu velferðarkerfis eftir seinna stríð, hnattvæðinguna og hrunið 2008. Fátækir Íslendingar verða í forgrunni, en jafnframt koma við sögu hugmyndir áhrifamikilla kenningasmiða um orsakir fátæktar í heiminum og leiðir til að útrýma henni.

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni (Kristjana Kristinsdóttir) 2019-2020

Vettvangsverkefni á Þjóðskjalasafni Íslands. Gert er ráð fyrir daglegri viðveru í 2-3 vikur sem fæli í sér: Viðtöl við lykil starfsmenn til kynningar á ákveðnum verkefnum/sviðum þ.e.:

- Skráning skjalasafna.
- Rafræn skjalavarsla.
- Heimsókn í embætti til skoðunar á skjalavörslu þess/eftirlit með
- skjalavörslu.
- Skoðun á skjalaforða Þjóðskjalasafns.
- Lestrarsalur, viðvera.
- Viðgerðarstofa.
- Óbyggðaverkefni.
- Fyrirspurnafundir.
- Útgáfumál/miðlun.
- Almenn dagleg afgreiðsla á safninu.

Nemendur eiga að kynna sér almennt með viðtölum og vettvangsskoðun öll helstu verksvið Þjóðskjalasafns. Gert er ráð fyrir að nemendur færi dagbók og lýsi þar verkefnum dagsins. Jafnframt eiga nemendur að velja sér ákveðið áhugasvið/málefni innan safnsins til sérstakrar athugunar. Námsmat er byggt á dagbókinni og greinargerð um áhugasviðið/málefnið.

Norðurheimur á miðöldum (Elizabeth Marie Walgenbach og Viðar Pálsson) 2019-2020

Sögulegt yfirlit og saga rannsóknarhefðar um valin þemu norrænna miðalda, með áherslu á Ísland og Noreg frá víkingaöld fram til fjórtándu aldar. Þemu telja, m.a.: vald, konungur og ríki; lög og fæðardeilur; kyngervi, mægðir og félagstengsl; trú og hugarfar; kristnitaka, kristni og kirkja; efnahagur. Grunnþekking í atburðasögu tímabilsins er hjálpleg en ekki skilyrði. Leskunnátta í þýsku og norrænum málum er einnig hjálpleg en ekki skilyrði (skyldulesefni er allt á ensku). Nemendur semja eina ritgerð og stýra umræðum; ekkert skriflegt próf.

Hagnýtt verkefni í skjalfræði (Kristjana Kristinsdóttir) 2019-2020

Gert er ráð fyrir að nemandi vinni að verkefni sem getur t.d. falið í sér skráningu og frágang á opinberu skjalasafni eða einkaskjalasafni ásamt greinargerð, innslátt á skjölum til notkunar eða birtingar t.d. á netinu, stafræna vinnslu á skjölum eða við hverja þá vinnu sem til fellur á skjalavörslustofnun. Jafnframt er hugsanlegt að vinna við skjalasafn stofnunar eða hjá einkaaðila með greinargerð um þá vinnu t.d. við gerð málalykils, skjalavistunaráætlunar eða við tilkynningu á rafrænu kerfi.

Framhaldsnám

Nýjar rannsóknir í sagnfræði (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2019-2020

Námskeiðinu er ætlað að dýpka þekkingu og skilning nemenda á nýjum rannsóknum í sagnfræði.

Valnámskeið: sjá námskeið í grunnnámi.

Sagnfræðileg vinnubrögð (Erla Hulda Halldórsdóttir og Sigurður Gylfi Magnússon) 2020-2021

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimilfræði, meginlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Frá þjóðveldi til konungsvalds – Íslandssaga I (Sverrir Jakobsson) 2020-2021

Í námskeiðinu er fjallað um sögu Íslands frá landnámi til siðaskipta. Farið er yfir landnámið og uppruna Íslendinga, þjóðveldið, pólitísk innanlandsátök og kerfisbreytingu með Gamla sáttmála. Einnig er farið í samspil og átök veraldlegs valds og kirkjuvalds í mismunandi myndum yfir tímabilið. Þessi viðfangsefni verða sett í samhengi við almenna sagnaritun tímabilsins og er saga Íslands sett í samhengi við umheiminn. Áhersla er lögð á að nemendur kynni sér frumheimildir. Kennslan fer fram í fyrirlestrum og í umræðutímum.

Nýtt upphaf: Inngangur að hámiðöldum - Heimssaga I (Viðar Pálsson) 2020-2021

Hámiðaldur (11.-13. öld) voru umbrotatími í evrópsku samfélagi á nær öllum sviðum. Ríkisvald óx í nýjum konungdómum, Rómarkirkjan reis á hátind sinn, borgarsamfélag og peningaefnahagur eflust, lærdómur og menning tóku stakkaskiptum, valdamenning og hirðmenning tóku mið af breyttum forsendum, félagslegri umgjörð og búsetuháttum var umbylt. Sumir fræðimenn hafa kallað þessa þróun „fyrstu byltingu Evrópu“, enda hafi Evrópa í nútímaskilningi þá fyrst orðið til. Meðal þess sem við þurfum að taka afstöðu til í námskeiðinu er að hversu miklu leyti þetta sé réttmæt lýsing. Nýtt upphaf er inngangsnámskeið sniðið að nýnemum í sagnfræði - öðrum er velkominn að nýta það sem valnámskeið. Lesin verður grunnbók um tímabilið en sjónum einkum beint að eftirtöldum þemum í fyrirlestrum: (1) Ríkisvald og konungsmynd; (2) Efling Rómarkirkjunnar og andóf gegn henni; (3) Endurreisn tólftu aldar, bókmenning og lærdómur; (4) Riddaramenning, ofbeldi og krossferðir; (5) Borgarsamfélag, peningaefnahagur, landbúnaður og félagslegar aðstæður. Námsmat byggir á stuttri ritgerð og skriflegu lokaprófi.

Galdur og upplýsing. Íslandssaga II (Már Jónsson og Bragi Þorgrímur Ólafsson) 2020-2021

Fjallað verður um valda þætti í sögu Íslands frá byrjun 16. aldar til upphafs 19. aldar, að þessu sinni með áherslu á sögu hugmynda og hugarfars í samhengi við stefnur og strauma erlendis. Í fyrri hluta námskeiðsins verður einkum rætt um galdramál og vaknandi áhuga á fornritum miðalda, en í síðari hluta verða tekin fyrir umbótaviðleitni yfirvalda í þágu atvinnuvega og menntunar. Nemendur skrifa stutta ritgerð um afmarkað efni sem einkum byggir á frumheimildum.

Nývæðing á fyrri hluta nýaldar – Heimssaga II (Sigurður Gylfi Magnússon) 2020-2021

Þetta námskeið er eitt af kjarnanámskeiðunum og áherslan verður á nývæðingu samfélagsins á fyrri hluta nýaldar. Hugað verður að þáttum eins og siglingum, byssum, púðri, seglum og landafundunum svonefndu þegar Evrópumenn uppgötvuðu tilvist Ameríku. Skoðað verður áhrif og afleiðingar þessa merkilegu atburða fyrir heimssöguna – mannfjöldapróun á öldunum þar á eftir eða allt fram undir 19. öld verða rannsökuð, sem og flæði nýrra fæðutegunda milli heimsálfa. Skoðaðir verða ólíkir þættir í lífi fólks eins og kynlíf, stéttir, fjölskyldur, börn sem og iðnbýltingin og afleiðing hennar. Námskeiðið tekur með öðrum orðum á fjölmörgum þáttum sem tengjast mótun nútíma samfélagsins eins og við þekkjum það í dag.

Efnahagur og lífshættir - Íslandssaga III (Guðmundur Jónsson) 2020-2021

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum yfirsýn yfir meginþætti í félags- og hagsögu Íslands frá byrjun 19. aldar og fram til okkar tíma. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist gagnrýnn skilning á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum Íslendinga og hvernig þær breytast. Jafnframt er leitast við að nemendur öðlist færni við að greina og miðla fræðilegri þekkingu og byggi þar á því sem þeir hafa lært í námskeiðinu Sagnfræðileg vinnubrögð. Helstu viðfangsefni námskeiðsins eru efnahagsleg tengsl Íslands við umheiminn; vöxtur og hnignun landbúnaðarsamfélagsins, orsakir og afleiðingar atvinnubyltingarinnar um 1900, stéttaskipting og nýir lífshættir í iðnaðarsamfélagi; konur, karlar og atvinnulífið; fólksfjöldi og fjölskyldulíf; áhrif heimsstyrjaldanna; kreppan mikla og haftakerfið, hagvöxtur og hagsveiflur; Evrópusamvinna og alþjóðavæðing efnahagslífs; vöxtur velferðarsamfélagsins; atvinnuþróun á lýðveldistímanum; fjármálavæðing efnahagslífs og „Hrunið“.

Lýðræðispróun, iðnbylting, nýlendukappphlaup - Heimssaga III (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2020-2021

Í námskeiðinu er fjallað um sögu tímabilsins frá 1815 og fram í fyrri heimsstyrjöld. Meginumfjöllunarefnið er lýðræðispróun 19. aldar. Þrír þræðir verða dregnir í gegnum þá frásögn: 1) Fjallað verður um hugmyndir um kvenréttindi og kvennahreyfingar 19. aldar í samhengi við almenna þróun kosningaréttar, afnám þrælahaðs og velferðarmál. 2) Sú umfjöllun er svo tengd við þjóðernishugmyndir og mótn þjóðríkja á tímabilinu og þá um leið hver uppfylli skilyrðin um þegn/borgara. 3) Þriðji þræðurinn tengist hinum tveimur – nýlendukappphlaup Evrópuríkja, Bandaríkja og Japans og áhrif þess á samfélög í Afríku og Asíu.

Stjórnsmál og menning — Íslandssaga IV (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2020-2021

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum gagnrýnn skilning á sagnaritun um þróun íslensks stjórnmála- og menningarlífs frá upphafi níttjándu aldar til samtímans. Sjónum er beint að eftirtöldum þáttum: (i) þjóðríki og sjálfstæðisbarátta, (ii) lýðræði, (iii) menning og menntun, (iv) kyn, kynverund og stéttir, (v) flokkar og hagsmunasamtök og (vi) tengsl við umheiminn. Áhersla er lögð á að setja sögu Íslands í norrænt, vestrænt og hnattrænt samhengi. Í námskeiðinu fá nemendur þjálfun í að lesa og ræða frum- og eftirheimildir sem og í að afla heimilda og skrifa fræðilegan texta um afmarkað viðfangsefni.

Valdastjórnsmál, hugmyndabarátta og andspyrna á 20. öld: Heimssaga IV (Valur Ingimundarson) 2020-2021

Á námskeiðinu verður fjallað um alþjóðasögu á 20. öld með áherslu á þær breytingar sem orðið hafa á alþjóðakerfinu og –stjórnsmálum. Í fyrsta lagi verður sjónum beint að nýrri ríkjaskipan í Evrópu eftir fyrri heimsstyrjöld og áhrifum nýrra stjórnmálastefna eins og kommúnisma og nasisma/fasisma. Í annan stað verður gerð grein fyrir aðdraganda og þróun síðari heimsstyrjaldar og afleiðingum hennar, einkum afnám nýlendustefnunnar og þjóðernisbaráttu í Afríku og Asíu. Í þriðja lagi verður fjallað um birtingarmyndir þess valdakerfis sem lá kalda stríðinu til grundvallar og forræðisstöðu Bandaríkja og Sovétríkja. Loks verður vikið [að] breytti heimsskipan og nýjum valdahlutföllum í samtímanum, þar sem rætt verður um uppgang Kína og samkeppni við Bandaríkin.

Sagnaritun og söguspeki (Guðmundur Jónsson) 2020-2021

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og kenningar (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2020-2021

Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu og færni nemenda í skilningi og notkun á hugtökum og kenningum sem notuð eru í sagnfræði og fræðilegri umfjöllun um samfélög, menningu og stjórnmál. Meðal þeirra hugtaka sem fjallað verður um í námskeiðinu eru: þjóðerni, sjálfsmyndir, kyngervi, minni, stéttir og menning.

Miðlun í sagnfræði (Már Jónsson og Sólveig Ólafsdóttir) 2020-2021

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að rita um sagnfræðilegt efni og miðla sögulegri þekkingu með ólíkum miðlunarleiðum. Áhersla er lögð á að veita nemendum hagnýta þekkingu og þjálfun við að vinna með og setja fram sögulegt efni t.d. með texta, myndum, lifandi myndum, á vef og með munnlegum frásögnum. Fjallað er um undirbúning og ritun BA-ritgerðar og náms- og starfsmöguleika að loknu námi.

Valnámskeið

Rómverja saga (Viðar Pálsson) 2020-2021

Arfur Rómaveldis í vestrænni menningu síðari alda er afgerandi og ristir djúpt. Í þessu námskeiði verður fjallað um sögu Rómaveldis frá upphafi fram til fjórðu aldar, frá stofnun borgarinnar til Konstantínusar mikla. Þetta er stórveldistími Rómar, þar sem hún rís frá því að vera bær í afskekktu héraði til stórborgar sem drottnaði yfir og skóp heim Miðjarðarhafsins. Þetta er ekki einföld saga um ris, hátind og hnignun heldur margbrotin saga umbreytinga og átaka í stjórnmálum og stjórnspeki, menningu og listum, efnahag og verslun, trú og heimsmynd, lífskjörum og félagslegum aðstæðum. Auk grunnbókar um sögu tímabilsins — Mary T. Boatwright et al., *The Romans: From Village to Empire; A History of Rome from the Earliest Times to the End of the Western Empire*, 2. útg. (Oxford: Oxford University Press, 2011) — verða lesnar frumheimildir eftir Júlíus Sesar, Livíus, Dio Cassius, Svetóníus, Tacitus, Virgil, Óvídís og fleiri. Sérstaklega verður hugað að heimildagrundvelli sögunnar, bæði ritheimildum og fornleifum, og spurt hvaða möguleika við höfum til þess að túlka og skilja horfinn heim. Skipti hlutur einstakra leikenda höfuðmáli eða flutu þeir á undirstraumi annarra aflavaka sögulegrar þróunar? Horft verður á nýlega leikna heimildapáttaröð, *Roman Empire: Reign of Blood*, *Master of Rome*, *The Mad Emperor* (Netflix, 2016–19) og gagnrýninna spurninga spurt um hvernig fortíðin birtist okkur í frásögn. Námsmat byggir á ritgerð og lokaprófi.

Saga Kína I. Frá fornöld til um 1600 (Sverrir Jakobsson og Meghan Anne Korten) 2020-2021

Þetta námskeið fjallar um sögu Kína frá goðsögulegum tíma Xia-veldisins á þriðja árþúsundi f.Kr. fram að 1600. Varpað verður ljósi á jafnt þær breytur sem varðað hafa mestu um mótun kínverskrar menningar sem einstaka viðburði í pólitískri og samfélagslegri framvindu þjóðarinnar. Veitt verður yfirlit yfir tilkomu og þróun áhrifamestu kínversku trúarbragða- og hugmyndakerfa, einkum konfúsíanismi, daoismi og búddismi. Samskipti Kínverja við aðrar þjóðir verða í öndvegi.

Rannsóknir og heimildaleit í skjalasöfnum (Helga Jóna Eiríksdóttir) 2020-2021

Nemendur læra og þjálfast í aðferðum skjalfræðilegra rannsókna, heimildaleit í skjalasöfnum og að meta heimildagildi skjala. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

Norrænir menn í Austurvegi (Sverrir Jakobsson, Daria Segal og Þórir Jónsson Hraundal) 2020-2021

Víkingaferðir norrænna manna á 8., 9. og 10. öld beindust bæði í vesturátt, til Norður-Atlantshafsins, Bretlandseyja og Vestur-Evrópu, og í austurátt, yfir sléttur Rússlands og alla leið til Konstantínópel. Hafa víkingar í Austurvegi iðulega verið nefndir væringjar enda er það hugtak notað yfir hluta þeirra í bæði grískum og norrænum heimildum. Þessi rannsókn felur í sér endurmat á ritheimildum um ferðir norrænna manna í Austurvegi, á latínu, grísku, arabísku, forníslensku og fornslavnesku. Ætlunin er að taka sögu norrænna manna í Austurvegi til endurskoðunar í heildrænu samhengi og leggja sérstaka áherslu á hvernig meta beri heimildir frá mismunandi orðræðusamfélögum. Rannsóknin er hugsuð sem framlag til íslenskrar hugarfarssögu og til sögu miðaldaorðræðunnar um væringja.

Konur á 20. öld (Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2020-2021

Í námskeiðinu verður fjallað um líf og stöðu íslenskra kvenna á 20. öld. Í því samhengi verður skoðað hvernig þjóðfélagsbreytingar, tæknipróun og nýir menningarstraumar mótuðu og breyttu lífi kvenna. Jafnframt því verður spurt hvernig og að hvaða marki konur tóku þátt [í] að móta þessar breytingar. Sjónum verður ekki aðeins beint að breytingum á formlegri stöðu þeirra, eins og því þegar konur fengu kosningarétt og kjörgengi. Áherslan verður ekki síður á að skoða hvernig konur nýttu sér breyttar

aðstæður til að móta sér líf sem var í grundvallaratriðum öðru vísi en líf formæðra þeirra á 19. öld. Þannig verður leitast við að skoða upplifun og reynslu fjölbreytts hóps kvenna, ólíkra kynslóða sem og kvenna úr mismunandi þjóðfélagshópum. Við sögu koma kvenréttindakonur, menntakonur, óskólagengnar alþýðukonur, íhaldssamar konur og róttækar, konur í peysufötum, þröngum pilsu og mussum, sveitastelpur og borgarpíur, fegurðardísir og pönkstelpur. Lögð er áhersla á að kynna og ræða erlendar kenningar og rannsóknir á þessu sviði og skoða í samhengi við íslenskan veruleika og rannsóknir. Jafnframt því verður nemendum falið að gera litla frumrannsókn á afmörkuðu efni og leggja þannig sitt af mörkum til að búa til sögu sem enn er að miklu leyti óskrifuð.

Bretland á 20. öld (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2020-2021

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum innsýn í fræðilega umræðu um breskt samfélag á 20. öld. Áherslan verður á menningar-, hugmynda- og félagssögu, en einnig verður litið til afmarkaðra þátta breskrar stjórnmálaþróunar. Verkafólk, aðall, menntamenn, millistéttir og konungsfjölskyldan munu koma við sögu en einnig örlög heimsveldisins og áhrif heimsstyrjaldanna, Bítarnir og 68 kynslóðin sem og þjóðernisstefna Skota, Walesbúa og Íra.

Ástir Íslendinga 1500-1900 (Már Jónsson) 2020-2021

Fjallað verður um lagalegar, trúarlegar, siðferðilegar og fjárhagslegar undirstöður hjónabandsins. Spurt verður, meðal annars, hvort makaval hafi verið frjálst eða einkum ráðist af hagsmunum fjölskyldna. Mestur hluti námskeiðsins verður þó helgaður framferði sem var bannað. Stóridómur frá 1564 verður þar í lykilhlutverki, sem kvað á um líflát við alvarlegustu blóðskömm og lagði fjölbreyttar refsingar aðrar við framhjáaldi. Samkynhneigð verður rædd og kyngervi, kynferðislegt ofbeldi og hjónaskilnaðir, sem og lífskjör óskilgetinna barna. Lesin verða íslensk og erlend fræðirit, en ekki síst frumheimildir. Nemendur vinna verkefni á grundvelli óútgefna heimilda og kynna niðurstöður á málþingi.

1703: Bændasamfélag undir álagi (Guðmundur Jónsson) 2020-2021

Í námskeiðinu er fjallað um lífskjör og lifnaðarhætti almennings í bændasamfélagi 18. aldar, hagi stétta og samskipti þeirra sín á milli. Umfjöllunin er sett í samhengi við fræðilega umræðu um bændasamfélög í Evrópu. Eitt meginþema námskeiðsins er skoða samfélagið undir miklu álagi í langvarandi harðindakafla í kringum aldamótin 1700 og hvernig almenningur og yfirvöld brugðust við því. Ástandið á Íslandi er skoðað í ljósi rannsókna á fæðukreppum, einkum hugmynda um „veikleika og viðnámsþrótt“ samfélaga. Áhersla er lögð á verkefnavinnu nemenda, einkum vinnu með frumheimildir á borð við manntalið og kvikfjártalið 1703, jarðabókina 1702–1714 og skjöl landsnefndarinnar fyrri. Sagnfræðingar koma í heimsókn og greina frá rannsóknum sínum sem tengjast efni námskeiðsins.

Bandarísk stjórnmál í skugga menningarstríðanna (Magnús Sveinn Helgason) 2020-2021

Námskeiðið veitir yfirsýn yfir bandaríska stjórnmála- og samfélagsþróun eftir seinna stríð með áherslu á tímabilið eftir kosningu Richard M. Nixon 1968, og hvernig stjórnmálin hafa endurspeglað samfélagsleg átök um þær miklu félagslegu og menningarlegu breytingar sem hafa orðið á bandarísku samfélagi á þessum tíma. Þessi átök, sem oft er lýst sem Menningarstríðum, The Culture Wars, hverfast um réttindabaráttu kvenna og minnihlutahópa og umbreytingu bandaríks samfélags í fjölmenningsamfélag, stöðu kristinnar trúar og ýmsar táknmyndir bandarískrar þjóðernisímyndar og „hefðbundinna fjölskyldugilda“. Sjónum verður beint að því hvernig leiðtogar Repúblikanaflokksins frá Nixon hafa leitast við að virkja bakslagið gegn [því sem] þessi þróun hefur skapað. Þá verður fjallað um breytingar á stöðu hvítrar verkalýðsstéttar, hnignun verkalýðsfélaga sem pólitísks afls, vægi kristinna íhaldsmanna og þrýstihópa á borð við NRA. Í námskeiðinu verður unnið með fjölbreytt úrval heimilda. Auk fræðilegs texta, kennslubókar og úrvals greina munu nemendur greina ýmsar tegundir heimilda, kvikmyndir, sjónvarpsefni og dægurlagatexta, en einnig frumheimildir á borð við ræður stjórnmálamanna. Námskeiðið er kennt samhliða forsetakosningum í Bandaríkjunum þann 3. nóvember 2020. Kosningabaráttan og kosningarnar sjálfar verða því mikið notaðar í námskeiðinu og nemendur hvattir til að fylgjast með framvindu mála í Bandaríkjunum. Í umræðutímum námskeiðsins

verða atburðir líðandi stundar settir í sögulegt samhengi og krufðir með það að markmiði að gera nemendum kleift að fjalla sjálfstætt og gagnrýnið um bandarísk stjórnsmál.

Opinber skjalavarsla og skjalastjórn í fortíð og nútíð (Helga Jóna Eiríksdóttir) 2020-2021

Í þessu námskeiði er farið yfir hlutverk opinberra skjalasafna og skjalavörslu og skjalastjórn í fortíð og nútíð. Farið verður yfir upprunaregluna og þýðingu hennar fyrir sagnfræðirannsóknir og ágríp af stjórnsýslusögu. Þá verður fjallað um lagaumhverfi opinberra skjalavörslu og skjalastjórnar á Íslandi og eftirlitshlutverk opinberra skjalasafna. Farið verður yfir skilgreiningu á afhendingarskyldum aðilum og skyldum þeirra samkvæmt lögum. Jafnframt verður fjallað um þróun skjalavörslu og skjalastjórnar á 20. og 21. öld og skjalasöfn og skráning þeirra skoðuð. Þá verður fjallað um uppbyggingu nútíma skjalasafna með tilliti til reglna sem um þau gilda. Nemendur taka þátt í verklegum æfingum sem tengjast námsefni.

Norðurlönd, vest-norrænu löndin: Saga og samfélag (Ann-Sofie Nielsen Gremaud, Árni Daníel Júlíusson, Magnús Sveinn Helgason og Pontus Erik Gunnar Jarvstad) 2020-2021

Námskeiðið miðar að því að auka þekkingu og skilning nemenda á sögu Norðurlanda og Vestnorrænu-landanna frá 19. öld til samtímans og sameiginlegum menningar- og stjórnmálaarfi þeirra. Fjallað er um myndun þjóðríkja á 19. öld, iðnvæðingu og almenna efnahagsþróun, stjórnmál og flokka, Norðurlönd á alþjóðavettvangi frá 19. öld til samtímans og samvinnu norrænu ríkjanna sín á milli. Kannað verður hugtakið norræn samfélagsgerð, den nordiske model, sérkenni norrænu velferðarríkjanna í alþjóðlegum samanburði og söguleg þróun þeirra á 20. öld. Sérstök áhersla verður lögð á þróun mála í Vestnorrænu löndunum, Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Kennt er á íslensku og dönsku.

Norðurheimur á miðöldum (Viðar Pálsson) 2020-2021

Sögulegt yfirlit og saga rannsóknarhefðar um valin þemu norrænna miðalda, með áherslu á Ísland og Noreg frá víkingaöld fram til fjórtándu aldar. Þemu telja, m.a.: vald, konungur og ríki; lög og fæðardeilur; kyngervi, mægðir og félagstengsl; trú og hugarfar; kristnitaka, kristni og kirkja; efnahagur. Grunnþekking í atburðasögu tímabilsins er hjálpleg en ekki skilyrði. Leskunnátta í þýsku og norrænum málum er einnig hjálpleg en ekki skilyrði (skyldulesefni er allt á ensku). Nemendur semja eina ritgerð og stýra umræðum; ekkert skriflegt próf.

Evrópsk þéttbýlissaga (Astrid Blanche Narcissa Lelarge) 2020-2021

Í dag, eru borgir hið daglega umhverfi meirihluta mannkyns. Þessi alþjóðlega þéttbýlismyndun er niðurstaða langs sögulegs ferlis. Borgir, fyrir varanlega búsetu, birtast þegar á forsögulegum tíma með kyrrsetu lífsháttum og þróast síðan á fornöld. Þéttbýlissaga rannsakar þetta líkamlega og samfélagslega rannsóknarefni. Hún einblínir á hið byggða umhverfi, hagfræði, stjórnmál, félagsfræði og sérstaka borgarmenningu. Hún greinir hvernig þessir tengjast og vinna saman. Hún rannsakar hvernig borgir vinna saman sín á milli, og tengingu þeirra við aðra búsetustaði, við sveitirnar og við náttúruna. Þéttbýlissaga leitar þekkingar í hagfræði, í stjórnmálum, á félagslegum og menningarlegum sviðum og í umhverfis- og skipulagsgerð. Frá fornöld til dagsins í dag, hefur þéttbýlismyndun aukist - almennt séð - á mismunandi hraða eftir meginlöndum, frá einu þjóðlandi til annars. Evrópa á sérstakan stað í þessari alþjóðlegri sögu, sem er keyrð áfram af útrásarhyggju evrópskra borga og landa. Frá tímum borgarríkja á fornöld og miðöldum til stórborga og höfuðborga í nútímanum, höfðu evrópskar borgir áhrif á, bæði beint (þ.e.a.s. gegnum landnám) og óbeint (þar með talið útbreiðslu menningar), formið sem þéttbýlismyndun heimsins hefur tekið á sig. Námskeiðið fjallar um sögu evrópskrar þéttbýlismyndunar með því að kynna atburðarrásina sjálfa. Á þessu námskeiði, verður sérstök áhersla lögð á borgarrými og samfélag sem myndar það frá fornöld til nútímans, þ.e.a.s. sögu borgarskipulags. Fyrir samtímann, verður þéttbýlismyndun á Íslandi skoðuð sérstaklega. Námskeiðið byrjar á kynningu á þekkingarfræði þéttbýlissögu, tengingu milli þessarar rannsóknar og sagnfræðilegra rannsókna sem gerðar eru í greinum þar sem borgarrými er aðalefni rannsókna (borgarlandafræði, borgarskipulagi, arkitektúr), framlag þéttbýlissögu, innan borgarfræði, til að skilja helstu fyrirbæri samtímans, eins og alþjóðlega

þéttbýlismyndun. Markmiðið er að kynna þéttbýlissögu sem sögulega fræðigrein í sinni þverfaglegu, "transnational" og "transtemporal" vídd. Efni námskeiðsins verður aðallega hannað á grunni leiðandi sagnfræðirita um evrópska þéttbýlissögu og sögu borgarskipulags, ásamt þekkingarfræðilegum ritgerðum.

Framhaldsnám

Nýjar rannsóknir í sagnfræði (Ragnheiður Kristjánsdóttir) 2020-2021

Námskeiðinu er ætlað að dýpka þekkingu og skilning nemenda á nýjum rannsóknum í sagnfræði.

Valnámskeið

Einkaskjallasöfn - varðveisla og notkun þeirra til rannsókna (Njörður Sigurðsson) 2020-2021

Fjallað verður um einkaskjallasöfn, varðveislu þeirra og hvernig þau nýtast sem heimildir um sögu liðinna tíma. Skoðað verður hvaða hlutverk skjalavörslustofnanir hafa í varðveislu einkaskjallasafna og söfnun þeirra, hvernig og hvar einkaskjallasöfn eru varðveitt á Íslandi, m.a. í samanburði við önnur lönd. Jafnframt verður fjallað um hvernig einkaskjallasöfn hafa verið notuð sem heimildir og aðgengi að þeim. Vinna í námskeiðinu krefst virkrar þátttöku. Fyrirlestrar verða haldnir og auk þeirra er gert ráð fyrir að nemendur leysi verkefni í hópvinnu og sjálfstætt. Gert er ráð fyrir heimsóknum til vörslustofnana sem varðveita einkaskjallasöfn.

Hugmyndasaga eftir 1750 (Valgerður Pálmadóttir) 2020-2021

Hugmyndasaga Vesturlanda eftir 1750 er bæði stórbrotin, áhugaverð og þversagnakennd. Í henni takast á fjölmargir ólíkir þræðir. Skynsems- og andskynsemishyggja, vísindatrú og andleg málefni, fortíðarþrá og fútúrismi, friðarvon og stríðsæsingur eru dæmi um þær andstæður sem einkenna tímabilið. Námskeiðinu er ætlað að veita yfirlit yfir sögu hugmynda Vesturlanda frá upplýsingu til sjötta áratugar tuttugustu aldar. Sérstök áhersla verður lögð á ofangreinda þætti eins og þeir koma saman í flóknu samspili stjórnmála, vísinda og samfélags. Nemendur verða einnig hvattir til að kynna sér einstök atvik og lykilhugmyndir í þessari sögu sem koma ekki fyrir þegar skimað er hratt yfir tímabilið. Eitt helsta markmið námskeiðsins er að kynna fyrir nemendum aðferðir við ritun hugmyndasögu. Kennsla [fer] fram í fyrirlestrum og verkefnavinnu. Gert er ráð fyrir lifandi umræðum í tímum þar sem nemendur fá tækifæri til að gera grein fyrir áhugasviðum sínum innan vísinda, menningar eða stjórnmála.

Ævisaga sem aðferð (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2020-2021

Áhugi á hinni (sagn)fræðilegu ævisögu hefur aukist mjög það sem af er þessari öld og sífellt fleiri fræðimenn velta fyrir sér þekkingarfræðilegum og aðferðafræðilegum forsendum slíkra rannsókna, ekki síst í tengslum við notkun persónulegra heimilda á borð við sendibréf og dagbækur. Í þessu samhengi er oft talað um „ævisögulega snúninginn“ og „nýju ævisöguna“. Í námskeiðinu verður rætt um hina fræðilegu ævisögu sem aðferð til þess að rannsaka, skrifa og miðla sögu: bæði sögu einstaklings, atburða, hugmyndahreyfinga og hópa. Í því samhengi eru svokallaðar sameiginlegar ævisögur spennandi. Kafað verður ofan í helstu kenningar um fræðilega ævisagnagerð, mismunandi aðferðir, kosti og galla. Rætt verður um mótsagnakennd viðhorf til ævisagnagerðar, um skiptar skoðanir á því hverjir séu þess verðugir að um þá sé skrifað og hvaða áhrif kyn hefur á val á viðfangsefni og aðferðir. Auk kenningarlegs og aðferðafræðilegs efnis verða í námskeiðinu lesnar valdar fræðilegar ævisögur, íslenskar og erlendar. Námskeiðinu lýkur með því að nemendur skrifa ör-ævisögu um valið viðfangsefni.

2021-2022

Grunnnám

Sagnfræðileg vinnubrögð (Anna Heiða Baldursdóttir, Erla Hulda Halldórsdóttir, Sigurður Gylfi Magnússon) 2021-2022

Fjallað er um sérstöðu og einkenni sagnfræði og hvernig sambandi hennar við aðrar fræðigreinar er háttað. Rannsóknatækni sagnfræðinga er kynnt sem og fræðileg vinnubrögð í sagnfræði, einkum heimildafræði, meginlegar aðferðir í sagnfræði og ritgerðasmíð. - Námskeiðið skal taka á fyrsta misseri í sagnfræðinámi (öðru misseri fyrir þá nemendur sem byrja um áramót).

Frá þjóðveldi til konungsvalds – Íslandssaga I (Sverrir Jakobsson, Emil Gunnlaugsson, Þórhildur Helgudóttir) 2021-2022

Í námskeiðinu er fjallað um sögu Íslands frá landnámi til siðaskipta. Farið er yfir landnámið og uppruna Íslendinga, þjóðveldið, pólitísk innanlandsátök og kerfisbreytingu með Gamla sáttmála. Einnig er farið í samspil og átök veraldlegs valds og kirkjuvalds í mismunandi myndum yfir tímabilið. Þessi viðfangsefni verða sett í samhengi við almenna sagnaritun tímabilsins og er saga Íslands sett í samhengi við umheiminn. Áhersla er lögð á að nemendur kynni sér frumheimildir. Kennslan fer fram í fyrirlestrum og í umræðutímum.

Dauði og endurfæðing - Inngangur að síðmiðöldum - Heimssaga I (Viðar Pálsson) 2021-2022

Síðmiðaldur (14.-15. öld) einkenndust af andstreymi á flestum sviðum evrópsks samfélags. Eftir mannfjölgun, þenslu og vöxt undangenginna þriggja alda sóttu drepsóttir nú fast að með mannfelli og hörmungum. Efnahagsþrengingar settu svip sinn á mannlíf hátt og lágt — valdamenningu, félagsformgerðir og trúarlíf. Menntun, menning og listir héldu fyrra afli en dauði og forgengileiki mannlegs lífs var víða í forgrunni. Innri friður álfunnar átti einnig undir högg að sækja þegar konungsveldi efdust enn frekar, oft með íþyngjandi og ófriðlegum hætti fyrir vinnandi stéttir og almúga. Rómarkirkjan, sem risið hafði hátt undir páfavaldi á hámiðöldum, fór hins vegar halloka fyrir veraldarvaldhöfum eða staðbundnu kirkjuvaldi og dró úr völdum páfa innan kirkju og kristindóms. En hvert sem lítið er á tímabilinu haldast dauði og endurfæðing í hendur, eftirvænting eftir því sem tekur við þessa heims og annars í skugga dauðans. Dauði og endurfæðing er inngangsnámskeið sniðið að nýnemum í sagnfræði — öðrum er velkomið að nýta það sem valnámskeið. Lesin verður grunnbók um tímabilið en sjónum einkum beint að eftirtöldum þemum í fyrirlestrum: (1) Hnignun páfavalds og efling kirkjuþinga; (2) trúarinnlifun, alþýðutrú og mystisismi; (3) efling ríkisvalds við þröngan kost, stríð og örðuga skattheimtu; (4) Svarti dauði og mannfækkun af hallærum — langvinn áhrif á efnahag, verslun og félagsgerðir; (5) menntun, menning og listir í skugga mannfellis og drepsóttar; (6) rætur siðaskipta og endurreisnar í miðaldamenningu. Námsmat byggir á stuttri ritgerð og skriflegu lokaprófi.

Aftökur og upplýsing. Íslandssaga II (Bragi Þorgrímur Ólafsson og Már Jónsson) 2021-2022

Veitt verður yfirlit um valda þætti í sögu Íslands frá byrjun sextándu aldar til upphafs þeirrar nítjándu og fjallað sérstaklega um nokkur viðfangsefni tímabilsins, m.a. út frá frumheimildum. Greint verður frá viðhorfi fræðimanna og almennings til þessa hluta Íslandssögunnar, ástæður þess og breytingar á síðustu áratugum, fjallað um breytingar á íslensku þjóðlífi í kjölfar siðaskipta og um heilbrigðismál, menntun og menningu, galdra og trúarstefnur, dómsmál, þéttbýlismyndun, framfarahugmyndir og tengsl Íslands við umheiminn fram undir aldamótin 1800. Nemendur skrifa stutta ritgerð eða verkefni um afmarkað efni sem einkum byggir á frumheimildum.

Nývæðing á fyrri hluta nýaldar – Heimssaga II (Sigurður Gylfi Magnússon) 2021-2022

Þetta námskeið er eitt af kjarnanámskeiðunum og áherslan verður á nývæðingu samfélagsins á fyrri hluta nýaldar. Hugað verður að þáttum eins og siglingum, byssum, púðri, seglum og landafundunum svonefndu þegar Evrópumenn uppgötvuðu tilvist Ameríku. Skoðað verður áhrif og afleiðingar þessa merkilega atburðar fyrir heimssöguna – mannfjöldapróun á öldunum þar á eftir eða allt fram undir 19. öld verða rannsökuð, sem og flæði nýrra fæðutegunda milli heimsálfa. Skoðaðir verða ólíkir þættir í lífi fólks eins og kynlíf, stéttir, fjölskyldur, börn sem og iðnbylgingin og afleiðing hennar. Námskeiðið tekur með öðrum orðum á fjölmörgum þáttum sem tengjast mótun nútíma samfélagsins eins og við þekkjum það í dag.

Efnahagur og lífshættir - Íslandssaga III (Guðmundur Jónsson) 2021-2022

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum yfirsýn yfir meginþætti í félags- og hagsögu Íslands frá byrjun 19. aldar og fram til okkar tíma. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist gagnrýnn skilning á félagslegum og efnahagslegum aðstæðum Íslendinga og hvernig þær breytast. Jafnframt er leitast við að nemendur öðlist færni við að greina og miðla fræðilegri þekkingu og byggja þar á því sem þeir hafa lært í námskeiðinu Sagnfræðileg vinnubrögð. Helstu viðfangsefni námskeiðsins eru efnahagsleg tengsl Íslands við umheiminn; vöxtur og hnignun landbúnaðarsamfélagsins, orsakir og afleiðingar atvinnubyltingarinnar um 1900, stéttaskipting og nýir lífshættir í iðnaðarsamfélagi; konur, karlar og atvinnulífið; fólksfjöldi og fjölskyldulíf; áhrif heimsstyrjaldanna; kreppan mikla og haftakerfið, hagvöxtur og hagsveiflur; Evrópusamvinna og alþjóðavæðing efnahagslífs; vöxtur velferðarsamfélagsins; atvinnuþróun á lýðveldistímanum; fjármálavæðing efnahagslífs og „Hrunið“.

Lýðræðisþróun, iðnbylting, nýlendukapphlaup - Heimssaga III (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2021-2022

Í námskeiðinu er fjallað um sögu tímabilsins frá 1815 og fram í fyrri heimsstyrjöld. Meginumfjöllunarefnið er lýðræðisþróun 19. aldar. Þrír þræðir verða dregnir í gegnum þá frásögn: 1) Fjallað verður um hugmyndir um kvenréttindi og kvennahreyfingar 19. aldar í samhengi við almenna þróun kosningaréttar, afnám þrælshalds og velferðarmál. 2) Sú umfjöllun er svo tengd við þjóðernishugmyndir og mótun þjóðríkja á tímabilinu og þá um leið hver uppfylli skilyrðin um þegn/borgara. 3) Þriðji þræðurinn tengist hinum tveimur – nýlendukapphlaup Evrópuríkja, Bandaríkjanna og Japans og áhrif þess á samfélög í Afríku og Asíu.

Stjórnsmál og menning — Íslandssaga IV (Skafti Ingimarsson) 2021-2022

Námskeiðinu er ætlað að veita nemendum gagnrýnn skilning á sagnaritun um þróun íslensks stjórnsmála- og menningarlífs frá upphafi nítjándu aldar til samtímans. Sjónum er beint að eftirtöldum þáttum: (i) þjóðríki og sjálfstæðisbarátta, (ii) lýðræði, (iii) menning og menntun, (iv) kyn, kynverund og stéttir, (v) flokkar og hagsmunasamtök og (vi) tengsl við umheiminn. Áhersla er lögð á að setja sögu Íslands í norrænt, vestrænt og hnattrænt samhengi. Í námskeiðinu fá nemendur þjálfun í að lesa og ræða frum- og eftirheimildir sem og í að afla heimilda og skrifa fræðilegan texta um afmarkað viðfangsefni.

Valdastjórnsmál, hugmyndabarátta og andspyrna á 20. öld: Heimssaga IV (Valur Ingimundarson) 2021-2022

Á námskeiðinu verður fjallað um alþjóðasögu á 20. öld með áherslu á þær breytingar sem orðið hafa á alþjóðakerfinu og –stjórnsmálum. Í fyrsta lagi verður sjónum beint að nýrri ríkjaskipan í Evrópu eftir fyrri heimsstyrjöld og áhrifum nýrra stjórnsmálastefna eins og kommúnisma og nasisma/fasisma. Í annan stað verður gerð grein fyrir aðdraganda og þróun síðari heimsstyrjaldar og afleiðingum hennar, einkum afnám nýlendustefnunnar og þjóðernisbaráttu í Afríku og Asíu. Í þriðja lagi verður fjallað um birtingarmyndir þess valdakerfis sem lá kalda stríðinu til grundvallar og forræðisstöðu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Loks verður vikið [að] breytttri heimsskipan og nýjum valdahlutföllum í samtímanum, þar sem rætt verður um uppgang Kína og samkeppni við Bandaríkin.

Sagnaritun og söguspeki (Már Jónsson) 2021-2022

Námskeiðið skiptist í tvo þætti: a) Saga sagnaritunar. Gefið verður yfirlit yfir sögu sagnaritunar frá fornöld til samtímans. b) Söguspeki. Nokkur grundvallaratriði verða rædd, s.s. sannleikskrafa, hlutlægni og skýringar.

Hugtök og kenningar (Rósa Magnúsdóttir) 2021-2022

Námskeiðinu er ætlað að auka þekkingu og færni nemenda í skilningi og notkun á hugtökum og kenningum sem notuð eru í sagnfræði og fræðilegri umfjöllun um samfélög, menningu og stjórnsmál. Meðal þeirra hugtaka sem fjallað verður um í námskeiðinu eru: þjóðerni, sjálfsmyndir, kyngervi, minni, stéttir og menning.

Miðlun í sagnfræði (Rósa Magnúsdóttir og Sólveig Ólafsdóttir) 2021-2022

Námskeiðinu er ætlað að auka færni nemenda við að rita um sagnfræðilegt efni og miðla sögulegri þekkingu með ólíkum miðlunarleiðum. Áhersla er lögð á að veita nemendum hagnýta þekkingu og þjálfun við að vinna með og setja fram sögulegt efni t.d. með texta, myndum, lifandi myndum, á vef og með munnlegum frásögnum. Fjallað er um undirbúning og ritun BA-ritgerðar og náms- og starfsmöguleika að loknu námi.

Valnámskeið

Saga Kína II: frá Qing-veldinu til nútímans (Amy Matthewson) 2021-2022

Námskeiðið fjallar um sögu kínversku þjóðarinnar frá og með seinni hluta Qing-veldisins (1644-1912) og grennslast fyrir um þau innri og ytri öfl sem hafa haft veigamikil áhrif á stöðu Kína í alþjóðasamfélaginu. Tekin verða til rannsóknar þau sögulegu ferli í Kína sem leiddu til þróunar nútímaríkisins og hugað að gagnvirkum áhrifum þeirra á framvindu alþjóðamála. Í námskeiðinu er hafist handa við að veita stutt yfirlit yfir stofnun síðasta keisaraveldis Kína, Qing-veldisins. Síðan er vikið að veigamiklum breytum í sögu þjóðarinnar, t.d. heimsvaldastefnu, uppreisnum og byltingu í Kína, sem öll höfðu mikil áhrif á samskipti Kínverja við önnur ríki. Að því loknu verður fjallað um stofnun Alþýðulýðveldisins Kína, flóttu stjórnar Þjóðernissinna til Taívan, stefnumál Mao Zedong, menningarbyltinguna og opunarstefnuna. Námskeiðið er kennt á ensku og í fjarfundarbúnaði.

Galdur og guðlast 1200-1700 (Már Jónsson) 2021-2022

Ræddar verða lýsingar á göldrum í völdum Íslendingasögum og fornaldarsögum, með hliðsjón af ákvæðum í Grágás, kristinrétti Árna frá 1275 og Jónsbók frá 1281. Galdramál og sagnir á næstu öldum verða könnuð, en megináhersla lögð á galdratrú og galdraofsóknir á 17. öld. Var samfella í hugmyndum um áhrifamátt orða og gjörða á tímabilinu? Hvernig tengdust þær kristinni trú, fyrir og eftir siðaskipti um miðja 16. öld? Hvað var alþýðutrú og hvað lærðar hugmyndir erlendis frá? Íslensk galdra- og guðlastmál frá 17. öld verða sett í samhengi við hræringar á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu. Hvers vegna hófust ofsóknir á Íslandi ekki fyrr en raun ber vitni? Hvernig stendur á því að hér voru nærri eingöngu karlar brenndir fyrir galdra? Hvað olli því að yfirvöld skyndilega líkt og misstu áhugann? Lesin verða íslensk og erlend fræðirit, en ekki síst frumheildir, birtar sem óbirtar.

Upphaf og fyrstu aldir kristni (Sverrir Jakobsson og Elizabeth Marie Walgenbach) 2021-2022

Í námskeiðinu er fjallað um sögu kristni frá dögum Jesú Krists og fram til um 800. Farið er yfir elstu heimildir um Krist og hugmyndir fyrstu kynslóðar Jesúhreyfingarinnar og fjallað um það hvenær og hvernig hugmyndin um Jesúm sem guð varð til og þróaðist. Þá er fjallað [um] þróun kristni sem fjölbreytilegra trúarbragða fram til þess að hún varð opinber siður í Rómaveldi. Fjallað verður um almenn kirkjuþing og hvernig þau mótuðu undirstöðuatriði trúarinnar og hvernig ágreiningur kristinna manna um eðli Krists leiddi að lokum til klofnings kirkjunnar.

Skjalalestur 1550-1850 (2021-2022)

Nemendur öðlast færni í að lesa íslenska skrift frá tímabilinu, einkum frá 17. og 18. öld. Farið verður í helstu atriði skriftarþróunar, rætt um varðveislu ritheimilda og kynntar aðferðir við útgáfu gamalla texta.

Málstofa í sagnfræði (Sigurður Gylfi Magnússon, Anna Heiða Baldursdóttir, Bethany Louise Rogers, Björn Reynir Halldórsson, Bragi Þorgrímur Ólafsson, Einar Einarsson, Gunnar Sveinbjörn Óskarsson, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, Hrafnkell Freyr Lárusson, Sólveig Ólafsdóttir) 2021-2022

Meginþema þessarar málstofu er rannsóknir og hvernig sagnfræðingar velja sér efni og vinna sínar rannsóknir. Hugað verður sérstaklega að doktorsritgerðum og um hvað þær hafa snúist. Lögð verður áhersla á að draga fram ferlið við doktorsritgerðir – frá upphafi til enda – og rætt um þýðingu þeirra fyrir fræðasamfélagið. Aðalefni málstofunnar verður byggt á framlagi þeirra doktorsnema sem nú eru

að vinna að sínum ritgerðum. Þeim verður gefið tækifæri til að kynna efni sinnar ritgerðar í eina viku þar sem farið verður ofan í valið á efninu, hvernig það hafi þróast, samskiptin við leiðbeindur og doktorsnefnd og nemendum gefinn kostur á að kynnast sérstaklega því fræðasviði sem doktorsritgerðin tilheyrir. Lögð verður áhersla á að gefa nemendum sem eru lengra komnir í BA námi tækifæri til að átta sig á hvernig framhaldsnámið fer fram.

Gleymdar konur fortíðar (Guðný Hallgrímsdóttir) 2021-2022

Það er þekkt staðreynd að íslenskar konur hafa nánast verið „ósýnilegar“ í menningarsögu fyrri alda. Svo virðist sem þær hafi beinlínis „týnst“ af hinum margumtöluðu spjöldum sögunnar því saga okkar greinir aðeins frá örfáum konum eða réttara sagt einstaka mönnum sem áttu konur. Ýmsir hafa bent á heimildaskort sem hugsanlega skýringu og aðrir að konur hafi hreinlega ekki tekið þátt í samfélaginu á sama hátt og karlar. Raunin er hins vegar sú að mikinn fjölda handrita þar sem konur koma við sögu er að finna á handritasöfnum hérlandis en sumpart eru þau hulin sjónum okkar. Á Þjóðskjalasafni Íslands er að finna eitt stærsta safn frumheimilda um hlutverk og stöðu kvenna fyrr á öldum. Safnkosturinn inniheldur gríðarlegt magn heimilda um konur af öllum stigum samfélagsins. Heimildir sem gefa fræðimönnum framtíðar færi á að horfa á þátt kvenna í þjóðarsögunni á allt annan hátt en áður. Námskeiðið mun leiða nemendur í gegnum þessa heimildaflokka þar sem konur er að finna og sýna fram á hvernig er hægt að beita þeim við sagnfræðirannsóknir.

Stúlknaðarmar og dyggðugar frúr. Konur á Íslandi 1809-1871 (Erla Hulda Halldórsdóttir) 2021-2022

Í námskeiðinu er fjallað um stöðu kvenna á Íslandi á 19. öld, fyrir tíma hinnar formlegu kvenréttindahreyfingar. Kafað verður ofan í æviminningar og sendibréf og ýmsar sögulegar heimildir sem varpa ljósi á möguleika og atbeina kvenna, í sveit og bæ. Skoðað verður hvaða réttinda konur nutu fyrir lögum – voru þær sjálfráða? Gátu þær farið utan til mennta? Gifst þeim sem þær vildu? Verið með eigin rekstur? Í hvernig fötum gengu þær? Hvaða störfum sinntu þær? Og hver var staða þeirra í alþjóðlegum samanburði?

Mannfall og matargerð (Bethany Louise Rogers) 2021-2022

Í þessum áfanga munum við skoða sambandið milli matar og átaka. Nemendur munu skoða valin átök sem höfðu í för með sér hrikalegar afleiðingar fyrir matarmenningu og hvernig fólkið, í gegnum mat sinn urðu matar-erindrekar, þar sem matur þeirra stóð fyrir þau átök sem skóp þau. Andstætt því, fyrir hermenn í framandi landi, stóð sá matur sem þeir höfðu með sér fyrir þá grundvallar hluti sem þeir töldu sig vera að berjast fyrir, beint á matardisk þeirra. Með því að lesa í gegnum margvísar frumheimildir - þar á meðal bréf, dagbækur, heimilda texta, auglýsingar og matreiðslubækur - mun áfanginn færa nemendum grunnskilning á bæði praktískum hliðum sem og huglægum viðhorfum tengdum matarframleiðslu og neyslu á stríðstímum: frá samfélags og efnahags vandamálum eins og landbúnaðar afrakstri, flutningsgetu meðan marserað er, og greiningu á þróun sálfræðilegrar nálgunar á mat, eldamennsku og sultar; frá fornescju til dagsins í dag. Vika 1: Herinn marserar ekki á tómann maga: Hermannafæði gegnum tíð og tíma. Vika 2: Matur frá framandi löndum: Krossferðirnar og Púnversku stríðin. Vika 3: Borðað í gegnum Egyptaland og Rússland: Napóleons stríðin. Vika 4: Skömmtun og gerfi eplabökur: Fyrri heimsstyrjöldin. Vika 5: Sigurgarðar og dósaskinka: Seinni heimsstyrjöldin. Vika 6: Fransbrauð og Fó: Víetnamstríðið.

Ísland á 18. öld – samfélag, stéttir og hugarfar (Hrefna Róbertsdóttir) 2021-2022

Markmið námskeiðsins er að rýna í samfélagsgerð á Íslandi á 18. öld og setja hana í samhengi við þjóðfélagsþróunina frá siðaskiptum fram til 1800, skoða megineinkenni samfélagsins á þeim tíma og setja í samhengi við það sem átti sér stað við Norður Atlantshaf og Norðurlönd á sama tíma. Hvernig var daglegt líf á Íslandi í nærumhverfinu, til sjávar og sveita. Átjándi öldin er mjög rík af frumheimildum, bæði frá upphafi 18. aldar og í lok hennar. Áhersla verður lögð á að nýta heimildir frá Landsnefndinni fyrir 1770-1771, sem gefur einstæða innsýn inn í 18. aldar samfélagið á Íslandi. Lestrarefnið verður bæði fræðirit og frumheimildir, innlent og erlent. Leitast verður við að tengja nýjar rannsóknir við

